84.23		Vélar og tæki til graftar, námuvinnslu, grjótnáms og annars þess háttar, fastar eða færanlegar (t. d. kolanámuvélar, vél-skóflur, jöfnunarvélar og jarðýtur); fallhamrar; snjóplógar (þó ekki þeir snjóplógar, sem eru sjálfknúin ökutæki):	
	01	Grafvélar og vél-skóflur	25%
	02	Jarðýtur	25%
	03	Vegheflar	25%
	04	Ámoksturæki við almennar hjóladráttarvélar, eftir nánari skýrgreiningu og ákvörðun fjármálaráðuneytisins ..	10%
	09	Annað	25%
84.24		Landbúnaðar- og garðyrkjuvélar til vinnslu jarðvegs og ræktunar (t. d. plógar, herfi, diska- og fjaðraherfi, sáningsvélar og áburðardreifarar); valtarar fyrir tún og íþróttavelli:	
	01	Plógar	10%
	02	Herfi	10%
	03	Áburðardreifarar	10%
	09	Annað	10%
84.25		Uppskeruvélar og þreskivélar; hálm- og fóðurpressur; sláttuvélar (þar með taldar handsláttuvélar); vélar til hreinsunar á fræi, korni og belgávöxtum, einnig ávaxtaflokkunarvélar, eggjaflokkunarvélar og aðrar flokkunarvélar við landbúnaðarframléiðslu (þó ekki mölunarvélar, er teljast til nr. 84.29):	
	01	Garðsláttuvélar (þar með handsláttuvélar)	35%
	02	Aðrar sláttuvélar	10%
	03	Uppökuvélar fyrir kartöflur og aðra garðávexti	10%
	04	Rakstrar- og snúningsvélar	10%
	05	Flokkunarvélar	25%
	09	Annað	10%
84.26		Mjólkurbúsvélar og mjaltavélar:	
	01	Mjaltavélar	10%
	02	Mjólkurvinnsluvélar	25%
	09	Aðrar	25%

84.27	00	Pressur, marningsvélar og aðrar vélar og tæki til notkunar við framleiðslu á víni, vindrúfnasafa, öðrum ávaxtasafa og öðru þess háttar	25%
84.28	00	Aðrar vélar og tæki til landbúnaðar, garðyrkju, alifuglaræktar og býflugnaræktar; spírunartæki með mekanískum útbúnaði eða útbúnaði til upphitunar; útungunarvélar og ungamæður	25%
84.29	00	Vélar og tæki til brauðkornsmölnunar og aðrar vélar og tæki til vinnslu á korni og belgávöxtum (þó ekki vélar og tæki, er talizt geta landbúnaðartæki)	25%
84.30		Vélar og tæki, sem ekki teljast til einhvers annars númers þessa kafla, til notkunar við framleiðslu mat- og drykkjarvara (í brauðgerðarhúsum, brauðverksmiðjum, kexverksmiðjum, makkaróniverksmiðjum, súkkulaðiverksmiðjum, sykurverksmiðjum, súkkulaði- og sykurvöruverksmiðjum og ölgerðum; einnig til vinnslu á kjöti, fiski, ávöxtum og grænmeti, þar með taldar hakkavélar og skurðvélar):	
	01	Vélar og tæki til brauð- og kexgerðar	25%
	02	Vélar og tæki til súkkulaði- og sykurvörugerðar	25%
	03	Vélar og tæki til kjötvinnslu	25%
	04	Vélar og tæki til drykkjarvörugerðar	25%
	05	Flökunarvélar, flatningsvélar og hausskurðarvélar til vinnslu á fiski	10%
	09	Aðrar	25%
84.31	00	Vélar og tæki til framleiðslu og vinnslu á pappírsmassa, pappír og pappa	25%
84.32	00	Bókbandsvélar (þar með taldar saumavélar til að hefta bækur)	25%
84.33	00	Pappírs- og pappaskurðarvélar; aðrar vélar til vinnslu á pappírsmassa, pappír og pappa	25%
84.34		Vélar, tæki og áhöld til að steypa og setja prentletur; vélar til framleiðslu og eftirvinnslu á prentmyndamótum, prentplötum og prentvölsum (þó ekki verkfæri, er teljast til nr. 84.45, 84.46 og 84.47); prentletur, matrixur, prentmyndamót, prentplötur, prentvalsar og annað þess háttar; litógrafisteinar, plötur og valsar undirbúnir til grafískrar notkunar (t. d. sléttað, kornað eða fágað):	
	01	Setningarvélar og vélar til framleiðslu og eftirvinnslu á prentmyndamótum, prentplötum, prentvölsum og þess háttar	25%
	02	Prentletur, matrixur og tilheyrandi	25%
	03	Prentmyndamót, prentplötur, prentvalsar og þess háttar	25%
	04	Litógrafisteinar, plötur og valsar, undirbúnir til grafískrar notkunar	25%
	09	Annað	25%
84.35	00	Aðrar prentvélar og hjálparvélar þeim tilheyrandi	25%
84.36	00	Vélar til pressunar (extrusion) á tībúnum spunatrefjum; vélar til vinnslu á spunaefnum, náttúrlegum og tilbúnum; spuna- og tvinningarvélar og spólunar- og hespunarvélar	25%
84.37		Vefstólar, prjónavélar og vélar til framleiðslu á yfirspunnum þræði, tylli, laufaborðum og knipplingum, útsaumi, possementi	

	og netefnum; vélar til vinnslu á garni til notkunar í slíkum vélum (þar með taldar skurðarvélar og sléttunarvélar):		
	01	Prjónavélar	25%
	09	Aðrar	25%
84.38	00	Hjálparvélar og hjálpartæki til notkunar við vélar þær, er teljast til nr. 84.37 (t. d. skeftivélar, Jacquard-vélar, sjálfvirk tæki til stýringar á uppistöðu- og ívafsþráðum, skyttuskiptingarárvélar); hlutar og tæki, er eingöngu eða aðallega heyra til og eru notuð við vélar þær, er teljast til þessa númeris eða nr. 84.36 og 84.37 (t. d. snældur (spindles) og snælduleggir (spindle flyers), kambar, spunamunnstykki, skyttur, höföld og nálar í prjónavélar)	25%
84.39	00	Vélar og tæki til framleiðslu og snyrtingar á flóka í metramáli og af annarri lögun (þar með taldar vélar og mót til framleiðslu á höttum)	25%
84.40		Vélar og tæki til að þvo, hreinsa, þurrka, bleikja, lita, steina, gegndreypta og að snyrta á annan hátt spunagarn, spunaefni og vörur úr hvoru tveggja (þar með fataþvottavélar og fatahreinsunarvélar); vélar til að brjóta saman, vinda upp og sníða spunavörur; vélar til að bera efni á spunavörur eða annað undirlag við framleiðslu á línóleum og öðrum gólfduk; vélar til að prenta á spunavörur, leður, veggfóður, umbúðapappír, línóleum og annars konar efni, endurtekin tákn eða stafi, eða lita allt yfirborð þeirra (þar með taldar grafnar plötur og valsar í slíkar vélar):	
		<i>Vélar og tæki önnur en þau, er teljast til nr. 84.40.20:</i>	
	11	Fataþvottavélar (þar með taldar fatahreinsunarvélar), þó ekki til heimilisnotkunar	35%
	12	Strokvélar, einkum til heimilisnotkunar	80%
	13	Aðrar strokvélar	35%
	14	Varahlutir (þó ekki fylgihlutir) í vélar, sem teljast til nr. 84.40.12	50%
	19	Annars	25%
		<i>Fataþvottavélar, einkum til heimilisnotkunar:</i>	
	21	Fataþvottavélar	80%
	29	Varahlutir í þær	50%
84.41	00	Saumavélar; húsgögn sérstaklega útbúin fyrir saumavélar; saumavélanálar	25%
84.42	00	Vélar og tæki (þó ekki saumavélar) til snyrtingar, sútunar og vinnslu á húðum og skinnum og til framleiðslu á vörum úr leðri og skinni (þar með talinn skófátnaður)	25%
84.43	00	Málmbræðsluofnar (converters), bræðslusleifar (ladles), hrájárnssteypumót (ingot moulds) og steypuvélar, þeirra tegunda, sem notaðar eru í málmvinnsluiðnaði og við málmsteypu ..	25%
84.44	00	Völsunarvélar til að valsa málma, einnig valsar til þeirra ..	25%
84.45	00	Vélar til smíða úr málmum og málmkarbídum (þó ekki vélar, er teljast til nr. 84.49 og 84.50)	25%
84.46	00	Vélar til vinnslu og smíða úr steini, brenndum leir, steinsteypu, asbestsementi og öðru svipuðu efni, þar með talið gler í köldu ástandi (þó ekki vélar, er teljast til nr. 84.49) ..	25%

84.47	Vélar til smíða úr trjáviði, korki, beini, harðgúmmí, harðplasti og öðru efni svipaðrar hörku (þó ekki tæki, er teljast til nr. 84.49.00):	
	01 Trésmíðavélar	25%
	09 Aðrar	25%
84.48	00 Hlutar og hjálpartæki þess konar, sem eingöngu eða aðallega heyra til og eru notuð við vélar þær, er teljast til nr. 84.45—84.47 (þar með taldar efnis- og verkfærafestingar, sjálfopnandi skrúfugangsskurðhöfuð, deilihöfuð og önnur tæki, er heyra smíðavélum til); verkfærafestingar fyrir hvers konar handverkfæri, vélknúin eða ekki	25%
84.49	00 Handverkfæri þrýstiloftnúin og handverkfæri með innbyggðum hreyfli, sem er ekki rafmagnshreyfill	25%
84.50	00 Vélar og tæki, sem nota gas til suðu, kveikinga, skurðar og herzlu á málum	25%
84.51	00 Ritvélar (þó ekki sambyggðar reikni- og ritvélar); tékka-ritvélar	60%
84.52	Reiknivélar, bókhaldsvélar, stimpilpeningakassar, frimerkjavélar, aðgöngumiðavélar og aðrar svipaðar vélar, sem eru með reikniútbúnaði:	
	01 Bókhaldsvélar	60%
	02 Reiknivélar	60%
	03 Fételjarar (stimpilpeningakassar)	60%
	09 Aðrar	60%
84.53	00 Skýrsluvélar, sem starfræktar eru með gataspjöldum (t. d. röðunarávélar, rafreiknar og töflugerðarvélar); vélar til reikningshalds, sem starfræktar eru með gataspjöldum; hjálparvélar slíkra véla (t. d. götunarávélar o. þ. h.)	60%
84.54	Aðrar vélar og tæki til notkunar í skrifstofum (t. d. fjölrítunarávélar, bréfaáritunarávélar, myntteljarar, myntsundurgreiningarávélar, myntpökkunarávélar, vélar til að ydda blýanta, götunarávélar og heftivélar):	
	01 Áritunarávélar og fjölrítarar	60%
	09 Annað	60%
84.55	00 Hlutar og hjálpartæki (þó ekki hlífðarhylki, umbúðakassar og annað þess háttar), sem einvörðungu eða aðallega er hægt að nota til véla og tækja, er teljast til nr. 84.51, 84.52, 84.53 og 84.54:	
	01 Til ritvéla	60%
	09 Annað	60%
84.56	Vélar og tæki til sundurgreiningar, sáldunar, þvotta, mólunar og blöndunar á mold, steinum, málmgrýti og öðrum föstum steinefnum, einnig þótt þau séu sem duft eða deig; vélar og tæki til að pressa eða móta fast eldsneyti, efni í leirvörur, óharðnað sement, gips og önnur steinefni í duft- eða deigformi; vélar til framleiðslu á steypumótum úr sandi:	
	01 Steypuhrærivélar	25%
	09 Annað	25%
84.57	00 Vélar og tæki til framleiðslu og vinnslu á gleri og glervörum í heitu ástandi; vélar til að setja saman rafvíra- og úrhleðslulampa og rafagnalampa og svipaðar pípur og loka ..	25%

84.58	00	Sjálfsalar (t. d. fyrir frímerki, vindlinga, súkkulaði og matvörur), sem ekki eru leiktæki eða happdrætti	40%
84.59		Vélar, tæki og mekanísk áhöld (þó ekki þau, sem eingöngu eða aðallega eru notuð sem hlutar af öðrum vélum og verkfærum), sem teljast ekki til neins annars númers í þessum kafla:	
10		<i>Kjarnorkuofnar</i>	25%
		<i>Annað:</i>	
21		Til matvælaíðnaðar, ót. a.	25%
22		Til efnaiðnaðar, ót. a.	25%
23		Til járn- og annars málmíðnaðar, ót. a.	25%
24		Til mannvirkjagerðar, ót. a.	25%
28		Stýrisvélar til skipa	4%
29		Annars	25%
84.60	00	Mótakassar til málmsteypu; steypumót fyrir málma (þó ekki hrájrnssteypumót), málmkarbíða, gler, steinkennd efni (t. d. leirdeig og steinsteypu), gúmmí og plast	25%
84.61		Hanar, lokar og annað þess háttar, er heyrir pípuleiðslum, kötlum, geymum og öðru svipuðu til (þar með taldir þrýstiléttar og hitastilltir lokar):	
01		Brunahanar	35%
02		Blöndunartæki, samsett og ósamsett og lausir hlutar til þeirra	60%
09		Annað	35%
84.62	00	Kúlu-, kefla- og nálaleg	20%
84.63		Drífásar, sveifarásar, leghús, ásleg, tannhjól og tannhjólasmstæður (þar með talin núningshjól, hjólahús (gear-boxes) og önnur tæki fyrir breytilegan snúningshraða), kasthjól, reimhjól, sambyggð reimhjól, tengsl og ástengsl:	
01		Til flugvéla	0
02		Skrúfuásar, skrúfuáspéttar, skutpípur, skutpípuþóðringar, heil hjólahús (marinegear, complete) og skiptiskrúfubúnaður til notkunar með aflvélum skipa, enda beri hver slíkur hlutur það með sér, að hann sé ætlaður til þeirra nota	4%
09		Annað	35%
84.64	00	Þéttingar og annað þess háttar úr málmplötum í sambandi við annað efni (t. d. asbest, flóka eða pappa) eða úr lögum af málmþynnum; samstæður eða úrval af þéttingum af mismunandi gerðum í vélar, pípnatengingar og annað þess háttar í pokum, hylkjum eða öðrum svipuðum umbúðum	35%
84.65		Hlutar til véla, tækja og áhalda, ekki búnir rafmagnstenglum, einöngurum, spólum, snertum eða öðrum rafmagnsbúnaði, enda teljist þeir ekki til einhvers annars númers þessa kafla:	
01		Skipsskrúfur	4%
09		Aðrir	35%
16.	85.11	00 orðist svo:	
	85.11	00 Rafbræðslu- og hitunarofnar til notkunar í iðnaði eða á tilraunastofum; tæki til upphitunar efna með spani eða torleiði; rafsúðu-, raflóðningar- og rafskurðarvélar og -tæki	25%

17. 87.07 00 orðist svo:

87.07 00 Alls konar vagnar með hreyfli þeirrar gerðar, sem notaðir eru í verksmiðjum, vörugeymslum og við hafnir til flutninga stuttar vegalengdir, til hleðslu og annars þess konar á vörum (t. d. gaffallyftarar); dráttarvagnar þeirrar gerðar, sem notaðir eru á járnbrautarstöðvum; hlutar til þessara ökutækja 25%

2. gr.

Á 3. gr. laganna eru gerðar þessar breytingar:

12. liður 3. gr. Í stað orðanna „að lækka“ í upphafi 12. liðar 3. gr. komi: að lækka eða endurgreiða.

27. liður 3. gr. laga nr. 7 29. apríl 1963 orðist svo:

27 Að lækka eða fella niður gjöld á allt að 250 bifreiðum árlega fyrir fólk með úlvortis bæklanir eða lamanir, enn fremur fyrir fólk með lungnasjúkdóma og aðra hliðstæða sjúkdóma og loks fyrir fólk, sem þjáist af afleiðingum slysa, allt á svo háu stigi, að það á erfitt með að fara ferða sinna án farartækis. Lækkun gjalda á hverri einstakri bifreið má þó aldrei nema meiru en 70 þús. krónum.

Enn fremur er ráðuneytinu heimilt að lækka eða fella niður gjöld á allt að 50 bifreiðum árlega fyrir sama fólk og um getur í 1. mgr., til endurveitinga á áður veittum eftirgjöfum.

Á eftir 39. lið 2. gr. laga nr. 15 21. maí 1964 komi nýir liðir, svo hljóðandi:

40 Að endurgreiða gjöld af rúmum, sem ekki eru með mekanískum útbúnaði, sem flutt eru inn til notkunar í sjúkrahúsum, sem svari því, að af rúmum þessum sé greiddur 35% verðtollur.

41 Að lækka eða endurgreiða gjöld af heilum innfluttum dráttarbrautum, eftir nánari skýrgreiningu og ákvörðun fjármálaráðuneytisins, þannig að gjöld af þeim verði 10% verðtollur.

3. gr.

Við 16. gr. bætist ný málgrein, svo hljóðandi:

Nú verður ákveðið í lögum, að hver einstaklingur og hvert fyrirtæki skuli hafa auðkennisnúmer, og er fjármálaráðuneytinu þá heimilt að mæla svo fyrir, að sérhver innflytjandi skuli tilgreina númer sitt á aðflutningsskýrslu, og að skjöl skuli ekki tekin til tollmeðferðar, nema þessari skyldu sé fullnægt. Jafnframt getur fjármálaráðuneytið ákveðið, að tollyfirvald geti krafizt þess af innflytjanda, að hann framvisi skirteini til sönnunar því, að rétt númer sé tilgreint á aðflutningsskýrslu.

4. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi, og falla þá jafnframt úr gildi 84., 85., 86., 87. og 88. liður 1. gr. og 3. liður 2. gr. laga nr. 15 21. maí 1964 og lög nr. 5 25. febr. 1965.

Gjört að Bessastöðum, 24. apríl 1965.

Ásgeir Ásgeirsson.

(L. S.)

Gunnar Thoroddsen.

AUGLÝSING**um meðferð forsetavalds í fjarveru forseta Íslands.**

Forseti Íslands, herra Ásgeir Ásgeirsson, fór í dag í embættiserindum til útlanda. Í fjarveru hans fara forsætisráðherra, forseti sameinaðs Alþingis og forseti Hæstaréttar með vald forseta Íslands, samkvæmt 8. gr. stjórnarskrárinnar.

*Í forsætisráðuneytinu, 10. marz 1965.***Bjarni Benediktsson.***Birgir Thorlacius.*

17. marz 1965.

Nr. 13.

AUGLÝSING**um að forseti Íslands sé kominn heim og tekinn við stjórnarstörfum.**

Forseti Íslands, herra Ásgeir Ásgeirsson, er kominn úr för sinni til útlanda og hefur á ný tekið við stjórnarstörfum.

*Í forsætisráðuneytinu, 17. marz 1965.***Bjarni Benediktsson.***Birgir Thorlacius.*

15. marz 1965.

Nr. 14.

L Ö G**um launaskatt.****HANDHAFAR VALDS FORSETA ÍSLANDS**

samkvæmt 8. gr. stjórnarskrárinnar,

forsætisráðherra, forseti sameinaðs Alþingis og forseti hæstaréttar,

gjöra kunnugt: Alþingi hefur fallizt á lög þessi og vér staðfest þau með samþykki voru:

1. gr.

Leggja skal á launagreiðendur almennan launaskatt, að fjárhæð 1% af greiddum vinnulaunum og hvers konar atvinnutekjum, öðrum en tekjum af landbúnaði, svo sem ákveðið er í lögum þessum.

Skattur þessi rennur til Byggingarsjóðs ríkisins sem stofnfjárframlag.

2. gr.

Skattskyldir samkv. lögum þessum eru allir launagreiðendur, svo sem einstaklingar, félög, sjóðir og stofnanir, sveitarfélög og stofnanir þeirra, ríkissjóður, ríkisstofnanir, erlendir verktakar og aðrir þeir aðilar, sem greiða laun eða hvers konar þóknanir fyrir starf. Enn fremur hver sá, sem vinnur við eigin atvinnurekstur eða stundar sjálfstæða starfsemi.

Skattskyldan nær til allra tegunda launa eða þóknana fyrir starf, hverju nafni sem nefnast, hvort sem greitt er í peningum eða á annan hátt. Sé greitt í hlunnindum, skal meta þau til peninga. Nú vinnur maður við eigin atvinnurekstur eða sjálfstæða starfsemi, og skal þá áætla skattstofn hans vegna þess starfs eflir því, sem ætla má, að laun hans hefðu orðið, ef hann hefði unnið starfið í þágu annars aðila. Ekki skiptir máli í þessu sambandi, hver er rekstrarafkoma gjaldanda af hlutaðeigandi starfsemi.

Undanþegin skattskyldu eru laun eða þóknanir fyrir störf við landbúnað, jafnt vinna bóndans sjálfs og þeirra, sem hann greiðir laun. Enn fremur vinnulaun vegna jarðræktarframkvæmda og byggingarframkvæmda á bújörðum.

3. gr.

Launaskattur greiðist ársfjórðungslega innan 15 daga eftir lok hvers ársfjórðungs af þeim launum, sem greidd hafa verið á ársfjórðungnum, sbr. þó 4. gr. Launaskattur af aflahlut, greiddum í peningum, greiðist þó hálfárslega innan 15 daga eftir 30. júní og 31. desember ár hvert. Skattinn ber launagreiðanda að greiða til innheimtumanns ríkissjóðs (í Reykjavík til tollstjóra). Greiðslunni skal fylgja greinargerð skattgreiðanda um launagreiðslur hans á hinu gjaldskylda tímabili á þar til gerðu eyðublaði.

Nú vanrækir launagreiðandi lengur en einn mánuð skil á launaskatti samkvæmt 1. mgr. þessarar greinar, og skal hann þá sæta viðurlögum og greiða til viðbótar skattinum álag, er nemi 25% af því, sem greiða bar.

Ráðuneytið lætur gera eyðublöð fyrir greinargerð um greiðslu launaskatts samkvæmt þessari grein. Skattstjórar skulu útbýta eyðublöðum þessum til þeirra gjaldanda, sem greiða eiga launaskatt, samkvæmt 1. mgr. þessarar greinar, svo tímanlega, að eyðublöðin séu komin í hendur gjaldanda mánuði fyrir gjalddaga. Auk þess skulu nægar birgðir eyðublaða jafnan vera fyrir hendi til afnota fyrir gjaldendur hjá innheimtumönnum ríkissjóðs.

Eigi leysir það gjaldanda frá skilaskyldu á launaskatti, samkvæmt 1. mgr. þessarar greinar sbr. 2. mgr., þó að honum hafi ekki borizt eyðublað frá skattstjóra, skv. 3. mgr.

4. gr.

Skattstjóri ákveður árlega launaskatt sem hér segir:

- a. Launaskatt af launum þeirra, sem hafa atvinnu við eigin atvinnurekstur eða sjálfstæða starfsemi.
- b. Launaskatt af launum, sem ekki eru greidd í peningum, svo sem ef laun eru greidd í aflahlut, friu fæði, húsnæði eða öðrum hlunnindum.
- c. Launaskatt þeirra gjaldanda, sem ekki greiða samtals hærri laun til annarra en sjálfs sín en kr. 500000.00 á ári. Heimilt er þó slíkum gjaldendum að greiða launaskatt samkvæmt ákvæðum 3. gr.

5. gr.

Innheimtumenn ríkisins (í Reykjavík tollstjóri) skulu fyrir febrúarlök ár hvert skila hlutaðeigandi skattstjórum greinargerðum þeim um launagreiðslur, sem þeim hafa borizt vegna síðastliðins árs.

Skattstjórnarnir skulu síðan rannsaka launaskatt þeirra, sem greiða eiga launaskatt, samkvæmt 3. gr., m. a. með samanburði við skattframtöl og önnur gögn, sem fyrir hendi eru. Þeir skulu síðan leiðrétta það, sem áfátt kann að reynast, og ákveða endanlega skattinn fyrir síðastliðið ár, svo og viðurlög, skv. 3. gr. 2. mgr.

6. gr.

Um leið og rannsókn skattframtala fer fram, skulu skattstjórar ákveða launaskatt þeirra gjaldenda, sem greiða eiga launaskatt samkvæmt 4. gr.

Launaskattur, sem lægri er í heild en 300 krónur á ári, fellur niður.

7. gr.

Að lokinni ákvörðun launaskatts, samkvæmt 5. og 6. gr. laga þessara, skulu skattstjórar semja skrá um alla þá, sem vangreitt eigi launaskatt og viðurlög, samkv. 5. gr., og alla þá, sem greiða eiga launaskatt samkvæmt 6. gr. Sérstök skrá skal gerð um launaskattsgreiðendur í hverju lögsagnarumdæmi. Á skrána skal færa nöfn gjaldenda, heimilisfang þeirra og fjárhæð þá, að viðbættum viðurlögum, sbr. 5. gr., sem hverjum gjaldanda ber að greiða.

8. gr.

Um álagningu launaskattsins, rannsóknir, vantandi greinargerðir, sbr. 3. gr. 1. mgr., framlagningu skráa, samkv. 7. gr., kærur út af skattákvörðun, kærufresti, úrskurði, áfrýjun úrskurða og annað þar að lútandi, fer samkvæmt reglum þeim, sem gilda um tekju- og eignarskatt, eftir því, sem við á.

9. gr.

Innheimtu launaskatts, samkvæmt skattskrám sbr. 7.—8. gr., annast þær stofnanir og embættismenn, sem innheimta tekju- og eignarskatt til ríkissjóðs, og gilda sömu reglur um þá innheimtu og gilda um innheimtu tekju- og eignarskatts, þar á meðal ákvæðin um gjalddaga, lögtaksrétt og dráttarvexti.

Sama gildir um skil innheimtuaðila á launaskatti til ríkisféhirðis.

Ríkisféhirðir skal gera mánaðarlega skil til Byggingarsjóðs ríkisins á þeim launaskatti, sem hann hefur mótttekið frá innheimtumönnum ríkisins.

10. gr.

Byggingarsjóður ríkisins greiðir 1% af innheimtum launaskatti, samkvæmt lögum þessum, til ríkissjóðs vegna kostnaðar af framkvæmd laganna.

11. gr.

Launaskattur er frádráttarbær sem rekstrarútgjöld að því leyti, sem hann er ákvarðaður af launum, sem teljast frádráttarbær við ákvörðun tekjuskatts og tekjuútsvars.

12. gr.

Ráðherra setur með reglugerð nánari ákvæði um framkvæmd laga þessara, þ. á m. ákvæði um, hverjir skuli gera skil á launaskatti, þegar um er að ræða ákvæðisvinnu eða verktakasamninga o. þ. h.

13. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi, og skal launaskattur greiddur af öllum launum, samkvæmt lögum þessum, sem greidd eru vegna starfa, sem unnin eru frá og með 1. júlí 1964.

Gjört í Reykjavík, 15. marz 1965.

Bjarni Benediktsson.

Birgir Finnsson.

Þórður Eyjólfsson.

Emil Jónsson.

L Ö G

um fjárhagslegan stuðning við leiklistarstarfsemi áhugamanna.

HANDHAFAR VALDS FORSETA ÍSLANDS

samkvæmt 8. gr. stjórnarskrárinnar,

forsætisráðherra, forseti sameinaðs Alþingis og forseti hæstaréttar,

gjöra kunnugt: Alþingi hefur fallizt á lög þessi og vér staðfest þau með samþykki voru:

1. gr.

Félög, sem koma til greina við veiting styrks samkvæmt lögum þessum, skulu fullnægja skilyrðum í A-, B- eða C-flokki hér á eftir:

A-flokkur:

1. að sýna a. m. k. tvö leikrit á ári, sem hvort um sig sé fullkomin kvöldsýning,
2. að fullgildur leikstjóri setji leikritið á svið,
3. að félagið hafi ráð á húsnæði og sviðbúnaði, sem nægi til sýninga á þeim leikritum, sem valin eru til flutnings,
4. að sýnandi leikrits sé félag, sem eingöngu fæst við leiklist og ver ágóða, sem verða kann af sýningum, eingöngu til leiklistarstarfsemi sinnar.

B-flokkur:

1. að sýna a. m. k. eitt leikrit á ári sem sjálfstæða sýningu og sé það fullkomin kvöldsýning eða styttra leikrit með öðru menningarlegu efni, svo sem upplestri, söng, hljóðfærslætti o. fl.

C-flokkur:

1. að sýna a. m. k. eitt leikrit á ári, sem sérstaklega er ætlað börnum og sé fullgild sýning.

Tala leikrita hér að framan miðast einungis við leikrit, sem frumsýnd hafa verið á leikárinu, en leikrit, sem haldið er áfram sýningum á frá fyrra leikári, teljast eigi með.

2. gr.

Ef tekin eru til sýningar ný íslensk leikrit eða íslensk leikrit, sem eigi hafa áður verið sýnd á leiksviði, er heimilt að greiða vegna þeirra sérstakan aukastyrk af fé því, sem veitt er í fjárlögum hverju sinni til leiklistarstarfsemi, samkvæmt nánari ákvörðun menntamálaráðuneytisins. Auk þess er heimilt að styrkja sérstaklega sýningar á öðrum íslenskum leikritum.

3. gr.

Stefnt skal að því, að leikrit, sem sýnd eru á vegum félaga, sem styrks njóta samkvæmt lögum þessum, séu menningarlegs eðlis, en eigi sýnd eingöngu eða fyrst og fremst til fjáröflunar.

4. gr.

Félög, sem styrks njóta samkvæmt lögum þessum, skulu senda menntamálaráðuneytinu fyrir 1. júní ár hvert endurskoðaðan rekstrar- og efnahagsreikning

fyrir þann þátt starfsemi sinnar, sem fellur undir 1. gr. laga þessara, svo og skýrslu um leikstarfsemina á síðastliðnum vetri, og starfsáætlun fyrir næsta vetur, ef unnt er, annars strax og slík starfsáætlun hefur verið gerð. Ráðuneytið getur ákveðið, í hvaða formi skýrslur þessar skuli vera.

5. gr.

Fjárframlög ríkisins til leiklistarstarfsemi áhugamanna skulu ákveðin í fjárlögum árlega, og skal fjárhæðin eigi lægri vera en ein milljón króna, sem menntamálaráðuneytið síðan skiptir, að fengnum umsóknum og áskildum upplýsingum. Styrkir til félaga í A-flokki skulu nema frá 30—100 þús. krónum, en í B-flokki frá 10—30 þúsund krónum á ári.

Hafi félag sýnt þrjú leikrit eða fleiri á síðasta leikári, er heimilt að veita því aukastyrk.

Sýni félag umfram þá leikritatölu, sem getur í 1. gr., A- og B-flokki, leikrit, sem sérstaklega er ætlað börnum og er fullgild sýning, skal styrkja það aukalega með allt að 30 þús. kr.

Auk einnar milljón króna lágmarksfjárveitingar til leiklistarstarfsemi áhugamanna, skal ákveða sérstaklega í fjárlögum hverju sinni styrk til Leikfélags Reykjavíkur og Bandalags ísl. leikfélaga.

6. gr.

Þegar nægilegt fé er veitt til þess í fjárlögum eða á annan hátt, skal Bandalag íslenzkra leikfélaga í samráði við Þjóðleikhúsið og Leikfélag Reykjavíkur koma á fót og reka búninga-, leiktjalda- og leikmunasafn til afnota fyrir leikfélög landsins. Safnið hafi í þjónustu sinni leiktjaldamálara og búningateiknara.

Þangað til safni þessu hefur verið komið á fót, skal Þjóðleikhúsið leigja leikfélögum leiktjöld, búninga o. fl., eftir því sem stjórn Þjóðleikhússins telur við verða komið. Skemmdir á hinu leigða skulu leigutakar bæta Þjóðleikhúsinu að fullu eftir mati þess.

7. gr.

Ríkisútvarpið aflar sér til flutnings leikrita hjá leikfélögum víðs vegar um land, eftir því sem ástæða virðist til að dómi dagskrárstjórnar, og komi þá venjulegt gjald fyrir hið notaða efni.

8. gr.

Heimilt er menntamálaráðuneytinu að veita styrk til opinberra leiksýninga skólafélaga, svo sem til greiðslu hluta af kostnaði við leikstjórn. Er hér átt við skóla, sem reknir eru eða styrktir af ríkinu.

9. gr.

Á móti styrkveitingum í A-flokki skulu koma a. m. k. jafnhá framlög frá hlutaðeigandi bæjar- eða sveitarsjóði, en á móti styrkjum í B- og C-flokki komi a. m. k. 50% frá hlutaðeigandi bæjar- eða sveitarsjóði.

10. gr.

Menntamálaráðuneytið getur í reglugerð sett nánari ákvæði um framkvæmd laga þessara.

11. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört í Reykjavík, 15. marz 1965.

Bjarni Benediktsson.

Birgir Finnsson.

Þórður Eyjólfsson.

Gylfi D. Gíslason.

L Ö G

um Lífeyrissjóð hjúkrunarkvenna.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallizt á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Sjóðurinn heitir Lífeyrissjóður hjúkrunarkvenna.

2. gr.

Sjóðfélagar eru í lögum þessum taldir allir þeir, sem skylt er að greiða iðgjöld í sjóðinn og rétt eiga á lífeyri úr honum.

3. gr.

Stjórn sjóðsins skipa 3 menn, formaður Hjúkrunarfélags Íslands, landlæknir og einn maður tilnefndur af ríkisstjórninni til þriggja ára í senn, og er hann formaður stjórnarinnar.

4. gr.

Stjórn sjóðsins heldur fund svo oft sem þörf er á, og skal hún halda gerðabók og skrá þar allar samþykktir sínar. Í stjórninni ræður meiri hluti atkvæða. Ekkert fé má greiða úr sjóðnum nema með samþykki sjóðstjórnarinnar.

Stjórn sjóðsins skal sjá um ávöxtun fjár hans. Skal ávaxta sjóðinn í tryggum verðbréfum, svo sem ríkisskuldabréfum eða öðrum bréfum með ríkisábyrgð, skuldbréfum bæjar- og sveitarfélaga, vaxtabréfum veðdeildar Landsbankans eða Búnaðarbankans, jarðræktarbréfum, skuldabréfum tryggðum með fyrsta veðrétti í fasteignum samkvæmt því, sem nánar verður ákveðið í reglugerð, eða með öðrum álíka tryggilegum hætti.

Ráðherra getur kveðið nánar á um útlán sjóðsins með reglugerð, þar á meðal sett fyrir mæli um lánveitingar til íbúðarhúsabygginga fyrir sjóðfélaga.

5. gr.

Tryggingastofnun ríkisins hefur á hendi reikningshald sjóðsins, heimtir inn tekjur hans og annast greiðslur úr honum, hvort tveggja eftir tilvísun sjóðstjórnarinnar. Þóknun fyrir starf Tryggingastofnunarinnar fer eftir samkomulagi milli hennar og sjóðstjórnarinnar. Náist ekki samkomulag, ákveður félagsmálaráðherra þóknunina.

6. gr.

Reikningsár sjóðsins er almanaksárið. Ársreikningur skal birtur með ársreikningum Tryggingastofnunar ríkisins og endurskoðaður á sama hátt og þeir.

7. gr.

Rétt til lífeyris úr sjóðnum hefur sérhver sjóðfélagi, sem hefur greitt iðgjöld til hans í 5 ár eða lengur og lætur af störfum sökum varanlegrar örorku eða elli. Rétturinn til að hætta störfum sökum elli miðast við 65 ára aldur, ef viðkomandi hefur makalífeyristryggingu í sjóðnum, en ella við 60 ára aldur.

Þegar sjóðfélagi hefur greitt iðgjöld til sjóðsins í 30 ár, falla iðgjaldagreiðslur hans niður svo og iðgjaldagreiðslur launagreiðanda hans vegna.

8. gr.

Upphæð ellilífeyris er hundraðshluti af launum þeim, er á hverjum tíma fylgja starfi því, sem sjóðfélaginn gegndi síðast. Hundraðshluti þessi fer eftir iðgjalds-greiðslutíma og launaflokki samkvæmt 1. málsgrein 13. greinar. Hann er 1.6% fyrir hvert ár, sem iðgjöld hafa verið greidd til sjóðsins í lægsta launaflokki, og hækkar um 0.02% við hvern flokk upp í 2% af launum fyrir hvert ár í hæsta flokki. Fyrir hvert námsár reiknast 1.6%. Fyrir hvert starfsár, eftir að iðgjaldagreiðslu lýkur og þar til sjóðfélaginn öðlast rétt til að láta af störfum og fá ellilífeyri, bætist við 1% af launum í öllum flokkum, en 2% fyrir hvert starfsár, eftir að iðgjaldagreiðslu er lokið og sjóðfélaginn hefur öðlast rétt til að fá ellilífeyri.

Heimilt er stjórn sjóðsins að greiða ellilífeyrisþegum á aldrinum 60 til 67 ára uppbót á ellilífeyri allt að einstaklingslífeyri almannatrygginga. Það er skilyrði fyrir slíkri uppbót, að sjóðfélaginn sé ekki lengur fullfær um að gegna starfi sínu. Því til sönnunar ber viðkomanda að leggja fram umsögn yfirmanns síns um starfshæfnina og vottorð trúnaðarlæknis sjóðsins um heilsufar. Við ákvörðun um uppbót á lífeyri skal sjóðstjórnin hafa hliðsjón af heimilisástandum viðkomandi sjóðfélaga og aðstöðu hans til að nýta þá starfskrafta, sem hann kann að hafa.

Til launa telst eigi aðeins laun greidd í peningum, heldur og fæði og húsnæði, ef það fylgir stöðunni, og skal verðmæti þeirra fríðinda talið hið sama og þau eru metin til skatts.

9. gr.

Sjóðfélagar, sem verða vegna örorku fyrir launalækkun, er nemur meira en 10% af launinum, eða verða að hætta störfum sökum varanlegrar örorku, eftir að þeir öðluðust aðild að sjóðnum, eiga rétt á lífeyri úr sjóðnum, enda sé örorkan metin meiri en 10%.

Hámark örorkulífeyris miðast við áunninn lífeyrisrétt samkvæmt 8. gr. að viðbættum einstaklingslífeyri almannatrygginga. Ef rekja má aðalorsök örorkunnar til hjúkrunarstarfsins, skal þó reikna áunninn lífeyrisrétt eins og sjóðfélaginn hefði gegnt stöðu sinni til þess tíma, er hann hefði öðlast ellilífeyrisrétt. Áunninn lífeyrisréttindi skulu reiknast af launum í því starfi, sem sjóðfélaginn gegndi síðast, eins og þau eru á hverjum tíma. Ef um nema er að ræða, skal miða við laun almennra hjúkrunarkvenna á þeim spítala, sem viðkomandi starfaði.

Sé örorkan milli 10% og 50%, er örorkulífeyririnn sami hundraðshluti af hámarksörorkulífeyri eins og örorkan er metin. Sé örorkan metin 50% til 75%, er örorkulífeyririnn 50% af hámarkinu að viðbættum 2% af því fyrir hvert 1%, sem örorkan er metin umfram 50%. Sé örorkan metin 75% eða meiri, greiðist hámarksörorkulífeyrir að frádregnum örorkulífeyri almannatrygginganna. Þegar sjóðfélagi, sem er metinn undir 75% öryrki, nær 60 ára aldri, fær hann greiddan ellilífeyri samkvæmt ákvæðum 8. greinar. Frá sama tíma fellur niður örorkulífeyrir hans. Þó skal hann halda til 67 ára aldurs þeim hluta hans, sem miðaður er við lífeyri almannatrygginga.

Skýlt er sjóðfélaga, sem sækir um örorkulífeyri úr sjóðnum eða nýtur hans, að láta stjórn sjóðsins í té allar þær upplýsingar um heilsufar sitt, sem nauðsynlegar eru til að dæma um rétt hans til örorkulífeyris. Örorkumatið skal framkvæmt af trúnaðarlækni sjóðsins, og skal það aðallega miðað við vanhæfi sjóðfélagans til að gegna hjúkrunarstörfum.

Stjórn sjóðsins er heimilt að lækka eða fella niður örorkulífeyri þeirra öryrkja, sem fá starfsorku sína aftur að nokkru eða öllu leyti. Sömuleiðis ber stjórn sjóðsins að hækka örorkulífeyririnn, ef örorkan vex til muna og án sjálfskaparvita frá því, sem hún var metin við fyrri ákvarðanir, enda hafi öryrkinn á þeim tíma, sem

örorkan óx, ekki verið í þjónustu annarra en þeirra aðila, sem tryggja í sjóðnum hjúkrunarkonur, er starfa í þeirra þjónustu.

Þrátt fyrir örorku getur enginn sjóðfélagi fengið örorkulífeyri, meðan hann heldur jafnháum launum og hann áður hafði, hjá aðila, sem tryggir starfsmenn sína í lífeyrissjóði, sem stofnaður er með lögum eða viðurkenndur af fjármálaráðuneytinu.

10. gr.

Stjórn sjóðsins getur heimilað sjóðfélögum að tryggja maka sínum makalífeyri úr sjóðnum gegn því, að viðkomandi sjóðfélagi öðlist ekki ellilífeyrisrétt fyrir en frá og með 65 ára aldri. Umsókn um slíkt verður sjóðfélaginn að hafa sent áður en hann nær 55 ára aldri. Sjóðfélagi, sem hefur þannig afsalað sér réttinum til að fá ellilífeyri frá 60 ára aldri, getur ekki öðlazzt þann rétt aftur. Það skal meðal annars sett sem skilyrði fyrir veitingu makalífeyristryggingar, að viðkomandi sjóðfélagi sé heilsuhausur og afli að minnsta kosti eins mikilla peningatekna með vinnu sinni og maki hans. Stjórn sjóðsins getur krafizt þess, að umsækjandi leggi fram vottorð trúnaðarlæknis sjóðsins um heilsufar sitt.

Nú andast sjóðfélagi, sem notað hefur heimildarákvæði þessarar greinar, og lætur eftir sig maka á lífi, og á þá hinn eftirlifandi maki rétt á lífeyri úr sjóðnum, samkvæmt þeim reglum, er fara hér á eftir.

Upphæð makalífeyris ákvarðast þannig, að samanlagður makalífeyrir úr sjóðnum og maka- og ellilífeyrir, sem makinn kann að eiga rétt á frá almannatryggingunum, er hundraðshluti af launum þeim, er á hverjum tíma fylgja starfi því, er hinn látni gegndi síðast. Ef starfstími sjóðfélagans hefur verið 30 ár eða skemmri, er hundraðshluti þessi 20% af greindum launum að viðbættu 1% fyrir hvert iðgjaldagreiðsluár. Fyrir hvert ár, sem hinn látni hafði starfað, eftir að iðgjaldagreiðslu lauk, en áður en hann öðlaðist rétt til ellilífeyris, hækkar makalífeyririnn um ½% af launum, en um 1% fyrir hvert starfsár, eftir að iðgjaldagreiðslu var lokið og hann öðlaðist rétt til að taka ellilífeyri.

Sé makalífeyrir samkvæmt næstu málsgrein hér á undan lægri en tvöfaldur einstaklingslífeyrir almannatrygginganna, skal greiða úr sjóðnum þeim makalífeyrisþegum, sem rétt eiga á maka- eða ellilífeyri frá almannatryggingunum, það, sem á vantar, að samanlagður lífeyrir þeirra nái tvöföldum einstaklingslífeyri almannatrygginganna. Þó skal greiðsla sjóðsins aldrei fara fram úr hundraðshlutum þeim, sem nefndir eru í 3. málsgrein þessarar greinar.

Nú hefur sjóðfélagi gengið í hjónaband, eftir að hann var orðinn 60 ára, eða á þeim tíma, er hann naut lífeyris úr sjóðnum eða hann var lagztur banaleguna, og úrskurðar þá stjórn sjóðsins, hvort eftirlifandi maki hans skuli njóta lífeyris úr sjóðnum eða eigi.

Réttur til lífeyris samkvæmt þessari grein fellur niður, ef hinn eftirlifandi maki gengur í hjónaband að nýju, en kemur aftur í gildi, sé hinu síðara hjónabandi slitið, enda veiti hið síðara hjónaband eigi rétt til lífeyris úr sjóðnum. Veiti síðara hjónabandið einnig rétt til lífeyris, má eftirlifandi maki velja um, hvort hann tekur lífeyri eftir fyrri eða síðari makann.

Þegar sjóðfélagi deyr, sem verið hefur tvígiftur, og lætur eftir sig tvo maka á lífi, skiptist makalífeyririnn milli þeirra, í þeinu hlutfalli við þann tíma, sem hvor þeirra hefur verið giftur hinum látna sjóðféлага á þeim tíma, er hann ávann sér lífeyrisréttindi og/eða naut lífeyris úr sjóðnum. Ef annar hinna eftirlifandi maka giftist að nýju, fellur allur lífeyririnn til hins, en skiptist aftur, sé því hjónabandi slitið, enda veiti síðara hjónabandið ekki rétt til lífeyris úr sjóðnum, eða öðrum hliðstæðum sjóði. Hliðstæð regla gildir, séu rétthafar makalífeyris fleiri en tveir.

11. gr.

Börn eða kjörbörn, sem sjóðfélagi lætur eftir sig, er hann andast, og yngri eru en 18 ára, skulu fá árlegan lífeyri úr sjóðnum, þar til þau eru fullra 18 ára að aldri, enda hafi hinn látni sjóðfélagi séð um framfærslu þeirra að nokkru eða öllu leyti. Sama gildir um börn eða kjörbörn, er sá sjóðfélagi lætur eftir sig, er naut 'elli- eða örorkulífeyris úr sjóðnum, er hann andaðist.

Ef barnið á foreldri eða kjörforeldri á lífi, er sér um framfærslu þess, er samanlagður lífeyrir þess frá almannatryggingum og úr þessum sjóði 50% hærrí en barnalífeyrir almannatrygginga. Að öðrum kosti er lífeyririnn tvöfaldur barnalífeyrir almannatrygginga.

Sama rétt öðlast börn og kjörbörn þeirra sjóðfélaga, er njóta elli- eða örorkulífeyris úr sjóðnum, þó svo, að barnalífeyrir úr þessum sjóði til barna eða kjörbarna örorkulífeyrisþega skal vera jafnmargir hundraðshlutar af fullum barnalífeyri eins og örorkulífeyrir hans er margir hundraðshlutar af hámarksörorkulífeyri.

Fósturbörn, er sjóðfélagi hefur framfært að mestu eða öllu leyti, njóta sama réttar og börnum og kjörbörnum er veittur hér að framan.

12. gr.

Nú frestar sjóðfélagi að taka ellilífeyri og tekur jafnframt við öðru starfi hjá stofnun, er veitir aðgang að sjóðnum, lægra launuðu en því, er hann gegndi áður, og skal þá reikna lífeyri eftir því starfinu, sem hærra var launað.

Sama regla gildir, þegar sjóðfélagi verður af heilsufarsástæðum að láta af stöðu sinni, en tekur við öðru léttara og lægra launuðu starfi, er veitir aðgang að sjóðnum. Þegar svo stendur á sem í þessari málsgrein ræðir um, er viðkomandi heimilt að kaupa sér réttindi í sjóðnum fyrir þann tíma, sem úr hefur fallið. Stjórn sjóðsins getur krafizt vottorðs trúnaðarlæknis sjóðsins til sönnunar því, að sjóðfélaginn verði að láta af stöðu sinni vegna heilsubreysts.

13. gr.

Sjóðfélagar skulu greiða iðgjöld til sjóðsins, er séu ákveðinn hundraðshluti af launum, mismunandi eftir upphæð launa. Hundraðshluti þessi getur verið lægstur $2\frac{1}{4}$, en hæstur $4\frac{1}{4}$, og skal hann ákveðinn á sama hátt og hjá sjóðfélögum í Lífeyrissjóði starfsmanna ríkisins, sbr. 1. mgr. 10. gr. laga nr. 29/1963.

Sjóðfélagar bera eigi ábyrgð á skuldbindingum sjóðsins nema með iðgjöldum sínum.

Laungreiðendur greiði í iðgjöld til sjóðsins 6% af launum þeim, er sjóðfélagar taka hjá þeim. Laungreiðendum ber að halda iðgjöldum launþega eftir af launum þeirra og greiða þau ásamt eigin iðgjöldum til sjóðsins innan tveggja vikna frá útborgun launanna. Vanræki laungreiðandi að halda eftir iðgjaldi sjóðfélaga, er hann þrátt fyrir það ábyrgur fyrir öllu iðgjaldinu gagnvart lífeyris-sjóðnum.

Iðgjöld skal reikna af föstum launum að meðtöldum fríðindum, svo sem fæði og húsnæði, ef slík fríðindi fylgja stöðunni, sbr. 3. mgr. 8. greinar.

14. gr.

Nú lætur sjóðfélagi í lifanda lífi og af öðrum ástæðum en elli eða örorku af stöðu þeirri, er veitti honum aðgang að sjóðnum, og á hann þá rétt á að fá endurgreidd með vöxtum iðgjöld þau, er hann hefur greitt í sjóðinn. Stjórn sjóðsins ákveður vextina með hliðsjón af ávöxtun sjóðsins. Hafi hann verið sjóðfélagi í 5 ár, er hann lætur af stöðunni, getur hann með samþykki sjóðstjórnarinnar valið um, hvort hann fær iðgjöld sín endurgreidd eða hann lætur þau standa inni í

sjóðnum. Velji hann síðari kostinn, fellur niður réttur hans og skylda til að greiða framvegis iðgjöld til sjóðsins og réttur hans til örorkulífeyris. Ellilífeyrir hans, sbr. 8. gr., miðast þá við starfstíma hans og laun þau, er hann hafði, er hann lét af stöðu þeirri, er veitti aðgang að sjóðnum, en tekur sömu breytingum og lífeyrir annarra, eftir að taka lífeyris hefst. Hafi hann gegnt stöðunni skemur en 30 ár, skal barnalífeyrir ákveðinn þannig, að full upphæð samkvæmt 11. gr. skal margfölduð með hlutfallinu á milli þess ellilífeyris, sem hann hefur öðlzt rétt til, og þess ellilífeyris, sem hann hefði öðlzt rétt til, ef hann hefði gegnt starfinu í 30 ár.

Sé staða eða starfi sjóðfélagsins lagður niður, á hann rétt á að vera áfram í sjóðnum og greiða iðgjöld, sem miðuð séu við laun í þeim launaflokki, er staða hans var í, er hún var lögð niður. Nýtur hann þá sömu réttinda úr sjóðnum sem hann hefði gegnt starfi sínu áfram.

Láti sjóðfélagi um stundarsakir af starfi, sem veitir aðgang að sjóðnum, er honum heimilt að greiða iðgjöld fyrir þann tíma, er hann var í burtu, enda hafi hann verið við framhaldsnám eða unnið að hjúkrunarstörfum, sem ekki veita aðgang að sjóðnum.

15. gr.

Nú flyzt sjóðfélagi, er verið hefur í þessum lífeyrissjóði, í starf, sem veitir aðgang að öðrum lífeyrissjóði, sem stofnaður er með lögum, og má þá endurgreiða með vöxtum öll iðgjöld, sem greidd hafa verið í sjóðinn hans vegna. Það er skilyrði fyrir þessari endurgreiðslu, að hún gangi til kaupa á lífeyrisréttindum fyrir viðkomandi sjóðfélagi á þeim sjóði, er hann flyzt til. Þó má aldrei endurgreiða hærri upphæð en þarf til þess að kaupa réttindi í hinum nýja sjóði, er svari til þess starfstíma, er sjóðfélaginn hafði öðlzt.

Sjóðstjórninni er heimilt að nota sömu endurgreiðslureglu, þegar sjóðfélagi flyzt í annan sjóð, sem viðurkenndur er af fjármálaráðuneytinu, eða kaupir sér lífeyri hjá tryggingarfélagi eða stofnun, sem starfar eftir reglum, er fjármálaráðuneytið samþykkir, enda gildi þar sömu reglur um endurkaup og greiðslu lífeyris eins og ákveðnar eru í þessum lögum.

Á tilsvarendi hátt er sjóðstjórninni heimilt, að fengnu samþykki fjármálaráðherra, að veita viðtöku, vegna sjóðfélaga, er gerist sjóðfélagi í þessum sjóði, fé því, er kann að vera endurgreitt hans vegna úr sjóði, tryggingafélagi eða stofnun, sem að framan greinir, og veita honum réttindi í samræmi við það.

Einnig getur stjórnin, þegar sérstaklega stendur á, og með samþykki fjármálaráðherra, heimilað réttindakaup aftur í tímann, þó að ekki sé um að ræða yfirfærslu á réttindum annars staðar frá. Það skal meðal annars sett sem skilyrði fyrir slíkum réttindakaupum, að mælt sé með þeim af forstöðumanni þeirrar stofnunar, er sjóðfélaginn vinnur hjá, að gengið sé frá réttindakaupunum innan árs, frá því hann var ráðinn, og að hann sé eldri en 30 ára, þegar hann öðlast aðgang að sjóðnum.

16. gr.

Stjórn sjóðsins skal hið fimmta hvert ár láta tryggingafræðing rannsaka fjárhag sjóðsins. Þyki honum rannsókn sín leiða í ljós, að fjárhagsgrundvöllur sjóðsins sé ótryggur, skal hann gera tillögur til stjórnar sjóðsins um aðgerðir til að efla sjóðinn. Sýni rannsóknin hins vegar, að fjárhagur sjóðsins sé svo góður, að iðgjöld mætti lækka, skal hann athuga vandlega, hversu mikil sú lækkun mætti vera, og gera tillögur sínar um það til sjóðstjórnarinnar. Sjóðstjórnin má aldrei lækka iðgjöld meira en tryggingafræðingur hefur lagt til.

17. gr.

Allar hjúkrunarkonur, sem vinna hjúkrunarstörf í þjónustu ríkis, bæjar- og sveitarfélaga eða annarra opinberra stofnana eða við heilbrigðisstofnanir, sem eru viðurkenndar af heilbrigðisstjórninni, skulu vera skyldutryggðar í sjóði þessum. Heimilt er að taka í sjóðinn aðrar hjúkrunarkonur, er starfa að hjúkrun, enda sé viðkomandi eigi ráðinn til skemmri tíma en eins árs, eða með að minnsta kosti þriggja mánaða uppsagnarfresti.

18. gr.

Ríkissjóður og aðrir aðilar, sem tryggja hjúkrunarkonur í sjóði þessum, ábyrgjast hver fyrir sinn hóp greiðslur úr honum. Nú reynist einhver aðili, sem tryggt hefur hjúkrunarkonur í sjóðnum, ekki fær um að standa við ábyrgðarskuldbindingu sína, og er ríkissjóður þá bakábyrgur.

Lífeyrir greiðist með 1/12 árslífeyris fyrirfram á hverjum mánuði.

19. gr.

Óheimilt er að framselja eða veðsetja lífeyriskröfur samkvæmt lögum þessum, og ekki má leggja á þær lögald né gera í þeim fjárnám eða lögtak. Enginn skuldheimtumaður í dánarbúi eða þrotabúi hefur rétt til að skerða kröfurnar á nokkurn hátt, og eigi má halda lífeyrisfé eftir til greiðslu opinberra gjalda.

20. gr.

Frá og með 1. janúar 1964 hafa allar hjúkrunarkonur öðlzt full réttindi samkvæmt lögum um almannatryggingar og greiða frá sama tíma fullt gjald til þeirra. Stjórn sjóðsins semur við Tryggingastofnun ríkisins um uppgjör fyrir liðinn tíma í samræmi við ákvæði almannatryggingalaga um það atriði.

Hjúkrunarkonur, sem fengið hafa lífeyri fyrir gildistöku laga þessara, skulu fá greiddan lífeyri samkvæmt ákvæðum þessara laga frá gildistöku þeirra. Ríkissjóður og aðrir aðilar, sem tryggt hafa hjúkrunarkonur í sjóðnum, endurgreiða honum mismuninn á þeim lífeyri, sem þannig verður greiddur, og þeim lífeyri, er viðkomandi lífeyrisþegum bar samkvæmt eldri reglum.

21. gr.

Nú verður almenn hækkun á áður úrskurðuðum elli-, örorku- og makalífeyri vegna almennrar hækkunar á launum hjúkrunarkvenna, sbr. 8., 9. og 10. gr., og endurgreiðir þá ríkissjóður og aðrir þeir aðilar, sem tryggt hafa hjúkrunarkonur í sjóðnum, honum þá hækkun, er þannig verður á lífeyrisgreiðslum.

22. gr.

Ákvæði þessara laga gilda einnig um karla, er annast hjúkrunarstörf og hafa réttindi til þess samkvæmt hjúkrunarlögum.

23. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi. Jafnframt eru númer úr gildi lög nr. 65/1955, um Lífeyrissjóð hjúkrunarkvenna.

Gjört að Bessastöðum, 24. apríl 1965.

Ásgeir Ásgeirsson.

(L. S.)

Gunnar Thoroddsen.

L Ö G

um landgræðslu.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallizt á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

I. KAFLI

Markmið og stjórn.

1. gr.

Tilgangur þessara laga er:

1. Að koma í veg fyrir eyðingu gróðurs og jarðvegs.
2. Að græða upp eydd og vangróin lönd.

2. gr.

Landgræðsla ríkisins fer með landgræðslumál samkvæmt lögum þessum og skal hafa aðsetur í Gunnarsholti á Rangárvöllum. Starfsemin greinist í tvo þætti:

1. Sandgræðsla (uppgæðsla), sem er hefting jarð- og sandfoks og græðsla gróðurlausra og gróðurlitilla landsvæða.
2. Gróðurvernd, sem kemur í veg fyrir ofnotkun gróðurs, hindrar hvers konar skemmdir á gróðurlendi og bætir gróið land til að auka mótstöðuafli þess gegn eyðingu.

3. gr.

Landbúnaðarráðherra fer með yfirstjórn landgræðslumála. Hann skipar landgræðslustjóra að fengnum tillögum stjórnar Búnaðarfélags Íslands, sem jafnframt hefur umsjón með landgræðslumálum fyrir hönd ráðherra.

Landgræðslustjóri skal hafa háskólapróf í búfræði eða hliðstæðum greinum. Ráðherra skipar fulltrúa landgræðslustjóra að fengnum tillögum hans, og skal hann fullnægja sömu menntunarskilyrðum og landgræðslustjóri. Heimilt er að fela fulltrúa sérstaklega meðferð annars hvors þáttar landgræðslumála undir yfirstjórn landgræðslustjóra samkv. 2. gr.

4. gr.

Landgræðslustjóra er heimilt, að fengnu samþykki ráðherra, að ráða landgræðsluverði sér til aðstoðar.

II. KAFLI

Uppgræðsla.

5. gr.

Landgræðslustjóri hefur eftirlit með þeim löndum, sem þegar hafa verið tekin til græðslu. Hann skal kynna sér staðhætti, þar sem hættu stafar af jarð- og sandfoki, og gera ráðstafanir til að hefta slíkt eins og föng eru á. Hann annast og græðslu eyddra og vangróinna landa. Þau verk skulu ganga fyrir, sem forða eiga jörðum og sveitum frá yfirvofandi hættu.

Gera skal kostnaðaráætlun um hvert verk, áður en hafið er.

6. gr.

Þar, sem henta þykir, skal kosta kapps um að koma upp skógi og kjarri innan landgræðslugirðinga. Skógrækt ríkisins skal veita landgræðslunni leiðbeiningar um þessa ræktun.

7. gr.

Landgræðsla ríkisins skal afla sér fullkomins umráðaréttar yfir landi því, sem hún tekur til heftingar á jarð- og sandfoki eða endurgræðslu, á eftirfarandi hátt:

1. Með samningi til svo langs tíma, sem landgræðslustjóra þykir þurfa. Eigendur eða leigutakar skulu hafa forgangsrétt að landsnytjum gegn hæfilegu gjaldi, þegar uppgræðsla er svo vel á veg komin, að nytja megi landið að dómi landgræðslustjóra.
2. Með eignarnámi, ef umráðaréttur fæst ekki á annan hátt, sbr. lög um eignarnám, nr. 61 frá 14. nóv. 1917. Eignarnám skal þó eigi framkvæma, nema rannsókn samkvæmt 40. gr. sýni, að þess sé þörf, og að fengnu álitni stjórnar Búnaðarfélags Íslands.

Áður en aflað er umráðaréttar yfir landi samkvæmt þessari grein, skal landgræðslustjóri senda landbúnaðarráðuneytinu rökstuddar tillögur um málið. Ráðuneytið tekur síðan ákvörðun um framkvæmdina.

8. gr.

Heimilt er að styrkja landeigendur með framlagi úr ríkissjóði til að koma upp girðingu um uppblásturssvæði eða vangróið land, græða það og halda girðingu við, meðan á græðslu stendur. Styrkir mega nema allt að $\frac{2}{3}$ kostnaðar við þessar framkvæmdir.

Umsóknir um styrk til þessa skal senda landgræðslustjóra ásamt lýsingu á staðháttum og ástæðum fyrir umsókninni. Þegar landgræðslustjóri hefur kynnt sér málið, sendir hann umsóknina með greinargerð og kostnaðaráætlun til landbúnaðarráðuneytisins, sem tekur ákvörðun um styrkveitingu.

Til tryggingar því, að landeigandi greiði sinn hluta kostnaðar, skal hann setja landið að veði. Hrepps- eða sýslunefnd er heimilt að taka ábyrgð á að framlag landeiganda sé innt af höndum, og kemur þá sú ábyrgð í stað veðsetningar.

Áður en verk er hafið, skulu landgræðslustjóri og landeigandi gera með sér samning um umráð lands og framkvæmdir, meðan á græðslu stendur. Þegar landið er fullgróið að dómi landgræðslustjóra, skal jarðeigandi taka við því. Landgræðslustjóri getur sett reglur um meðferð landsins, sem jarðeiganda er skylt að hlíta.

Fáiast arður af landgræðslusvæðinu, meðan á græðslu stendur, skal hann ganga upp í kostnað við landgræðsluna, unz afhending fer fram.

Eigi fleiri en einn landeigandi hlut að máli, má binda stuðning ríkissjóðs því skilyrði, að þeir stofni til félagsskapar um framkvæmdir. Skal þá farið eftir ákvæðum IV. kafla laganna.

9. gr.

Í nágrenni landgræðslusvæða er heimilt að taka efni til afnota við landgræðsluna, svo sem vatn, jarðefni, þara og fræ. Þó má ekki taka efni þannig, að landsþjöll verði að, nema brýna nauðsyn beri til. Landeigandi á rétt til bóta eftir mati, ef samningar takast ekki.

10. gr.

Nú er sett girðing fast við landgræðslugirðingu eða áfast henni, og skulu þá vera hlið á henni eigi fjær en 50 metra frá landgræðslugirðingunni, svo að vinna megi tálmunarlaust að henni.

11. gr.

Landgræðslugirðingar skulu vera fjárheldar. Skulu þær a. m. k. vera 6 strengja gaddavírsgirðingar eða gerðar úr öðru efni, sem ekki veitir minni vörn, t. d. háu vírneti eða vírneti ásamt gaddavírstrengjum.

Hornstólpar skulu standa minnst 1.25 metra í jörðu, nema festir séu í klöpp. Þeir skulu steiptir niður eða púkkað með þeim og styrktir með stögum. Hliðstaurar skulu festir á svipaðan hátt.

Liggi landgræðslugirðing yfir alfaraleið, skal vera traust hlið á girðingunni, sem auðvelt er að opna og loka. Vegfarendum er skylt að loka hliðum, enda sé aðvörun þess efnis við hliðið. Varðar sektum, ef út af er brugðið, og bótaskyldu, ef tjón verður á gróðri af þessum sökum.

Hver, sem verður þess var, að girðing skemmist svo, að hætta sé á, að hún haldi ekki sauðfé, skal, ef við verður komið, skýra hreppstjóra eða eftirlitsmanni frá því hið fyrsta.

Landgræðslustjóri getur bannað alla umferð um landgræðslusvæði, þar sem honum þykir ástæða til. Skal þá bannið auglýst við girðingarhliðin.

12. gr.

Þegar land, sem Landgræðsla ríkisins hefur tekið til græðslu með samkomulagi, sbr. 7. gr., er svo vel gróið að dómi landgræðslustjóra, að eigi er nauðsyn frekari aðgerða frá hendi landgræðslunnar, skal afhenda það aftur eigendum. Landgræðslustjóri setur reglur um meðferð landsins.

13. gr.

Land, sem Landgræðsla ríkisins hefur eignast skv. 2. tölulið 7. gr. þessara laga, má selja með samþykki landbúnaðarráðherra, þegar það hefur verið endurgætt. Eigandi þeirrar jarðar, sem landið áður fylgdi, skal hafa forkaupsrétt og leigutaki að eiganda frágengnum. Noti hvorugur rétt sinn, skal fylgt ákvæðum laga nr. 40 frá 5. apríl 1948 við söluna. Hafi sveitarfélag eða bæjarfélag átt landið áður, er þeim skylt að taka við landinu, ef landgræðslustjóri krefst þess. Hann setur reglur um meðferð landsins og er kaupendum og síðari eigendum skylt að hlíta þeim. Skal þinglýsa reglunum sem kvöð á jörðinni.

14. gr.

Hefjist uppblástur eða landskemmdir að nýju á landi, sem afhent hefur verið eða selt samkvæmt 12. og 13. gr., er landeiganda skylt að græða það aftur á sinn kostnað, nema uppblásturinn og skemmdirnar séu ekki meðferð hans eða vanrækslu að kenna.

Vanræki landeigandi nauðsynlegar aðgerðir eftir aðvörun landgræðslustjóra, má landgræðslan láta vinna verkið á hans kostnað eða taka landið eignarnámi, sbr. 7. gr.

15. gr.

Þegar land í eigu Landgræðslu ríkisins er að dómi landgræðslustjóra svo gróið, að nytja megi, skal gefa bændum kost á að nytja það, enda sé þess ekki þörf undir ríkisbú. Skal landgræðslustjóri annaðhvort leita tilboða um afnotaréttinn eða leigja hann samkvæmt mati. Landgræðslustjóri setur reglur um meðferð landsins.

16. gr.

Komist búfé inn á landgræðslusvæði, sem halda skal friðuðu og girt er ógallaðri girðingu, skal landgræðslustjóri eða eftirlitsmaður hans láta merkja það fé og tilkynna hreppstjóra, en hann tilkynnir það eigendum fjárins. Komist sömu

skepnur þrásinnis inn á svæðið, og göllum á girðingu verði eigi um kennt, getur landgræðslustjóri krafizt þess, að hreppstjóri láti lóga skepnunum og komi afurðum í verð. Landgræðslan greiðir síðan þann mismun, sem á kann að vanta, að eigandi fái fullt verð. Rísi ágreiningur, skal úr honum skorið með mati tveggja dómkvaddra manna. Eigi hreppstjóri eða vandamenn hans hlut að máli, kveður sýslumaður óvilhallan mann í hans stað, er gegni skyldum hreppstjóra samkvæmt ákvæðum þessarar greinar.

III. KAFLI Gróðurvernd.

17. gr.

Land skal nytja svo, að eigi valdi rýrnun eða eyðingu landkosta. Sá, sem landspjöllum veldur með mannvirkjagerð eða á annan hátt, er skyldur að bæta þau.

18. gr.

Landgræðsla ríkisins skal hafa gát á meðferð á gróðri landsins og vinna gegn því, að hann eyðist fyrir ofnotkun eða aðra óskynsamlega meðferð.

Hún skal einnig fylgjast með því, að landspjöll séu eigi unnin að óþörfu, og segja fyrir um, hvernig þau skuli bæta.

Þar sem hætta er á gróðurýrnun eða eyðingu, ber að leiðbeina búendum um meðferð lands og gróðurs.

Spilli náttúruhamfarir grónu landi, skal landgræðslan gera ráðstafanir til endurgræðslu, ef þess er kostur.

Þar, sem gróðurverndar er þörf, skal að henni unnið svo sem segir í þessum kafla og samkvæmt reglum, sem um það verða settar.

19. gr.

Gróðurverndarnefnd skal starfa í hverri sýslu, þar sem landgræðslustjóri telur þess þörf. Sýslunefnd kys 3 menn í nefndina til 4 ára í senn, að fengnum tillögum búnaðarsambands héraðsins. Nefndin skal halda gerðabók um störf sín og senda sýslunefnd og landgræðslunni árlega skýrslu. Funda- og ferðakostnaður nefndarmanna greiðist til helminga úr sýslusjóði og af landgræðslunni.

20. gr.

Gróðurverndarnefndir skulu starfa í samvinnu við Landgræðslu ríkisins. Þær skulu fylgjast með notkun afrétta og heimalanda innan sýslunnar.

Heimilt er landgræðslustjóra að setja reglur um störf gróðurverndarnefnda.

21. gr.

Berist gróðurverndarnefnd rökstudd skýrsla um þörf gróðurverndar á einstökum jörðum eða stærri landsvæðum, skal nefndin kynna sér málavöxtu. Sjái nefndin ástæðu til, sendir hún landgræðslustjóra greinargerð um málið.

Telji landgræðslustjóri, að um gróðureyðingu sé að ræða, gerir hann tillögur um málið og leitar samkomulags við landeigendur til úrbóta. Hafi gróðurverndin verulegan kostnað í för með sér, má veita styrk samkvæmt 8. gr. að fengnu samþykki ráðuneytisins.

Eigi fleiri en einn landeigandi hlut að máli, má binda stuðning landgræðslunnar því skilyrði, að þeir stofni til félagsskapar um framkvæmdir. Skal þá farið eftir ákvæðum IV. kafla þessara laga.

22. gr.

Náist ekki samkomulag um aðgerðir milli landgræðslustjóra og landeiganda, getur landgræðslustjóri látið fram fara rannsókn á jörð eða landsvæðum samkvæmt 40. gr.

Leiði rannsókn í ljós, að brýn þörf sé gróðurverndar, getur landgræðslustjóri krafizt nauðsynlegra aðgerða af landeiganda. Verði hann ekki við þeirri kröfu, getur landgræðslan á kostnað landeiganda framkvæmt aðgerðirnar, að fengnu samþykki ráðuneytisins. Styrkja má þessar framkvæmdir með allt að $\frac{1}{3}$ hluta kostnaðar.

23. gr.

Telji landgræðslustjóri, að gróðurverndar sé þörf sakir þess að heimalönd eða afréttir hafi eigi nægilegt beitarþol fyrir þann búpening, sem á þeim gengur, skal hann leita samkomulags við landeigendur til úrbóta.

Náist ekki samkomulag, skal hann láta rannsaka beitarþol viðkomandi landa samkv. 40. gr.

Leiði rannsóknin í ljós, að löndunum sé ofboðið, er landgræðslustjóra skylt að krefjast ítölu í þau.

Ítala skal gerð af ítölunefnd, er skipuð sé af þeim aðilum, sem um getur í 5. gr. laga um ítölu, nr. 39 23. maí 1959, og gilda þá um störf hennar ákvæði nefndra laga.

24. gr.

Verði búandi að skerða bústofn sinn verulega vegna ítölu, skulu gróðurverndarnefnd og landgræðslan vera honum til ráðuneytis, hverra úrræða sé helzt að leita til að koma í veg fyrir tekjumissi.

25. gr.

Héraðsráðunautum búnaðarsambandanna er skylt að fylgjast með því, svo sem ástæður leyfa, hvort gróðri hnignar mjög í heimalöndum og afréttum sökum ofbeitar eða hvort land fer í örtröð, og skýra landgræðslustjóra frá því.

IV. KAFLI**Félög til landgræðslu.****26. gr.**

Heimilt er bændum, sveitarfélögum eða sýslufélögum að stofna félög til landgræðslu.

27. gr.

Landgræðslustjóri skal semja drög að samþykktum félaga þeirra, sem um getur í 26. gr.

28. gr.

Vilji þeir, sem um getur í 26. gr., stofna slíkt félag, leita þeir álits og tillagna landgræðslustjóra. Að því fengnu, geta þeir boðað til undirbúningsfundar á fyrirhuguðu félagssvæði. Þar skal kjósa nefnd, er vinni að félagsstofnuninni.

Kveðja skal til fundar allra jarða, sem ætla má að hafi not af félagsskapnum. Séu jarðir í erfðafestu, skal boða erfðafestuhafa í stað landeiganda. Eigi félag land, skal boða formann félagsstjórnar. Verði landeiganda eigi boðaður fundur nægilega snemma vegna fjarvistar, skal boða leigutaka. Kveðja skal og landgræðslustjóra eða fulltrúa hans til fundarins.

Fund skal boða með ábyrgðarbréfi eða símskeyti eigi síðar en 14 dögum fyrir fundardag — og auk þess með auglýsingu í Ríkisútvarpinu tvo daga í röð, eigi síðar en viku fyrir fundardag.

29. gr.

Á fundi þeim, sem boðaður hefur verið samkv. 28. gr., skal ræða stofnun félags og verkefni. Bóka skal fundargerð.

Á þeim fundi og öðrum fer um atkvæðisrétt eins og hér segir: Fyrir hvert lögbýli eða afréttarland, sem metið er til verðs í fasteignamati, skal koma eitt atkvæði. Þó að sami maður eigi fleiri en eina jörð, hefur hann eitt atkvæði. Ef eigendur lögbýlis eru fleiri en einn, skulu þeir gera með sér skriflegan samning um, hver fari með atkvæðisrétt býlisins. Fela má öðrum að fara með atkvæði, enda sé umboðið skriflegt. Hafi leigutaki verið boðaður vegna fjarvistar landeiganda, er hann fullgildur aðili með tillögu- og atkvæðisrétt samkv. 31. gr.

Komi til fundar $\frac{1}{3}$ þeirra manna, sem boðaðir eru samkv. 28. gr. og atkvæðisbærir eru samkv. 2. mgr. þessarar greinar, má stofna félag, ef $\frac{2}{3}$ fundarmanna samþykkja.

Nú verður félag eigi stofnað á þessum fundi, og getur þá meiri hluti fundarmanna kosið nefnd, sem búi málið undir annan fund. Nefndin semur frumvarp að nýrri félagssamþykkt samkv. 32. gr., gerir áætlun um kostnað af starfsemi félagsins og leitar álits landgræðslustjóra. Hún skal og afla þeirra gagna, sem fundarmenn æskja eða nauðsynleg þykja.

30. gr.

Þá er nefndin hefur lokið störfum, skal hún kveðja til fundar á ný samkv. 28. gr.

Á fundinum skal nefndin leggja fram öll gögn, sem hún hefur aflað. Skal þá enn ræða stofnun félags og taka ákvörðun um hana. Ef meiri hluti atkvæðisbærra fundarmanna samþykkir félagsstofnun, er öllum landeigendum á félagssvæðinu skylt að gerast félagar.

31. gr.

Stofnfundur eða annar lögmætur félagsfundur getur kveðið svo á, að leigutaki skuli gerast félagi í stað landeiganda, ef leigutaki æskir þess og landeigandi mót-mælir eigi. Sæki landeigandi eigi fund og nefni eigi til umboðsmann, skal leigutaki fara með umboð eiganda. Boða skal bæði landeiganda og leigutaka á fund.

32. gr.

Nú er stofnun félags löglega ákveðin, og skal þá setja félaginu samþykkt þegar á stofnfundi eða á öðrum fundi, boðuðum á sama hátt. Um samþykkt ræður afl atkvæða. Þar sem félagssvæði er stórt, má ákveða í samþykkt, að félagsfundir skuli vera fulltrúafundir.

Í samþykkt félags skulu vera ákvæði um:

- a. Nafn félags, heimilisfang og varnarþing.
- b. Verkefni félags og félagssvæði.
- c. Skipun og starfssvið félagsstjórnar.
- d. Reikninga félags og endurskoðun.
- e. Greiðslu kostnaðar af starfsemi félags.
- f. Ákvæði um félagsslit.

33. gr.

Félagsstjórn skal senda ráðherra samþykkt til staðfestingar ásamt umsögn landgræðslustjóra. Nú telur ráðherra samþykkt eigi svo úr garði gerða, að hana

megi staðfesta, og sendir hann þá samþykkt aftur til félagsstjórnar með athugasemdum um það, er ábótavant þykir. Annars kostar staðfestir hann samþykkt, eða þá er lagfært hefur verið það, er athugavert þótti. Líða skulu minnst sex mánuðir frá stofnfundi félags og þar til samþykkt er staðfest. Samþykkt má aldrei brjóta í bága við réttarákvæði, almennar grundvallarreglur laga né réttindi einstakra manna.

34. gr.

Þegar félag hefur verið stofnað samkv. 26. og 30. eða 31. gr., getur sá, sem telur félagið ólöglega stofnað, véfengt félagsstofnunina fyrir ráðherra, áður en sex mánuðir eru liðnir frá stofnfundi félags. Véfenging, sem síðar berst, skal eigi tekin til greina. Hafi véfenging borizt ráðherra innan lögmaets tíma, en hann eigi tekið hana til greina, má skjóta málinu til dómstóla, áður en sex mánuðir eru liðnir frá staðfestingu samþykktar.

35. gr.

Aðalfund skal halda árlega og aukafundi þegar félagsstjórn telur ástæðu til eða $\frac{1}{4}$ félagsmanna æskir og tilgreinir fundarefni. Láti félagsstjórn undir höfuð leggjast að boða fund í tvo mánuði, mega þeir, sem fund vilja halda, boða hann.

Fund skal boða með auglýsingu í Ríkisútvarpinu tvo daga í röð eigi síðar en 7 dögum fyrir fundardag. Þó má boða fund í félagi, sem hefur færri en 30 félagsmenn, með símtölum eða á þann hátt, sem tíðkast um boðun funda í því héraði.

Á fundi skal liggja frammi skrá yfir atkvæðisbæra félagsmenn.

Afl atkvæða ræður úrslitum mála á fundum. Breyting á samþykkt félags þarf þó samþykki meiri hluta félagsmanna.

Verði breyting á samþykkt eigi afgreidd vegna ónógrar fundarsóknar, má boða til annars fundar. Á þeim fundi ræður afl atkvæða. Þess skal getið í fundarboði, ef ráðgert er að breyta samþykkt. Breytingar á samþykkt skulu staðfestar af ráðherra eins og um getur í 33. gr.

36. gr.

Þegar eigendaskipti verða eða ábúendaskipti á jörð í erfðafestu, skal hinn nýi eigandi eða ábúandi gerast félagi. Þegar ábúendaskipti verða á jörð, þar sem leigutaki er félagsmaður í stað landeiganda, getur félagsfundur kveðið svo á, að hinn nýi leigutaki gerist félagi á sama hátt og um getur í 31. gr.

37. gr.

Kostnaði af starfsemi félags við aðgerðir á sameignarlandi skal jafna niður á notendur í hlutfalli við landverð jarða skv. fasteignamati að frádregnum hlunnindum.

Nú er land það, sem tekið er til græðslu, séreign margra býla, og skal þá skipta kostnaðinum milli býlanna í réttu hlutfalli við stærð þess lands, sem græða skal og heyrir til hverju býli.

Gjöld félagsmanna má taka lögtaki. Fylgir þeim lögveð í jörð í eitt ár frá eindaga, og stendur það framar öllu samningsbundnu veði.

38. gr.

Land það, sem félag tekur til meðferðar samkvæmt þessum kafla, skal vera undir eftirliti landgræðslunnar, og ber henni skylda til að fylgjast með framkvæmdum félagsins. Jafnframt er félagsstjórninni skylt að hlíta fyrir mælum landgræðslustjóra, að því er varðar meðferð landsins, meðan á framkvæmdum stendur.

Girðingar vegna lands, sem tekið er til græðslu samkvæmt þessum kafla, hlíta sömu ákvæðum og landgræðslugirðingar, sbr. 10. og 11. gr.

39. gr.

Stjórn félags skal í lok hvers árs semja skýrslu um starfsemi félagsins á því ári. Henni skal fylgja:

1. Umsögn hlutaðeigandi héraðsráðunautar um girðingar og græðslu félagsins ásamt mælingum hans á því, sem unnið hefur verið það ár.
2. Sundurliðaður reikningur yfir kostnað við friðun og græðslu lands á árinu. Skýrslu þessa skal félagsstjórn senda Landgræðslu ríkisins.

V. KAFLI

Rannsóknir og fleira.

40. gr.

Þegar rannsaka þarf beitarþol og hættu á gróðureyðingu samkvæmt 7., 22. og 23. gr., skal fela Búnaðardeild Atvinnudeildar Háskólans að annast rannsóknirnar. Búnaðardeildinni ber að leita eftir plöntutegundum, sem vænlegar eru til landgræðslu.

41. gr.

Landgræðslu ríkisins er heimilt að koma á fót gróðrarstöð til að fjölga þeim tegundum plantna, sem nothæfar reynast til landgræðslu.

42. gr.

Áður en 5 ár eru liðin frá gildistöku þessara laga, skal landgræðslustjóri hafa látið gera yfirlit um landskemmdir og samið áætlun um, hvernig helzt megi bæta þær, svo og í hverri röð skuli unnið að landbótunum.

VI. KAFLI

Önnur ákvæði.

43. gr.

Brot gegn lögum þessum varða sektum til ríkissjóðs frá kr. 1000 til kr. 20000, nema þyngri refsing liggja við að öðrum lögum. Mál út af þeim skal fara með að hætti opinberra mála.

44. gr.

Með lögum þessum eru úr gildi numin lög nr. 6 15. febrúar 1895, um heimild fyrir sýslunefndir til að gera samþykktir um hindrun sandfoks og sandgræðslu, lög nr. 18 28. maí 1941, um sandgræðslu og heftingu sandfoks, og lög nr. 76 10. nóvember 1943, um breytingu á lögum nr. 18 28. maí 1941, um sandgræðslu og heftingu sandfoks.

Gjört að Bessastöðum, 24. apríl 1965.

Ásgeir Ásgeirsson.

(L. S.)

Ingólfur Jónsson.

L Ö G

um lausn kjaradeilu atvinnuflugmanna.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallizt á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Verkfall það, sem Félag íslenzkra atvinnuflugmanna boðaði til frá og með 3. apríl 1965, er óheimilt frá gildistöku laga þessara að telja.

2. gr.

Hæstiréttur tilnefnir þrjá menn í gerðardóm, sem ákveði kjör flugmanna á flugvélum, af gerðinni Rolls Royce — 400. Hæstiréttur kveður á um, hver hinna þriggja gerðardómsmanna skuli vera formaður dómsins.

Gerðardómurinn setur sér starfsreglur. Hann aflar sér af sjálfsdáðum nauðsynlegra gagna og er rétt að krefjast skýrslna, munnlegra og skriflegra, af þeim, sem dómurinn ákveður.

3. gr.

Gerðardómurinn skal við ákvörðun launa, vinnutíma og annarra starfskjara, hafa hliðsjón af kjörum annarra sambærilegra launþega hér á landi.

4. gr.

Verkföll í því skyni að knýja fram aðra skipan en lög þessi ákveða, eru óheimil.

5. gr.

Ákvarðanir gerðardóms, samkvæmt 2. gr., skulu gilda frá gildistöku laga þessara, til 1. febrúar 1966.

6. gr.

Kostnaður við gerðardóminn, þar á meðal laun gerðardómsmanna, eftir ákvörðun ráðherra, greiðist úr ríkissjóði.

7. gr.

Með brot gegn lögum þessum skal farið að hætti opinberra mála og varða brot sektum.

8. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört í Reykjavík, 4. maí 1965.

Ásgeir Ásgeirsson.

(L. S.)

Ingólfur Jónsson.

10. maí 1965.

39

Nr. 19.

L Ö G

um Húsnæðismálastofnun ríkisins.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallizt á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

I. KAFLI

Um stjórn stofnunarinnar og hlutverk.

1. gr.

Húsnæðismálastofnun ríkisins heyrir undir félagsmálaráðuneytið. Húsnæðismálastjórn veitir stofnuninni forstöðu.

Í húsnæðismálastjórn eiga sæti 5 menn kosnir hlutbundinni kosningu af saminuðu Alþingi til 4 ára í senn. Auk þess skipar félagsmálaráðherra einn mann í húsnæðismálastjórn samkvæmt tilnefningu Landsbanka Íslands, og skal hann eigi hafa atkvæðisrétt um lánveitingar. Varamenn skulu vera jafnmargir og valdir á sama hátt. Félagsmálaráðherra skipar formann húsnæðismálastjórnar, en að öðru leyti skiptir hún með sér verkum.

Félagsmálaráðherra skipar húsnæðismálastofnuninni framkvæmdastjóra að fengnum tillögum húsnæðismálastjórnar og ákveður honum laun. Einnig ákveður ráðherra þóknun til húsnæðismálastjórnar.

Þóknun húsnæðismálastjórnar og laun framkvæmdastjórans greiðast úr ríkissjóði, en annar kostnaður stofnunarinnar úr byggingarsjóði ríkisins.

2. gr.

Verkefni Húsnæðismálastofnunar ríkisins er að beita sér fyrir umbótum í byggingarmálum, hafa á hendi stjórn byggingarsjóðs ríkisins og yfirumsjón lánsfjáröflunar og lánveitinga til íbúðabygginga í landinu.

3. gr.

Húsnæðismálastofnun ríkisins skal vinna að umbótum í byggingarmálum og lækkun á byggingarkostnaði með því meðal annars:

1. Að gera grein fyrir raunverulegri þörf landsmanna fyrir íbúðabyggingar á hverjum tíma, og gera tillögur og áætlanir um, hvernig þeirri þörf verði fullnægt á sem hagkvæmastan hátt og með minnstum tilkostnaði. Félagsmálaráðherra er heimilt í því skyni að fela húsnæðismálastjórn, í samvinnu við sveitarstjórnir, fasteignamat ríkisins og Hagstofuna, að koma upp spjaldskrá yfir allt íbúðarhúsnæði í landinu.

2. Að fylgjast jafnan nákvæmlega með byggingarkostnaði í landinu í því skyni að finna, hverjir byggja ódýrust hús, hvaða gerðir íbúðarhúsnæðis reynast bestar og hagkvæmaster, og með hvaða hætti þeim verði komið upp með minnstum tilkostnaði. Í þessu skyni er húsnæðismálastjórn heimilt að láta fara fram samkeppni um uppdrætti og byggingu hagkvæmra íbúða og veita lán þeim, sem geta tekið að sér að byggja hagkvæmar íbúðir af ákveðinni meðalstærð með minnstum kostnaði.
3. Að setja þau skilyrði fyrir lánnum, sem telja má að stuðli að því, að byggðar verði fyrst og fremst hagkvæmar íbúðir af hóflegri stærð.
4. Að koma á fót og annast leiðbeiningarstarf í því skyni að lækka byggingarkostnað og koma á hvers konar umbótum í húsagerð og vinnutækni við byggingu íbúðarhúsa.
5. Að leggja áherzlu á stöðlun (standardiseringu) sem flestra hluta til íbúðarhúsa-bygginga, fjöldaframleiðslu slíkra hluta og leiðbeiningar til húsbyggjenda um notkun þeirra.
6. Að gangast fyrir tæknirannsóknnum og kynningu nýjunga í byggingariðnaði, tilraunum, sýningum, námskeiðum, útgáfu rita, heimsóknnum erlendra sérfræðinga, náms- og kynnisferðum íslenzkra byggingarmanna erlendis. Enn fremur með byggingu tilraunahúss, þar sem reyndar verða nýjungar í húsagerð.
7. Að beita sér fyrir útvegum hagkvæmra íbúðateikninga.
8. Að beita sér fyrir endurskoðun byggingarsamþykktar eftir því sem þörf krefur.
9. Að beita sér fyrir lækkun á verði byggingarefnis með því meðal annars að stuðla að hagkvæmum innkaupum.
10. Að beita sér fyrir því, að úthlutun lóða tefji ekki, að byggingar geti hafizt.
11. Að semja og gefa út reglur um lágmarkskröfur um byggingar, sem lán eru veitt til, svo sem um lágmarkseinangrun, lágmarkslofthæð o. s. frv., sem og leiðbeiningar um undirbúning teikninga og áætlana.
12. Að beita sér fyrir því, að vinna við íbúðabyggingar sé sem samfelldust árið um kring og sem jöfnust frá ári til árs.

Húsnæðismálastjórn er heimilt að láta undirbúa byggingu íbúðarhúsa hverfa í kaupstöðum með því að láta gera skipulagsuppdrætti af þeim í samráði við skipulagsnefnd ríkisins. Þegar slíkir skipulagsuppdrættir hafa verið samþykktir af skipulagsnefnd og félagsmálaráðherra, er viðkomandi bæjarfélagi skylt að heimila byggingarnar og láta af hendi eða útvega landsvæði fyrir þær, ef með þarf með eignarnámi, og fer um eignarnám samkvæmt lögum nr. 61 frá 1917. Sömuléiðis er viðkomandi bæjarfélagi skylt að leggja nauðsynlega vegi og leiðslur um slík hverfi innan hæfilegs tíma að mati húsnæðismálastjórnar og félagsmálaráðherra.

Við lausn þessara mála er húsnæðismálastofnun ríkisins heimilt að leita samvinnu við hvern þann aðila, sem hefur sérþekkingu á þessum málum, og er opinberum aðilum skylt að veita stofnuninni hverjar þær upplýsingar, sem hún óskar.

Heimilt er félagsmálaráðherra að skipa nefnd sérfróðra manna húsnæðismálastjórn til aðstoðar og ráðuneytis um tæknileg mál, og ákveður ráðherra þóknun til nefndarmanna.

II. KAFLI

Um byggingarsjóð ríkisins og veðlán til íbúðabygginga.

4. gr.

Byggingarsjóður ríkisins lýtur stjórn húsnæðismálastjórnar.

Hlutverk sjóðsins skal vera að annast lánveitingar til íbúðabygginga og standa straum af framkvæmdum, er húsnæðismálastjórn kann að ráðast í til lausnar á húsnæðisvandamálum almennings.

Stofnfé sjóðsins var:

1. Varasjóður hins almenna veðlánakerfis.
2. Lán ríkisins til Lánadeildar smáibúða.
3. A-flokka bréf ríkisins, er keypt voru fyrir tekjuafgang ríkissjóðs 1955.
4. Tveir þriðjungar skatts af stóreignum, álagðs 1957.
Árlegar tekjur sjóðsins skulu vera:
 - a. Launaskattur, samkvæmt lögum um launaskatt.
 - b. Framlag úr ríkissjóði, að fjárhæð kr. 40 000 000.00. Til þess að mæta þessum útgjöldum skal miða eignarskatt við gildandi fasteignamat þrefaldað. Ákvæði þetta gildir þó ekki um bújarðir í sveitum með tilheyrandi íbúðar- og peningshúsum og öðrum mannvirkjum.
 - c. 1% álag, er innheimta skal aukalega, á tekju- og eignarskatt og ½% á aðflutningsgjöld samkvæmt tollskrá.
 - d. Afborganir og vextir lána, sem veitt hafa verið eða veitt verða af framlögum ríkisins til útrymningar heilsuspillandi húsnæðis.
 - e. 1% lántökugjald af lánum, er húsnæðismálastjórn veitir, svo og vaxtatekjur byggingarsjóðs.
 - f. Höfuðstóll vaxtabréfa samkvæmt 5. gr. og vaxtafé af þeim, sem komið er í gjalddaga til útborgunar, sé þess ekki vitjað innan 20 ára frá gjalddaga, sbr. 18. gr. laga nr. 55/1945.
Byggingarsjóðurinn skal vera í vörzlu veðdeildar Landsbanka Íslands.

5. gr.

Veðlánakerfi til íbúðabygginga skal starfrækt undir stjórn húsnæðismálastjórnar og veðdeildar Landsbanka Íslands, og skulu lánveitingar innan þess vera í samræmi við hinar almennu útlánareglur húsnæðismálastjórnar.

Í þessu skyni skal veðdeild Landsbankans heimilt að gefa út skuldabréf (bankavaxtabréf), sem nema allt að 400 milljónum króna árlega. Vaxtabréf þessi skulu vera með föstum vöxtum og afborgunum, en með vísitölukjörum þannig, að greiðslur afborgana og vaxta séu bundnar kaupgreiðsluvísitölu, sbr. lög nr. 63/1964.

Eigi skal öðrum en veðdeild Landsbanka Íslands heimilt að gefa út vísitölu-bundin verðbréf, nema sérstök lagaheimild komi til.

Ákvæði III. kafla laga nr. 70/1962, sbr. 31. gr. laga nr. 51/1964, gilda um bankavaxtabréf og vexti af þeim.

Byggingarsjóður ríkisins og veðdeild Landsbankans, eftir tillögu húsnæðismálastjórnar, hafa heimild til að taka erlend lán til íbúðabygginga, enda komi leyfi ríkisstjórnarinnar til.

Ábyrgð ríkissjóðs er á skuldabréfum samkvæmt þessari grein. Um verðbréfaútgáfu þessa gilda ákvæði laga nr. 55/1945, um heimild fyrir veðdeild Landsbanka Íslands til að gefa út nýja flokka bankavaxtabréfa, að svo miklu leyti sem ekki er öðruvísi fyrir mælt í lögum þessum. Í reglugerð má þó ákveða annan frest um innlaun bankavaxtabréfa en ákveðinn er í 16. gr. laga nr. 55/1945.

6. gr.

Til útlána eða framkvæmda á vegum húsnæðismálastjórnar kemur:

- A. Fé byggingarsjóðs ríkisins, samkvæmt 4. gr. og sparnaðarfé samkvæmt 9. og 10. gr.
- B. Fé það, sem aflast með sölu skuldabréfa (bankavaxtabréfa), samkvæmt 5. gr., frá atvinnuleysistryggingasjóði, en fyrir árlegt framlag ríkissjóðs til þess sjóðs skal kaupa slík bréf, tryggingafélögum, lífeyrissjóðum og öðrum aðilum.
- C. Erlend lán, sem byggingarsjóður ríkisins eða veðdeild Landsbanka Íslands kunna að taka til íbúðabygginga.

7. gr.

Útlánareglur húsnæðismálastjórnar skulu vera þessar:

- A. Lánin veitast aðeins til byggingar nýrra íbúða, meiri háttar viðbygginga eða til kaupa á nýjum íbúðum, en lán skal þó því aðeins veita, að loforð um lánveitingu hafi verið gefið áður en hlutaðeigandi byggingarframkvæmd hófst eða kaup á nýjum íbúðum eru gerð. Lánin skulu greidd lántakendum í peningum og koma til útborgunar vor og haust og þá í hlutfalli við það, hversu langt er komið byggingu húsnæðisins, eftir því, sem nánar verður ákveðið í reglugerð. Ef byggingarfélag er lántakandi, skal láninu skipt á hlutaðeigandi íbúðir að byggingu lokinni eftir ákvörðun húsnæðismálastjórnar.

Sé um að ræða byggingarfélag, sem nýtur ríkisábyrgðar, getur húsnæðismálastjórn veitt því bráðabirgðalán gegn ríkisábyrgð af fé byggingarsjóðs, enda verði láninu skipt að byggingu lokinni á eigendur hlutaðeigandi íbúða gegn 1. veðrétti, og fellur ríkisábyrgð þá niður.

Húsnæðismálastjórn getur enn fremur veitt sveitarfélögum og Öryrkjabandalagi Íslands lán til byggingar leiguhúsnæðis í kaupstöðum og kauptúnum. Ráðherra setur með reglugerð nánari ákvæði um slíkar leiguíbúðir.

- B. Lánsupphæðin má nema allt að kr. 280 000.00 á hverja íbúð, þó ekki meira en $\frac{3}{4}$ hlutum veðmætis íbúðar samkvæmt mati trúnaðarmanna veðdeildar Landsbanka Íslands. Heimilt er þó að veita herra lán til efnalítilla meðlima verkalýðsfélaga, og skal í þessu skyni verja 15—20 millj. kr. árlega af tekjum byggingarsjóðs ríkisins. Húsnæðismálastjórn ákveður lán þessi að fengnum tillögum stjórnar viðkomandi verkalýðsfélags. Um viðbótarlán þessi skal í samráði við miðstjórn Alþýðusambands Íslands setja nánari ákvæði með reglugerð.

Ef fleiri en ein íbúð eru í sama húsi, má lána út á hverja íbúð fyrir sig. Þó skal engum einstaklingi veitt lán nema út á eina íbúð.

- C. Lán þessi skulu vera afborgunarlaus fyrsta árið, en greiðast síðan á 25 árum með 4% ársvöxtum og jöfnum árgreiðslum vaxta og afborgana (annuitetslán). Til greiðslu á kostnaði veðdeildarinnar vegna starfrækslu hennar í þágu byggingarsjóðs skulu lántakendur greiða $\frac{1}{4}$ % af lánsfjárhæðinni, sem reiknast á sama hátt og árlegir vextir. Hver árgreiðsla, afborgun, vextir og kostnaður skal hækkuð eða lækkuð, eftir því sem við á, samkvæmt kaupgreiðsluvisitölu, sbr. lög nr. 63/1964. Lán þessi skulu tryggð með 1. veðrétti í hlutaðeigandi íbúð.
- D. Heimilt er húsnæðismálastjórn að stytta lánstímann vegna sérstakra bygginga-hátta eða takmarkaðs leigutíma lóðaréttinda.

E. Félagsmálaráðherra skal að fengnum tillögum húsnæðismálastjórnar setja með reglugerð nánari ákvæði um veitingu lána, er húsnæðismálastjórn hefur með höndum. Um lánveitingar til einstaklinga skal þar m. a. setja ákvæði, sem tryggja, að farið sé eftir ástæðum umsækjenda, húsnæði, fjölskyldustærð, efnahag, lán-tökumöguleikum o. fl. Enn fremur um hámarksstærð íbúða, sem veita má lán til. Við skiptingu lánsfjárens milli byggðarlaga skal tekið tillit til nauðsynlegs jafnvægis í byggð landsins og þeirra byggðarlaga, sem eru í mestri lánsfjárförf.

Á meðan ekki er unnt að fullnægja lánsfjárförf til íbúðarhúsabygginga, skulu þeir umsækjendur að öðru jöfnu sitja fyrir, er byggja minni íbúðir, enda fullnægja íbúðarstærðin þörfum viðkomandi fjölskyldu að dómi húsnæðismálastjórnar.

Ákveðið skal í reglugerð, hver skilríki umsækjandi skuli láta fylgja umsókn sinni, og um önnur almenn skilyrði fyrir lánveitingu.

8. gr.

Húsnæðismálastjórn ákveður, hverjum skuli veitt lán samkvæmt lögum þessum af fé byggingarsjóðs samkvæmt 4. gr. og fé því, sem aflað er með sölu banka-

vaxtabréfa samkvæmt 5. gr., en veðdeild Landsbankans skal sjá um afgreiðslu láanna og innheimtu afborgana og vaxta. Skal veðdeildin sjá um, að afgreiðslan og innheimtan geti farið fram í peningastofnunum sem víðast á landinu.

III. KAFLI

Um sparnað til íbúðabygginga.

9. gr.

Sérstök innlánsdeild skal starfa á vegum byggingarsjóðs ríkisins.

Þeir, sem leggja fé inn í deildina, skulu að minnst 10 árum liðnum, frá því að innlög hófust, eiga kröfu á að fá það útborgað, að viðbættum innlánsvöxtum og upp-bótum, sbr. 10. gr. Nemi hin innlagða upphæð minnst 10 þús. krónum á ári, er skylt að láta þá, er taka þátt í innlögum þessum, sitja fyrir um lán til íbúðabygginga frá húsnæðismálastjórn, að öðru jöfnu, og mega þau lán vera allt að 25% hærri en almennt gerist, þó aldrei yfir $\frac{3}{4}$ hluta af matsverði viðkomandi íbúðar. Nánari ákvæði um fyrirkomulag þessarar innlánsdeildar og um réttindi og skyldur samkvæmt þessari grein skulu sett í reglugerð.

Tilsvarendi ákvæði gilda um þá menn utan kaupstaða og kaupþína, sem leggja á þennan hátt fé í stofnlánadeild landbúnaðarins við Búnaðarbanka Íslands.

10. gr.

Öllum einstaklingum á aldrinum 16—25 ára skal skylt að leggja til hliðar 15% af launum sínum, sem greidd eru í peningum eða sambærilegum atvinnutekjum, í því skyni að mynda sér sjóð til íbúðabygginga eða til bústofnunar í sveit. Skyldu-sparnaður hefst við næstu mánaðamót eftir að hlutaðeigandi verður 16 ára og lýkur við næstu mánaðamót eftir að hann verður 26 ára. Fé það, sem á þennan hátt safnast, skal ávaxtað í innlánsdeild byggingarsjóðs ríkisins fyrir alla þá, sem búsettir eru í kaupstöðum og kaupþínum, en í stofnlánadeild landbúnaðarins við Búnaðarbanka Íslands fyrir þá, sem búsettir eru í sveit.

Fé það, sem skylt er að spara á þennan hátt, er undanþegið tekjuskatti og útsvari.

Þegar sá, er safnað hefur fé í sjóð samkvæmt 1. mgr., hefur náð 26 ára aldri, eða gengur í hjónaband og stofnar heimili, skal hann eiga þess kost að fá sparifé sitt endurgreitt að viðbættum þeim vöxtum og uppbót vegna vísitöluhækkunar, sem greidd er af vísitölubundnum verðbréfum á innlánstímanum. Enn fremur skulu þeir sitja fyrir um lán til íbúðabygginga frá húsnæðismálastjórn, og mega þau lán vera allt að 25% hærri en almennt gerist þá, þó eigi yfir $\frac{3}{4}$ hluta af matsverði viðkomandi íbúðar. Þessi forgangsréttur til lána er þó bundinn því skilyrði, að sparifjáröfnun þeirra, sem að byggingu hlutaðeigandi íbúðar standa, nemi samanlagt að minnsta kosti 100 000.00 kr.

Fé, sem lagt er til hliðar samkvæmt þessari grein og 9. grein, skal vera skatt- og útsvarfrjálst sem eign og ekki framtalsskyllt. Enn fremur skulu vextir af þessu fé undanþegnir framtalsskyldu til tekju- og eignarskatts og skatt- og útsvarfrjálsir.

11. gr.

Undanþegnir sparnaðarskyldu eru:

- a. gift fólk, sem hefur stofnað heimili,
- b. skólafólk, sem stundar nám í skóla 6 mánuði eða meira á ári, og iðnnemar, meðan þeir stunda iðnnám,
- c. unglingar í sveitum, sem vinna hjá foreldrum sínum eða fósturforeldrum og leggja árlega 25% af kaupi sínu, að fæði fráregnu, í bústofnsaukningu,

d. þeir, sem hafa börn eða aðra skylduómaga á framfæri sínu, þó ekki þeir, er hafa yfir 30 þús. kr. skattskyldar tekjur, enda hafi þeir ekki fyrir heimili að sjá. Heimilt er undirskattanefndum að veita tímabundna undanþágu frá sparnaðarskyldu þeim, sem verða fyrir veikindum eða slysum eða hafa sérstaklega þungar fjárhagsbyrðar. Skýrslur um slíkar undanþágur skal senda húsnæðismálastjórn. Ákvörðun undirskattanefndar má áfrýja til félagsmálaráðherra.

Þó að maður kunni að eiga rétt á undanþágu frá sparnaðarskyldu, verður hann að láta hið tilskilda sparifé af hendi, þar til hann hefur fengið formlega undanþágu, en þá á hann rétt til endurgreiðslu, svo fljótt sem við verður komið.

Útlendingar, sem hafa landvistar- eða atvinnuleyfi hér á landi um tiltekinn tíma og dvelja hér um stundarsakir, skulu fá skyldusparnað sinn endurgreiddan, er þeir hverfa af landi burt.

12. gr.

Vegna framkvæmda á ákvæðum þessa kafla skal heimilt að gefa út sparimerki, og skulu atvinnurekendur og aðrir kaupgreiðendur þá skyldir til að greiða tilskilinn hluta launa með slíkum merkjum hverju sinni, er kaup kemur til útborgunar. Kaupgreiðendur skulu krefjast þess, að launþegar færi sönnur á aldur sinn með framvísun nafnskírteinis, hvenær sem ástæða er til, þegar laun eru greidd. Launþegar skulu sýna kaupgreiðendum nafnskírteini, hvenær sem hinir síðarnefndu telja sig þurfa að sjá það vegna fyrirmæla þessarar málsgreinar.

Ákveða má í reglugerð sérstakt gjald, er skattfyrvald ákveður á hendur þeim, sem vanrækir sparimerkjakaup, er nema má allt að þrefaldri þeirri upphæð, sem vanrækt hefur verið að kaupa sparimerki fyrir. Sömuleiðis má með reglugerð ákveða, að hverjum þeim, sem háður er ákvæðum þessara laga um skyldusparnað, skuli skylt að gera skattfyrvaldi grein fyrir sparimerkjaeign sinni með framvísun sparimerkjabókar sinnar að viðlögðu 200 króna gjaldi. Gjöld þessi skulu renna til byggingarsjóðs ríkisins eða stofnlánadeildar landbúnaðarins við Búnaðarbanka Íslands, eftir því sem við á.

Allur kostnaður við sparimerki, sparimerkjabækur og framkvæmd skyldusparnaðarins greiðist úr ríkissjóði.

Sett skulu í reglugerð glögg ákvæði um framkvæmd þessa kafla.

IV. KAFLI

Um útrýmingu heilsuspillandi húsnæðis.

13. gr.

Húsnæðismálastjórn skal af hálfu ríkisvaldsins vera aðili að ráðstöfunum til útrýmingar heilsuspillandi íbúðum, þar með taldir herskálar, og hafa um það samvinnu við bæjar- og hreppsfélög, er beita sér fyrir slíkum framkvæmdum.

14. gr.

Bæjar- og hreppsfélög, sem hafa ákveðið að gera ráðstafanir til útrýmingar heilsuspillandi íbúðum, skulu senda húsnæðismálastjórn áætlanir sínar og rökstuddar greinargerðir fyrir þeim.

15. gr.

Íbúðir, sem byggðar eru í því skyni að útrýma heilsuspillandi íbúðum, skulu geta notið lána samkvæmt lögum þessum.

16. gr.

Nú leggur sveitarfélag fram fé til íbúðabygginga í því skyni að útrýma heiluspillandi húsnæði, annaðhvort sem óafturkræft framlag eða lán, og skal þá ríkissjóður lána jafnháa upphæð á móti, eftir því sem fjárlagaheimild hvers árs leyfir. Lán ríkissjóðs er bundið því skilyrði, að hið ónothæfa húsnæði sé tekið úr notkun, um leið og hið nýbyggða húsnæði er fullgert, en þó er heimilt að afgreiða til viðkomandi sveitarfélags helming lánsupphæðar, þegar nýbygging er fókheld. Húsnæðismálastjórn ráðstafar lánnum ríkissjóðs í þessu skyni.

Ef ágreiningur verður um ráðstöfun íbúða, sem reistar eru á þessum grundvelli, má skjóta ágreiningnum til úrskurðar húsnæðismálastjórnar.

V. KAFLI

Ýmis ákvæði.

17. gr.

Ráðherra setur með reglugerð nánari ákvæði um framkvæmd laga þessara.

18. gr.

Brot gegn lögum þessum og reglugerðum, settum samkvæmt þeim, varða sektum allt að kr. 10 000.00, og skal fara með þau að hætti opinberra mála.

19. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi, og fer um álagningu eignarskatts á árinu 1965 samkvæmt b-lið 4. mgr. 4. gr. þessara laga. Jafnframt eru úr gildi númer lög nr. 42 1. júní 1957, um húsnæðismálastofnun, byggingarsjóð ríkisins, sparnað til íbúðabygginga o. fl., lög nr. 45 12. júní 1958, um breyting á þeim lögum, lög nr. 56 4. apríl 1962, um breyting á sömu lögum, og lög nr. 18 23. maí 1964, um breyting á sömu lögum.

Gjört að Bessastöðum, 10. maí 1965.

Ásgeir Ásgeirsson.

(L. S.)

Emil Jónsson.

23. apríl 1965.

Nr. 20.

L Ö G

um breyting á lögum nr. 40 30. apríl 1963, um almannatryggingar.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallizt á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

1. málsg. 26. gr. laganna orðist svo:

Íðgjöld samkvæmt b-lið 23. gr. greiða allir, sem lögheimili eiga í landinu, 16—67 ára að aldri. Undanþegnir gjaldskyldu eru þeir, sem hafa notið bóta samkvæmt þessum kafla, annarra en fjölskyldubóta, barnalífeyris, mæðralauna eða fæðingarstyrks, tvo mánuði eða lengur, eða dvalizt hafa í sjúkrahúsi eða hæli á kostnað trygg-

inganna eða ríkisframfærslunnar jafnlangan tíma á skattárinu, ef þeir hafa ekki haft útsvarsskyldar tekjur samkvæmt 2. og 3. málsg. 31. gr. laga nr. 51 1964, um tekjustofna sveitarfélaga, og eigi skal iðgjald vera hærra en nemi helmingi útsvarsskyldra tekna. Aldrei skal þó leggja iðgjald á þann, sem hefur ekki haft aðrar tekjur en bætur samkvæmt lögum þessum.

2. gr.

2. málsg. 72. gr. laganna orðist svo:

Nú sækir maður til sveitarstjórnar um, að sveitarsjóður greiði fyrir hann iðgjöld hans, sakir þess að hann sé ekki fær um það af eigin rammleik, og tekur þá sveitarstjórn ákvörðun um umsóknina með tilliti til ástæðna hans. Þó á iðgjaldsgreiðandi, sem ber ekki að greiða eignarskatt, jafnan rétt á því, ef krafizt er, að sveitarsjóður greiði fyrir hann iðgjald samkvæmt 26. gr., ef hann hefur ekki haft útsvarsskyldar tekjur samkvæmt 2. og 3. málsg. 31. gr. laga nr. 51 1964, um tekjustofna sveitarfélaga, á næsta ári á undan, og eigi má krefja iðgjaldsgreiðanda um hærri hluta iðgjalds en svo, að nemi helmingi útsvarsskyldra tekna. Greiðir sveitarsjóður það, sem á vantar fullt iðgjald. Nú greiðir sveitarsjóður iðgjald samkvæmt þessari málsgrein, og ákveður sveitarstjórn þá, hvort og á hvern hátt hún krefur hann um endurgreiðslu. Ákvæði þessarar málsgreinar taka aðeins til launþega og einyrkja.

3. gr.

84. gr. orðist svo:

Nú verður breyting á grunnkauptaxta verkamanna við almenna fiskvinnu, og er þá ráðherra heimilt, að fengnum tillögum tryggingaráðs, að breyta upphæðum bóta samkvæmt lögum þessum í samræmi við það.

Ráðherra setur með reglugerð ákvæði um framkvæmd þessara laga að fengnum tillögum Tryggingastofnunarinnar.

4. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Ákvæði til bráðabirgða.

Ráðherra er heimilt, að fengnum tillögum tryggingaráðs, að ákveða, að greidd skuli 5% uppbót á elli- og örorkulífeyri á tímabilinu frá 1. júlí 1964 til gildistöku laga þessara.

Uppbót þessi skal greidd með bótagreiðslum fyrir júlímánuð 1965.

Gjört í Reykjavík, 23. apríl 1965.

Ásgeir Ásgeirsson.

(L. S.)

Emil Jónsson.

L Ö G

um búfjárrækt.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallizt á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

I. KAFLI

Um starfsemi búfjárræktardeilda búnaðarsambanda og héraðsráðunauta í búfjárrækt.

1. gr.

Búnaðarsambandi er heimilt að setja sér samþykkt um að vinna að umbótum í búfjárrækt á sambandssvæðinu. Samþykkt skal gerð eftir fyrirmynd frá Búnaðarfélagi Íslands og staðfest af stjórn þess.

2. gr.

Búnaðarsamband, sem setur sér búfjárræktarsamþykkt sbr. 1. gr., ræður til sín ráðunaut — héraðsráðunaut —. Héraðsráðunautar skulu hafa lokið kandidatsprófi í búfræði. Búnaðarfélag Íslands samþykkir ráðningu þeirra.

Sé svæði það, er búnaðarsamband nær yfir, eigi stærra en svo að dómi Búnaðarfélags Íslands, að einn ráðunautur geti annazt leiðbeiningastörf bæði í búfjárrækt og jarðrækt, skal hann ráðinn með tilliti til þess. Ráða má fleiri en einn ráðunaut í búfjárrækt, sé sambandssvæðið það stórt að dómi Búnaðarfélags Íslands, að einn maður fái ekki annað þeim störfum, er um getur í 3. gr.

3. gr.

Verkefni héraðsráðunauta í búfjárrækt er sem hér segir:

1. Vinna að því, að ákvæðum búfjárræktarlaganna sé framfylgt; að búnaðarfélagin geri búfjárræktina ásamt með jarðræktinni að höfuðverkefni sínu, eða að stofnuð séu sérstök búfjárræktarfélög, ef vænlegra þykir til árangurs; hafa eftirlit með þeim félögum og sjá um úrvinnslu úr skýrslum þeirra.
2. Fara um meðal bænda, svo sem við verður komið, skoða búfé þeirra og leiðbeina um kynbætur, fóðrun og hirðingu og hafa yfirumsjón með forðagæzlu, sbr. 63. gr., svo og veita leiðbeiningar og aðstoð við kaup og sölu kynbótagripa.
3. Hafa umsjón með sæðingarstöðvum, afkvæmaprófunum og uppeldisstöðvum kynbótagripa.
4. Sækja aðalfundi búnaðar- og búfjárræktarfélaga eftir því sem tók eru á, og flytja þar erindi um búfjárrækt og félagsstarfsemi í þeirri grein.
5. Hafa samráð og samvinnu við búfjárræktarráðunauta Búnaðarfélags Íslands um kynbótastarfsemi, framkvæmd búfjársýninga o. fl.

4. gr.

Ríkissjóður greiðir búnaðarsamböndunum 65 hundraðshluta af launum héraðsráðunauta í búfjárrækt, og skulu laun þeirra, sem sá hundraðshluti miðast við, samþykkt af landbúnaðarráðherra, að fengnum tillögum Búnaðarfélags Íslands.

5. gr.

Búnaðarfélag Íslands annast greiðslu á framlagi rikissjóðs til búnaðarsambandanna samkvæmt kafla þessum.

II. KAFLI

Um nautgriparékt.

6. gr.

Eftir hverjar sveitar- og bæjarstjórnarkosningar kýs sveitarstjórn þriggja manna kynbótanefnd, ef héraðsráðunaut þykir ástæða til, þar sem búnaðarfélag hefur ekki sett sér nautgriparéktarsamþykkt samkvæmt lögum þessum, né heldur er starfandi nautgriparéktarfélag, sem fengið hefur lög sín staðfest af Búnaðarfélagi Íslands. Stjórn nautgriparéktarfélags, sem í er meiri hluti kýreigenda, er sjálfkjörin kynbótanefnd.

Setji búnaðarfélag sér nautgriparéktarsamþykkt, eftir að kosin hefur verið kynbótanefnd, eða stofnað er sérstakt nautgriparéktarfélag, sbr. fyrri málsgrein, fellur starf nefndarinnar niður, en við tekur stjórn þess félags, er samþykktina setti, eða þeir menn, er félagið kýs til þess sérstaklega.

7. gr.

Kynbótanefnd sér um, að til séu hæfilega mörg kyngóð og efnileg naut til afnota á starfssvæðinu, enda sé ekki aðstaða til sæðinga.

Heimilt er kynbótanefnd að kaupa naut, taka á leigu eða semja um það á annan hátt, eftir því sem best þykir henta.

Kynbótanefndum tveggja eða fleiri sveitarfélaga er heimilt að hafa samvinnu um kynbætur, þar sem önnur lög hamla ekki (sbr. lög um sauðfjárveikivarnir). Verði breytingar á nautahaldi, ber að tilkynna það eftir þörfum.

Kostnaður við þessa starfsemi, svo sem landleigu, fóður, girðingu, afborganir og vexti af lánum o. s. frv., greiða kýreigendur í hlutfalli við kúafjölda í byrjun hvers árs. Lausir við þátttöku í kostnaði þessum eru þeir, sem óhægt eiga um vik, að dómi ráðunautar, vegna vegalengda eða torleiðis, enda noti þeir önnur naut en þau, sem kynbótanefnd velur.

Kynbótanefnd bókar gerðir sínar. Á fundum hennar ræður afl atkvæða. Löglega boðaður nefndarfundur er ályktunarfær, þótt einn nefndarmanna vanti, ef hinir tveir eru sammála. Formaður nefndarinnar gerir árlega reikning yfir tekjur og gjöld nautahaldsins, og ber að endurskoða hann ásamt með reikningum sveitarsjóðs. Þóknun til kynbótanefndar, ef um er að ræða, ákveður hreppsnefnd, og telst hún með öðrum gjöldum sveitarsjóðs. Heimilt er kynbótanefnd, ef samþykkt er af meiri hluta kýreigenda, að láta greiða nautstolla með fóðrun eða heyi, að nokkru leyti eða öllu, enda gangi það hlutfallslega jafnt yfir alla.

8. gr.

Öll naut, 7 mánaða eða eldri, ber að gelda, gefa inni eða hafa í öruggri vörzlu. Nú sleppur naut og tjón hlýzt af, og ber þá sá ábyrgð á, er vörzluna skyldi annast, og er hann skaðabótaskyldur. Taka má slíkt naut utan heimahaga eiganda eða ábyrgðarmanns og fara með sem óskilafénað. Sé nautið á vegum kynbótanefndar eða hafi hlotið viðurkenningu sem kynbótanaut, ber þeim, sem handsamar það, að gera kynbótanefnd þegar aðvart, en hún tekur nautið svo fljótt, sem við verður komið, og greiðir áfallinn kostnað. Hafi nautið ekki verið í ábyrgð kynbótanefndar, á hún rétt á endurgreiðslu frá þeim, sem ábyrgðina bar. Vitji kynbótanefnd ekki

nautsins innan tveggja sólarhringa frá því er henni var gert aðvart, ber þeim, sem tók nautið í hald, að afhenda það hreppstjóra, sem þá selur það á opinberu uppboði með eins mánaðar innlausnarfresti.

9. gr.

Búnaðarfélag getur sett sér samþykkt um að vinna að kynbótum nautgripa á félagssvæðinu, enda sé þar ekki starfandi nautgriparæktarfélag, sem í er meiri hluti kýreigenda. Hafi slík samþykkt eigi verið sett, geta 6 bændur hið fæsta í einu sveitarfélagi eða fleirum, ef saman liggja, stofnað með sér nautgriparæktarfélag til að vinna að þessum málum, sbr. 7. gr. Samþykktir búnaðarfélaga og nautgriparæktarfélaga ber að sniða eftir fyrirmynd, sem Búnaðarfélag Íslands lætur þeim í té, og taka gildi, er hlotið hafa staðfestingu Búnaðarfélags Íslands.

10. gr.

Búnaðarfélag eða nautgriparæktarfélag, sem fengið hefur samþykkt sína staðfesta, fær styrk til starfsemi sinnar eins og hér greinir á hverja reiknaða árskú, en tala þeirra á hverju búi er fundin með því að leggja saman skýrsludaga allra kúnna og deila í þá útkomu með 365:

1. Kr. 9.60, sé fitumagn mjólkur rannsakað sjaldnar en 6 sinnum á ári.
2. Kr. 18.60, sé fitumagn mjólkur rannsakað minnst annan hvern mánuð.

Styrkurinn greiðist eftir á, þegar félagið hefur sent Búnaðarfélagi Íslands skýrslur í því formi, er það krefst og nánara skal kveðið á um í reglugerð.

11. gr.

Búnaðarfélag og nautgriparæktarfélag fá, auk framlags þess, sem getur í 13. gr., aðstoð til nautahalds, ef þau nota naut, sem eru að minnsta kosti tveggja ára gömul og hafa hlotið I. eða II. verðlaun á nautgripasýningu, eða verið viðurkennd þess verð af nautgriparæktarráðunaut Búnaðarfélags Íslands. Framlag þetta, sem greiðist úr ríkissjóði, er kr. 1200.00 á tveggja til fjögurra ára naut, kr. 2660.00 á eldri naut, hafi þau hlotið II. verðlaun, en kr. 4200.00 á I. verðlauna naut.

Framlagið greiðist árlega meðan nautið nýtur þessara viðurkenninga. Heimilt er enn fremur að greiða allt að 25% hærra framlag á naut, sem alið er inni að sumrinu.

Félög þau, sem hafa aðstöðu til að fá flestar kýr sínar sæddar frá sæðingarstöð, að dómi nautgriparæktarráðunautar Búnaðarfélags Íslands, fá ekki þetta framlag vegna nautahalds.

12. gr.

Hafi búnaðarsamband ekki sett sér búfjarræktarsamþykkt, geta nautgriparæktarfélag á sambandssvæðinu stofnað samband, ef þau hafa 1000 kýr minnst. Slíku sambandi er heimilt að ráða sér ráðunaut með sömu kjörum og getur í 4. gr. og nýtur til þess sama framlags úr ríkissjóði, enda starfi það samkvæmt samþykkt og reglum, er Búnaðarfélag Íslands samþykkir. Í samþykkt sé meðal annars kveðið á um sameiginlegt eftirlit félaganna, ættbókarfærslu, framkvæmd fitumælinga, er eigi skulu sjaldnar vera en annan hvern mánuð, spjaldskrárfærslu þeirra kúa, sem á skýrslu eru, og hvernig jafna skuli niður kostnaði, sem leiðir af samþykktinni. Nú setur búnaðarsamband sér búfjarræktarsamþykkt, og gerist þá nautgriparæktarsamband, ef til er í umdæminu, aðili að búfjarræktardeild búnaðarsambandsins.

13. gr.

Þar sem búnaðarsamband eða samband nautgriparæktarfélaga hefur sett sér búfjarræktarsamþykkt, er heimilt að afkvæmaprófa naut, þótt uppeldi gripanna

fari fram á búum einstakra bænda, enda sé farið eftir reglum, sem Búnaðarfélag Íslands setur. Framlag til þessara prófana greiðist úr ríkissjóði, allt að kr. 850.00 fyrir hvern grip, sem skráður er.

14. gr.

Búnaðarsambönd, sem sett hafa sér búfjárræktarsamþykkt, svo og nautgripa-ræktarsambönd þau, sem um getur í 12. gr., njóta árlega framlags úr ríkissjóði sem hér greinir:

1. Kr. 16.00 á hverja reiknaða árskú, sem skýrsla er send um til Búnaðarfélags Íslands, enda hafi viðkomandi samband ráðunaut sbr. 2. og 13. gr.
2. Til uppeldis nauta fá samböndin framlag, er nemur kr. 1330.00 á hvern nautkálfr, sem þau hafa í eldi, enda séu kálfarnir valdir í samráði við ráðunaut Búnaðarfélags Íslands í nautgriparækt.
3. Sæðingarstöð fær fóðurstyrk á öll naut, sem notuð eru á stöðinni hverju sinni, á I. og II. verðlauna naut samkvæmt ákvæðum 11. gr., en á ung naut, sem verið er að reyna, sama fóðurstyrk og á II. verðlauna naut samkvæmt ákvæðum sömu gr., enda séu þau valin í samráði við nautgriparæktarráðunaut, sbr. 2. tölulið.

15. gr.

Að tilhlutun Búnaðarfélags Íslands ber að halda nautgripasýningu fjórða hvert ár í hverju búnaðarfélagi, sem hefur sett sér nautgriparæktarsamþykkt, svo og í hverju nautgriparæktarfélagi. Landið skiptist í fjögur sýningarsvæði, og eru sýningar haldnar í þeim til skiptis að loknu úrvali gripanna heima fyrir á hverju býli. Úrvalið skal framkvæmt af héraðsráðunaut. Á sýningum þessum fá kýr viðurkenningu eftir reglum, sem Búnaðarfélag Íslands setur. I. verðlaun á naut kr. 1330.00 og II. verðlaun kr. 530.00 greiðast úr ríkissjóði. I. verðlaun fá þau naut ein, sem sýnd eru með ágætum afkvæmum. Veita má einstökum kúm heiðursverðlaun, ef afkvæmi þeirra sýna, að þær hafi verulegt kynbótágildi. Verðlaun eru kr. 665.00 á kú og greiðast úr ríkissjóði. Nautgriparæktarráðunautur Búnaðarfélags Íslands er formaður dómnefnda, lýsir dómum og úthlutar verðlaunum. Stjórnir viðkomandi félaga sjá um sýningahald og kveðja til meðdómendur.

Vegna kostnaðar við sýningahald samkvæmt þessari grein leggur ríkissjóður fram kr. 3.00 á hvern framtalinn grip á sýningarsvæðinu, gegn jöfnu framlagi annars staðar frá.

Búnaðarfélag Íslands heldur aukasýningu á nautum milli aðalsýninga, sé þess óskað og ráðunautur Búnaðarfélags Íslands telur ástæðu til. Kostnaður við framkvæmd þessara sýninga greiðist úr ríkissjóði, kr. 25.00 á hvern sýndan grip gegn jöfnu framlagi annars staðar frá, þó ekki á fleiri en 20 afkvæmi með hverju nauti.

16. gr.

Búnaðarfélag, er sett hefur sér nautgriparæktarsamþykkt, eða nautgriparæktarfélag, getur komið sér upp girðingu til geymslu nauta. Slík girðing nýtur stofnframlags úr ríkissjóði allt að kr. 5300.00, enda sé hún gerð í samræmi við fyrir-mæli IV. kafla, 40. gr. laga þessara að breyttu breytanda. Eigi greiðist framlag til fleiri en einnar girðingar í sama sveitarfélagi, nema kýr séu fleiri en 300.

17. gr.

Telji nautgriparæktarráðunautur Búnaðarfélags Íslands ástæðu til að hafa sérstakt eftirlit með einstökum kúabúum vegna þess, að afurðir kúnna bendi til, að þar kunni að vera álitlegar nautamæður, er heimilt að taka upp slíkt eftirlit. Kemur þá eftirlitsmaður að minnsta kosti 6 sinnum á ári á viðkomandi bú, er viðstaddur

mjaltir kvölds og morguns, vegur mjólk úr hverri kú og tekur sýnishorn til fiturannsóknna, allt eftir reglum, er Búnaðarfélag Íslands setur.

Ríkissjóður greiðir framlag til slíks aukaeftirlits á allt að 30 búum á ári, kr. 640.00 á hvert bú, þó eigi yfir helming kostnaðar.

III. KAFLI

Um sauðfjárrækt.

18. gr.

Búnaðarfélag, þar sem ekki er starfandi sauðfjárræktarfélag, getur sett sér samþykkt um að vinna að kynbótum sauðfjár á félagssvæðinu, enda séu aldrei færri en 6 félagsmenn, er fullnægja þeim skilyrðum, er samþykkt áskilur.

Hafi sauðfjárræktarsamþykkt eigi verið sett, geta minnst 6 menn í hreppi stofnað með sér sauðfjárræktarfélag til að vinna að kynbótum sauðfjár. Taka má í félagið menn úr öðrum hreppi, ef ástæða þykir til.

Eigi má félagsmaður hafa færri félagsær en 12, né heldur má hann eiga meira en helming félagsfjárins.

Í samþykkt fyrir sauðfjárræktarfélag skal kveða á um:

1. Að halda skuli ættbók fyrir kynbótaféð og hver kind merkt sínu sérmerki.
2. Að haldnar séu afurða- og vigtarskýrslur um allt félagsféð.
3. Hversu haga skuli skýrsluhaldi, til þess að fá megi sem öruggasta vitneskju um erfðaeðli hvers einstaklings.
4. Önnur atriði, er varða félagsstarfið.

Samþykkt, sem sett er samkvæmt þessari grein, skal sníða eftir fyrirmynd frá Búnaðarfélagi Íslands, og tekur hún gildi, er hlotið hefur staðfestingu stjórnar félagsins.

19. gr.

Sauðfjárræktarfélag, sem fengið hefur samþykkt sína staðfesta af Búnaðarfélagi Íslands, fær árlegt framlag úr ríkissjóði, sem greiðist eftir á, er félagið hefur sent Búnaðarfélaginu skýrslur fyrir umliðið ár. Framlagið nemur kr. 5.30 á hverja félagsá, kr. 300.00 á hvern hrút, sem hlotið hefur I. verðlaun, og kr. 1330.00 á hrút, sem fengið hefur góðan dóm við afkvæmaprófun. Framlög öll renna í félagssjóð.

Sæðingarstöðvar, sem stofnaðar eru og reknar samkvæmt VI. kafla þessara laga, fá árlega framlag úr ríkissjóði, er nemur kr. 300.00 á hvern hrút, sem þar er notaður með samþykki sauðfjárræktarráðunautar Búnaðarfélags Íslands.

20. gr.

Veita má framlag til stofnræktunar sauðfjár hjá einstökum bændum eða á ríkisbúum, er nemur kr. 53.00 fyrir hverja á, skýrslufærða í stofnræktun. Aldrei má þó greiða framlag til stofnfjárræktar á fleirum en einu bú í hverri sýslu eða fjárskiptahólfi, nema fleiri sýslur en ein séu í sama hólfi. Framlag skal því aðeins greitt, að sauðfjárræktarráðunautur Búnaðarfélags Íslands leggi það til og stjórn búnaðarsambands í því héraði, þar sem búíð er rekið, svo og héraðsráðunautur, mæli með, enda greiðist 20% framlagsins af viðkomandi sauðfjárræktarsambandi, búnaðarsambandi eða sýslusjóði, en 80% úr ríkissjóði.

Skýlt er þeim, er framlags þessa njóta, að fara að ráðum og hlíta umsjá sauðfjárræktarráðunautar Búnaðarfélags Íslands um ræktunarstarfið, svo og skila skýrslum til Búnaðarfélags Íslands samkvæmt fyrir mælum þess.

21. gr.

Eigi má láta hrúta ganga lausa frá 5. nóvember til 20. apríl ár hvert. Finnist gæzlulaus hrútur á þessu tímabili, er þeim, sem hrútinn sér, skylt að tilkynna það ábúanda, sem þá tekur hann í vörzlu. Eigi hann ekki hrútinn, ber honum að gera eiganda aðvart svo fljótt, sem verða má. Skal þá eigandi vitja hrútsins eða ráðstafa honum innan viku frá því, er hann fékk tilkynningu um hann. Geri hann það ekki, skal farið með hrútinn sem óskilafé.

22. gr.

Hrútasýningar ber að halda í hverjum hreppi fjórða hvert ár. Landið skiptist í fjögur sýningarumdæmi og eru sýningar í þeim til skiptis. Búnaðarfélag Íslands setur reglur um sýningar þessar, og skal þar m. a. kveðið á um viðurkenningu fyrir beztu hrúta. Ráðunautur félagsins er sjálfkjörinn formaður dómnefndar, en hreppsnefnd kýs tvo meðdómendur og annast undirbúning sýningar.

Þegar liðin eru tvö ár frá reglulegum hrútasýningum, geta fjárræktarfélag þau, sem þess óska, haldið sýningu á félagshrútum til þess að fá úr því skorið, hverjir þeirra séu fyrstu verðlauna verðir. Á sýningum þessum skulu tveir dómnefndarmenn tilnefndir af félagsstjórn, en viðkomandi búnaðarsamband kveður til og kostar oddamann dómnefndar, enda samþykki sauðfjárræktarráðunautur Búnaðarfélags Íslands val hans.

23. gr.

Heimilt er Búnaðarfélagi Íslands að láta halda afkvemasýningar fyrir sauðfé annað hvert ár. Á sýningum þessum má aðeins sýna ær og hrúta frá þeim bændum, sem að dómi sauðfjárræktarráðunautar halda fullkomnar ættartölubækur og afurðaskýrslur. Til verðlauna á sýningum þessum greiðir ríkissjóður allt að:

a.	Fyrir	I.	verðlauna hrút	kr.	300.00
b.	—	II.	—	—	150.00
c.	—	III.	—	—	75.00
d.	—	I.	á	—	80.00
e.	—	II.	—	—	40.00
f.	—	III.	—	—	20.00

Enn fremur má veita heiðursverðlaun fyrir hrúta, allt að kr. 535.00 fyrir hvern.

Framlag ríkissjóðs samkvæmt þessari grein er bundið því skilyrði, að viðkomandi búnaðarsamband eða sýslusjóður leggi á móti eigi lægri fjárhæð.

Um önnur skilyrði fyrir veitingu verðlauna svo og um tilhögun afkvemasýninga skal kveða á í reglugerð.

24. gr.

Búnaðarfélag, er sett hafa sér samþykkt um sauðfjárrækt, og sauðfjárræktarfélag á svæði, þar sem búnaðarsamband hefur gert samþykkt um búfjárrækt, geta myndað samband, er vera skal aðili að búfjárræktardeild viðkomandi búnaðarsambands.

25. gr.

Sauðfjárræktarsamband setur sér samþykkt og starfsreglur, er Búnaðarfélag Íslands samþykkir. Í samþykkt skal kveðið á um verksvið, sem meðal annars sé fólgið í að gera samanburð á systrahópum undan álitlegustu hrútum félaganna á sambandssvæðinu, gera yfirlitsskýrslur sauðfjárræktarfélaganna, færa ættarskrár og afurðaskýrslur beztu einstaklinga o. fl. Sauðfjárræktarráðunautur viðkomandi búnaðarsambands hefur umsjón með starfsemi og vinnur úr skýrslum fjárræktarfélaganna.

26. gr.

Sauðfjárræktarfélag þau, sem mynda sauðfjárræktarsamband, greiða árlega til búfjárræktardeildar viðkomandi búnaðarsambands 20% af framlagi því, er þau fá úr ríkissjóði samkvæmt 19. gr.

27. gr.

Sauðfjárræktarsambönd og búnaðarsambönd, sem sett hafa sér búfjárræktarsamþykktir, skulu, í samráði við búfjárræktarráðunaut Búnaðarfélags Íslands, vinna að afkvæmarannsóknnum úrvalshrúta, annaðhvort á sérstökum afkvæmarannsóknarstöðvum eða hjá einstökum bændum. Við samanburð afkvæmahópa skal rannsaka vaxtarhraða lambanna, kjötgæði sláturlamba og ullargæði, afurðagetu, þrif og þol dætranna til þriggja vetra aldurs, allt eftir nánari ákvæðum í reglugerð svo og reglum, er Búnaðarfélag Íslands setur.

Framlag til afkvæmarannsókna greiðist úr ríkissjóði, kr. 53.00 á ári fyrir hverja á, sem skýrslufærð er í rannsóknnum þessum, enda séu settar á eigi færri en 10 gimbrar undan hverjum hrút, er rannsaka skal. Eigi er þó skylt að greiða slíkt framlag vegna fleiri hrúta en svo, að hafin sé rannsókn ár hvert á einum hrúti fyrir hverjar 3000 framtaldar kindur innan sýslu eða fjárskiptahólfs. Annar kostnaður við rannsóknir þessar greiðist af viðkomandi fjárræktarfélagi, fjárræktarsambandi og eigendum hrútanna, allt eftir nánari ákvæðum í reglugerð.

Framlag ríkissjóðs greiðist, er skýrslur um starfsemina hafa borizt Búnaðarfélagi Íslands og sauðfjárræktarráðunautur félagsins viðurkennt þær.

28. gr.

Búnaðarfélag Íslands sér um, að geitfjárstofni þeim, sem til er í landinu, verði haldið við. Ríkissjóður greiðir þeim bændum, sem geitfé eiga, árlegt framlag, allt að kr. 400.00 á hverja geit, sem þeir hafa á fóðrum, þó ekki á fleiri geitur en 200. Skylt er þeim, er geitfé eiga og framlags njóta, að senda Búnaðarfélagi Íslands árlega skýrslur um geitfjárstofninn eftir reglum, sem sauðfjárræktarráðunautur félagsins setur.

IV. KAFLI

Um hrossarækt.

Í kafla þessum merkir orðið „stóðhestur“ ógeltan hest 1½ árs og eldri.

29. gr.

Að loknum hverjum sveitarstjórnarkosningum kýs hreppsnefnd þriggja manna hrossakynbótanefnd, ef héraðsráðunaut þykir ástæða til, þar sem búnaðarfélag hefur ekki sett sér hrossaræktarsamþykkt samkvæmt lögum þessum, né heldur er starfandi hrossaræktarfélag með þáttöku meiri hluta hrossaeigenda. Ef búnaðarfélag setur sér hrossaræktarsamþykkt eða stofnað er hrossaræktarfélag með þáttöku meiri hluta hrossaeigenda, þeirra sem jörð hafa til ábúðar í hreppnum, eftir að kosin hefur verið kynbótanefnd, fellur starf nefndarinnar niður, en við tekur stjórn þess félags, er samþykktina setti, eða þeir menn, er félagið felur það sérstaklega.

Hrossakynbótanefnd annast þau störf, sem stjórn búnaðarfélags eða hrossaræktarfélags eru annars ætluð. Farist kosning kynbótanefndar fyrir, ber hreppsnefnd að annast störf hennar.

30. gr.

Kynbótanefnd, stjórn búnaðarfélags eða hrossaræktarfélags sér um, að árlega séu nógu margir stóðhestar, samþykktir af hrossaræktarráðunaut, til afnota fyrir

hrossaeigendur. Stjórnin útvegar girðingar fyrir stóðhesta, kemur þeim í fóður og sér um annan kostnað, er af starfseminni leiðir. Þegar keyptur er hestur eða reist er girðing, er sveitarsjóði skylt að greiða að minnsta kosti helming kostnaðar, enda sé framkvæmdin nauðsynleg að dómi héraðsráðunautar. Öðrum kostnaði, sem leiða kann af kynbótastarfseminni innan hreppsins, ber að jafna niður á hrossaeigendur, nema fjárins sé aflað á annan hátt. Gjald það, sem jafnað er niður, er lögtakskræft.

31. gr.

Sé enginn stórhestur til í hreppi, geta hrossaeigendur krafizt þess, að þeim séu tryggð afnot hests í öðrum hreppi eða leyft að fá sér stóðhest til notkunar.

32. gr.

Óheimilt er að láta stóðhest ganga lausan, sbr. þó 35. gr. Verði vart við slíkan hest, ber umráðamanni þess lands, þar sem hesturinn er, að láta handsama hann og flytja hann til hreppstjóra, sem næstur er í því lögsagnarumdæmi. Skal þá hreppstjóri taka hann í gæzlu og standa skil á sanngjarnri greiðslu vegna fyrirhafnar og kostnaðar við töku hans. Verði ágreiningur um greiðslu, geta aðilar skotið þeim ágreiningi til úrskurðar dómkvaddra manna. Sömu ákvæði gilda um hesta, sem ekki er hægt að gelda vegna skapnaðargalla.

Heimilt er kynbótanefnd eða stjórn hrossaræktarfélags að banna, að ógeltir hestar á öðru ári gangi lausir, enda liggi fyrir samþykkt $\frac{2}{3}$ hluta hrossaeigenda á viðkomandi svæði.

33. gr.

Sé stóðhestur, merktur með bókstafnum K eða LK á hægri lend, sbr. 34. gr., handsamaður utan vörzlu, skal eiganda hans þegar gert viðvart. Náist ekki til eiganda innan viku, skal nálægum sýslumönnum tilkynnt um hestinn og hvaða mark sé á honum; er þeim þá skylt að gera markeiganda aðvart. Jafnframt skal hesturinn auglýstur í útvarpi með marki og öllum einkennum. Gefi eigandi sig fram innan hálf mánaðar frá auglýsingardegi, ber að afhenda honum hestinn gegn greiðslu á áföllnum kostnaði, enda sanni hann heimild sína til að merkja hestinn sem kynbótahest.

Finnist ómerktur stóðhestur, eða merktur sem kynbótahestur samkvæmt 34. og 35. gr., án heimildar, ber hreppstjóra að selja hann á opinberu uppboði með fjögurra mánaða innlausnarfresti. Vitji eigandi andvirðisins innan 6 mánaða frá söludegi, skal honum greitt það að frádrægnum áföllnum kostnaði, en rennur ella í sjóð búnaðarfélags þess hrepps, þar sem hesturinn var tekinn. Sömu ákvæði gilda um merкта stóðhesta, sem ekki er vitjað á tilsettum tíma frá auglýsingardegi samkvæmt fyrri málsgrein þessarar greinar. Sé sami hestur tekinn á víðavangi öðru sinni eða oftar, skal eigandi sæta sektum.

34. gr.

Þegar stóðhestur hefur hlotið I. eða II. verðlaun á héraðssýningu eða afkvæmasýningu, gefur hrossaræktarráðunautur eiganda skriflega heimild til að merkja hestinn kynbótahestamerki, sem er K á hægri lend. Komi í ljós, að merktur kynbótahestur reynist ekki kynbótahæfur, að dómi hrossaræktarráðunautar, fellir hann heimildina niður. Kynbótanefnd getur veitt leyfi til að merkja stóðhest sem kynbótahest, þótt eigi hafi á sýningu komið og verðlaun hlotið, en samþykkja verður hrossaræktarráðunautur leyfið. Sá, er uppvis verður að því að merkja stóðhest heimildarlaust, skal sæta sektum samkvæmt 81. gr. þessara laga.

35. gr.

Undanþágu frá ákvæðum um einangrun stóðhesta á tímabilinu frá 1. maí til 1. október má veita, ef beittilönd þau, þar sem hestarnir ganga, eru svo einangruð, að öruggt megi teljast. Slíka undanþágu veitir sýslunefnd með $\frac{1}{4}$ atkvæða eða Búnaðarfélag Íslands.

Eigi verður undanþága veitt, nema fyrir liggi umsókn frá hlutaðeigandi hreppsnefnd, enda hafi málið þá verið rætt á almennum hreppsfundi og samþykkt þar með $\frac{2}{3}$ hlutum greiddra atkvæða hrossaeigenda og síðan hlotið samþykki sýslunefnda þeirra, er hlut eiga að máli. Enn fremur skal fullnægt eftirgreindum skilyrðum: Stóðhestar þeir, sem lausir ganga, mega ekki yngri vera en þriggja vetra, og skulu eigendur fá sérstakt leyfi fyrir hvern hest. Ber þá að merkja hestinn greinilega með stöfunum LK á hægri lend og númeri, sem hrossaræktarráðunautur ákveður, á hina vinstri.

36. gr.

Valdi stóðhestur, sem gengur laus eða sleppur úr vörzlu, tjóni á búfé eða öðrum eignum annarra (en eigenda), er eigandi skaðabótaskyldur eftir mati dómkvaddra manna, ef ekki næst samkomulag um bætur. Er viðkomandi sveitarsjóður skyldur að inna af hendi bótagreiðslur, ef krafizt er.

37. gr.

Búnaðarfélag getur sett sér samþykkt um að vinna að kynbótum hrossa í hreppnum, enda sé þar ekki starfandi hrossaræktarfélag. Hafi hrossaræktarsamþykkt eigi verið sett, geta 6 bændur í hreppi, hið fæsta, stofnað hrossaræktarfélag. Samþykktir búnaðarféлага og hrossaræktarféлага ber að sníða eftir fyrirmynd, sem Búnaðarfélag Íslands lætur í té, og taka gildi, er hlotið hafa staðfestingu stjórnar félagsins.

38. gr.

Búnaðarfélag eða hrossaræktarfélag, er fengið hefur samþykkt sína staðfesta af Búnaðarfélagi Íslands, fær framlag úr ríkissjóði til kaupa á tveggja og þriggja vetra kynbótahestum undan I. verðlauna hryssum sem hér segir:

Til kaupa á þriggja vetra hesti:

Kr. 5300.00, sé hann undan hesti, sem fengið hefur heiðursverðlaun fyrir afkvæmi

Kr. 4000.00, sé hann undan hesti, er fengið hefur I. verðlaun fyrir afkvæmi.

Kr. 3325.00, sé hann undan hesti, er fengið hefur heiðursverðlaun á héraðssýningu.

Kr. 2660.00, sé hann undan hesti, sem fengið hefur I. verðlaun á héraðssýningu.

Framlag til kaupa á tveggja vetra hesti er kr. 1330.00 lægra í hverjum flokki. Framlagið er bundið því skilyrði, að þriggja vetra hesturinn hafi hlotið I. verðlaun, en tveggja vetra hesturinn II. verðlaun á héraðssýningu, eða hrossaræktarráðunautur hafi viðurkennt hann slíkra verðlauna verðan.

Framlag samkvæmt þessari grein skal aðeins veita í eitt skipti til kaupa á sama hesti.

39. gr.

Búnaðarfélög og hrossaræktarfélög fá, auk framlags þess, sem um getur í 38. gr., styrk til stóðhestahalds, ef þau nota hest, sem hlotið hefur heiðursverðlaun, I. eða II. verðlaun á afkvæmasýningu. Styrkur þessi er kr. 1600.00 á heiðursverðlaunahest, kr. 1060.00 á I. verðlauna hest og kr. 530.00 á II. verðlauna hest. Styrkurinn greiðist árlega, meðan hesturinn er notaður og nýtur þessarar viðurkenningar.

40. gr.

Hreppsfélag, búnaðarfélag eða hrossaræktarfélag, er kemur upp girðingu vegna kynbótastarfsemi, fær allt að kr. 15000.00 í stofnframlag úr rikissjóði að verki loknu, þó aldrei meira en nemur andvirði efnis, enda sé fullnægt eftirgreindum skilyrðum:

1. Að hrossaræktarráðunautur viðurkenni nauðsyn girðingarinnar.
2. Að land það, sem girt er, sé eign þess aðila, er styrksins nýtur, eða honum tryggð full afnot af landinu með leigusamningi, er gildi eigi skemur en 15 ár.
3. Að land sé vel fallið til hrossabeitar að dómi hrossaræktarráðunautar eða annars trúnaðarmanns Búnaðarfélags Íslands.
4. Að girðingin sé minnst sjöþætt gaddavírsgirðing eða gerð af öðru jafngildu efni og ekki lægri en 135 cm.
5. Að styrkþegi skuldbindi sig með skriflegri yfirlýsingu til að halda girðingunni við í 15 ár hið skemmsta.

41. gr.

Hrossaræktarfélag geta myndað með sér samband til þess að vinna sameiginlega að kynbótum hrossa á sambandssvæðinu, ef eftirgreind skilyrði eru fyrir hendi:

1. Að sambandið nái yfir að minnsta kosti 5 hreppa með eigi færri en 500 hryssum fjögurra vetra og eldri.
2. Að sambandið hafi sett sér lög um starfsemi sína og fengið þau samþykkt af Búnaðarfélagi Íslands.

Búnaðarsamband svo og hrossaræktarsamband, sem stofnað er samkvæmt lögum þessum, fær árlega úr rikissjóði aukaframlag á hvern stóðhest, sem sambandið notar eða hefur á leigu, kr. 2660.00 á hvern. Framlag þetta leggst í sérstakan sjóð, er stjórn sambandsins ávaxtar og notar aðeins til kaupa á kynbótahestum í stað þeirra, sem felldir eru eða seldir, og rennur andvirði þeirra einnig óskipt í sjóðinn.

Ríkissjóður greiðir árlega kr. 50.00 á hverja hryssu, sem leidd er til kynbótahests og færð er á skýrslu til Búnaðarfélags Íslands. Stjórn sambandsins ákvarðar hverju sinni, hvort ástæða sé til að skipta um hest eða fjölgja hestum, enda liggja hvort tveggja fyrir, að rétt sé að farga hestinum og að hestur sá, er kaupa skal, sé taminn og helzt reyndur kynbótahestur að dómi ráðunautar Búnaðarfélags Íslands í hrossarækt, enda samþykki hann kaupin. Þó má víkja frá þessu skilyrði, ef um er að ræða hest, sem að dómi ráðunautar er af úrvalskyni og vel gerður.

Eigi skal veita framlag á fleiri stóðhesta en svo, að 50 hryssur minnst, fjögurra vetra og eldri, verði um hvern. Þó má, þar sem hérað er einangrað, víkja frá þessu skilyrði, enda komi til samþykki Búnaðarfélags Íslands.

Hrossaræktarsambönd senda Búnaðarfélagi Íslands ársreikninga sína til endurskoðunar og úrskurðar.

42. gr.

Kynbótanefnd og stjórn hrossaræktarfélags heldur gerðabók, þar sem ritaðir eru reikningar, ályktanir og aðrar gerðir. Skulu reikningar lagðir fram ár hvert og endurskoðaðir með sveitarsjóðsreikningum.

43. gr.

Hrossaræktarráðunautur ferðast um, svo sem hann frekast má, og leiðbeinir um val á stóðhestum og hryssum til undaneldis. Hann mætir á sýningum er hann má því við koma, ella sá, er stjórn Búnaðarfélags Íslands kveður til í hans stað. Hrossaræktarráðunautur er sjálfkjörinn formaður dómnefndar, en meðdómendur til kvaddir af stjórn þeirra samtaka, er til sýningar efnir. Meðdómendur geta ekki

veitt hrossi verðlaun gegn atkvæði ráðunautar, né heldur getur hann veitt verðlaun, nema helmingur meðdómenda samþykki.

44. gr.

Landið skiptist í fjögur sýningarsvæði, og skulu héraðssýningar haldnar á þeim til skiptis fjórða hvert ár. Um fjölda sýninga í hverju umdæmi skal kveða á í reglugerð. Heimilt er að sameina fjórðungsmót Landssambands hestamannafélaga héraðssýningu, og annast þá viðkomandi búnaðarsamband eða -sambönd um þann þátt, sem varðar sýningu kynbótagripa, í samráði við stjórn Landssambandsins.

45. gr.

Til verðlauna á sýningum þeim, sem haldnar eru samkvæmt 44. gr., leggur ríkissjóður fram 15 aura á hvert framtalið hross á því svæði, sem sýning er fyrir, gegn jöfnu framlagi frá viðkomandi búnaðarsambandi (-samböndum) eða öðrum aðiljum. Skal fénu varið til að verðlauna hryssur á héraðssýningum. Mega verðlaun ekki vera hærri en hér greinir:

Heiðursverðlaun á hryssu	kr. 800.00
I. verðlaun	— —	— 265.00
II. —	— —	— 160.00
III. —	— —	— 80.00
III. —	— stóðhest	— 320.00

Verðlaun á stóðhest greiðast úr ríkissjóði, heiðursverðlaun kr. 2120.00, I. verðlaun kr. 1060.00 og II. verðlaun kr. 650.00. Heiðursverðlaun má aðeins veita hrossum, sem afkvæmi eru sýnd með. Skulu tvö afkvæmi fylgja hryssu hverri, en stóðhesti fjögur, og mega yngst vera tveggja vetra.

46. gr.

Heimilt er að halda afkvæmasýningu fyrir stóðhesta, ef óskir koma fram um það og Búnaðarfélag Íslands samþykkir. Sýna skal undan hverjum stóðhesti tólf afkvæmi hið fæsta, þriggja vetra og eldri, og fylgi mæður þeirra á sýningu. Verðlaun fyrir afkvæmi greiðast úr ríkissjóði og eru sem hér segir:

Heiðursverðlaun	kr. 1900.00
I. verðlaun	— 1060.00
II. —	— 640.00
III. —	— 425.00

Eigi má greiða heiðursverðlaun fyrir afkvæmi, nema helmingur þeirra sé taminn og sýni verðmæta kosti.

Afkvæmasýningu má endurtaka einu sinni, að fjórum árum liðum, fyrir þá stóðhesta, er hlotið hafa I. og II. verðlaun.

Umsókn um afkvæmasýningu sé komin til Búnaðarfélags Íslands fyrir 15. marz.

Stjórn viðkomandi búnaðarsambands tilnefnir tvo meðdómendur á afkvæmasýningu og greiðir þeim þóknun fyrir starf þeirra, en eigandi stóðhesta sér um sýningarstað.

Hrossaræktarráðunautur getur metið stóðhest til afkvæmaverðlauna, ef aðstæður torvelda sýningu, en þó því aðeins, að hesturinn sé í eign búnaðarsambands eða hrossaræktarsambands.

47. gr.

Samtökum hestamannafélaga er heimilt að halda landssýningu þriðja hvert ár, að fengnu samþykki Búnaðarfélags Íslands, er einnig samþykkir sýningarstað og tilhögun sýningar. Verðlaun á landssýningu greiðast úr ríkissjóði gegn jöfnu

framlagi annars staðar frá. Um fjárhæð verðlauna og önnur skilyrði fer samkvæmt ákvæðum 45. og 46. gr. eftir því, sem við getur átt, svo og reglum, er Búnaðarfélag Íslands setur. Umsókn um sýningarleyfi ásamt með fullnægjandi upplýsingum skal hafa borizt Búnaðarfélagi Íslands fyrir 15. marz það ár, er sýning skal haldin.

Samtök hestamannafélaga, þeirra er gangast fyrir og stjórna landssýningu, tilnefna tvo meðdómendur á sýningu. Skrá skal sérstaka ættbók fyrir reiðhross, sem verðlaun hljóta á landssýningu.

48. gr.

Heimilt er að reka á kostnað ríkissjóðs tvö hrossaræktarbú, annað á Norðurlandi, hitt á Suðurlandi, þar sem fram fer stofnræktun, afkvæmaprófanir og tamning. Búnaðarfélag Íslands hefur umsjón með hrossaræktarbúum þessum, og skulu þau starfa samkvæmt reglugerð, sem ráðherra setur, að fengnum tillögum Búnaðarfélags Íslands.

Heimilt er að veita hrossaræktarfélögum fjárframlag til stofnræktar hrossa, ef ráðunautar Búnaðarfélags Íslands og stjórnir hrossaræktarsambanda og búnaðarsambanda þeirra, sem sett hafa sér búfjárræktarsamþykkt, mæla með. Árlegt framlag í þessu skyni má vera kr. 300.00 á hverja skýrslufærða hryssu, enda hlíti sá, er framlags nýtur, ráðum og umsjá hrossaræktarráðunautar Búnaðarfélags Íslands.

V. KAFLI

Um svínarækt og alifugla.

49. gr.

Þegar Búnaðarfélag Íslands hefur ráðið til sín ráðunaut í svína- og alifuglarækt, er landbúnaðarráðherra heimilt að efna til kynbótabús í þessum greinum á bændaskólabúi eða öðru ríkisbúi, eftir því sem bezt þykir henta að dómi Búnaðarfélags Íslands.

50. gr.

Á kynbótabúinu skal hreinrækta þau hæsnakyn og svína, sem ráðunauturinn telur rétt að rækta hér á landi. Á búinu skal vera aðstaða til framleiðslu á kynbótahænsnum til sölu.

51. gr.

Færa skal ættarskýrslur og afurða yfir svín og alifugla á kynbótabúinu undir eftirliti ráðunautar; þá skal og gera samanburðartilraunir um fóðurþörf og afurðagetu hinna ýmsu kynja.

52. gr.

Kynbótabúið hefur rétt til að flytja inn útungunaregg til kynbóta eða tilrauna, enda sjái ráðunauturinn um, að búið fullnægi óskum alifuglaeigenda um að hafa til sölu fugla af þeim kynjum, sem óskað er eftir og reynsla hefur sýnt, að hentug séu til ræktunar hér á landi.

53. gr.

Halda má einstaklings- og afkvæmasýningar fyrir svín og alifugla. Verðlaun á sýningum greiðast úr ríkissjóði eftir nánari fyrirmælum, sem ráðherra setur í reglugerð, eftir tillögum frá Búnaðarfélagi Íslands.

VI. KAFLI

Um sæðingu búfjár.

54. gr.

Búnaðarsambönd, sem vinna að kynbótum búfjár með sæðisflutningum, svo og nautgriparæktarsambönd í þeim héruðum, þar sem búnaðarsambönd sinna ekki slíku verkefni, fá styrk úr ríkissjóði til þessarar starfsemi sem hér segir:

1. Stofnframlag, $\frac{1}{3}$ hluti byggingarkostnaðar sæðingarstöðvar, þar með talin verkfæri og allur búnaður, þó ekki yfir kr. 190000.00 á stöð.
2. Rekstrarstyrk, helming árslauna sérfræðings í búfjársæðingum, er starfar við sæðingarstöð, samanber næstu málsgrein. Laun þessara sérfræðinga skulu ákveðin af landbúnaðarráðherra, að fengnum tillögum Búnaðarfélags Íslands, og skal höfð hliðsjón af launakerfi starfsmanna ríkisins. Enn fremur skal ríkissjóður greiða kr. 25.00 á hverja sædda kú, sem fang fær, og kr. 2.50 á hverja á, sem sædd er. Styrkir þessir skulu þó eigi greiddir, nema notuð séu naut og hrútar, sem búfjarræktarráðunautar mæla með.

Sé starfssvæði sæðingarstöðvar það stórt, að reka verði jafnframt dreifingarstöð, eina eða fleiri, nýtur hún sama stofnframlags til bygginga og búnaðar eins og aðalstöð, þ. e. $\frac{1}{3}$ hluta stofnkostnaðar, þó aldrei hærra framlags en aðalstöðin. Sama gildir um flutning sæðis til héraða, sem eigi hafa aðstöðu til að koma upp sæðingarstöðvum.

Vinni sæðingarstöð að sæðingu fleiri búfjártegunda en sauðfjár og nautgripa, greiðir ríkissjóður til þess styrk, sem landbúnaðarráðherra ákveður að fengnum tillögum Búnaðarfélags Íslands.

55. gr.

Stofnframlag og rekstrarstyrkur til sæðingarstöðvar greiðist því aðeins, að fyrir liggi meðmæli Búnaðarfélags Íslands. Framlag má því aðeins veita fleirum en einni sæðingarstöð í sýslu, að Búnaðarfélag Íslands mæli með því og samþykki landbúnaðarráðherra komi til hverju sinni. Sama gildir um dreifingarstöð.

VII. KAFLI

Um ræktun erlendra búfjarkynja og blöndun þeirra við innlent búfé.

56. gr.

Búfé af erlendum kynjum, sem flutt hefur verið til landsins samkvæmt lögum um innflutning búfjár nr. 74 23. apríl 1962 og einangrað hefur verið á sóttvarnarstöð ríkisins nægilega lengi samkvæmt ákvæðum sömu laga, skal hagnýtt sem hér segir:

1. Landbúnaðarráðuneytið sér um, að aðstaða verði á einu eða fleiri ríkisbúum eða tilraunabúum til að mynda búfjarkyn eða kynbæta þau, sem fyrir eru í landinu, með endurtekinni notkun búfjársæðis frá sóttvarnarstöðinni, eða semur við eitt eða fleiri búnaðarsambönd eða búfjarræktarsambönd um að taka að sér þetta viðfangsefni. Leita skal umsagnar og tillagna Búnaðarfélags Íslands um staðarval og alla tilhögun.
2. Heimilt er bændum að vinna að myndun búfjarkynja með endurtekinni notkun búfjársæðis frá sóttvarnarstöðinni, enda hlíti þeir fyrirmælum Búnaðarfélags Íslands um allt, er varðar framkvæmd ræktunarinnar.
3. Heimilt er, að fengnum meðmælum Búnaðarfélags Íslands, að láta bændum í té búfjársæði frá sóttvarnarstöðinni til einblendingsræktunar og framleiðslu sláturgripa svo og til ásetnings.

57. gr.

Skýlt er sóttvarnarstöðinni að hafa samráð við búfjárræktarráðunauta Búnaðarfélags Íslands um dreifingu búfjársæðis frá stöðinni svo og að safna skýrslum um sædda gripi samkvæmt fyrirmælum þeirra. Þeir skera úr um það, hver í sinni grein, úr hvaða karldýrum á sóttvarnarstöðinni nota skuli sæði til frjóvgunar tiltekinna kvendýra á þúum þeim, sem vinna að kynbótum og myndun kynja samkvæmt 1. og 2. tölulið 56. gr.

Á þúum þessum ber að hlíta fyrirmælum búfjárræktarráðunauta Búnaðarfélags Íslands um, hvernig vinna skuli að myndun hins nýja kyns eða kynja, merkingu gripanna og ættbókarfærslu. Búin senda árlega Búnaðarfélagi Íslands skýrslu um starfsemina á eyðublöðum, sem félagið lætur þeim í té.

Ráðunautum eða fulltrúum þeirra ber að hafa nákvæmt eftirlit með ræktunarstarfinu, skoða árlega kynblendingsgripi á kynbótabúunum, fylgjast með merkingu þeirra, ættbókarfærslu og skýrsluhaldi. Þeir skulu dæma gripina, lýsa ræktun þeirra og skrá athugasemdir sínar í gerðabók.

58. gr.

Þegar ráðunautur telur ræktun gripa af nýju kyni svo langt á veg komna, að ávinningur sé að nota þá til einblendingsræktunar, viðurkennir hann gripina hæfa til slíkrar notkunar utan kynbótabúsins. Aðra gripi af erlendum kynjum á kynbótabúinu má eigi selja til lífs eða nota utan þess, nema samþykki ráðunautar komi til, og þá aðeins til búa, er starfa samkvæmt ákvæðum 1. og 2. töluliðs 56. gr.

Noti sæðingarstöðvar eða búfjárræktarfélag kynblendingsgripi, sem ekki hafa hlotið viðurkenningu ráðunautar, til einblendingsræktunar, skulu framlög úr ríkissjóði samkvæmt lögum þessum eigi greidd vegna notkunar slíkra gripa.

Heimilt er búnaðarsamböndum, búfjárræktar- og nautgriparæktarsamböndum að setja sér samþykktir, er kveði nánar á um blöndun erlendra búfjarkynja við hina innlendu stofna. Samþykktir þessar ber að senda Búnaðarfélagi Íslands og öðlast gildi, er stjórn þess hefur samþykkt þær.

59. gr.

Telji ráðunautur, að innlent búfjarkyn sé blandað erlendu á þann hátt, að hætta sé á, að spillt sé kostum hins innlenda kyns, leggur hann málið fyrir stjórn Búnaðarfélags Íslands. Fallist stjórnin á rökstuðning ráðunautarins, felur hún honum að loka ættbók hins innlenda búfjarkyns til að halda því hreinu.

60. gr.

Meðan lög nr. 74 frá 28. apríl 1962 koma ekki til framkvæmda, er heimilt að nota til einblendingsræktar gripi af holdanautastofni þeim, sem til er í landinu, að fengnu leyfi Búnaðarfélags Íslands hverju sinni.

Þá skal landbúnaðarráðherra hlutast til um, að komið verði á fót sérstöku búi, þar sem ræktað sé úrval af þessum stofni. Búið standi undir umsjá og eftirliti Búnaðarfélags Íslands.

VIII. KAFLI

Um forðagæzlu og fódurbirgðafélög.

Í kafla þessum merkir orðið „forðagæzlumaður“ þann, er hefur á hendi eftirlit með ásetningi búfjár, fódrun og hirðingu, hvort heldur er á vegum hreppsnefndar eða fódurbirgðafélags.

61. gr.

Í hreppi hverjum skal vera forðagæzlumaður, einn eða fleiri, er hafi eftirlit með ásetningi búfjár, fóðrun og hirðingu. Heimilt er, ef forðagæzlumenn eru fleiri en einn, að skipta hreppi í forðagæzluumdæmi, og hefur þá hver forðagæzlumaður sitt umdæmi til umsjónar.

62. gr.

Að loknum hreppsnefndarkosningum hverju sinni kýs eða ræður hreppsnefnd forðagæzlumann, einn eða fleiri, til næstu fjögurra ára, og jafnmarga til vara. Skál þess jafnan gætt að velja til þá menn, sem þekktir eru að gætilegum ásetningi og góðri meðferð búfjár. Sé í hreppnum starfandi fóðurbirgðafélag, ræður stjórn þess forðagæzlumann.

63. gr.

Búnaðarsambönd hafa á hendi eftirlit með forðagæzlu og fóðrun, hvert á sínu sambandssvæði, og annast það ráðunautur sambandsins í búfjárrækt, svo sem við verður komið. Nú annar ekki ráðunautur starfinu að fullu vegna annarra verkefna, og ræður þá stjórn sambandsins hæfan mann honum til aðstoðar. Stjórnin semur við aðstoðarmenn um þóknun og greiðist hún að 65 hundraðshlutum úr ríkissjóði og 35 hundraðshlutum af búnaðarsambandinu.

64. gr.

Skylt er forðagæzlumanni að fara minnst tvær ferðir um umdæmi sitt til eftirlits vetur hvern. Skál fyrri ferðinni lokið fyrir 1. nóvember og hinni síðari fyrir lok aprílmánaðar. Skál hann athuga vandlega um tölu búfjár á hverjum stað, húsakost þess, fóðurbirgðir, hirðingu, fóðrun og ganga úr skugga um, að fóðurbirgðir þær séu fyrir hendi, sem búfjáreigandi telur sig hafa.

Þegar að lokinni skoðun ber forðagæzlumaður niðurstöður sínar undir trúnaðarmann búnaðarsambandsins. Komi í ljós, að búfjáreiganda skorti hús eða fóður fyrir fénað sinn, vanfóðri hann eða vanhírði, skál forðagæzlumaður tilkynna það hreppsnefnd þegar í stað. Er þá hreppsnefnd skylt að aðvara þegar þann, er hlut á að máli, og gefa honum einnar viku frest til úrbóta. Hafi hann, að þeim tíma liðnum, ekki gert þær ráðstafanir, sem hreppsnefnd og trúnaðarmaður búnaðarsambandsins telja fullnægjandi, ber hreppsnefnd að útvega honum fóður, ráðstafa fénaði hans til fóðrunar eða lóga, ef ekki er annars úrkosta.

Búfjáreigandi sá, er hlut á að máli, ber allan kostnað af þessum ráðstöfunum. Skylt er sýslumanni að veita hreppsnefnd stuðning við þessar framkvæmdir, ef með þarf.

65. gr.

Þegar eftir að forðagæzlumaður hefur lokið skoðun á hausti, gerir hann skýrslu um tölu búpenings, ásetning, fóðrun og fyrningar á eyðublaði, er Búnaðarfélag Íslands lætur í té. Skál skýrsla þessi gerð í tvíriti, og undirritar forðagæzlumaður bæði eintökin og einnig trúnaðarmaður viðkomandi búnaðarsambands. Forðagæzlumaður heldur öðru eintaki skýrslunnar til eigin nota og varðveizlu, en hitt eintakið sendir hann Búnaðarfélagi Íslands þegar að lokinni skoðun.

Þá er forðagæzlumaður fer um umdæmi sitt til skoðunar síðari hluta vetrar, sbr. 1. málsg. 64. gr., skál hann rita athugasemdir um fóðurbirgðir og ástand búpenings á skýrslu sína frá næstliðnu hausti og tilkynna Búnaðarfélagi Íslands niðurstöður skoðunarinnar, hvort tveggja samkvæmt nánari fyrirmælum félagsins.

Hreppsnefnd semur um þóknun fyrir forðagæzlu, og greiðist hún úr sveitarsjóði.

66. gr.

Heimilt er sveitarfélagi að stofna fódurbirgðafélag. Tilgangur fódurbirgðafélags er að tryggja það, að til sé á haustnóttum sá fódurforði fyrir búfé félagsmanna, sem nægi í harðasta vetri, hafa eftirlit með því, að það sé þannig fóðrað og hirt, að því líði sem bezt og gefi sem mestan arð.

Stjórn fódurbirgðafélags sér um, að fódurbirgðir séu skoðaðar eins oft og þurfa þykir. Skal hin fyrsta skoðun ætíð fara fram fyrir 1. nóvember, sbr. 64. gr.

67. gr.

Þegar stofna skal fódurbirgðafélag, boðar sveitarstjórn til almenns sveitarfundar með nægum fyrirvara og leggur fram uppkast að samþykkt fyrir félagið. Atkvæðisrétt á fundinum hafa allir þeir, sem fénað hafa á fóðrum. Sé fundur lögmætur og ná uppkastið samþykki $\frac{2}{3}$ hluta atkvæðisbærra fundarmanna, skal stofna félagið, og er þá uppkastið bindandi fyrir alla hreppsþúa, enda hafi verið tekið fram í fundarboði, að þetta mál yrði rætt og um það greitt atkvæði. Samþykkt fundarins skal leggja fyrir næsta sýslufund. Fallist sýslufundur á samþykkt fódurbirgðafélagsins óbreytta, sendir sýslumaður hana landbúnaðarráðuneytinu til staðfestingar. Breyti sýslufundur samþykktinni, skal bera hana með áorðnum breytingum undir atkvæði á lögmætum hreppsfundi á sama hátt og hið fyrra sinni. Fallist fundurinn á samþykktina þannig breytta, skal hún endursend sýslumanni, er framsendir hana til ráðuneytisins. Að öðrum kosti er samþykktin fallin, nema gerðar séu á henni breytingar, og skal þá leggja hana fyrir sýslufund að nýju og fara með á sama hátt og ný samþykkt væri.

Telji landbúnaðarráðherra samþykkt, sem honum hefur verið send til staðfestingar, brjóta í bága við grundvallarreglur laga eða rétt manna, endursendir hann samþykktina án staðfestingar og færir til synjunarástæður. Að öðrum kosti staðfestir hann samþykktina, skipar fyrir um birtingu hennar og tiltekur, hvenær hún öðlast gildi. Gildir hún upp frá því fyrir alla þá, er búa í því sveitarfélagi, sem hún er gerð fyrir.

Samþykkt, sem ráðherra hefur staðfest, má ekki breyta, nema með sé farið á sama hátt og til nýrrar skyldi efnt.

68. gr.

Fódurbirgðafélagi stýrir þriggja manna stjórn. Eru tveir kosnir af aðalfundi félagsins til fjögurra ára og jafnmargir varamenn; hinn þriðja kys hreppsnefnd til sama tíma, og er hann formaður félagsins. Stjórn félagsins sér um allar fjárreiður þess og framkvæmdir, og eru skuldbindingar hennar bindandi fyrir félagið. Hún færir til bókar reikninga félagsins, ályktanir og aðrar gerðir.

69. gr.

Fódurbirgðafélag, sem stofnað er samkvæmt lögum þessum og fullnægir fyrir-mælum þeirra, nýtur árlegs framlags úr ríkissjóði, kr. 120.00 á hvern félagsmann. Þá leggur og sveitarsjóður fram kr. 550.00 á hvern félagsmann, og greiðist það framlag með jöfnum greiðslum á eigi lengri tíma en 10 árum. Enn fremur greiða búfjáreigendur árlega gjald til félagsins sem hér segir:

a. Fyrir hvern nautgrip	kr. 8.00
b. — hvert hross	— 4.00
c. — hverja sauðkind	— 1.00

Gjöld þessi eru lögtakskræf.

70. gr.

Skylt er fóðurbirgðafélagi að stofna sjóð og leggja í hann tekjuafgang hvers árs. Stjórn félagsins veitir félagsmönnum lán úr sjóðnum til fóðurkaupa, ef þörf er á. Hrökkvi sjóður félagsins ekki til, er félaginu heimilt lán úr Bjargráðasjóði til þess, er á skortir, þó ekki meira en nemur séreign hreppsins í sjóðnum, gegn 5% ársvöxtum og endurgreiðslu innan 5 ára.

Hreppsnefnd ábyrgist bráðabirgðalán og rekstrarlán fyrir félagið.

Til tryggingar láni, er stjórn fóðurbirgðafélags eða hreppsnefnd veitir félagsmönnum eða hreppsþúum til hjargar bústofni þeirra frá yfirvofandi felli, er bústofn að lögveði fyrir láninu, unz það er að fullu greitt, þó ekki lengur en 2 ár frá lán-tökudegi. Eigi má lánþegi selja bústofn sinn eða ráðstafa á annan hátt úr eigu sinni frekar en svo, að eftir sé næg trygging í eftirstöðvum hans með vöxtum og kostnaði. Lögveð þetta gengur fyrir öllum öðrum veðböndum.

71. gr.

Gjalddagi iðgjalda er 1. desember. Reikningsár félagsins er almanaksár, en skýrsluár frá 1. október til jafnlengdar næsta ár.

72. gr.

Þegar sjóður félagsins er orðinn það gildur, að hann nemur kr. 4000.00 á hvern félagsmann, er félaginu heimilt með aðalfundarsamþykkt að létta af iðgjöldum samkvæmt 69. gr. að nokkru eða öllu leyti.

73. gr.

Fyrir lok júlímánaðar ár hvert sendir stjórn fóðurbirgðafélags Búnaðarfélagi Íslands skýrslu um félagsstarfið, eftir því sem tekið er fram í samþykkt félagsins og Búnaðarfélag Íslands ákveður. Framlag rikissjóðs greiðist þegar er reikningar og skýrslur félagsins hafa borizt Búnaðarfélagi Íslands.

74. gr.

Búnaðarfélag Íslands getur, ef ráðherra óskar, krafid forðagæzlumenn hvenær sem er um skýrslur varðandi fóðuröflun og fóðurbirgðir.

75. gr.

Vilji búfjáreigandi eigi hlíta ráðstöfunum forðagæzlumanns, hreppsnefndar eða stjórnar fóðurbirgðafélags eða hefur þær að engu, en fénaður hans liður eða fellur sakir fóðurskorts, hirðuleysis eða harðýðgi, að álit forðagæzlumanns eða trúnaðarmanns búnaðarsambandsins, er þessum aðiljum skylt að tilkynna það sýslumanni tafarlaust, ásamt öllum málavöxtum, eða hreppstjóra, sem tilkynnir það aftur sýslumanni þegar í stað.

76. gr.

Sá, er sekur verður um illa meðferð á skepnum samkvæmt 75. gr., skal sæta sektum frá kr. 5000.00 til kr. 50000.00 eða einföldu fangelsi allt að 6 mánuðum. Vanræki forðagæzlumaður, hreppsnefnd eða stjórn fóðurbirgðafélags að gera sýslumanni eða hreppstjóra aðvart um ómannúðlega meðferð á skepnum, sem þessir aðilar verða áskynja um, varðar það sektum.

IX. KAFLI

Almenn ákvæði.

77. gr.

Halda má héraðssýningar fyrir búfé, annað en hross, þegar búnaðarsamband eða búfjárræktarsamband óskar þess og Búnaðarfélag Íslands samþykkir.

Verðlaun á héraðssýningum greiðast að $\frac{2}{3}$ hlutum úr rikissjóði, en að $\frac{1}{3}$ hluta af ræktunarsamtökum viðkomandi búfjártegundar, ef til eru, ella úr sýslusjóðum. Búnaðarfélag Íslands setur reglur, er ráðherra staðfestir, um skipan héraðssýninga.

78. gr.

Á framlög þau, er ákveðin eru í lögum þessum, skal greiða verðlagsuppbót samkvæmt vísitölu, er sýni breytingar á tilkostnaði framkvæmda frá meðalkostnaði þeirra á árinu 1964. Hagstofa Íslands ákveður grundvöll vísitölu þessarar í samráði við Búnaðarfélag Íslands, og reiknar hún hana síðan árlega miðað við meðalkostnað hvers árs.

Fyrirmæli fyrri málsliða þessarar gr. um greiðslu verðlagsuppbótar á framlög gilda frá og með framkvæmdum ársins 1965.

79. gr.

Landbúnaðarráðherra setur, í samráði við Búnaðarfélag Íslands, reglugerð, er kveður nánara á um framkvæmd laga þessara.

80. gr.

Verði ágreiningur um skilning á ákvæðum þessara laga, sker landbúnaðarráðherra úr, og er það fullnaðarúrskurður. Ákvæði laga þessara varðandi hreppa og hreppsnefndir taka og til bæjarfélaga og bæjarstjórna að breyttu breytanda.

81. gr.

Brot gegn lögum þessum eða reglugerðum, sem settar kunna að verða samkvæmt þeim, varða sektum kr. 5000.00 til kr. 50000.00, nema þyngri refsing liggi við samkvæmt öðrum lögum. Sektarfé rennur í sjóð þess búnaðarfélags, þar sem brot var framið.

Með mál út af brotum gegn lögum þessum skal farið að hætti opinberra mála.

82. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi. Jafnframt eru úr gildi felld lög nr. 54 5. júní 1957, um búfjárrækt, svo og lög nr. 81 9. des. 1957 og lög nr. 37 16. maí 1964, um breyting á búfjárræktarlögum.

Gjört að Bessastöðum, 24. apríl 1965.

Ásgeir Ásgeirsson.

(L. S.)

Ingólfur Jónsson.

JARÐRÆKTARLÖG

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallizt á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

I. KAFLI

Um stjórn ræktunarmála.

1. gr.

Landbúnaðarráðuneytið (landbúnaðarráðherra) hefur á hendi æðstu stjórn allra ræktunarmála.

2. gr.

Búnaðarfélag Íslands, sem stjórnað er af 3 manna stjórn, sem kosin er af Búnaðarþingi, hefur á hendi umsjón með framkvæmd þeirra ræktunarmála, sem ríkisframlag er veitt til samkvæmt lögum þessum, enda sé skipulag þess og starfsreglur í samræmi við ákvæði laganna. Um kosningarrétt og kjörgengi til Búnaðarþings, tölu fulltrúa, kjördæmaskipun og kosningafyrirkomulag innan hvers kjördæmis fer eins og fyrir er mælt í lögum Búnaðarfélags Íslands.

3. gr.

Störf þau, sem Búnaðarfélagi Íslands eru falin með lögum þessum, annast búnaðarmálastjóri með aðstoð jarðræktarráðunauta félagsins, héraðsráðunauta og trúnaðarmanna Búnaðarfélags Íslands undir yfirstjórn félagsstjórnarinnar.

4. gr.

Héraðsráðunautar í jarðrækt og meðferð og notkun landbúnaðarvéla skulu vera svo margir sem nauðsyn krefur að dómi Búnaðarfélags Íslands, enda samþykki landbúnaðarráðherra tölu þeirra og starfssvæði.

Heimilt er að fela sama manni að gegna ráðunautarstarfi bæði við jarðrækt og búfjárrækt, enda fær hann þá greidd laun að jöfnu frá hvorri búgrein.

Héraðsráðunautar (í jarðrækt eða búfjárrækt) skulu vera framkvæmdastjórar búnaðarsambandanna og hafa á hendi leiðbeiningar og eftirlit með ræktunarframkvæmdum hver á sínu sambandssvæði í þeim greinum, er lög þessi ná yfir. Héraðsráðunautar skulu árlega skila starfsskýrslum.

Stjórnir búnaðarsambandanna skulu semja starfsáætlun fyrir komandi ár. Áætlanir þessar ásamt starfsskýrslum héraðsráðunautanna skulu hafa borizt Búnaðarfélagi Íslands fyrir 1. febrúar ár hvert til umsagnar og staðfestingar.

Í Vestmannaeyjum og Grímsey er heimilt að ráða sérstaka trúnaðarmenn, og í þeim búnaðarsamböndum, þar sem héraðsráðunautar, að dómi Búnaðarfélags Íslands, komast ekki yfir verkefni sín, s. s. úttekt jarðabóta, skal heimilt að ráða aðstoðarmenn, enda samþykki landbúnaðarráðherra tölu þeirra og launakjör að fengnum tillögum Búnaðarfélags Íslands.

5. gr.

Kostnaður við framkvæmd laga þessara greiðist úr ríkissjóði, eftir reikningi, er landbúnaðarráðherra samþykkir.

Ríkissjóður greiðir búnaðarsamböndunum 65 hundraðshluta af launum héraðsráðunauta, aðstoðarmanna og trúnaðarmanna, og skulu laun þeirra, sem sá hundraðshluti miðast við, samþykkt af landbúnaðarráðherra, að fengnum tillögum frá Búnaðarfélagi Íslands.

6. gr.

Í hverjum hreppi eða bæjarfélagi skal vera eitt búnaðarfélag. Heimilt er þó, að búnaðarfélag nái yfir stærra svæði en einn hrepp, enn fremur, að tvö búnaðarfélög séu í sama hreppi eða einstakir menn séu í búnaðarfélagi annars hrepps, ef sérstakar landfræðilegar ástæður eru fyrir hendi, enda samþykki stjórn Búnaðarfélags Íslands slík frávik.

Hreppabúnaðarfélögum er skylt að vera í búnaðarsambandi viðkomandi héraðs.

Stjórnnum búnaðarfélaga skal skylt að halda skýrslur og reikninga eftir því, sem stjórn Búnaðarfélags Íslands ákveður. Samrit af skýrslum þessum og reikningum skal senda til búnaðarsambandanna. Búnaðarsamböndin skulu árlega senda Búnaðarfélagi Íslands skýrslur um jarðræktarframkvæmdir innan síns umdæmis ásamt afriti af reikningum sínum.

Framlag ríkisins samkvæmt lögum þessum greiðist í þeirri röð, sem úttektarskýrslur berast, að því tilskildu, að kvittanir fyrir fyrra árs framlagi hafi borizt Búnaðarfélagi Íslands.

Hver sá, er njóta vill ríkisframlags samkvæmt lögum þessum, skal vera félagsmaður í búnaðarfélagi byggðarlagsins.

7. gr.

Ákvæði laga þessara um ríkisframlag til jarðræktar og húsabóta ná til:

1. Allra jarðeigna í landinu, er teljast lögbýli samkvæmt skilgreiningu ábúðarlaga nr. 36 29. marz 1961, I. kafla, 1. gr., að undanskildum þeim jörðum og jarðahlutum, er liggja innan skipulagssvæða kaupstaða, kauptúna, sjávar- og sveitaþorpum.
2. Nýbýla, sem stofnuð eru samkvæmt lögum nr. 75/1962, um stofnlánadeild landbúnaðarins, landnám, ræktun og byggingar í sveitum.
3. Allra ræktunarlóða í kaupstöðum, kauptúnum, sjávar- og sveitaþorpum, sem liggja utan takmarka skipulags byggingarlóða.
4. Félagsbundinna ræktunarframkvæmda, sem gerðar eru í þeim tilgangi að koma á fót eða efla sjálfstæðan búrekstur í sveit og við sjó, þar með talin bú, er bæjarfélög reka vegna nauðsynja bæjarins.

8. gr.

Ræktað land í lögum þessum telst: Tún, matjurtagarðar, akrar og véltækt og framræst áveituengi, sem liggja utan skipulagssvæða byggingarlóða í kaupstöðum, kauptúnum og sjávar- og sveitaþorpum.

Nú þykir nauðsynlegt að láta af hendi ræktað land til almennra þarfa. Skal þá ávallt leita umsagnar héraðsráðunautar, en að henni fenginni skal málið lagt fyrir bæjar- eða sveitarstjórn til fullnaðarúrskurðar.

9. gr.

Vegagerð og línulagnir um ræktað og ræktanlegt land skal háð þessum takmörkunum:

1. Þegar vegir eða línur eru lagðar um ræktað land, skal þess ávallt gætt að skerða ræktunina sem minnst og að verkið valdi eigi öðrum óþægindum við notkun landsins en þeim, er ekki verður hjá komizt, og skal þá ávallt leita álits héraðsráðunautar hér um.

2. Vega- og línustæði um ræktanlegt land séu valin þannig og þess gætt við lagningu, að það torveldi sem minnst framræslu landsins og notkun til ræktunar. Að öðru jöfnu skal þess ávallt gætt, að skurðir með vegum geti komið að sem beztum notum við þurrkun landsins. Skal þar, sem svo stendur á, undirbúningi verksins hagað í samráði við ráðunaut Búnaðarfélags Íslands eða héraðsráðunaut.

Þegar raflínur eða símalínur eru lagðar í jörð á ræktuðu eða ræktanlegu landi, skal línueigandi hafa samráð við ræktunarráðunaut og umráðamann lands um það, hvar línan er lögð, svo að staðsetning hennar geti verið sem haganlegust. Þegar línan hefur verið lögð, skal eigandi hennar láta merkja legu hennar ofanjarðar og afhenda oddvita eða sveitarstjóra uppdrátt af línustæðinu og upplýsingar um, hvernig það hefur verið merkt. Uppdrátturinn skal vera í tveimur eintökum, og heldur oddviti eða sveitarstjóri öðru, en afhendir umráðamanni lands hitt eintakið. Hafi þetta ekki verið gert, er eigi skylt að bæta línueiganda tjón, er verða kann á línu vegna ræktunarframkvæmda síðar.

Þegar ræktunarframkvæmdir standa fyrir dyrum í landi, þar sem raflínur eða símalínur liggja í jörð, skal umráðamaður lands snúa sér til ræktunarráðunautar, sem athugi á kortinu afstöðu til línanna, hvort hætta sé, að ræktunarframkvæmdir kunni að koma of nærri línunum og skemma þær, og ef svo er, skal hann tilkynna það línueiganda, strax og framkvæmd er áætluð. Skal línueigandi þá senda fulltrúa til að athuga alla aðstöðu á staðnum, eins fljótt og unnt er, og hafa samráð við ræktunarráðunaut og umráðamann lands um ráðstafanir til þess að komast hjá tjóni á línunni. Skal línueigandi bera eðlilegan kostnað við þær ráðstafanir. Náist ekki samkomulag um ráðstafanir eða kostnað við þær, sker gerðardómur úr.

Reynist nauðsynlegt, að dómi héraðsráðunautar eða ráðunautar Búnaðarfélags Íslands, að breyta, dýpka eða gera nýtt vegræsi vegna framræslu lands, skal kostnaður sá, er af því leiðir, greiddur af vegagerðaraðila (**ríki, sýslu** eða einstaklingi) að $\frac{3}{4}$ hlutum.

3. Vegagerðaraðilar skulu haga framkvæmdum sínum þannig, að ræktanlegu landi sé ekki eytt að óþörfu og af vegagerðinni stafi eigi eyðingarhætta lands vegna jarðfoks, landbrots og þ. l. Enn fremur skal lagfæra og dreifa grasfræi og áburði í sár þau, sem myndast á grónu landi vegna vegagerðar. Náist eigi samkomulag milli hlutaðeigandi aðila um framangreind atriði, sker gerðardómur, skipaður þrem mönnum, úr ágreiningi. Sé einn tilnefndur af Búnaðarfélagi Íslands, annar af hlutaðeigandi ráðuneyti, en oddamaðinn tilnefndur sýslumaður í þeirri sýslu, þar sem ágreiningur hefur orðið.

II. KAFLI

Um ríkisframlag til jarðræktar og húsabóta.

10. gr.

Til framkvæmda þeirra í jarðrækt og húsabótum, sem taldar eru í þessari grein, skal greiða framlag úr ríkissjóði sem hér segir (sbr. þó 14. gr.):

I. Framræsla vegna tún-, akur- eða engjaræktar (handgröftur):

a. Skurðir, handgráfnir	kr.	12.00	pr. m ³
b. Hnausræsi	—	9.00	— —
c. Önnur ræsi (viðar-, grjót- og pípuræsi)	—	15.00	— —

II. Framræsla vegna tún-, akur-, engja- og hagaræktar (vélgröftur):

- a. Skurðir, vélgrafnir, 70% kostnaðar við gröft skurðanna, en hann telst þessi: Leiga greidd Vélasjóði eða öðrum aðila, viðgerðarkostnaður, sem ekki er innifalinn í leigunni, vírar, hlerar og oliur og mannhald, eftir því, sem er ákveðið eða samþykkt af stjórn Búnaðarfélags Íslands.

Ákvæðisvinna skal viðhöfð við skurðgröft, þar sem því verður við komið. Ríkisframlag á vélgröfuskurði, sem ræktunarsambönd, búnaðarfélög eða einstaklingar láta grafa með eigin vélum eða leiguvélum, greiðist ekki á hærri kostnað en þann, sem Búnaðarfélag Íslands telur eðlilegan á viðkomandi ræktunarsvæði, enda leiti það upplýsinga um kostnað hjá Landnámi ríkisins og Vélasjóði.

- b. Plógræsi — 1.20 — m

III. Jarðrækt:

- a. Frumvinnsla lands vegna grænófóðurs- og kornræktar kr. 800.00 pr. ha.
 b. Túnrækt á söndum — 1100.00 — —
 c. Túnrækt á vallendi, móum og melum — 1500.00 — —
 d. Túnrækt á þurrkuðu mýrlendi — 2900.00 — —
 e. Endurvinnsla túna vegna kals eða þýfis. Héraðsráðunautur skal samþykkja endurvinnsluna hverju sinni, áður en verkið er hafið. Framlag til endurvinnslu þýfis greiðist því aðeins, að minnst 15 ár séu liðin frá síðustu vinnslu — 1225.00 — —

Þau býli, sem hafa minna en 25 ha. vélfært tún, skulu njóta viðbótarframlags frá og með árinu 1964—1974, er nemi 1500.00 krónum á ha. samkv. stafliðum b, c, d, e. Enn fremur skulu þau býli, þar sem ræsa þarf land til ræktunar, en eigi er unnt eða heppilegt að dómi Búnaðarfélags Íslands að nota vélgröfu til framræslunnar, njóta 18.00 kr. viðbótarframlags á hvern m³ handgrafinna skurða.

- IV. Grjótnám úr ræktunarlandi, þar sem grjót er ekki seljanlegt — 25.00 — m³

V. Girðingar um ræktunarlönd með föstum horn- og hliðstólpum, og sé eigi meira en 4 m bil á milli jarðfastra staura:

- a. Sex strengja gaddavirsgirðingar úr nýju og óskemmdu efni, og sé jafnað í lægðir eða jafngildi þeirra um vörn og varanleik, ef um vírnetsgirðingar er að ræða .. — 4.00 — m
 b. Fimm strengja gaddavirsgirðingar úr nýju og óskemmdu efni á skurðbakka eða með undirhleðslu .. — 3.50 — —
 c. Fjögurra strengja gaddavirsgirðing, að öðru leyti eins og undir staflið b. — 2.70 — —
 b. Þriggja strengja gaddavirsgirðing, að öðru leyti eins og undir staflið b. — 2.00 — —

VI. Áburðargeymslur:

- a. Safnþrær, alsteyptar — 93.00 — m³
 b. Áburðarhús, haugstæði og kjallalarar, steypt — 41.00 — —

VII. Heyhlöður og garðávaxtageymslur:

a. Þurrheyshlöður úr varanlegu efni	—	24.00	—	—
b. Votheyshlöður úr varanlegu efni	—	60.00	—	—
c. Garðávaxtageymslur, steyptar með þaki úr varanlegu efni	—	55.00	—	—
d. Súgþurrkunarkerfi í þurrheyshlöður miðað við gólf-flöt og blásara	—	120.00	—	m ²
e. Súgþurrkunarkerfi án blásara	—	96.00	—	—

Framlag á vélgrafna skurði greiðist því aðeins, að fullnægt sé ákvæðum 22. og 23. gr. þessara laga.

Framlag á jarðabætur greiðist því aðeins, að þær séu teknar út eigi síðar en á næsta ári, eftir að þær eru fullgerðar.

Jarðræktarframlag greiðist því aðeins, að landið sé fullunnið og jafnað og nægilega þurrt að dómi héraðsráðunautar, og að grasfræi eða akurjurtum hafi verið sáð í landið, eða það sé fullgróið túngróðri sem sjálfgræðslu.

Byggingar þær, er framlag er veitt til, skulu gerðar eftir teikningum, sem Teiknistofa landbúnaðarins viðurkennir.

Greiðsla jarðabótaframlags er bundin því skilyrði, að ræktunarsamband eða félag það, sem jarðabótamenn eru félagar í, hafi gert Búnaðarfélagi Íslands full reikningsskil fyrir síðastliðið ár og greitt lögboðið gjald í fyrningarsjóð, sbr. lög um jarðræktar- og húsagerðarsamþykktir í sveitum. Hafi jarðabætur þær, sem framlag er veitt á að því sinni, verið unnar að öllu eða einhverju leyti með vélum og verkfærum, sem voru á vegum hlutaðeigandi ræktunarsambands eða félags, er sambandinu heimilt að halda eftir af jarðræktarframlaginu til greiðslu á vinnuskuldum.

11. gr.

Á framlög þau, er ákveðin eru í 10. og 15. gr. þessara laga, skal greiða verðlagsuppbót samkvæmt vísitölu, er sýni breytingar á tilkostnaði framkvæmda frá meðalkostnaði þeirra á árinu 1964. Hagstofa Íslands ákveður grundvöll vísitölu þessarar í samráði við Búnaðarfélag Íslands, landnámsstjóra og Teiknistofu landbúnaðarins, og reiknar Hagstofa Íslands hana síðan árlega miðað við meðalkostnað hvers árs.

4. Kleppjárnshérað: Andakílhreppur, Skorradalshreppur, Lundarreykjadalshreppur, Reykholtaldalshreppur, Hálsahreppur, Hvítársíðuhreppur, Þverárhliðarhreppur, Norðurárdalshreppur og Stafholtstungnahreppur. Læknissetur á Kleppjárnshéraði;
5. Borgarneshérað: Borgarhreppur, Borgarneshreppur, Álftaneshreppur, Hraunhreppur, Kolbeinsstaðahreppur og Eyjahreppur. Læknissetur í Borgarnesi;
6. Ólafsvíkurbérað: Staðarsveit, Breiðavíkurbrekkur, Neshreppur, Ólafsvíkurbrekkur og Fróðárhreppur. Læknissetur í Ólafsvík;

7. Stykkishólmsþérad: Miklaholtshreppur, Eyrarsveit, Helgafellssveit, Stykkishólmsþreppur og Skógarstrandhreppur. Læknissetur í Stykkishólmi;
8. Búðardalshérad: Hörðudalshreppur, Miðdalshreppur, Haukadalsþreppur, Laxárdalshreppur, Hvammsþreppur, Fellsstrandhreppur, Klofningsþreppur, Skarðshreppur og Saurbæjarþreppur. Læknissetur í Búðardal;
9. Reykhólahérad: Geiradalshreppur, Reykhólahreppur, Gufudalshreppur, Múlahreppur og Flateyjarþreppur. Læknissetur á Reykhólum;
10. Patreksfjarðarhérad: Barðastrandhreppur, Rauðasandshreppur, Patreksþreppur og Tálknafjarðarþreppur. Læknissetur á Patreksfirði;
11. Bíldudalshérad: Ketildalshreppur, Suðurfjarðahreppur og Auðkúluþreppur. Læknissetur á Bíldudal;
12. Þingeyrarhérad: Þingeyrarþreppur og Mýrahreppur. Læknissetur á Þingeyri;
13. Flateyrahérad: Mosvallahreppur og Flateyrahreppur. Læknissetur á Flateyri;
14. Suðureyrahérad: Suðureyrahreppur. Læknissetur á Suðureyri;
15. Bolungarvíkurhérad: Hólshreppur. Læknissetur í Bolungarvík;
16. Ísafjarðarhérad: Ísafjarðarkaupstaður og Eyrarþreppur. Læknissetur á Ísafirði;
17. Súðavíkurhérad: Súðavíkurþreppur, Ógurþreppur, Reykjarfjarðarþreppur, Nauteyrarþreppur, Snæfjallahreppur, Grunnavíkurþreppur og Sléttuþreppur. Læknissetur í Súðavík;
18. Hólmavíkurhérad: Kaldrananeshreppur, Hrófbergshreppur, Hólmavíkurþreppur, Kirkjubólshreppur, Fellshreppur, Óspakseyrarþreppur og Árneshreppur. Læknissetur á Hólmavík;
19. Hvammstangahérad: Bæjarþreppur, Staðarþreppur, Fremri-Torfustaðahreppur, Ytri-Torfustaðahreppur, Hvammstangahreppur, Kirkjuhvammsþreppur, Þverarþreppur og Þorkelshólshreppur. Læknissetur á Hvammstanga;
20. Blönduóshérad: Áshreppur, Sveinsstaðahreppur, Torfalækjarþreppur, Blönduóshreppur, Svinavatnshreppur, Bólstaðarhlíðarþreppur, Engihlíðarþreppur og Vindhælishreppur. Læknissetur á Blönduósi;
21. Höfðahérad: Höfðahreppur og Skagahreppur. Læknissetur í Höfðakaupstað;
22. Sauðárkrókshérad: Skefilsstaðahreppur, Skarðshreppur, Sauðárkrókskaupstaður, Staðarþreppur, Seiluþreppur, Lýtingsstaðahreppur, Akrahreppur og Rípurþreppur. Læknissetur á Sauðárkróki;
23. Hofsóshérad: Viðvíkurþreppur, Hólahreppur, Hofshreppur, Hofsóshreppur, Fellshreppur, Haganeshreppur og Holtshreppur. Læknissetur á Hofsósi;
24. Siglufjarðarhérad: Siglufjarðarkaupstaður og Grimseyjarþreppur. Læknissetur á Siglufirði;
25. Ólafsfjarðarhérad: Ólafsfjarðarkaupstaður. Læknissetur í Ólafsfirði;
26. Dalvíkurhérad: Hríseyjarþreppur, Dalvíkurþreppur, Svarfaðardalshreppur og Árskógshreppur. Læknissetur á Dalvík;
27. Akureyrahérad: Arnarneshreppur, Skriðuþreppur, Öxnadalshreppur, Glæsi-bæjarþreppur, Akureyrarkaupstaður, Hrafnagilshreppur, Saurbæjarþreppur, Öngulsstaðahreppur og Svalbarðsstrandarþreppur. Læknissetur á Akureyri;
28. Grenivíkurhérad: Grýtubakkahreppur og Hálishreppur. Læknissetur á Grenivík;
29. Breiðumýrahérad: Ljósavatnshreppur, Bárðdælahreppur, Skútustaðahreppur og Reykdælahreppur. Læknissetur á Breiðumýri;
30. Húsavíkurhérad: Aðaldælahreppur, Reykjahreppur, Húsavíkurkaupstaður, Tjörneshreppur og Flateyjarþreppur. Læknissetur á Húsavík;
31. Kópaskershérad: Kelduneshreppur, Öxarfjarðarþreppur, Fjallahreppur og Presthólahreppur. Læknissetur á Kópaskeri;
32. Raufarhafnarhérad: Raufarhafnarþreppur. Læknissetur á Raufarhöfn;
33. Þórshafnarhérad: Svalbarðshreppur, Þórshafnarþreppur, Sauðaneshreppur og Skeggjastaðahreppur. Læknissetur á Þórshöfn;

34. Vopnafjarðarhérað: Vopnafjarðarhreppur. Læknissetur á Vopnafirði;
35. Norður-Egilsstaðahérað: Hlíðarhreppur, Jökuldalshreppur, Hróarstunguhreppur, Fellahreppur og Fljótaldalshreppur. Læknissetur á Egilsstöðum;
36. Austur-Egilsstaðahérað: Eiðahreppur, Vallahreppur, Egilsstaðahreppur, Skriðdalshreppur og Hjaltastaðahreppur. Læknissetur á Egilsstöðum;
37. Bakkagerðishérað: Borgarfjarðarhreppur. Læknissetur í Bakkagerði;
38. Seyðisfjarðarhérað: Loðmundarfjarðarhreppur, Seyðisfjarðarhreppur og Seyðisfjarðarkaupstaður. Læknissetur á Seyðisfirði;
39. Neshérað: Mjóafjarðarhreppur, Neskaupstaður og Norðfjarðarhreppur. Læknissetur í Neskaupstað;
40. Eskifjarðarhérað: Helgustaðahreppur, Eskifjarðarhreppur, Reyðarfjarðarhreppur og suðurbyggð Reyðarfjarðar. Læknissetur á Eskifirði;
41. Búðahérað: Fáskrúðsfjarðarhreppur, að undantekinni suðurbyggð Reyðarfjarðar, Búðahreppur og Stöðvarhreppur. Læknissetur í Búðum;
42. Djúpvogshérað: Breiðdalshreppur, Beruneshreppur, Búlandshreppur og Geithellnahreppur. Læknissetur á Djúpvogum;
43. Hafnarhérað: Bæjarhreppur, Hafnarhreppur, Nesjahreppur, Mýrahreppur, Borgarhafnarhreppur og Hofshreppur. Læknissetur á Höfn;
44. Kirkjubæjarhérað: Hörgslandshreppur, Kirkjubæjarhreppur, Skaftártunguhreppur, Leiðvallahreppur og Álftavershreppur. Læknissetur á Kirkjubæjarklaustri;
45. Víkurhérað: Hvammshreppur, Dyrhólahreppur og Austur-Eyjafjallahreppur. Læknissetur í Vík;
46. Vestmannaeyjahérað: Vestmannaeyjakaupstaður. Læknissetur í Vestmannaeyjum;
47. Hvolshérað: Vestur-Eyjafjallahreppur, Austur-Landeyjahreppur, Vestur-Landeyjahreppur, Fljótshlíðarhreppur og Hvolhreppur. Læknissetur á Stórólshvoli;
48. Helluhérað: Rangárvallahreppur, Landmannahreppur, Holtahreppur, Ásahreppur og Djúparhreppur. Læknissetur á Hellu;
49. Laugaráshérað: Skeiðahreppur, Gnúpverjahreppur, Hrunamannahreppur, Biskupstungnahreppur, Laugardalshreppur og Grímsneshreppur. Læknissetur í Laugarási;
50. Selfosshérað: Villingaholtshreppur, Hraungerðishreppur, Gaulverjabæjarhreppur, Sandvíkurhreppur, Selfosshreppur og Grafningshreppur. Læknissetur á Selfossi;
51. Eyrarbakkahérað: Stokkseyrarhreppur og Eyrarbakkahreppur. Læknissetur á Eyrarbakka;
52. Hveragerðishérað: Ölfushreppur, Hveragerðishreppur og Selvogshreppur. Læknissetur í Hveragerði;
53. Keflavíkurhérað: Grindavíkurhreppur, Hafnahreppur, Miðneshreppur, Gerðahreppur, Keflavíkurkaupstaður og Njarðvíkurhreppur. Læknissetur í Keflavík;
54. Hafnarfjarðarhérað: Vatnsleysustrandarhreppur, Hafnarfjarðarkaupstaður, Garðahreppur og Bessastaðahreppur. Læknissetur í Hafnarfirði;
55. Kópavogshérað: Kópavogskaupstaður. Læknissetur í Kópavogi.

Heimilt skal að ráða, þegar á þarf að halda að dómi landlæknis, einn lækni með ótiltekinni búsetu til að veita neyðarlæknisþjónustu í læknilausum héruðum á hvern þann hátt, er við verður komið vegna staðhátta og annarra aðstæðna.

2. gr.

Í eftirgreindum læknishéruðum eiga íbúar einstakra hreppa og hreppshluta jöfnum höndum rétt á að vitja héraðslæknis í nágrannahéraði, eins og hér greinir:

1. Búðardalshérað: íbúar Skarðshrepps og íbúar Klofningshrepps til Stykkishólms;
2. Stykkishólmshérað: íbúar Miklaholtshrepps til Borgarness;
3. Reykhólahérað: íbúar Flateyjarhrepps til Stykkishólms;
4. Bíldudalshérað: íbúar Auðkúluhrepps til Þingeyrar;
5. Þingeyrarhérað: íbúar Ingjaldssands til Flateyrar;
6. Súðavíkurhérað: íbúar héraðsins utan Súðavíkurhrepps til Ísafjarðar;
7. Blönduóshérað: íbúar Vindhælishrepps utan Hafursstaðaár til Höfðakaupstaðar;
8. Siglufjarðarhérað: íbúar Grímseyjar til Húsavíkur og Akureyrar;
9. Grenivíkurhérað: íbúar og Illugastaðasókna í Hálshreppi til Akureyrar;
10. Breiðumýrarhérað: íbúar Ljósavatnshrepps neðan Þóroddsstaðar til Húsavíkur;
11. Kópaskershérað: íbúar Presthólahrepps austan Blikalóns til Raufarhafnar;
12. Þórshafnarhérað: íbúar Svalbarðshrepps norðan Hálsa til Raufarhafnar;
13. Hafnarhérað: íbúar Hofshrepps til Kirkjubæjarklausturs;
14. Kirkjubæjarhérað: íbúar Álftavershrepps til Víkur;
15. Víkurhérað: íbúar Austur-Eyjafjallahrepps til Stórólshvols;
16. Helluhérað: íbúar Rangárvallahrepps sunnan Þverár til Stórólshvols.

Í hverju einstöku tilfelli á hlutaðeigandi forgangsrétt til þjónustu af hendi þess héraðslæknis, sem greiðast er að ná til.

3. gr.

Ráðherra getur, eftir tillögu landlæknis, leyft héraðslækni að sitja annars staðar en á lögskipuðu læknissetri og, ef nauðsyn krefur, utan héraðs.

4. gr.

Nú tekst ekki í eitt ár að fá héraðslækni skipaðan í eitthvert læknishérað samkvæmt 1. gr., þó að það hafi verið auglýst minnst þrisvar, og er þá heimilt að sameina héraðið því nágrannahéraði, sem bezt hentar, ef staðhættir annars leyfa slíka sameiningu, enda verði læknir skipaður til starfa í hinu sameinaða læknishéraði ásamt héraðslækni þeim, sem starfar þar fyrir.

Þar sem staðhættir leyfa, má sameina fleiri læknishéruð, þegar svo stendur á, sem um ræðir í 1. mgr., enda verði að jafnaði skipaður læknir til viðbótar fyrir hvert hérað, sem sameinað er.

Ráðherra setur með reglugerð nánari ákvæði um læknamiðstöðvar, sem upp kunna að rísa samkvæmt ákvæðum þessarar greinar.

5. gr.

Forseti skipar landlækni og héraðslækna.

Reykjavíkurhéraði gegnir borgarlæknir, ráðinn af borgarstjórn, en skipaður af forseta. Áður en borgarlæknir er ráðinn, skal leita umsagnar ráðherra um umsækjendur.

Landlæknir og héraðslæknar taka laun samkvæmt hinu almenna launakerfi starfsmanna ríkisins. Borgarlæknir í Reykjavík tekur laun úr borgarsjóði. Þegar nauðsyn krefur, er héraðslækni skylt að taka við skipun um að annast, ásamt þjónustu héraðs síns, þjónustu nágrannalæknishéraðs gegn hálfum byrjunarlaunum þess héraðs.

Um skipun (ráðningu) annarra embættislækna og lækna ríkisstofnana fer eftir sérstökum lögum og venjum þar að lútandi.

Við veitingu héraðslæknaembætta skal sá umsækjandi, sem hefur lengstan starfsaldur sem héraðslæknir, að öðru jöfnu sitja fyrir öðrum umsækjendum um stöðuna.

6. gr.

Í eftirtöldum héruðum skal greiða héraðslækni staðaruppbót á laun, er nemi hálfum launum í hlutaðeigandi héraði: Búðardalshéraði, Reykhólahéraði, Bildudalshéraði, Þingeyrarhéraði, Flateyrarhéraði, Suðureyrarhéraði, Hólmavíkurhéraði, Ólafsfjarðarhéraði, Kópaskershéraði, Raufarhafnarhéraði, Þórshafnarhéraði, Vopnafjarðarhéraði, Norður-Egilsstaðahéraði, Austur-Egilsstaðahéraði, Bakka-gerðishéraði, Búðahéraði, Djúpvogshéraði, Hafnarhéraði, Kirkjubæjarhéraði og Víkurhéraði.

Nú hefur héraðslæknir setið samfleytt 5 ár í einhverju þeirra héraða, er um ræðir í 1. mgr., og á hann þá rétt á að hljóta, án skuldbindingar um áframhaldandi héraðslæknisþjónustu, eins árs frí með fullum launum til framhaldsnáms hér á landi eða erlendis og að fá greiddan úr ríkissjóði fargjaldakostnað fyrir sig og fjölskyldu sína að heiman og til þess lands í Evrópu eða Norður-Ameríku, þar sem hann hyggst stunda námið. Að ársleyfi loknu skal hann eiga rétt á að fá greiddan á sama hátt fargjaldakostnað heim til Íslands aftur, enda skuldbindi hann sig þá til að gegna áfram héraðslæknisstörfum. Eftir þriggja ára samfellda setu á hann þó rétt á að hljóta slíkt frí með sömu kjörum, en gegn skuldbindingu um að gegna áfram héraðslæknisstörfum eigi skemur en 2 ár að ársleyfi loknu. Ráðherra getur, ef nauðsyn krefur, takmarkað tölu þeirra, sem orðið geta aðnjótandi réttinda á einu og sama ári samkvæmt þessari málsgrein. Ráðherra er einnig heimilt að veita héraðslækni frí öðru sinni með sömu skilyrðum og að framan greinir, ef sérstakar ástæður eru fyrir hendi. Nánari ákvæði um framkvæmd framangreindra atriða skulu sett í reglugerð.

Við embættaveitingar eða ráðningar í stöður við heilbrigðisstofnanir ríkisins eða héraðslæknisembætti skal embættis-(starfs-)aldur héraðslæknis í héruðum þeim, sem um ræðir í 1. mgr., teljast 5 ár fyrir hver 3 ár, sem hann hefur gegnt héraðinu.

Ráðherra þeim, er fer með heilbrigðismál, skal heimilt, samkvæmt tillögu landlæknis, að láta auk þessa 5 ótiltekin læknishéruð njóta framantalinna hlunninda, eftir að þau hafa verið auglýst þrisvar í röð, án þess að læknir fáiast þangað.

7. gr.

Heimilt er að greiða úr ríkissjóði fjárhæð, sem svarar árslaunum 8 aðstoðarlækna héraðslækna. Þjónustu þeirra skulu njóta:

- a) allir héraðslæknar, meðan þeir eru í orlofi eða forfallaðir sökum veikinda eða slysa samkvæmt ákvæðum um orlof og veikindaforföll opinberra starfsmanna,
- b) héraðslæknar í fjölmönnum kaupstaðarhéruðum,
- c) héraðslæknar í fjölmönnum eða erfiðum læknishéruðum utan kaupstaða, þar sem annar læknir starfar ekki, og
- d) héraðslæknar, sem vilja afla sér aukinnar menntunar til héraðslæknisstarfa, þó ekki þegar um er að ræða námsdvöl samkvæmt 2. mgr. 6. gr.

Hlutaðeigandi héraðslæknar ráða sér aðstoðarlækna samkvæmt þessari grein í samráði við landlækni, en ráðherra staðfestir ráðningu þeirra.

8. gr.

Um greiðslu fyrir störf héraðslækna fer sem hér segir:

1. Embættislaun héraðslækna skulu greidd fyrir embættisstörf, en til slíkra starfa telst einkum: Samfelld gegningarskylda læknis í héraði, öll tilskilin skýrslugerð, sóttvarnir, ónæmisáðgerðir, berklapróf, almennt heilbrigðiseftirlit, svo sem með vatnsbólum, fráræslu, húsakynnum, þrifnaði, matvælum, aðbúnaði í verksmíðjum og á öðrum vinnustöðum og ýmislegt fleira, er fellur undir starfssvið heilbrigðisnefnda eða tekið er fram í erindisbréfi héraðslækna.

2. Fyrir störf í þágu sjúkrasamlaga og annarra greina almannatrygginga fari greiðsla eftir gjaldskrá, sem landlæknir semur og ráðherra staðfestir, eða samning-

um, er stéttarfélag lækna eiga annars vegar hlut að fyrir hönd lækna, en sjúkra-samlög eða Tryggingastofnun ríkisins hins vegar.

3. Fyrir störf, önnur en embættisstörf, í þágu ríkis, sveitarfélaga og opinberra stofnana fari greiðsla eftir sömu reglum og þá er sjúkrasamlög eða aðrar greinar almannatrygginga eiga í hlut.

4. Fyrir störf í þágu annarra en almannatrygginga, ríkis, sveitarfélaga og op-inberra stofnana fari greiðsla eftir reglum, er stéttarfélag lækna setja og birta al-menningi. Nú eru slíkar reglur ekki birtar, og mega þá læknar, er í hlut eiga, ekki krefjast hærri greiðslu en þá er almannatryggingar eiga í hlut.

Verði héraðslæknir að takast ferð á hendur til þess að leysa af hendi störf sín í þarfir hins opinbera eða einstakra manna, ber að sjá honum fyrir öruggum flutn-ingi ókeypis og svo beina leið, sem hægt er, frá og til heimilis hans.

9. gr.

Heimilt er að greiða úr ríkissjóði $\frac{2}{3}$ launa handa allt að sex hjúkrunarkonum til starfa í læknishéruðum. Hlutaðeigandi sveitarstjórn eða sveitarstjórnir ráða hér-aðshjúkrunarkonur með ráði hlutaðeigandi héraðslæknis og í samráði við landlækni, en ráðherra staðfestir ráðningu þeirra.

Ráðherra setur héraðshjúkrunarkonum erindisbréf.

10. gr.

Landlæknir er ráðunautur ráðherra um allt það, er varðar heilbrigðismál, og annast framkvæmdir þeirra mála fyrir hönd ráðherra samkvæmt lögum, reglum og venjum, er þar um gilda. Hann hefur eftirlit með öllum læknum og heilbrigðis-starfsmönnum, en einkum héraðslæknum (í Reykjavík borgarlækni), öðrum embættislæknum og opinberum heilbrigðisstarfsmönnum.

Landlæknir skipuleggur skýrslugerðir héraðslækna (í Reykjavík borgarlæknis), annarra lækna og heilbrigðisstofnana, innheimtir fyrirskipaðar skýrslur frá þess-um aðilum og annast útgáfu heilbrigðisskýrslna landsins.

11. gr.

Héraðslæknar (í Reykjavík borgarlæknir) hafa, hver innan síns héraðs, eftirlit með heilbrigðismálum og annast þar framkvæmdir opinberra heilbrigðisráðstafana samkvæmt lögum og fyrir mælum ráðherra og undir eftirliti landlæknis.

Héraðslæknar stunda almennar lækningar hver í sínu héraði, annast lyfjasölu, þar sem er ekki sérstök lyfjabúð, og eru skyldir til að gegna aðkallandi sjúkravítj-unum, hvenær sem þess er leitað, nema þeir séu hindraðir af öðrum embættis-störfum, sem eru meira aðkallandi, eða sjálfir sjúkir. Með þátttöku í læknaverði geta þeir og leyst sig undan gegningarskyldu á nánara tilteknum tímum.

Borgarlækni í Reykjavík er ekki skylt að sinna almennum lækningum. Í fjöl-mennum kaupstaðarhéruðum, þar sem er nægur fjöldi starfandi lækna, má ráðherra heimila héraðslækni að takmarka að meira eða minna leyti störf sín að almennum lækningum.

Nú er héraðslæknis vitjað úr öðru læknishéraði en sínu héraði til konu í barnsnað eða í annarri mjög brýnni nauðsyn, fyrir þá sök að hægara er að ná til hans en hlutaðeigandi héraðslæknis, og er honum þá jafnskyllt að vitja sjúklings-ins sem héraðsbúi hans ætti í hlut.

Héraðslæknar (í Reykjavík borgarlæknir) mega ekki, nema með sérstöku leyfi ráðherra, takast á hendur önnur föst, launuð störf en þau, er við koma embættis-störfum þeirra. Héraðslæknir má veita forstöðu eða starfa við almennt sjúkrahús við hæfi héraðs síns, en ekki gegna viðtækari sjúkrahúslæknisstörfum nema með sérstöku leyfi ráðherra.

Ráðherra setur héraðslæknum og aðstoðarlæknum héraðslækna erindisbréf og kvæður þar nánara á um skyldur þeirra og réttindi.

Borgarstjórn setur borgarlækni í Reykjavík erindisbréf, sem ráðherra staðfestir.

Um verksvið annarra embættislækna og lækna ríkisstofnana fer eftir sérstökum lögum og venjum þar að lútandi.

12. gr.

Nú sezt starfandi læknir að í læknishéraði, þar sem er ekki sérstök lyfjabúð, eða þar í héraði, sem langt er til lyfjabúðar að sækja, og fer þá um lyfjaafgreiðslu til sjúklinga hans eftir því, sem segir í 42. gr. lyfsölulaga, nr. 30 29. apríl 1963.

13. gr.

Heimilt skal, samkvæmt tillögum landlæknis, að fenginni umsögn læknadeildar Háskóla Íslands, að veita á ári hverju læknastúdentum ríkislán til náms gegn skuldbindingu um læknisþjónustu í héraði að afloknu námi. Engum má þó veita slíkt námslán, fyrr en hann hefur staðizt fyrsta hluta embættisprófs. Nánari ákvæði um námslán þessi skal setja í reglugerð.

14. gr.

Stofna skal sjóð, er nefnist Bifreiðalánasjóður héraðslækna.

Heimilt skal að lána héraðslæknum fé úr sjóðnum til bifreiðakaupa.

Þeir læknar einir, sem eru að hefja héraðslæknisstörf og skuldbinda sig til þess að sitja minnst eitt ár í héraði, eiga rétt til lántöku úr sjóðnum.

Ríkissjóður leggur sjóðnum 1 milljón króna stofnfé.

Ákvæði um stjórn sjóðsins, lánsfjárhæð og lánskilyrði skal setja í reglugerð.

15. gr.

Heimilt er, að fengnum tillögum landlæknis, að greiða úr ríkissjóði allt að helmingi kostnaðar við nauðsynleg lækningatæki og útbúnað í lækningastofu héraðslæknis í fámennum læknishéruðum, gegn jafnmiklu framlagi frá læknishéraðinu.

16. gr.

Ríkisstjórninni er heimilt, til viðbótar heimildum, sem fyrir eru, að greiða allt að 300 þús. kr. árlega til þess að bæta læknisþjónustu í þeim héruðum, þar sem mestra úrbóta er þörf að dómi landlæknis.

17. gr.

Héraðslæknar þeir, sem nú eru í embættum, verða endurgjaldslaust að sætta sig við þær breytingar, sem verða á héruðum þeirra eða embættum eftir lögum þessum.

18. gr.

Ráðherra setur með reglugerð nánari ákvæði um framkvæmd laga þessara.

19. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi. Jafnframt eru felld úr gildi læknaskipunarlög, nr. 16 9. apríl 1955, og lög nr. 45 21. apríl 1962, um breyting á þeim lögum.

Ákvæði til bráðabirgða.

1. Áður en núverandi Flateyjarhérað og Djúpavíkurhérað, sem sameina skal öðrum héruðum samkvæmt 1. gr., verða lögð niður og sameinuð öðrum læknishéruðum, skulu þau auglýst laus til umsóknar þrisvar í röð með sömu kjörum og læknar njóta í læknishéruðum þeim, sem um ræðir í 6. gr.

2. Ákvæði 6. gr., 2. mgr. laga þessara koma fyrst til framkvæmda tveimur árum eftir gildistöku þeirra.

Gjört í Reykjavík, 12. maí 1965.

Ásgeir Ásgeirsson.

(L. S.)

Jóhann Hafstein.

Nr. 44.

21. apríl 1965.

L Ö G

um breyting á lögum nr. 42 15. júní 1926, um skipströnd og vogrek.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallizt á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Í stað orðanna „yfir 200 kr.“ í 2. málsg. 24. gr. laganna komi: yfir 5000 kr.

2. gr.

Í stað orðanna „nemur 500 kr.“ í 1. málsg. 25. gr. laganna komi: nemur 12000 kr.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört að Bessastöðum, 21. apríl 1965.

Ásgeir Ásgeirsson.

(L. S.)

Jóhann Hafstein.

L Ö G

um eftirlit með útlendingum.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallizt á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Heimilt er dómsmálaráðherra að ákveða með reglugerð, að útlendingar, sem koma til landsins eða fara þaðan, skuli hafa vegabréf eða önnur kennivottorð.

Dómsmálaráðherra getur kveðið á um, hvort í vegabréfi (kennivottorði) skuli vera áritun (visum) um heimild til að koma til landsins.

Samkvæmt reglum, sem dómsmálaráðherra setur, má gefa út sérstök ferðaskilríki handa útlendingi, sem eigi getur með öðrum hætti aflað sér vegabréfs eða annars kennivottorðs.

2. gr.

Hver sá, sem kemur til landsins eða fer þaðan, er skyldur til, samkvæmt reglum, sem dómsmálaráðherra setur, að gefa sig fram við vegabréfaeftirlitið, sýna vegabréf sitt eða annað kennivottorð og veita þær upplýsingar, sem nauðsynlegar eru.

Stjórnendur skipa og loftfara eru skyldir til að fara eftir reglum um framkvæmd vegabréfaskoðunar.

3. gr.

Útlending, er kemur hingað á íslenzku eða erlendu skipi eða loftfari og heyrir til áhöfn skipsins eða loftfarsins, má eigi afskrá, nema með leyfi dómsmálaráðherra. Stjórnandi farartækisins ber ábyrgð á, að afskráning fari ekki fram án leyfis. Ef ætlunin er að skrá útlending á íslenzkt eða erlent skip eða loftfar hér á landi, ber tafarlaust að tilkynna það lögreglunni. Stjórnandi farartækisins skal ganga úr skugga um, hvort útlendingurinn hafi nauðsynlegt atvinnuleyfi.

Skipstjóri, útgerðarmaður eða umboðsmaður hans hér á landi eru skyldir til að endurgreiða þann kostnað, sem brot á framangreindum reglum kann að valda hinu opinbera vegna ólöglegar dvalar útlendingans og heimsendingar hans, svo og kostnað vegna heimsendingar skipverja, sem strokið hefur í land eða orðið þar eftir, eða flutning hans um borð í skipið aftur. Dómsmálaráðherra getur sett reglur um skyldur skipstjóra, útgerðarmanns eða umboðsmanns hans hér á landi til að endurgreiða kostnað, er fallið hefir á hið opinbera vegna dvalar laumufarþega hér á landi og heimsendingar þeirra.

Reglur 2. málsg. gilda, eftir því sem við á, um flugstjóra, flugfélög eða umboðsmenn þeirra hér á landi.

4. gr.

Dómsmálaráðherra veitir leyfi þau, sem þarf til landgöngu og dvalar samkvæmt lögum þessum. Hann getur veitt lögreglustjórum heimild til útgáfu slíkra leyfa, svo og sendiherrum og ræðismönnum Íslands erlendis.

5. gr.

Útlendingar, sem þurfa sérstaka heimild til landgöngu samkv. ákvæðum 2. málsg. 1. gr. (visum), mega ekki dvelja hér lengur en vegabréfsáritun segir til um, nema sérstakt leyfi komi til.

Öðrum útlendingum er óheimilt án sérstaks leyfis að dvelja hér á landi lengur en þrjá mánuði í senn, frá því að þeir koma til Íslands, Danmerkur, Finnlands,

Noregs eða Svíþjóðar frá einhverju öðru landi. Draga ber frá nefndu þriggja mánaða tímabili þann tíma, er nemur dvöl útlendingsins í framangreindum löndum á síðustu sex mánuðum fyrir seinustu komu hans hingað. Ef sá tími samanlagður er lengri en þrjú mánuðir, er landganga óheimil án sérstaks leyfis.

Nú hefir útlendingur, sem 2. málsgr. tekur til, hlotið dvalarleyfi í Danmörku, Finnlandi, Noregi eða Svíþjóð, og skal honum þá heimilt, meðan það leyfi er í gildi, að dvelja hér á landi án sérstaks leyfis í allt að þrjú mánuði frá komudegi að telja. Frá þriggja mánaða tímabilinu ber þó að draga þann tíma, sem útlendingur hefir dvalið hér á síðustu sex mánuðum fyrir seinustu komu hans hingað. Nemi sú dvöl meiru en þremur mánuðum, þarf útlendingurinn sérstakt leyfi til landgöngu.

6. gr.

Um rétt útlendings til þess að ráða sig í vinnu, stöðu eða starf, vinna sjálfstætt eða starfrækja atvinnufyrirtæki hér á landi gilda ákvæði laga nr. 39 15. marz 1951, um rétt erlendra manna til að stunda atvinnu á Íslandi.

7. gr.

Í samninga við önnur ríki má setja ákvæði um gagnkvæmar undanþágur frá reglum um dvalarleyfi.

8. gr.

Heimilt er dómsmálaráðherra að ákveða með reglugerð, að þeir, sem hýsa útlendinga gegn greiðslu eða ókeypis, skuli tilkynna það lögreglunni og veita þær upplýsingar um útlendinginn, sem nauðsynlegar eru.

Ráðherra getur ákveðið, að þeir, sem hýsa útlendinga gegn greiðslu, skuli, auk tilkynninga þeirra, er að framan greinir, eða í stað þeirra, halda löggilta gestabók, sem lögreglan hefir aðgang að. Bókina skal geyma a. m. k. í tvö ár, eftir að hún er fullskráð.

9. gr.

Útlendingur er skyldur til að færa sönnur á, að hann sé sá, er hann segist vera, ef lögreglan krefst þess í tilefni af upplýsingum, sem veittar hafa verið samkv. 8. gr. eða af öðrum ástæðum.

Dómsmálaráðherra getur sett sérstakar reglur um tilkynningarskyldu útlendinga, meðan þeir dvelja hér á landi, svo og fyrirskipað, að þeir skulu ávallt bera vegabréf eða önnur kennivottorð og sýna þau lögreglunni, ef krafizt er. Í reglugerð má kveða á um skyldu þjóðskrár og sjúkrasamlaga til þess að láta lögreglunni í té upplýsingar um útlendinga.

10. gr.

Meina ber útlendingi landgöngu:

1. Ef hann fullnægir ekki þeim reglum, sem settar eru samkv. 1. gr. um ferðaskilríki og vegabréfsáritun, svo og samsvarandi reglum í Danmörku, Finnlandi, Noregi og Svíþjóð, ef hann ætlar að ferðast til þeirra landa.
2. Ef ætla má, að hann hafi eigi nægileg fjárráð sér til framfærslu hér á landi eða í Danmörku, Finnlandi, Noregi og Svíþjóð, ef hann ætlar að fara til þeirra landa, svo og til heimferðar.
3. Ef ætla má, að hann hafi í hyggju að ráða sig í vinnu hér á landi eða í Danmörku, Finnlandi, Noregi eða Svíþjóð, án þess að hafa aflað sér leyfis til þess fyrirfram.
4. Ef ætla má, að hann muni vinna fyrir sér hér á landi, í Danmörku, Finnlandi, Noregi eða Svíþjóð á ólögætatan eða óheiðarlegan hátt.
5. Ef hann hefir verið dæmdur hér á landi eða erlendis í refsivist eða ætla má af öðrum ástæðum, að hann muni fremja refsiverðan verknað hér á landi eða í Danmörku, Finnlandi, Noregi eða Svíþjóð.

6. Ef ætla má af fyrri hegðun hans eða af öðrum ástæðum, að tilgangur hans með komu hingað til lands eða til Danmerkur, Finnlands, Noregs eða Svíþjóðar sé að fremja skemmdarverk, stunda njósnir eða ólöglega upplýsingastarfsemi.
7. Ef honum hefir verið vísað héðan úr landi eða úr Danmörku, Finnlandi, Noregi eða Svíþjóð, og hann reynir að koma aftur án leyfis.

Heimilt er enn fremur að meina útlendingi landgöngu, ef nauðsynlegt er talið af öðrum ástæðum en þeim, er í 1. málsg. segir.

Lögreglustjóri kveður upp úrskurð um synjun landgönguleyfis eins fljótt og unnt er eftir komu útlendingis til landsins.

Nú ber útlendingur, að hann hafi orðið að leita sér hælís sem pólitískur flóttamaður, enda teljist framburður hans sennilegur, og má lögreglan þá eigi meina honum landgöngu. Leggja ber málið án tafar fyrir dómsmálaráðherra til úrskurðar.

Samkvæmt ákvörðun dómsmálaráðherra má meina útlendingi landgöngu, ef ætla má af öðrum ástæðum en um ræðir í 1. málsg., að hann sé kominn hingað til starfa eða athafna, sem eru ólöglegar, ósæmilegar eða hættulegar hagsmunum ríkis eða almennings, eða högum útlendingisins er að öðru leyti svo háttáð, að vist hans hér á landi megi teljast hættuleg eða bagaleg hagsmunum ríkis eða almennings. Nú telur lögreglustjóri, að meina beri útlendingi landgöngu af ástæðum, sem raktar eru í þessari málsg., og ber þá að leggja málið undir úrskurð ráðherra svo fljótt sem því verður við komið.

Dómsmálaráðherra getur sett sérstakar reglur um synjun landgönguleyfis fyrir laumufarþega.

11. gr.

Dómsmálaráðherra er heimilt að vísa útlendingi úr landi:

1. Ef meina hefði mátt útlendingnum landgöngu af ástæðum, sem raktar eru í 1. málsg. 10. gr., og þær ástæður eru enn fyrir hendi.
2. Ef hann, af ásettu ráði eða þrátt fyrir aðvörun lögreglunnar, vanrækir ítrekað tilkynningarskyldu samkvæmt lögum þessum.
3. Ef hann brýtur gegn reglum um vegabréfsáritun, dvalarleyfi eða atvinnuleyfi eða skilyrðum, sem þau eru bundin. Sama gildir, ef hann hefir aflað sér leyfis með vísitandi röngum upplýsingum eða með því að leyna í blekkingarskyni atvikum, er máli skipta.
4. Ef áframhaldandi dvöl hans hér á landi telst hættuleg hagsmunum ríkisins eða almennings, eða vist hans er óæskileg af öðrum ástæðum.

Nú er heimilt að vísa útlendingi úr landi, og getur dómsmálaráðherra þá, ef ástæður mæla með því, lagt fyrir hann að verða brott úr landi innan ákveðins frests, sem ráðherra tiltekur, enda sjái lögreglan um, að þeim fyrirmælum verði hlýtt.

12. gr.

Lögreglustjóra er heimilt að vísa útlendingi úr landi:

1. Ef hann hefir komið inn í landið án þess að gefa sig fram við íslenska, danska, finnska, norska eða sænska vegabréfaeftirlitið.
2. Ef honum hefir áður verið vísað héðan úr landi og hann er kominn til landsins aftur án tilskilins leyfis.

Lögreglustjóri getur enn fremur vísað úr landi útlendingi, sem ekki er danskur, finnskur, norskur eða sænskur ríkisborgari, ef honum hefir áður verið vísað úr landi í Danmörku, Finnlandi, Noregi eða Svíþjóð og bannað að koma þangað aftur, en kemur til Íslands án þess að hafa fengið leyfi til komu þangað eða til þess eða þeirra landa, er að framan greinir.

Ef um er að ræða tilvik, er falla undir 4. málsg. 10. gr., getur lögreglustjóri þó eigi vísað manni úr landi, en leggja ber þá málið undir úrskurð dómsmálaráðherra svo fljótt sem unnt er.

13. gr.

Nú hefir útlendur maður settur að hér á landi, og skal þá vísa honum burt, ef hann verður, áður en hann hefir dvalið hér full fimm ár samfleytt, sekur að lagadómi um verk, sem svívirðilegt er að almenningsáliti. Skal þá tekið fram í refsidómi, að sökunautur skuli verða af landi burt, þegar hann hefir þolað refsingu samkvæmt dómnum.

14. gr.

Nú hefir ákvörðun verið tekin um að vísa útlendingi úr landi, samkv. 11., 12. eða 13. gr., og má þá jafnframt ákveða, að lagt sé fyrir hann bann gegn endurkomu til landsins, annaðhvort um tiltekinn tíma eða fyrir fullt og allt. Bannið skal bóka í gerðarbók um útlendinga, og skal þar getið um refsíabýrgð þá, er leiðir af broti gegn banninu.

Heimilt er dómsmálaráðherra að fella niður bann, samkv. 1. málsg., ef ástæður mæla með því.

15. gr.

Lögreglunni ber að tryggja návist útlendinga, þar til úrskurður fellur um það, hvort meina beri honum landgöngu eða vísa úr landi, svo og til framkvæmdar slíkrar ákvörðunar. Í þeim tilgangi má leggja fyrir útlendinginn að mæta hjá lögreglunni á ákveðnum tímum eða banna honum för úr ákveðnu takmarki. Nú verður eigi talið, að ráðstafanir þessar veiti fullnægjandi öryggi fyrir návist útlendinga, og er þá heimilt að færa hann í gæzlu, samkv. reglum IX. kafla laga um meðferð opinberra mála, nr. 82 21. ágúst 1961, með þeim tilslökunum, er leiðir af eðli málsins.

Ef dráttur verður á framkvæmd brottflutnings fram yfir fjórtán daga, ber lögreglustjóra án tafar að skýra ráðherra frá ástæðum fyrir því.

16. gr.

Allur kostnaður, sem leiðir af því, að útlendingi er meinuð landgangi eða vísað úr landi, samkv. heimild í lögum þessum, þar á meðal kostnaður af fæði, húsnæði, nauðsynlegum fatnaði og gæzlu, greiðist af honum sjálfum. Ef fé hans hrekkur eigi fyrir kostnaði, greiðist það, sem á vantar, úr ríkissjóði.

17. gr.

Brot gegn lögum þessum eða reglum, settum samkvæmt þeim, varða sektum, varðhaldi eða fangelsi, allt að sex mánuðum, nema þyngri refsing liggji við samkvæmt öðrum lögum.

Sömu refsingu skal sá hljóta, sem:

1. Afklar sér vegabréfs eða annars ferðaskilríkis á ólögmetan hátt með því að gefa yfirvaldi rangar upplýsingar eða leyna vísitandi staðreyndum eða veldur því, að vegabréf eða annað ferðaskilríki er ekki með réttu nafni hans eða fæðingar-degi.
2. Afklar sér í ólögmetum tilgangi fleiri en eins vegabréfs eða ferðaskilríkis, sem gefið er út á nafn hans.
3. Breytir eða fjarlægir í ólögmetum tilgangi hluta úr vegabréfi eða ferðaskilríki eða áritanir, sem þar eru.
4. Kemst í land eða úr landi án þess að hafa samband við íslenska, danska, finnska, norska eða sænska vegabréfaeftirlitið.
5. Á hlutdeild í að leyna útlendingi fyrir lögreglunni, ef hann veit eða á að vita, að útlendingurinn hefir komið í land án þess að hafa samband við íslenska, danska, finnska, norska eða sænska vegabréfaeftirlitið, eða dvelur hér á landi ólöglega af öðrum ástæðum.

6. Brýtur gegn fyrirmælum, sem gefin eru samkv. heimild í 14. gr. þessara laga eða ákvæðum eldri útlendingalöggjafar.

Tilraun til brota á lögum þessum og hlutdeild í þeim er refsiverð.

Sá, sem á hlutdeild í því, að útlendingur kemst inn í landið án þess að hafa samband við vegabréfaeftirlitið, skal, auk refsíabyrgðar, skyldur til að greiða þann kostnað, sem fellur á hið opinbera vegna ólöglegrar dvalar útlendingins hér á landi og heimsendingar hans.

18. gr.

Mál út af brotum gegn lögum þessum skal fara með að hætti opinberra mála.

Ef halda þarf ella dómsrannsókn um hagi útlendra manna hér vegna einhverra atriða varðandi framkvæmd laga þessara, skal hún fara að hætti opinberra mála.

Sektir samkvæmt lögum þessum renna í ríkissjóð.

19. gr.

Enginn á kröfu á upplýsingum um yfirlýsingar, sem gefnar eru vegna umsóknar um leyfi til landgöngu, dvalar eða atvinnu, né um mál, er varða synjun um landgöngu, brottvísun eða niðurfellingu fyrirskipunar um vísan úr landi.

20. gr.

Sérstök stofnun, útlendingaeftirlitið, sem lögreglustjórinn í Reykjavík veitir forstöðu og lýtur yfirstjórn dómsmálaráðuneytisins, er ráðuneytinu til aðstoðar við framkvæmd laga þessara, eftir því sem nánar er ákveðið í reglugerð.

Lögreglustjórar fara með útlendingaeftirlit, hver í sinu umdæmi, með aðstoð löggæzlumanna. Í hverju lögsagnarumdæmi skal halda skrá yfir útlendinga, er þar dvelja. Heildarskrá yfir útlendinga skal vera í útlendingaeftirlitinu.

21. gr.

Nánari ákvæði um framkvæmd laga þessara setur ráðherra með reglugerð.

22. gr.

Lög þessi öðlast gildi þegar í stað. Jafnframt falla úr gildi lög nr. 59 23. júní 1936, um eftirlit með útlendingum.

Dómsmálaráðherra ákveður, hvenær ákvæði 2. og 3. málsg. 5. gr., 1. málsg. 10. gr., 1. og 2. málsg. 12. gr. og 4. og 5. tölul. 2. málsg. 17. gr. koma til framkvæmda gagnvart Danmörku, Finnlandi, Noregi og Svíþjóð.

Gjört í Reykjavík, 12. maí 1965.

Ásgeir Ásgeirsson.

(L. S.)

Jóhann Hafstein.

L Ö G

um eftirlaun alþingismanna.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallizt á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Alþingismenn skulu greiða í lífeyrissjóð starfsmanna ríkisins 4% — fjóra af hundraði — af þingfararkaupi sínu, eins og það er á hverjum tíma. Skal upphæðin dragast frá kaupinu mánaðarlega og greiðast sjóðnum ásamt mótframlagi, er greiðist af alþingiskostnaði, að upphæð 6% — sex af hundraði — af mánaðarlega greiddu þingfararkaupi. Alþingismenn skulu vera í sérstakri deild innan lífeyrissjóðs starfsmanna ríkisins með sérstöku reikningshaldi. Þátttaka í alþingismannadeild sjóðsins hefur ekki áhrif á rétt né skyldu alþingismanna til að vera í öðrum deildum sjóðsins. Alþingismenn njóta að öðru leyti sömu réttinda og bera sömu skyldur og aðrir sjóðfélagar, meðan þeir eiga sæti á Alþingi, nema annars sé getið í lögum þessum.

2. gr.

Þegar alþingismaður hefur látið af þingmennsku og er 65 ára eða eldri eða öryrki, á hann rétt á eftirlaunum úr sjóðnum eftir þeim reglum, sem lýst er í 3. gr. laga þessara. Þetta gildir um alla núverandi og fyrrverandi alþingismenn, sem á lífi eru, þegar lög þessi öðlast gildi. Þegar talað er um öryrkja í lögum þessum, er átt við 75% sannaða örorku eða meira. Heimilt er þó stjórn sjóðsins að ákveða, ef sérstaklega stendur á, að greiða skuli fyrrverandi alþingismanni, sem aflað hefur sér eftirlaunaréttar samkvæmt lögum þessum, hluta af eftirlaunum hans, en aldrei meira en 50% eftirlaunanna, þótt örorka hans nái ekki 75%.

3. gr.

Fyrrverandi alþingismaður, sem uppfyllir ákvæði 2. gr. þessara laga, á rétt á eftirlaunum sem hér segir: Fyrir tveggja kjörtímabila eða 6—10 ára þingsetu samanlagt 35% — þrjátíu og fimm af hundraði. Fyrir þriggja kjörtímabila eða 10—15 ára þingsetu samanlagt 50% — fimmtíu af hundraði. Fyrir 15—20 ára þingsetu samanlagt 55% — fimmtíu og fimm af hundraði, og fyrir 20—25 ára þingsetu samanlagt 60% — sextíu af hundraði. Nú hefur maður átt sæti á Alþingi lengur en 25 ár samanlagt, og á hann þá rétt á 1% — einum af hundraði — hækkun á eftirlaun sín fyrir hvert ár, sem hann hefur setið á Alþingi fram yfir 25 ár, þó aldrei hærrí eftirlaunum en 70% — sjötíu af hundraði.

Hundraðshluti miðast við laun alþingismanns, eins og þau eru á hverjum tíma. Upphaf og lok þingsetu miðast við fyrsta dag næsta mánaðar, eftir að alþingiskosningar eru háðar, þingmaður segir af sér þingmennsku eða andast. Brot úr ári, sem nær ekki 6 mánuðum, fellur niður, en brot úr ári, 6 mánuðir eða meira, reiknast sem heilt ár.

4. gr.

Maður, sem setið hefur á Alþingi skemur en 2 kjörtímabil eða 6 ár, á ekki rétt á eftirlaunum, þótt hann hafi greitt iðgjöld til alþingismannadeildar lífeyrissjóðs starfsmanna ríkisins. Hins vegar á hann rétt á að fá endurgreidd úr sjóðnum iðgjöld þau, sem hann hefur greitt, þegar hann lætur af þingstörfum, svo sem ákveðið er um aðra sjóðfélaga í gildandi lögum um lífeyrissjóð starfsmanna ríkisins.

5. gr.

Maki fyrrverandi alþingismanns, sem rétt hefur til eftirlauna samkvæmt lögum þessum. á rétt á að fá 50% — fimmtíu af hundraði — af eftirlaunum maka síns, að honum látnum. Sé maki látins fyrrverandi alþingismanns á lífi, þegar lög þessi öðlast gildi, á hann sama rétt til lífeyris og hann hefði öðlast, ef maki hans hefði þá verið á lífi.

6. gr.

Nú andast alþingismaður eða fyrrverandi alþingismaður, sem öðlast hefur rétt til eftirlauna samkvæmt 3. gr. laga þessara, áður en hann nær 65 ára aldri, og á þá maki hans, ef á lífi er, rétt til þess hundraðshluta af eftirlaunum hins látna, sem 5. gr. laga þessara segir til um.

7. gr.

Lífeyrir samkvæmt lögum þessum greiðist án tillits til lífeyris, er sjóðfélagi á rétt á úr öðrum deildum lífeyrissjóðs starfsmanna ríkisins og öðrum lögboðnum lífeyrissjóðum, og hefur ekki áhrif á slík lífeyrisréttindi.

8. gr.

Halli, sem verða kann á lífeyrissjóði alþingismanna, ef iðgjöld í sjóðinn endast ekki til greiðslu eftirlauna til fyrrverandi alþingismanna, eða lífeyris til maka þeirra, greiðist af alþingiskostnaði.

9. gr.

Með lögum þessum eru úr gildi felldar 6.—13. gr. laga nr. 82 24. des. 1953, um þingfararkaup alþingismanna o. fl., og öll önnur lagaákvæði, sem fara í bága við lög þessi.

10. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. júlí 1965.

Ákvæði til bráðabirgða:

Fyrir 1. júlí 1965 skal lífeyrissjóður alþingismanna hafa verið sameinaður lífeyrissjóði starfsmanna ríkisins, í samræmi við ákvæði laga þessara.

Gjört í Reykjavík, 14. maí 1965.

Ásgeir Ásgeirsson.

(L. S.)

Bjarni Benediktsson.

L Ö G

um eftirlaun ráðherra.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallizt á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Ráðherrar skulu greiða í lífeyrissjóð starfsmanna ríkisins 4% — fjóra af hundraði — af ráðherralaunum sínum, eins og þau eru á hverjum tíma. Skál upphæðin dragast frá laununum mánaðarlega og greiðast sjóðnum ásamt mótframlagi, er greiðist úr ríkissjóði, að upphæð 6% — sex af hundraði — af mánaðarlega greiddum ráðherralaunum. Ráðherrar skulu vera í sérstakri deild innan lífeyrissjóðs starfsmanna ríkisins með sérstöku reikningshaldi. Þátttaka í ráðherra-deild sjóðsins hefur ekki áhrif á rétt né skyldu ráðherra til að vera í öðrum deildum sjóðsins. Ráðherrar njóta að öðru leyti sömu réttinda og bera sömu skyldur og aðrir sjóðfélagar, meðan þeir gegna ráðherraembættum, nema annars sé getið í lögum þessum.

2. gr.

Þegar maður hefur látið af ráðherraembætti og er 65 ára eða eldri eða öryrki, á hann rétt á eftirlaunum úr sjóðnum eftir þeim reglum, sem fyrir er mælt í 3. gr. þessara laga. Þetta gildir um alla núverandi og fyrrverandi ráðherra, sem á lífi eru, þegar lög þessi öðlast gildi. Þegar talað er um öryrkja í lögum þessum, er átt við 75% sannaða örorku eða meira. Heimilt er þó stjórn sjóðsins að ákveða, ef sérstaklega stendur á, að greiða skuli fyrrverandi ráðherra, sem aflað hefur sér eftirlaunaréttar samkvæmt lögum þessum, hluta af eftirlaunum hans, en aldrei meira en 50% eftirlaunanna, þótt örorka hans nái ekki 75%.

3. gr.

Fyrrverandi ráðherra, sem uppfyllir ákvæði 2. gr. laga þessara, á rétt á eftirlaunum sem hér segir: Fyrir að hafa gegnt ráðherraembætti í 5—8 ár samanlagt 40% — fjórutíu af hundraði. Fyrir að hafa gegnt slíku embætti í 8—12 ár samanlagt 60% — sextíu af hundraði. Nú hefur maður gegnt ráðherraembætti samtals lengur en í 12 ár, og á hann þá rétt á 2% — tveimur af hundraði — hækkun á eftirlaun sín fyrir hvert ár, sem hann hefur gegnt embættinu fram yfir 12 ár, þó aldrei hærri eftirlaunum en 70% — sjötíu af hundraði.

Hundraðshluti miðast við laun ráðherra, eins og þau eru á hverjum tíma. Upphaf og lok starfs sem ráðherra miðast við fyrsta dag næsta mánaðar, eftir að hann tekur við embætti, fær lausn frá störfum eða andast. Brot úr ári, sem nær ekki 6 mánuðum, fellur niður, en brot úr ári, yfir 6 mánuði, reiknast sem heilt ár.

4. gr.

Maður, sem gegnt hefur ráðherraembætti skemur en 5 ár samanlagt, á ekki rétt á eftirlaunum samkvæmt lögum þessum, þótt hann hafi greitt iðgjöld í ráðherra-deild lífeyrissjóðs starfsmanna ríkisins. Hins vegar á hann rétt á að fá endurgreidd úr sjóðnum, svo sem ákveðið er um aðra sjóðfélaga í gildandi lögum um lífeyrissjóð starfsmanna ríkisins, iðgjöld þau, sem hann hefur greitt, þegar hann lætur af ráðherrastörfum og önnur skilyrði fyrir eftirlaunagreiðslu eru fyrir hendi.

5. gr.

Maki fyrrverandi ráðherra, sem öðlazi hefur rétt til eftirlauna samkvæmt lögum þessum, á rétt á að fá 60% — sextíu af hundraði — af eftirlaunum maka síns, að honum látnum. Sé maki fyrrverandi ráðherra á lífi, þegar lög þessi öðlast gildi, á hann sama rétt til lífeyris og hann hefði öðlazi, ef maki hans hefði þá verið á lífi.

6. gr.

Nú andast ráðherra eða fyrrverandi ráðherra, sem öðlazi hefur rétt til eftirlauna samkvæmt 3. gr. laga þessara, áður en hann nær 65 ára aldri, og á þá maki hans, ef á lífi er, rétt til þess hundraðshluta af eftirlaunum hins látna, sem 5. gr. laga þessara segir til um.

7. gr.

Lífeyrir samkvæmt lögum þessum greiðist án tillits til lífeyris, sem sjóðfélagi á rétt á úr öðrum deildum lífeyrissjóðs starfsmanna ríkisins og öðrum lögboðnum lífeyrissjóðum, og hefur ekki áhrif á slík lífeyrisréttindi.

8. gr.

Halli, sem verða kann á lífeyrissjóði ráðherra, ef iðgjöld í sjóðinn endast ekki til greiðslu eftirlauna samkvæmt lögum þessum, greiðist úr ríkissjóði.

9. gr.

Með lögum þessum er úr gildi numin 30. gr. laga nr. 92/1955, um laun starfsmanna ríkisins, svo og öll önnur lagaákvæði, sem fara í bága við lög þessi.

10. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört í Reykjavík, 14. maí 1965.

Ásgeir Ásgeirsson.

(L. S.)

Bjarni Benediktsson.

L Ö G

um almennar náttúrurannsóknir og Náttúrufræðistofnun Íslands.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallizt á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

I. KAFLI

Almennar náttúrurannsóknir.

1. gr.

Með almennum náttúrurannsóknnum er í lögum þessum átt við undirstöðurannsóknir í dýrafræði, grasfræði, jarðfræði og landfræði, sem ekki eru unnar beinlínis í þágu atvinnuveganna. Menntamálaráðherra hefur yfirumsjón allra slíkra rannsókna.

2. gr.

Náttúrufræðingum, sem stunda almennar náttúrurannsóknir eða söfnun náttúrugripa á vegum hins opinbera, skal frjáls för um lönd manna, en forðast skulu þeir óþarfa átroðning og skylt er þeim að greiða fullar bætur fyrir tjón, er þeir kunna að valda.

Sömu aðilum er og heimilt að safna náttúrugripum hvar sem er, án þess að endurgjald komi fyrir. Þetta gildir þó ekki, ef um er að ræða náttúrugripi, sem fémætir eru fyrir landeiganda eða aðra réttihafa lands.

Nú leiðir rannsókn í ljós verðmæti, sem áður voru ókunn, og ber þá rannsakanda að tilkynna það réttihafa þess lands, þar sem verðmætin eru.

3. gr.

Íslenzkir ríkisborgarar skulu hafa forgangsrétt til almennra rannsókna á náttúru Íslands.

Ráðherra getur, að fengnum tillögum Náttúrufræðistofnunar Íslands, veitt erlendum náttúrufræðingum heimild til að stunda almennar náttúrurannsóknir hér á landi um tiltekinn tíma, enda hafi þeir samráð við stofnunina og láti henni í té skýrslur um rannsóknir sínar, allt samkvæmt nánari fyrirmælum í reglugerð.

II. KAFLI

Náttúrufræðistofnun Íslands.

A. Hlutverk.

4. gr.

Aðalverkefni stofnunarinnar eru þessi:

- a. Að vera miðstöð almennra vísindalegra rannsókna á náttúru Íslands, vinna að slíkum rannsóknum, samræma þær og efla.
- b. Að koma upp sem fullkornustu vísindalegu safni íslenzkra og erlendra náttúrugripa og varðveita það.
- c. Að koma upp sýningarsafni, er veiti sem gleggst yfirlit um náttúru Íslands og sé opið almenningi.
- d. Að hafa eftirlit með almennum rannsóknum erlendra náttúrufræðinga hér á landi og gæta íslenzkra hagsmuna í sambandi við þær.
- e. Að greina frá meginþáttum í starfsemi stofnunarinnar í árlegri skýrslu og frá niðurstöðum rannsókna í fræðslu- og vísindaritum.

5. gr.

Stofnunin skal annast fuglamerkingar, og hefur hún ein heimild til að láta merkja villta fugla á Íslandi.

B. Stjórn og skipulag.

6. gr.

Í Náttúrufræðistofnun Íslands skulu vera þrjár deildir, dýrafræðideild, grasafræðideild og jarðfræði- og landfræðideild.

7. gr.

Menntamálaráðherra fer með yfirstjórn stofnunarinnar og skipar að fengnum tillögum forstöðumanns deildarstjóra, sérfræðinga og annað starfslið hennar. Deildarstjórar skulu vera jafnmargir deildum stofnunarinnar og skulu þeir vera sérfræðingar í einhverri þeirra aðalgreina, sem falla undir viðkomandi deild. Ráðherra skipar einn deildarstjórana forstöðumann stofnunarinnar til þriggja ára í senn

og ákveður tölu sérfræðinga og annarra starfsmanna eftir því sem þörf krefur og fé er veitt til í fjárlögum.

Deildarstjórar og sérfræðingar skulu hafa lokið doktorsprófi, meistaraþrófi eða öðrum hliðstæðum háskólaprófum í fræðigreinum sínum.

8. gr.

Forstöðumaður fer með stjórn sameiginlegra málefna stofnunarinnar, en deildarstjórar stjórna og bera ábyrgð á daglegum störfum og rekstri deilda sinna.

Deildarstjórar koma fram gagnvart innlendum og erlendum aðilum sem fulltrúar deilda sinna, en forstöðumaður er auk þess í fyrirsvari fyrir stofnunina í heild.

C. Fjármál.

9. gr.

Tekjur Náttúrufræðistofnunar Íslands eru:

- a. Fé, sem veitt er til stofnunarinnar í fjárlögum eða að öðru leyti af opinberri hálfu.
- b. Greiðslur fyrir verk, sem unnin eru fyrir einstaklinga, félög eða stofnanir.
- c. Framlög eða gjafir einstaklinga, félaga eða stofnana.
- d. Aðrar tekjur.

10. gr.

Laun starfslíðs stofnunarinnar skulu ákveðin á sama hátt og annarra starfsmanna ríkisins, sbr. lög nr. 55/1962.

D. Almenn ákvæði.

11. gr.

Náttúrufræðistofnun Íslands skal eiga aðgang að vísindalegum upplýsingum, sem opinberar stofnanir geta í té látið og varða starfsemi hennar.

12. gr.

Stofnunin skal ekki veita viðtöku gripagjöfum, ef þeim fylgja kvaðir um aðra meðferð þeirra en annarra muna stofnunarinnar. Heimilt er þó að veita undanþágu frá þessu ákvæði, ef viðkomandi deildarstjóri mælir með því og forstöðumaður telur sérstaka ástæðu til.

Óheimilt er að lána sýningargripi stofnunarinnar.

13. gr.

Ráðherra getur með reglugerð sett nánari ákvæði um rekstur og starfsemi stofnunarinnar.

14. gr.

Með gildistöku laga þessara falla úr gildi eftirtalin lög og lagaákvæði: Ákvæði I. og II. kafla laga nr. 68/1940, um náttúrufræðisóknir, þau er lúta að almennum náttúrufræðisóknum og afskiptum Rannsóknaráðs ríkisins af þeim.

Lög nr. 17/1951, um Náttúrugripasafn Íslands.

Önnur ákvæði eldri laga, sem ekki fá samrýmmt ákvæðum laga þessara.

15. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört í Reykjavík, 18. maí 1965.

Ásgeir Ásgeirsson.

(L. S.)

Gylfi Þ. Gíslason.

L Ö G

um heimild fyrir ríkisstjórnina til lántöku til vegaframkvæmda.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallið á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Ríkisstjórninni er heimilt að taka erlend eða innlend lán, að upphæð allt að 135.5 milljónir, til framkvæmda á eftirgreindum þjóðvegum:

1. Reykjanesbraut	115.0 millj. kr.
2. Siglufjarðarvegur	13.0 — —
3. Múlavegur	4.5 — —
4. Ólafsvíkurvegur um Enni	3.0 — —
	<hr/>
	135.5 millj. kr.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört í Reykjavík, 18. maí 1965.

Ásgeir Ásgeirsson.

(L. S.)

Ingólfur Jónsson.

L Ö G

um eyðingu svartbaks.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallið á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Veiðistjóri hefur, undir yfirstjórn Búnaðarfélags Íslands, stjórn allra aðgerða við eyðingu svartbaks.

2. gr.

Veiðistjóri skal, svo sem kostur er, afla upplýsinga um svartbaksstofninn, leiðbeina mönnum við eyðingu hans, skipuleggja eyðingaraðgerðir, gera tilraunir með nýjar vinnsluaðferðir og vernda æðarvörp gegn ágengni svartbaks.

3. gr.

Ráða skal sérstaka menn til eyðingar svartbaks, til lengri eða skemmri tíma eftir ástæðum. Skulu menn þessir starfa undir stjórn veiðistjóra, og sér hann um ráðningu þeirra.

4. gr.

Hinir ráðnu veiðimenn skulu vera vel útbúnir að öllum tækjum og lyfjum, sem bezt henta við eyðingu svartbaks. Eru hinum ráðnu mönnum leyfilegar eyðingaraðgerðir hvar sem er, svo sem í varpstöðvum svartbaksins og annarra fugla, við árósa, fiskvinnsluhús, sláturhús eða á öðrum stöðum, þar sem svartbakur heldur sig mikið.

5. gr.

Heimilt er veiðistjóra að fela áðurnefndum ráðnum mönnum eyðingu minka, refa og hvers konar vargfugla, sem herja á æðarvörp, ef nauðsyn þykir.

6. gr.

Hinir ráðnu veiðimenn skulu fara eftir þeim fyrirmælum, sem sett hafa verið. Skal veiðistjóri fylgjast með, að þau séu haldin.

Veiðimönnum er skylt að halda skýrslur um störf sín og séu þær látnar fylgja reikningum.

7. gr.

Laun, bilakostnaður svo og nauðsynlegur áhaldakostnaður manna, sem ráðnir eru við svartbakseyðingu, skulu greidd úr rikissjóði, sem ver til eins árs í senn vissri fjárupphæð til eyðingar svartbaks. Fjárupphæð þessi greiðist til Búnaðarfélags Íslands, er sér um greiðslu til veiðimanna samkvæmt reikningum staðfestum af veiðistjóra.

8. gr.

Hvarvetna skal svartbakur (veiðibjalla) réttdræpur.

9. gr.

Jarðarabúendum og öðrum er óheimilt að varna því, að svartbaksveiðar fari fram, eða hindra starfsemi við eyðingu hans á nokkurn hátt, séu veiðarnar framkvæmdar af til þess ráðnum mönnum samkvæmt lögum þessum, nema á vissum árstímum í námunda við æðarvörp, selalagnir eða á öðrum friðlýstum svæðum.

10. gr.

Í stjórn Rannsóknastofnunar landbúnaðarins skulu vera þrír menn, skipaðir af landbúnaðarráðherra til fjögurra ára í senn, þar af einn án tilnefningar, einn tilnefndur af stjórn Búnaðarfélags Íslands og einn tilnefndur af tilraunaráði stofnunarinnar. Sömu aðilar tilnefna varamenn. Ráðherra skipar formann stjórnarinnar og ákveður stjórnarlaun.

30. gr.

Stjórnin hefur á hendi yfirstjórn rannsóknastofnunarinnar og samþykkir starfsáætlun og fjárhagsáætlun hennar fyrir eitt ár í senn. Fjárhagsáætlun skal senda ráðherra til staðfestingar.

31. gr.

Landbúnaðarráðherra skipar forstjóra og sérfræðinga við Rannsóknastofnun landbúnaðarins að fengnum tillögum stjórnarinnar. Forstjóri skal hafa lokið háskóla-prófi í raunvísindum og vera sérmenntaður í einhverri grein búvísinda. Forstjóri stofnunarinnar ræður annað starfslið hennar.

32. gr.

Forstjóri hefur á hendi daglega stjórn rannsóknastofnunarinnar og umsjón með rekstri hennar. Hann ákveður starfssvið sérfræðinga og annars starfsliðs.

33. gr.

Við Rannsóknastofnun landbúnaðarins er tilraunaráð. Skulu eftirtaldir aðilar tilnefna fulltrúa í ráðið til fjögurra ára í senn:

Sérfræðingar og tilraunastjórar, sem fara með verkefni samkv. 1.—5. tölul. 35. gr., tvo menn og sé annar þeirra starfandi tilraunastjóri á tilraunastöð í jarðrækt. Sérfræðingar og tilraunastjórar, sem fara með verkefni samkv. 6.—9. tölul. 35. gr., tvo menn.

Búnaðarfélag Íslands tvo menn, og sé annar þeirra ráðunautur í jarðrækt, en hinn í búfjárrækt.

Framleiðsluráð landbúnaðarins einn mann.

Stéttarsamband bænda tvo menn.

Bændaskólarnir tvo menn.

Garðyrkjuskóli ríkisins einn mann.

Forstjóri stofnunarinnar á sæti í tilraunaráði.

Ráðið kys sér formann.

Tilraunaráðið er tengiliður milli stofnunarinnar og hinna ýmsu greina landbúnaðarins. Það er forstjóra og stjórn til ráðuneytis og gerir tillögur um starfsáætlun stofnunarinnar. Ráðið er ólaunað.

Landbúnaðarráðuneytið getur með samþykki stjórnarinnar fjölgað mönnum í tilraunaráði og setur reglur um, hvernig vali nefndarmanna skuli hagað.

34. gr.

Rannsóknastofnun landbúnaðarins skal annast eða hafa umsjón með öllum rannsóknum og tilraunum á sviði landbúnaðarins, sem fé er veitt til á fjárlögum, og falla undir eftirtalin verkefni:

1. Rannsóknir og tilraunir til öflunar vísindalegrar og hagnýtrar þekkingar og reynslu í undirstöðuatriðum jarðræktar og búfjárræktar.
2. Rannsóknir á orsökum þess, að landgæði spillast eða landnytjar ganga úr sér, og tilraunir með varnarráðstafanir.
3. Rannsóknir á framleiðsluvörum landbúnaðarins, sem miða að betri og fullkomnari nýtingu.
4. Þjónusta við landbúnaðinn með rannsóknum.
5. Kynning á niðurstöðum rannsókna og starfsemi stofnunarinnar í vísinda- og fræðsluritum.

35. gr.

Til framkvæmda á verkefnum þeim, sem um getur í 34. gr., skal starfsemi stofnunarinnar greinast í eftirfarandi verkvið:

1. Jarðvegsrannsóknir, áburðar- og jarðræktartilraunir.
2. Jurtakynbætur, lífeðlisfræðirannsóknir, gróður- og frærannsóknir.
3. Rannsóknir á beitolöndum.
4. Garðyrkju- og ylræktarrannsóknir.
5. Rannsóknir á sjúkdómum og meindýrum jurtagróðurs og varnir gegn þeim.
6. Vinnu- og verkteknirannsóknir og tilraunir með búvélar.
7. Búfjárkynbætur og arfgengisrannsóknir búfjár.
8. Fóðurrannsóknir, fóðrunartilraunir og rannsóknir á fóðrunarsjúkdómum.
9. Rannsóknir á framleiðsluvörum landbúnaðarins.

36. gr.

Rannsóknastofnun landbúnaðarins skal fá umráð yfir þeim tilraunastöðvum á sviði landbúnaðar, sem ríkið á. Þar skulu framkvæmdar tilraunir í jarðrækt, búfjárrækt, heyverkun og öðru, sem stjórn stofnunarinnar ákveður.

Stofnuninni er heimilt að semja við einstaka bændur og búnaðarsambönd um tilraunir, ræktun úrvafsfræs og annað í sambandi við starfsemi stofnunarinnar, eins og stjórnin telur hentugt.

VI. KAFLI**Rannsóknastofnun iðnaðarins.****37. gr.**

Rannsóknastofnun iðnaðarins er sjálfstæð stofnun, sem heyrir undir iðnaðarmálaráðuneytið.

38. gr.

Í stjórn Rannsóknastofnunar iðnaðarins skulu vera þrír menn, skipaðir af iðnaðarmálaráðherra til fjögurra ára í senn, þar af einn án tilnefningar, einn tilnefndur af Félagi íslenzkra iðnrekenda og einn tilnefndur af ráðgjafarnefnd stofnunarinnar. Sömu aðilar tilnefna varamenn. Ráðherra skipar formann stjórnarinnar og ákveður stjórnarlaun.

39. gr.

Stjórnin hefur á hendi yfirstjórn rannsóknastofnunarinnar og samþykkir starfsáætlun hennar og fjárhagsáætlun fyrir eitt ár í senn. Fjárhagsáætlun skal senda ráðherra til staðfestingar.

40. gr.

Iðnaðarmálaráðherra skipar forstjóra og sérfræðinga við Rannsóknastofnun iðnaðarins, að fengnum tillögum stjórnarinnar. Forstjóri skal hafa lokið háskólaprófi í raunvísindum.

Forstjóri stofnunarinnar ræður annað starfslið hennar.

41. gr.

Forstjóri hefur á hendi daglega stjórn rannsóknastofnunarinnar og umsjón með rekstri hennar. Hann ákveður starfssvið sérfræðinga og annars starfsliðs.

42. gr.

Við Rannsóknastofnun iðnaðarins er ráðgjafarnefnd. Skulu eftirtaldir aðilar tilnefna fulltrúa í nefndina til fjögurra ára í senn:

- Alþýðusamband Íslands.
- Félag íslenskra iðnrekenda.
- Iðnaðarbanki Íslands.
- Iðnaðarmálastofnun Íslands.
- Landssamband iðnaðarmanna.
- Samband íslenskra samvinnufélaga.
- Verzlunarráð Íslands.
- Vinnuveitendasamband Íslands.
- Forstjóri stofnunarinnar á sæti í nefndinni.
- Nefndin kys sér formann.

Ráðgjafarnefnd fylgist með rekstri stofnunarinnar og er tengiliður milli hennar og iðnaðarins. Nefndin er forstjóra og stjórn til ráðuneytis og gerir tillögur um starfsáætlun stofnunarinnar. Nefndin er ólaunuð.

Iðnaðarmálaráðherra getur með samþykki stjórnarinnar fjölgað mönnum í ráðgjafarnefnd og setur reglur um, hvernig vali nefndarmanna skuli hagað.

43. gr.

Verkefni Rannsóknastofnunar iðnaðarins skulu meðal annars vera:

1. Rannsóknir til eflingar og hagsbóta fyrir iðnaðinn í landinu og rannsóknir vegna nýjunga á sviði iðnaðar og annarrar framleiðslu.
2. Rannsóknir á nýtingu náttúruauðæfa landsins í þágu iðnaðar.
3. Nauðsynleg rannsóknþjónusta í þeim greinum, sem stofnunin fæst við.
4. Kynning á niðurstöðum rannsókna í vísinda- og fræðsluritum.

44. gr.

Til framkvæmda á verkefnum þeim, sem getur í 43. gr., skal starfsemi stofnunarinnar greinast í eftirtalin verksvið:

1. Efnarannsóknir vegna sérverkefna og nýjunga í iðnaði og annarri framleiðslu.
2. Almennar efnarannsóknir, samkvæmt 3. lið 43. gr.
3. Gerlarannsóknir.
4. Rannsóknir vegna tilraunaframleiðslu.
5. Rannsóknir á sviði véla og tækni.

45. gr.

Til greiðslu kostnaðar við Rannsóknastofnun iðnaðarins, auk þeirra framlaga og tekna, sem stofnunin fær samkvæmt ákvæðum 55. gr. VIII. kafla, skal innheimt hjá iðnfyrirtækjum, verksmiðjum og verkstæðum gjald, sem nemur 2% af útborguðu kaupum hvers slíks fyrirtækis til verkafólks og fagmanna.

Undanþegin gjaldi samkvæmt 1. mgr. eru hraðfrystihús, sildar- og fiskmjölsverksmiðjur, hvalstöðvar og annar iðnaður úr sjófangi, sláturhús, kjötiðnaður, mjólkurbú og annar slíkur iðnaður, sem vinnur úr landbúnaðarafurðum, svo og sements- og áburðarframleiðsla.

Verði ágreiningur um gjaldskyldu, sker iðnaðarmálaráðherra úr og er úrskurður hans endanlegur.

VII. KAFLI

Rannsóknastofnun byggingaiðnaðarins.

46. gr.

Rannsóknastofnun byggingaiðnaðarins er sjálfstæð stofnun, sem heyrir undir iðnaðarmálaráðuneytið.

47. gr.

Í stjórn Rannsóknastofnunar byggingaiðnaðarins skulu vera þrír menn, skipaðir af iðnaðarmálaráðherra til fjögurra ára í senn, þar af einn án tilnefningar, einn tilnefndur af Landssambandi iðnaðarmanna og einn tilnefndur af ráðgjafarnefnd stofnunarinnar. Sömu aðilar tilnefna varamenn. Ráðherra skipar formann stjórnarinnar og ákveður stjórnarlaun.

48. gr.

Stjórnin hefur á hendi yfirstjórn rannsóknastofnunarinnar og samþykkir starfsáætlun hennar og fjárhagsáætlun fyrir eitt ár í senn. Fjárhagsáætlun skal senda ráðherra til staðfestingar.

49. gr.

Iðnaðarmálaráðherra skipar forstjóra og sérfræðinga Rannsóknastofnunar byggingaiðnaðarins, að fengnum tillögum stjórnarinnar.

Forstjóri skal hafa lokið háskólaprófi í raunvísindum.

Forstjóri stofnunarinnar ræður annað starfslið hennar.

50. gr.

Forstjóri hefur á hendi daglega stjórn rannsóknastofnunarinnar og umsjón með rekstri hennar. Hann ákveður starfssvið sérfræðinga og annars starfsliðs.

51. gr.

Við Rannsóknastofnun byggingaiðnaðarins er ráðgjafarnefnd. Skulu eftirtaldir aðilar tilnefna fulltrúa í nefndina til fjögurra ára í senn:

Alþýðusamband Íslands.

Arkitektafélag Íslands.

Félag íslenzkra iðnrekenda.

Húsameistari ríkisins.

Húsnæðismálastofnun ríkisins.

Iðnaðarmálastofnun Íslands.

Landssamband iðnaðarmanna.

Borgarstjórn Reykjavíkur.

Sementsverksmiðja ríkisins.

Teiknistofa landbúnaðarins.

Vinnuveitendasamband Íslands.

Raforkumálastjóri.

Vegamálastjóri.

Vitamálastjóri.

Forstjóri stofnunarinnar á sæti í nefndinni.

Nefndin kys sér formann.

Ráðgjafarnefnd fylgist með rekstri stofnunarinnar og er tengiliður milli hennar og byggingaiðnaðarins. Nefndin er forstjóra og stjórn til ráðuneytis og gerir tillögur um starfsáætlun stofnunarinnar. Nefndin er ólaunuð.

Iðnaðarmálaráðherra getur með samþykki stjórnarinnar fjölgað mönnum í ráðgjafarnefnd og setur reglur um, hvernig vali nefndarmanna skuli hagað.

52. gr.

Verkefni Rannsóknastofnunar byggingaiðnaðarins skulu meðal annars vera:

1. Endurbætur í byggingaiðnaði og lækkun kostnaðar við mannvirkjagerð, þar á meðal sjálfstæðar grundvallarrannsóknir í byggingatekni, hagnýtingu húsrýmis, bæjarSKIPulagning og gatnagerð. Í þeim tilgangi skal stofnunin fylgjast með nýjungum í byggingaiðnaði og laga þær að islenzkum staðhättum.
2. Hagnýtar jarðfræðirannsóknir.
3. Vatnsvirkjarannsóknir.
4. Kynning á niðurstöðum rannsókna og veiting upplýsinga um byggingafræðileg efni.
5. Aðstoð við eftirlit með byggingaefnum og byggingaframkvæmdum.
6. Nauðsynleg rannsóknþjónusta í þeim greinum, sem stofnunin fæst við.

53. gr.

Af öllu innfluttu timbri, sementi og steypustyrktarjárnri skal greiða $\frac{1}{2}$ % aðflutningsgjald og $\frac{1}{2}$ % framleiðslugjald af sementi, sem framleitt er hér á landi.

Gjöld þessi renna til greiðslu kostnaðar við starfsemi Rannsóknastofnunar byggingaiðnaðarins, auk þeirra framlaga og tekna, sem stofnunin hlýtur samkvæmt ákvæðum 55. gr. VIII. kafla.

VIII. KAFLI

Almenn ákvæði.

54. gr.

Forstjórar rannsóknastofnana, sérfræðingar og annað starfsfólk tekur laun samkvæmt gildandi kjarasamningum ríkisstarfsmanna á hverjum tíma.

Ráðherra ákveður deildaskiptingu í rannsóknastofnunum og skipar deildarstjóra að fengnu álitni forstjóra og stjórnar viðkomandi stofnunar.

Deildarstjórar og sérfræðingar skulu hafa lokið meistaraþrófi eða öðrum hliðstæðum háskólaprófum í fræðigreini sinni. Þó skal ráðherra heimilt að víkja frá þessu ákvæði, hafi umsækjandi á annan hátt sannað vísindalega hæfni sína.

55. gr.

Tekjur hinna ýmsu rannsóknastofnana eru:

1. Fé, sem veitt er til stofnunar á fjárlögum.
2. Fé, sem veitt er sérstaklega til tiltekinna verkefna, sem stofnuninni eru falin af hinu opinbera.
3. Greiðslur fyrir verk, sem unnin eru fyrir einstaklinga, félög eða stofnanir.
4. Framlög einstaklinga, félaga eða stofnana.
5. Gjöld, sem fást með álagningu á framleiðsluvörur eða á annan hátt, eins og ákveðið kann að vera í lögum.

Framlag ríkisins, samkv. 1. lið, skal aldrei vera minna en helmingur þeirrar upphæðar, sem fæst samkvæmt 5. lið.

Verkefni, sem rannsóknastofnun vinnur að beiðni einkaaðila eða samtaka þeirra eða þeim til hagsbóta, skulu verðlögð í gjaldskrá, sem ráðherra setur að fengnum tillögum hlutaðeigandi rannsóknastofnana, eða samkvæmt sérstökum samningi.

56. gr.

Eignum Atvinnudeildar Háskólans skal ráðstafa þannig:

Eignir fiskideildar skulu falla til Hafrannsóknastofnunarinnar.

Eignir búnaðardeildar skulu falla til Rannsóknastofnunar landbúnaðarins.

Eignum iðnaðardeildar skal skipta á milli Rannsóknastofnunar iðnaðarins og Rannsóknastofnunar byggingaiðnaðarins samkvæmt ákvörðun iðnaðarmálaráðuneytisins.

Húseign Atvinnudeildar á lóð Háskólans ráðstafar ríkisstjórnin í þágu íslenzkrar visindastarfsemi.

57. gr.

Framkvæmdastjóri Rannsóknaráðs ríkisins kallar forstjóra Rannsóknastofnunar landbúnaðarins, Rannsóknastofnunar iðnaðarins, Rannsóknastofnunar byggingaiðnaðarins, Rannsóknastofnunar fiskiðnaðarins og Hafrannsóknastofnunarinnar saman á fund ársfjórðungslega eða oftar, ef þurfa þykir. Skulu þeir ræða málefni, sem eru þessum stofnunum sameiginleg.

58. gr.

Ríkið kemur upp hentugum byggingum og athafnasvæðum í rannsóknahverfi til handa þeim rannsóknastofnunum, sem um getur í lögum þessum, að svo miklu leyti, sem stofnunum er ekki séð fyrir þeirri aðstöðu annars staðar, svo og rannsóknatækjum og öðrum hjálpargögnum, sem sameiginleg not geta orðið af fyrir margar rannsóknastofnanir.

Rannsóknaráð ríkisins skal hafa yfirumsjón með óráðstöfuðu landssvæði og sameiginlegum byggingum og tækjum, sem um getur að ofan, en einstakar byggingar og landssvæði þeirra skulu vera til óskertra umráða þeirra stofnana, sem þær nota.

Um tilhögun bygginga og athafnasvæða skal, svo sem við verður komið, farið eftir tillögum þeirra rannsóknastofnana, sem ætlað er að nota þau.

59. gr.

Hver rannsóknastofnun hefur aðskilinn fjárhag og bókhald. Þó skal kappkosta, eins og við verður komið, að rannsóknastofnanir noti sameiginlega starfskrafta við skrifstofustörf og önnur þjónustustörf.

60. gr.

Fé það, sem Háskóla Íslands ber að greiða til ríkissjóðs sem einkaleyfisgjald fyrir happdrætti Háskóla Íslands, rennur í byggingasjóð rannsóknastarfseminnar.

61. gr.

Þær stofnanir, sem um getur í lögum þessum, skulu eiga aðgang að upplýsingum, sem opinberar stofnanir og fyrirtæki geta í té látið og varða starfsemi þeirra.

62. gr.

Ekki er heimilt að veita upplýsingar um rannsóknir, sem kostaðar eru af einstaklingi, félagi eða stofnun, nema með samþykki hennar. Ef þagnarskylda er brotin, varðar það ábyrgð eftir ákvæðum almennra hegningarlaga um opinbera starfsmenn og skaðabótaskyldu.

63. gr.

Nánari ákvæði um starfsemi stofnana þeirra, er lög þessi taka til, má setja með reglugerðum. Þar á meðal er heimilt að ákveða breytingu á verksviðum einstakra stofnana, enn fremur að heimila sérfræðingum rannsóknastofnananna að kenna við Háskóla Íslands.

64. gr.

Með lögum þessum eru numin úr gildi lög nr. 68/1940, um náttúrurannsóknir, lög nr. 64/1940, um rannsóknir og tilraunir í þágu landbúnaðarins, orðin „þá skal og starfa við Háskóla Íslands rannsóknarstofnun í þágu atvinnuveganna, er nefnist atvinnudeild háskólans“ í 9. gr. laga nr. 60/1957, svo og önnur lagaákvæði, sem brjóta í bága við lög þessi.

65. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört að Bessastöðum, 21. maí 1965.

Ásgeir Ásgeirsson.

(L. S.)

Gylfi P. Gíslason.

L Ö G

um breyting á lögum nr. 66 17. júlí 1946, um atvinnu við siglingar á íslenskum skipum.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallizt á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

49. gr. laganna orðist svo:

Skip, sem notuð eru til styttri siglinga, aðallega innan fjarða og flóa, skulu vera undanþegin ákvæðum þessara laga um fjölda skipstjórnarmanna, þ. e. stýrimanna og vélstjóra.

Ráðherra skal heimilt, í samráði við skipaskoðunarstjóra, að ákveða fjölda skipstjórnarmanna á skipum þessum.

Dráttarbátar, sem aðallega eru notaðir á höfnum inni, svo og grafvélar og aðrar fleytur, sem hafa vélar innanborðs, en eru ekki knúnar áfram með vélarafli, skulu og vera undanþegnar ákvæðum laga þessara um fjölda skipstjórnarmanna.

Ráðherra skal og heimilt, í samráði við skipaskoðunarstjóra, að ákveða fjölda skipstjórnarmanna á fleytum þessum.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört í Reykjavík, 14. maí 1965.

Ásgeir Ásgeirsson.

(L. S.)

Emil Jónsson.

L Ö G

um sölu dýralæknisbústaðar í Borgarnesi.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallizt á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Ríkisstjórninni er heimilt að selja gamla dýralæknisbústaðinn við Gunnlaugs-
götu 21 í Borgarnesi, ásamt lóðarréttindum.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört að Bessastöðum, 13. maí 1965.

Ásgeir Ásgeirsson.

(L. S.)

Ingólfur Jónsson.

21. maí 1965.

Nr. 67.

L Ö G

um breyting á lögum nr. 51 10. júní 1964, um tekjustofna sveitarfélaga.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallizt á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

4. mgr. 20. gr. orðist svo:

Áður en úthlutað er framlagi Jöfnunarsjóðs til sveitarfélaganna, skal draga frá úthlutunarfénu 3% af tekjum sjóðsins til þess að mæta þörfum sveitarfélaganna samkvæmt 15. gr. laga þessara.

2. gr.

31. gr. orðist svo:

Útsvar skal miða við hreinar tekjur og eign samkv. skattskrá, sbr. þó 36. gr. 2. mgr. og 42. gr. Við ákvörðun eigna til útsvars skal miða við gildandi fasteignamat þrefaldað.

Frá hreinum tekjum gjaldenda skal draga sem hér segir, áður en útsvar er lagt á þær, samkv. 32. gr.

Hjá einstaklingum kr. 35 000.00.

Hjá hjónum kr. 50 000.00.

Fyrir hvert barn, innan 16 ára aldurs, á framfæri gjaldanda kr. 10 000.00.

Útsvör s. l. árs skulu einnig dregin frá hreinum tekjum, ef þau hafa verið greidd að fullu fyrir áramót næst á undan niðurjöfnun.

3. gr.

Staflíður A, tölulíður 1. 32. gr. orðist svo:

1. Einstaklingar og hjón:

Af fyrstu 20 000.00 kr. 10%.

Af 20 000.00 kr.—60 000.00 kr. greiðast 2000.00 kr. af 20 000.00 kr. og 20% af afgangi.

Af 60 000.00 kr. og yfir greiðast 10 000.00 kr. af 60 000.00 kr. og 30% af afgangi.

4. gr.

Við 35. gr. bætist ný mgr., svo hljóðandi:

Í kaupstöðum skulu útsvör kr. 1500.00 og lægri felld niður.

5. gr.

61. gr. orðist svo:

Nú kemur í ljós, eftir að álagningu er lokið, sbr. 14. gr. og 45.—46. gr., að gjaldanda hefur verið sleppt, sem lagt skyldi hafa verið á, eða að framtal gjaldanda hefur verið rangt eða ófullnægjandi að verulegu leyti, og skal þá úr því bætt með nýrri álagningu. Um slíka álagningu gilda sömu reglur og um álagningu aðstöðugjalds og útsvars samkvæmt lögum þessum, eftir því sem við á. Eigi má reikna nefnd gjöld að nýju lengra aftur í tímann en 6 ár. Gjaldalagi gjalda samkvæmt þessari málsgrein er viku eftir að gjaldanda var tilkynnt um álagninguna.

Nú skýrir gjaldandi af ásetningi eða stórkostlegu hirðuleysi rangt frá einhverju því, er máli skiptir um aðstöðugjald hans eða útsvar, og skal hann þá sekur um allt að tífaldri þeirri upphæð aðstöðugjalds eða útsvars, sem undan var dregin. Einnig er heimilt að sekta gjaldanda, sem hefur ekki talið fram, um allt að tífaldri fjárhæð aðstöðugjalds eða útsvars, sem áætlun hefur verið of lág, ef gjöld þessi hafa verið reiknuð að nýju samkvæmt 1. mgr. Eigi má reikna sekt samkvæmt þessari málsgrein lengra aftur í tímann en 6 ár.

Nú verður slíkt uppvíst við meðferð dánarbús, og skal þá greiða úr búinu tvöfalda þá fjárhæð, er á vantar.

Sektir samkvæmt 2. og 3. mgr. renna í viðkomandi sveitarsjóð, og fer um gjalddaga þeirra eftir ákvæðum 1. mgr.

Fyrir endurtekin og stórfelld brot samkvæmt 2. málsgrein þessarar greinar má dæma menn í allt að 2 ára varðhaldsvist, enda liggja eigi þyngri refsing við brotum samkvæmt hinum almennu hegningarlögum.

Nefnd sú, sem í 48. gr. laga um tekjuskatt og eignarskatt getur, ákveður sektir samkvæmt 2. mgr., nema ríkisskattstjóri eða sökunautar óski þess, að máli sé vísað til dómstóla.

6. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi og koma til framkvæmda við álagningu útsvara á árinu 1965.

Ákvæði til bráðabirgða.

Nú hefur gjalddögum útsvara, álagðra 1964, verið fjölgað, svo að síðasta greiðsla fór ekki fram fyrr en 1. marz 1965, og telst útsvar þá greitt að fullu fyrir árslok 1964, samkvæmt síðustu málgr. 31. gr. þessara laga.

Gjört í Reykjavík, 21. maí 1965.

Ásgeir Ásgeirsson.

(L. S.)

Magnús Jónsson.

AUGLÝSING

um vegáætlun fyrir árin 1965—1968.

Alþingi hefur 2. apríl 1964 samþykkt þingsályktun þá, sem hér fer á eftir, um vegáætlun fyrir árin 1965—1968.

Alþingi ályktar, samkvæmt III. kafla vegalaga, nr. 71 30. desember 1963, að árin 1965—1968 skuli framkvæmdum í vegamálum hagað og vegir flokkaðir samkvæmt eftirfarandi vegáætlun:

I. ÁÆTLUN UM TEKJUR

(Fjárhæðir í millj. króna.)

	1965	1966	1967	1968
A. Tekjur af benzingjaldi af benzínsölu á tímabilinu nóvember—október, brúttó	170.0	173.4	179.5	188.5
B. Tekjur af þungaskatti brúttó	42.6	46.4	50.6	55.1
C. Tekjur af gúmmígjaldi	8.9	9.7	10.6	11.6
D. Ríkisframlag samkv. 89. gr. vegalaga	47.0	47.0	47.0	47.0
E. Eftirstöðvar tekna 1964	16.7			
	<hr/>	<hr/>	<hr/>	<hr/>
	285.2	276.5	287.7	302.2
Frá dregst:				
Áætluð endurgreiðsla benzingjalds vegna gjaldfrjálsrar sölu undanfarið ár	17.0	17.0	17.0	17.0
Áætluð endurgreiðsla þungaskatts vegna álagðs þungaskatts undanfarið ár	4.5	5.4	6.3	7.2
	<hr/>	<hr/>	<hr/>	<hr/>
Nettótekjur alls	263.7	254.1	264.4	278.0

II. SKIPTING ÚTGJALDA.

(Fjárhæðir í þús. kr.)

I. Stjórn og undirbúningur:	1965	1966	1967	1968
1. Launagreiðslur	5240	5580	5960	6340
2. Eftirlaunagr. til fyrrv. verkstj. og ekkna þeirra	600	600	600	600
3. Skrifstofukostn. ...	2100	2000	2000	2000

	1965	1966	1967	1968
4. Verkfræðilegur und- irbúningur framkv. .	2500	2500	2500	2500
	— 10440	— 10680	— 11060	— 11440
II. Viðhald þjóðvega:				
1. Viðhaldskostn. þjóð- vega	92500	97600	102750	108000
2. Vegmerkingar skv. umferðarlögum	1000	1000	1000	1000
	— 93500	— 98600	— 103750	— 109000
III. Til nýrra þjóðvega:				
1. Til hraðbrauta	10000	10000	10000	10000
2. Til þjóðbrauta	22760	19400	20260	23630
3. Til landsbrauta	27590	24523	24640	23942
	— 60350	— 53923	— 54900	— 57572
IV. Til fjallvega, reiðvega og ferjuhalds:				
1. Til aðalfjallvega	880	880	880	880
2. Til annarra fjallvega	800	810	800	875
3. Til reiðvega	200	200	200	200
4. Til ferjuhalds	15	15	15	15
	— 1895	— 1905	— 1895	— 1970
V. Til brúargerða:				
1. Til stórbrúa	13200	13250	13800	11660
2. Til brúa 10 m og lengri	12380	8327	8440	12838
3. Til smábrúa (4–9 m)	5670	5900	6160	5930
	— 31250	— 27477	— 28400	— 30428
VI. Til sýsluvegasjóða	10000	11800	11900	12000
VII. Til vega í kaupstöðum og kauptúnum	32945	31760	33050	34750
VIII. Til véla- og áhalda- kaupa:				
1. Til véla- og verkfæra- kaupa	11000	11000	12000	13000
2. Til bókasafns verka- manna	25	25	25	30
	— 11025	— 11025	— 12025	— 13030
IX. Til tilrauna við vega- og gatnagerð	1320	1270	1320	1390
X. Iðgjald til slysatrygg. .	1115	1170	1150	1200
XI. Gjöld skv. lögum um orlof verkamanna	4470	4380	4550	4800
XII. Atvinnuleysistrygginga- gjöld	390	410	400	420
	258700	254400	264400	278000
XIII. Til greiðslu halla á veg- áætlun '64	5000			
	<u>263700</u>			

Sundurliðun.

(Fjárhæðir í þús. kr.)

I. Til nýrra þjóðvega.

1. Til hraðbrauta:	1965	1966	1967	1968	
1. Reykjanesbraut	6800	6800	6800	6800	6800
2. Þrengslavegur	3200	3200	3200	3200	3200
Fært á II. III. 1.	10000	10000	10000	10000	10000
2. Til þjóðbrauta:					
1. Vesturlandsvegur (B 1):	1965	1966	1967	1968	Alls
a. Hvammsvík—Skeiðhóll	—	—	840	—	—
b. Skeiðhóll—Lambasnasir ...	—	—	160	1900	—
c. Um ÞyriL	800	—	—	—	—
d. Gröf—Reykjadalsá	350	—	—	—	—
e. Um Garpsdal og Gróustaði ..	280	—	—	—	—
f. Slitur	170	620	—	—	—
g. Bjarkarlundur—Kollabúðir .	—	—	—	840	5960
2. Stykkishólmsvegur (B 26):					
a. Haffjarðará—Skjálæg	1400	—	—	—	—
b. Nesvogur	—	—	—	400	—
c. Lambadalur—Langá	—	600	—	—	2400
3. Ólafsvíkurvegur (B 37):					
a. Enni	4330	4180	870	830	—
b. Rif	—	—	190	290	—
c. Staðarsveit	—	—	—	300	10990
4. Grundarfjarðarvegur (B 48):					
a. Kolgrafir—Berserkjahraun .	370	820	140	80	1410
5. Vestfjarðavegur (C 1):					
a. Sunnan Þingmannaheiðar ..	800	700	900	1500	—
b. Breiðadalsheiði	620	620	1300	1900	8340
6. Barðastrandarvegur (C 10):					
a. Um Arnarstapaá í Patreksf.	350	—	—	—	—
b. Brjánslækur—Þverá	—	—	760	340	1450
7. Strandavegur (C 31):					
a. Í Bæjarhreppi	100	—	300	—	—
b. Hólmavík—Orkuversm. ..	350	560	—	—	1310
8. Norðurlandsvegur (E 1):					
a. Við Miðfjarðará	1400	—	—	—	—
b. Í Reykjadal	105	—	—	—	—
c. Í Reykjadal norðan Langár	—	—	400	—	—
d. Á Mývatnsheiði	115	—	—	—	—
e. Austan Jökulsár á Fjöllum	—	—	400	—	2420
9. Siglufjarðarvegur (D 39)	1500	1500	4500	4300	11800
10. Ólafsfjarðarvegur (E 2):					
a. Um Ólafsfjarðarmúla	1000	1000	1000	1000	—
b. Í Arnarneshreppi	150	—	—	—	4150
11. Kinnarvegur (E 20):					
a. Hjá Krossi	—	—	500	—	—
b. Norðan Núps	100	—	—	—	600
12. Þingeyjarsýslubraut (E 25):					
a. Við Einarsstaði	—	—	—	200	—
b. Sunnan Húsavfökur	230	260	—	—	—

	1965	1966	1967	1968	Alls
c. Um Aðaldalshraun	—	—	—	800	—
d. Húsavík—Syðri-Tunga	—	100	300	—	—
e. Skeifárgil—Rekárgil	500	600	—	—	—
f. Í Kelduverfi	300	—	—	—	—
g. Lindarbrekka—Hóll	500	500	200	—	—
h. Austan Jökulsár vestan Heiðar	150	200	100	350	—
i. Á Ytra-Hálsi	—	440	500	500	—
j. Sunnan Þórshafnar	—	—	100	600	7430
13. Austurlandsvegur (F 1):					
a. Í Möðrudal	800	800	800	800	—
b. Á Jökuldal	—	—	700	—	—
c. Um Hróarstungu	790	660	—	—	—
d. Í Skriðdal	—	—	400	—	—
e. Á Breiðdalsheiði	—	500	—	420	—
f. Í Breiðdal	420	—	—	630	—
g. Streitishvarf—Lónsheiði ...	990	1000	850	1450	—
h. Í Lóni	410	590	—	—	—
i. Geithellnahr.—Bæjarhr.	—	—	500	500	14010
14. Stranda- og Jökulsárhliðarvegur (D 2):					
a. Á Sandvíkurheiði	—	250	—	—	—
b. Á Hellisheiði	300	—	300	300	—
c. Í Jökulsárhlið	—	—	410	—	1560
15. Norðfjarðarvegur (F 31):					
a. Um Fagradal	500	400	500	500	—
b. Í Eskifirði	110	—	—	—	2010
16. Suðurfjarðavegur (F 39):					
a. Í Fáskrúðsfirði	520	—	—	—	—
b. Í Stöðvarfirði	200	500	340	400	1960
17. Suðurlandsvegur (G 1):					
a. Gljúfurholtsá—Kotströnd ..	—	—	—	630	—
b. Hárlaugsst.—Steinsdalur ...	200	—	—	—	—
c. Brekkuholt—Efri-Rauðalækur	—	—	1380	620	—
d. Efri-Rauðalækur—Lyngás ..	—	550	—	—	—
e. Dalsás—Miðdalur	—	—	—	470	—
f. Hvammur—Fosslækur	650	—	—	—	—
g. Kafli í Víkurgili	520	—	—	—	5020
18. Biskupstungnabraut (G 11):					
a. Kafli austan Kers	130	470	—	—	—
b. Kafli um Brúará	—	650	—	—	1250
19. Þingvallabraut (G 3):					
a. Valhöll—Leirugjá	—	110	420	—	—
b. Kafli um Vatnsvík og Klifið ..	—	220	200	—	—
c. Kafli um Almannagjá	50	—	—	—	—
d. Kafli ofan Almannagjár ...	200	—	—	—	—
e. Valhöll—Vatnsvík	—	—	—	780	1980
Fært á II. III. 2.	22760	19400	20260	23630	86050

3. Til landsbrauta:

1. Krýsuvíkurvegur (A 3):

a. Á Almenningi	60	—	—	—	60
-----------------------	----	---	---	---	----

2. Grindavíkurvegur (A 5):	1965	1966	1967	1968	Alls
a. Um Gíghæð	145	—	—	—	—
b. Grindavík—Staður	—	500	350	—	—
c. Um Selháls	—	—	—	235	1230
3. Kjósarskarðsvegur (A 24):					
a. Hjalli—Eyjatjörn—Laxá ...	355	—	150	125	—
b. Um Laxá	—	—	—	140	770
4. Dragavegur (B 2)	200	250	300	200	950
5. Svínadalsvegur (B 3):					
a. Hjá Hurðarbaki	140	—	—	—	140
6. Skorradalsvegur (B 9):					
a. Merkgil—Háafell	250	250	270	200	970
7. Lundarreykjadalsvegur (B 12):					
a. Arnþórsholt—Lundur	285	220	—	—	505
8. Flókadalsvegur (B 14)	—	—	174	200	374
9. Reykdælavegur (B 16):					
a. Rauðsgil—Búrfell	150	—	—	200	350
10. Hálsasveitarvegur (B 17)	—	300	300	300	900
11. Grjóthálsvegur (B 20):					
a. Þverárrétt	—	—	—	155	155
12. Norðurárdalsvegur (B 22):					
a. Frá Háreksstöðum	300	385	400	400	—
b. Varmaland—Einifell	—	100	—	—	1585
13. Ferjubakkavegur (B 23):					
a. Gufá—Ferjubakki	240	—	—	—	240
14. Valbjarnarvallavegur (B 25) ..	100	—	—	—	100
15. Álftaneshreppsvegur (B 28):					
a. Um Þverholt	100	—	—	—	100
16. Hraunhreppsvegur (B 30):					
a. Miklaholt—Hamrar	360	—	—	—	—
b. Um Akra	—	500	600	500	1960
17. Heydalsvegur (B 34):					
a. Hnappadalur	100	—	—	100	200
18. Kolviðarnesvegur (B 35)	15	—	—	—	15
19. Skógarnesvegur (B 36)	100	—	—	100	200
20. Krossavegur (B 38):					
a. Um Melkot	50	—	—	—	50
21. Lýsuhólsvegur (B 40)	30	—	—	—	30
22. Útnesvegur (B 41):					
a. Garðar	160	320	—	—	—
b. Hellnahraun—Stapafell	—	—	710	270	1460
23. Framsveitarvegur (B 43)	130	150	150	—	430
24. Skógarstrandarvegur (B 46):					
a. Skógarströnd	630	639	340	—	—
b. Um Harrastaði	30	—	—	—	1639
25. Langadalsvegur (B 47)	—	—	—	90	90
26. Hörðudalsvegur (B 48)	175	110	100	100	485
27. Hálsabæjavegur (B 49)	100	—	100	—	200
28. Hlíðarvegur (B 50)	80	100	—	—	180
29. Haukadalsvegur (B 51)	—	—	150	100	250
30. Laxárdalsvegur (B 52):					
a. Laxárdalur	145	200	150	183	—
b. Norðan Laxár—Hjarðar- holtsvegur	100	110	150	150	1188

	1965	1966	1967	1968	Alls
31. Klofningsvegur (B 53)	1000	900	800	800	3500
32. Neðribyggðarvegur (B 54)	—	—	—	100	100
33. Efríbyggðarvegur (B 55)	100	100	—	—	200
34. Staðarhólsvegur (B 56)	—	—	100	100	200
35. Sælingsdalsvegur (B 57)	—	—	—	100	100
36. Hvanneyrarvegur (B 1—11) ..	100	—	—	—	100
37. Innra-Hólmsvegur (B 5—2)	20	—	—	—	20
38. Helgafellsvegur (B 26—8)	—	70	—	—	70
39. Bjarnarhafnarvegur (B 44—1) .	70	—	—	—	70
40. Örlygshafnarvegur (C 13):					
a. Í Skershlið	—	—	60	—	—
b. Um Skersá	170	—	—	—	230
41. Kollsvíkurvegur (C 14)	150	162	—	—	312
42. Bildudalsvegur (C 15):					
a. Um Hálgötu og Viðieyradal	800	—	—	—	—
b. Tálknafj.—Bildudalur	—	1350	600	—	—
c. Trostansfj. á Vestfjarðaveg	500	550	650	100	4550
43. Tálknafjarðarvegur (C 17):					
a. Um Sveinseyrartún	—	230	—	—	230
44. Svalvogavegur (C 19):					
a. Um og út fyrir Hafnarófæru	135	—	300	—	435
45. Ingjaldssandsvegur (C 21):					
a. Um Núp að Alviðru	—	260	145	—	—
b. Um Sandheiði	125	—	125	—	655
46. Flateyrarvegur (C 24):					
a. Sólbakki—Hvilft	55	—	—	—	55
47. Súgandafjarðarvegur (C 25):					
a. Um Kvíanes	215	—	—	—	—
b. Um Botnsdal á Botnsheiði ..	185	400	400	700	1900
48. Bolungarvíkurvegur (C 27) ...	500	500	500	800	2300
49. Djúpvegur (C 29):					
a. Hattareyri—Eyri í Sf.	1000	600	1200	1500	5600
b. Frá Ögri að Hjöllum	700	600			
50. Vatnsfjarðarvegur (C 30):					
a. Í Mjóafirði	100	130	150	—	—
b. Í Ísafirði og Reykjarfirði ..	—	—	250	250	880
51. Snæfjallastrandarvegur (C 34):					
a. Mórilla—Lónseyri	100	200	265	210	775
52. Strandavegur (C 37):					
a. Í Veiðileysufirði	200	—	—	—	—
b. Úr Veiðileysuf., Djúpuvík, Kleifar	480	400	200	—	—
c. Selvíkurhöfði—Reykjar- fjarðará	285	—	200	—	—
d. Djúpuvíkurkleifar, Djúpuvík	—	—	87	500	—
e. Eyri í Ingólfsf.—Ófeigsfj. ..	100	—	100	100	2652
53. Drangsnævegur (C 41)	150	—	—	254	404
54. Heggstaðanesvegur (D 3):					
a. Um Sanda	310	—	—	—	310
55. Miðfjarðarvegur (D 4):					
a. Norðan Urriðaár	—	—	—	300	300
56. Vesturárdalsvegur (D 5):					
a. Að Húki	100	—	—	205	305

	1965	1966	1967	1968	Alls
57. Vatnsnesvegur (D 7):	1965	1966	1967	1968	Alls
a. Við Kárastaðalæk og Illugast.	200	—	—	—	—
b. Í Vesturhópi	—	211	—	—	411
58. Borgarvegur (D 10):					
a. Um Síðu	180	—	—	—	—
b. Frá Síðu að Bjarghúsum ..	—	—	—	315	495
59. Viðidalsvegur (D 11):					
a. Frá Ásgeirsá að Norður-					
landsvegi	65	551	780	—	1396
60. Vatnsdalsvegur (D 12):					
a. Hvammur—Másstaðir	375	435	—	—	—
b. Við Bjarnarstaði	—	80	—	—	890
61. Þingeyravegur (D 14):					
a. Leysingjastaðir	75	—	—	—	75
62. Reykjabraut (D 15):					
a. Frá Beinakeldu að Reykjum	—	—	550	500	1050
63. Svinvetningabraut (D 18):					
a. Frá Sauðan.—Ytri-Löngum.	—	85	335	—	420
64. Svinadalsvegur (D 19):					
a. Við vegamót Reykjabrautar	25	—	—	—	—
b. Við Reykjabót	265	—	—	—	290
65. Svartárdalsvegur (D 22):					
a. Leifsstaðaklif—Skottast. ...	215	—	—	—	—
b. Um Hvamm	—	265	—	—	480
66. Skagavegur (D 23):					
a. Í Neðribyggð og við Fossá ..	320	—	—	—	—
b. Í Gönguskörðum	—	—	735	400	1455
67. Neðribyggðarvegur (D 24):					
a. Um Sölvabakka	—	—	—	100	100
68. Þverárfjallsvegur (D 26):					
a. Um Njálstaðabrúnir	—	—	—	330	330
69. Reykjastrandarvegur (D 27):					
a. Við Fagranes	280	—	—	—	—
b. Fagranesskriður	—	—	215	—	495
70. Sæmundarhlíðarvegur (D 29):					
a. Hjá Fjalli	220	—	—	—	220
71. Skagafjarðarvegur (D 30):					
a. Við Víðimel	—	—	230	—	—
b. Við Tungukot	80	125	—	—	435
72. Efribyggðarvegur (D 31):					
a. Frá Álfgeirsvöllum að Vatni	—	—	—	615	615
73. Kjálkavegur (D 36):					
a. Flatatunga—Kelduland	420	760	—	—	1180
74. Sléttuhlíðarvegur (D 50)	—	—	77	105	182
75. Að félagsheimili Varmahlíð (E					
1—9)	—	268	—	120	388
76. Ólafsfjarðarvegur eystri (E 3):					
a. Hjá Vatnsenda	140	—	—	—	—
b. Hóll—Vatnsendi	200	—	100	100	540
77. Svarfaðardalsvegur (E 4):					
a. Hjá Klaufabrekku	—	—	—	430	430
78. Skíðadalsvegur (E 5):					
a. Tungur	—	—	—	525	525
79. Hauganesvegur (E 6):					
a. Við Hauganes	130	—	—	—	130

	1965	1966	1967	1968	Alls
80. Hjalteyrarvegur (E 7):					
a. Við Pálmholtslæk	50	—	—	—	—
b. Álma að Hjalteyri	120	—	—	—	170
81. Möðruvallavegur (E 8):					
a. Þrastarhólsá	50	—	—	—	50
82. Hörgárdalsvegur (E 9):					
a. Hörgárbrú—Möðruvallamelar	190	—	—	—	—
b. Möðruvallam.—Dunhagi ...	—	—	350	—	—
c. Sunnan Þríhyrnings	—	217	80	—	837
83. Dagverðareyrarvegur (E 11):					
a. Að útvarpsstöð	—	—	410	—	410
84. Blómsturvallavegur (E 12):					
a. Við Lónslæk	50	—	—	—	—
b. Að Blómsturvallamelum ...	—	200	150	—	400
85. Eyjafjarðarbraut (E 13):					
a. Hjá Brunná	200	—	—	—	—
b. Við Rifkelsstaði	—	400	100	200	—
c. Við brú hjá Vatnsenda	—	250	—	—	1150
86. Svalbarðsstrandarvegur (E 16):					
a. Svalbarðseyri—Dálksstaðir .	385	—	—	—	—
b. Við Veigastaði	—	325	—	—	—
c. Dálksst.—Sveinbjarnargerði	—	—	450	—	1160
87. Fnjóskadalsvegur vestri (E 17):					
a. Hjá Draflastöðum	—	—	375	—	375
88. Fnjóskadalsvegur eystri (E 19):					
a. Hjá Grund og Veisuseli	450	465	—	—	915
89. Fremstafellsvegur (E 21):					
a. Frá Kvíslarbrú að Hriflu ..	—	175	—	—	—
b. Frá Kinnarvegi	—	—	—	200	375
90. Út-Kinnarvegur (E 22):					
a. Norðan Ófeigsstaða	—	—	247	—	—
b. Við Ófeigsstaði	—	60	—	—	307
91. Bárðardalsvegur vestri (E 23):					
a. Norðan Stóruvalla	270	—	—	—	—
b. Sunnan Stóruvalla	150	—	—	—	420
92. Bárðardalsvegur eystri (E 24):					
a. Við Kálfborgará	—	200	—	—	200
93. Reykjahverfisvegur (E 26):					
a. Helluland—Grenjaðarstaður	—	—	—	170	170
94. Hvammavegur (E 27):					
a. Við nýja brú á Laxá	—	—	—	630	—
b. Endurbætur o. fl.	150	—	—	—	780
95. Fagranesvegur (E 29):					
a. Sunnan Hellulands	—	—	—	150	150
96. Sandsvegur (E 31):					
a. Knútsstaðir—Sandur	—	100	—	—	100
97. Austurhlíðarvegur (E 32):					
a. Við Laugaskóla	100	—	—	78	—
b. Norðan Öndólfstaða	—	—	110	—	288
98. Stafnsvegur (E 33):					
a. Norðan Stafns	150	—	—	—	150
99. Baldursheimsvegur (E 35):					
a. Norðan Baldursheims	100	—	—	100	200

	1965	1966	1967	1968	Alls
100. Vestursandsvegur (E 37):	1965	1966	1967	1968	Alls
a. Lindarbrekka—Seyrur	—	200	—	—	200
101. Uppsveitarvegur (E 38):					
a. Meiðavellir—Tóveggur	—	—	100	—	100
102. Hólsfjallavegur (E 39):					
a. Jökulsá—Beitvallahmór	300	400	540	665	1905
103. Gilsbakkavegur (E 40):					
a. Hjá Hafrafellstungu	200	—	—	—	200
104. Austursandsvegur (E 41):					
a. Sandá—Ærlækjarsel	50	100	—	—	150
105. Axarfjarðarheiðarvegur (E 42):					
a. Vestan Sandfellshaga	60	—	—	—	60
106. Kúðarvegur (E 43):					
a. Við Þorvaldsstaðaá	50	—	—	—	50
107. Holtvegur (E 44):					
a. Þingeyjarsýslubr.—Holt ...	60	—	—	—	60
108. Langanesvegur (E 45):					
a. Norðan Sauðaness	—	60	—	—	—
b. Utan Heiðar	60	—	—	—	120
109. Eiðisvegur (E 48)	50	—	—	—	50
110. Vopnafjarðarvegir (F 2—F 9)	610	600	600	700	2510
111. Eyjavegur (F 10)	100	100	—	—	200
112. Jökuldalsvegur efri (F 12)	—	350	—	500	850
113. Jökuldalsvegur eystri (F 13) ..	320	—	300	—	620
114. Hróarstunguvegir (F 14—F 17)	420	500	600	460	1980
115. Fellavegur efri (F 18)	—	—	80	—	80
116. Upphéraðsvegur (F 19)	600	600	300	600	2100
117. Suðurdalsv. í Fljótsdal (F 22)	—	—	—	100	100
118. Fjarðarheiðarvegur (F 23)	400	560	350	500	1810
119. Seyðisfjarðarvegur (F 24)	170	—	—	—	170
120. Úthéraðs- og Borgarfjv. (F 25)	800	400	200	700	2100
121. Hjaltastaðaþinghárvegir (F 15, F 26—F 28)	200	103	103	114	520
122. Loðmundarfjarðarvegur (F 30)	—	130	—	—	130
123. Mjóafjarðarvegur (F 32)	100	100	150	100	450
124. Viðfjarðarvegur (F 33)	—	—	250	—	250
125. Dalavegur í Fáskrúðsf. (F 41)	300	200	—	—	500
126. Breiðdalsvegur syðri (F 44) ..	—	—	350	—	350
127. Axarvegur (F 45)	150	—	100	—	250
128. Djúpavogsvegur (F 46)	—	—	400	—	400
129. Austurlandsv. í Skaftaf. (F 1):					
a. Austan Jökulsár á Breiðams.	400	450	420	500	1770
b. Vestan Jökulsár á Breiðams.	450	400	400	400	1650
130. Suðurlandsvegur (G 1):					
a. Skaftáreldahraun—Ásar— Hraunbr.	1030	—	—	—	—
b. Skaftáreldahraun—Hraunbr. —Djúpibr.	—	—	820	—	—
c. Skaftáreldahraun—Dyngjur	150	250	400	1470	—
d. Ofan Ása í Skaftártungu ...	—	170	—	—	4290
131. Þorlákshafnarvegur (G 6):					
a. Við Þorlákshöfn	—	—	—	400	400
132. Laugarvatnsvegur (G 15):					
a. Djúpá—Grafará	740	—	—	—	—
b. Grafará—Efra-Ápavatn	—	860	—	—	1600

133. Geysisvegur (G 20):	1965	1966	1967	1968	Alls
a. Stakksá—Neðridalur	—	—	430	—	—
b. Geysir—Tungufljót	405	612	—	—	—
c. Tungufljót—Kjóastaðir	—	—	370	633	2450
134. Auðsholtsvegur (G 29):					
a. Varnarg. við Stóru-Laxá ...	210	—	—	—	210
135. Langholtsvegur (G 30):					
a. Efra-Langholt—Auðsholtsv.	100	100	—	—	200
136. Urriðafossvegur (G 46):					
a. Egilsstaðir—Suðurlandsv. ..	—	—	200	—	200
137. Gaulverjabæjarvegur (G 41) ..	100	100	150	—	350
138. Þykkvabæjarvegur (G 49):					
a. Um Þykkvabæ	470	—	—	—	—
b. Flóðgátt—Hrafnóftir	—	500	—	—	970
139. Hagavegur (G 52):					
a. Raftholt—Saurbær	450	100	—	—	550
140. Rangárvallavegur (G 55):					
a. Keldur—Reyðarvatn	200	—	125	—	325
141. Þingskálavegur (G 56):					
a. Um tún á Heiði	—	—	280	—	280
142. Fljótshlíðarvegur (G 60):					
a. Deild—Þverá	—	—	100	300	400
143. Út-Landeyjavegur (G 62):					
a. Skúmsstaðir—Þúfuvegur ...	—	335	—	—	—
b. Þúfuvegur—Ytri-Hóll II ...	—	—	107	—	—
c. Ytri-Hóll II—Ártún	—	—	395	640	1477
144. Álftaversvegur (G 83):					
a. Herjólfstaðir—Hraunbær ...	—	—	200	200	400
145. Búlandsvegur (G 84):					
a. Gröf—Hvammsá	100	125	—	125	350
146. Meðallandsvegur (G 86):					
a. Eldvatn—Langholt	—	360	—	—	360
Fært á II. III. 3.	27590	24523	24640	23942	100695

II. Til aðalfjallvega.

	1965	1966	1967	1968
1. Kaldadalsvegur	100	100	200	100
2. Kjalvegur	200	200	200	300
3. Sprengisandsleið	480	480	280	280
4. Fjallabaksvegur nyrðri	100	100	200	200
Fært á II. IV. 1.	880	880	880	880

III. Til brúargerða.

1. Til stórbrúa:	1965	1966	1967	1968
1. Haffjarðará (B 26)	2400	—	—	—
2. Miðfjarðará (E 1)	5200	—	—	—
3. Þverá í Útblönduhlíð (D 38)	2400	—	—	—
4. Eldvatn hjá Ásum (G 1)	3200	—	—	—
5. Jökulsá á Breiðamerkursandi (F 1)	—	6950	8300	—

	1965	1966	1967	1968
6. Tungufljót á Geysisvegi (G 20)	—	3300	—	—
7. Brúará hjá Spóastöðum (G 11)	—	3000	—	—
8. Fnjóská hjá Hrisagerði (E 1)	—	—	5500	—
9. Djúpadalsá í Skagafirði (E 1)	—	—	—	1500
10. Hamarsá í S.-Múlasýslu (F 1)	—	—	—	4200
11. Hrutá í Örafum (F 1)	—	—	—	3100
12. Hverfisfljót í V.-Skaftafellssýslu (G 1) ..	—	—	—	2860

Fært á II. V. 1. 13200 13250 13800 11660

2. Til brúa 10 m og lengri:	1965	1966	1967	1968
1. Örnólfsdalsá hjá Norðtungu (B 19)	1700	—	—	—
2. Miðá hjá Skallhól	1050	—	—	—
3. Suðurfossá á Rauðasandi, sýsluv.	720	—	—	—
4. Þingmannaá (C 1)	300	—	—	—
5. Búðará í Reyðarfirði (F 31)	1750	—	—	—
6. Selá hjá Starmýri, sýsluv.	800	—	—	—
7. Kotá í Örafum (F 1)	350	—	—	—
8. Svínafellsá í Örafum (F 1)	1750	—	—	—
9. Gljúfurá í Örafum (F 1)	970	—	—	—
10. Írá undir Eyjafj. (G. 1)	1160	—	—	—
11. Jökulgil á Fjallabaksv., fjallv.	1180	—	—	—
12. Svartá hjá Korná, sýsluv.	650	—	—	—
13. Hundadalsá (B 49)	—	680	—	—
14. Eyjafjarðará hjá Vatnsenda (E 12)	—	1000	—	—
15. Vesturá hjá Öskum. (F 7)	—	720	—	—
16. Fögruhlíðará hjá Ketilsst. (F 2)	—	910	—	—
17. Rangá hjá Skógargerði (F 15)	—	1460	—	—
18. Kvislar í Eldhr., varnarg. (G 1)	—	670	—	—
19. Almenningsá hjá Gerpi (G 20)	—	610	—	—
20. Tunguá hjá Gilstreymi, sýsluv.	—	420	—	—
21. Flatnaá í Hnappadal, sýsluv.	—	450	—	—
22. Laugará í Hörðudal (B 48)	—	705	—	—
23. Hafnará á Skaga (D 23)	—	577	—	—
24. Flóka	—	125	705	—
25. Dýrastaðaá (E 1)	—	—	1400	—
26. Reykjafjarðará í Strandasýslu (C 31)	—	—	710	—
27. Kjósará í Strandasýslu (C 37)	—	—	795	—
28. Svartá hjá Stafnsrétt, sýsluv.	—	—	500	—
29. Norðurdalsá hjá Tóarseli, sýsluv.	—	—	1270	—
30. Holtsá undir Eyjafj. (G 1)	—	—	1535	—
31. Rauðilækur í Rang. (G 1)	—	—	1525	—
32. Hvítá hjá Kljáfossi (B 1)	—	—	—	1790
33. Staðarhólsá hjá Bjarnast., sýsluv.	—	—	—	670
34. Mjóafjarðará á Vestfjv. (C 1)	—	—	—	820
35. Kjálkafjarðará (C 1)	—	—	—	1110
36. Katadalsá, sýsluv.	—	—	—	400
37. Húseyjarkvísl, sýsluv.	—	—	—	628
38. Flókadalsá í Fljótum, sýsluv.	—	—	—	500
39. Svartá hjá Skeggjastöðum, sýsluv.	—	—	—	1100
40. Torfufellsá í Eyjafirði (E 12)	—	—	—	440
41. Laxá á Hólmavaði (E 27)	—	—	—	1240
42. Eyvindará á Mjóafjv. (F 32)	—	—	—	880

	1965	1966	1967	1968
43. Breiðdalsá í Breiðdal (F 1)	—	—	—	720
44. Njarðvíkurá í Bf. eystra, sýsluv.	—	—	—	710
45. Fellsá í Suðursveit (F 1)	—	—	—	1830
Fært á II. V. 2.	12380	8327	8440	12838
3. Til smábrúa (4—9 m)	5670	5900	6160	5930
Fært á II. V. 3.	5670	5900	6160	5930

III. FRAMKVÆMDIR VIÐ HRAÐBRAUTIR, ÞJÓÐBRAUTIR OG LANDSBRAUTIR, SEM VERÐA EKKI AÐ ÖLLU LEYTI GREIDDAR AF FÉ VEGASJÓÐS Á ÁÆTLUNARTÍMABILINU

Heimilt er að vinna að lagningu hraðbrauta, þjóðbrauta og landsbrauta, svo sem rakið er hér á eftir, ef fjár verður aflað til framkvæmdanna.

I. Hraðbrautir:

(Fjárhæðir í millj. kr.)

	1965	1966	1967	1968
1. Vesturlandsvegur	—	25.8	24.3	12.4
2. Suðurlandsvegur	—	5.3	17.5	37.3
3. Hafnarfjarðarvegur	—	—	17.5	7.5
3. Reykjanesbraut	62.5	32.8	16.5	14.6
	62.5	63.9	75.8	71.8

II. Þjóðbrautir:

(Fjárhæðir í millj. kr.)

	1965	1966	1967	1968
1. Vestfjarðavegur:				
a. Sunnan Þingmannaheiðar	—	1.3	3.4	3.1
b. Gemlufallsheiði	—	—	—	1.8
c. Jarðgöng í Breiðadalsheiði	—	1.0	3.7	—
d. Breiðadalsheiði	2.0	1.5	2.0	—
2. Siglufjarðarvegur	11.4	12.6	—	—
3. Múlavegur	4.0	—	—	—
4. Austurlandsvegur (Möðrudalur— Jökuldalur)	—	—	3.0	3.0
5. Suðurfjarðavegur (um Vattarnes) ..	—	3.0	3.0	3.0
	17.4	19.4	15.1	10.9

III. Landsbrautir:

(Fjárhæðir í millj. kr.)

	1965	1966	1967	1968
1. Heydalsvegur	—	1.0	1.0	1.5
2. Örlygshafnarvegur (Skershlið) ...	0.5	—	—	—

	1965	1966	1967	1968
3. Rauðasandsvegur (Skápadalshlið) .	0.2	—	—	—
4. Bildudalsvegur (Patreksfj.—Bildud.)	1.5	1.9	—	—
5. Flateyrarvegur	0.5	—	—	—
6. Súgandafjarðarvegur	—	—	—	3.1
7. Djúpvegur (Ísafjörður—flugvöllur —Súðavík)	1.5	0.5	0.4	—
8. Bolungarvíkurvegur	1.0	1.1	2.0	—
	5.2	4.5	3.4	4.6

IV. FLOKKUN VEGA

1. Þjóðvegir, eftir kjördæmum.

A. *Reykjaneskjördæmi.*

a. Almennir þjóðvegir.

- A 1 **Hafnarfjarðarvegur:** Frá Reykjavík, um Kópavog á Reykjanesbraut ofan Hafnarfjarðar.
- B 1 **Vesturlandsvegur:** Frá Reykjavík við Elliðaár um Mosfellssveit og Kjalarnes, kringum Hvalfjörð, að sýslumörkum Borgarfjarðarsýslu í Hvalfjarðarbotni.
- G 1 **Suðurlandsvegur:** Frá Reykjavík við Elliðaár um Lækjarbotna, að sýslumörkum Árnessýslu ofan Sandskeiðs.
- A 2 **Reykjanesbraut:** Frá Reykjavík við Elliðaár austan Kópavogs og Hafnarfjarðar, um Vatnsleysustrandarheiði, Keflavík, Gerða, Sandgerði og að Stafnesi.
- A 3 **Krýsuvíkurvegur:** Af Reykjanesbraut sunnan við Hafnarfjörð um Krýsuvík að sýslusteini í Herdísarvíkurhrauni.
- A 4 **Vatnsleysustrandarvegur:** Af Reykjanesbraut við Kúagerði um Vatnsleysuströnd og Voga á Reykjanesbraut austan Vogastapa.
- A 5 **Grindavíkurvegur:** Af Reykjanesbraut á Vogastapa um Grindavík að Reykjanesvita.
- A 6 **Ísólfsskálavegur:** Af Grindavíkurvegi ofan Grindavíkur á Krýsuvíkurveg hjá Krýsuvík.
- A 7 **Hafnavegur:** Af Reykjanesbraut í Njarðvíkum hjá Kirkjuvogi í Höfnum að Reykjanesvita.
- A 8 **Miðnesheiðarvegur:** Frá Keflavík um Miðnesheiði til Sandgerðis.
- A 9 **Garðskagavegur:** Af Reykjanesbraut nálægt Útskálum að Garðskagavita.
- A 10 **Njarðvíkurvegur:** Af Reykjanesbraut syðst á Vogastapa að Innri-Njarðvík.
- A 11 **Álftanesvegur:** Af Reykjanesbraut hjá Engidal að Bessastöðum.
- A 12 **Nesvegur:** Hringvegur af Álftanesvegi við Bessastaðahlið um Sviðholt og Landakot á Álftanesveg við Bessastaðahlið.
- A 13 **Garðavegur:** Frá Hafnarfirði um Gerða á Álftanesveg hjá Selskarði.
- A 14 **Vífilsstaðavegur:** Af Reykjanesbraut um Vífilsstaði á Elliðavatnsveg ofan Vífilsstaða.
- A 15 **Elliðavatnsvegur:** Af Suðurlandsvegi hjá Rauðavatni um Vatnsenda og Vífilsstaði á Reykjanesbraut ofan Hafnarfjarðar.
- A 16 **Útvarpsstöðvarvegur:** Af Reykjanesbraut vestan Breiðholts hjá útvarpsstöð á Vatnsenda á Elliðavatnsveg.
- A 17 **Heiðmerkurvegur:** Af Suðurlandsvegi að Heiðmerkurhliði.
- A 18 **Gufunesvegur:** Af Vesturlandsvegi vestan Grafarholts að Gufunesi.
- A 19 **Keldnavegur:** Af Vesturlandsvegi vestan Grafarholts að Keldum.

- A 20 **Úlfarsárvegur:** Af Vesturlandsvegi norðan brúar á Korpúlfsstaðaá hjá Úlfarsfelli á Reykjaveg.
- A 21 **Reykjavegur:** Af Vesturlandsvegi sunnan við Álafoss um Reykjahverfi hjá Miðdal og á Suðurlandsveg hjá Geithálsi, með álmu að Reykjalandi.
- G 3 **Þingvallabraut:** Af Vesturlandsvegi nálægt Köldukvisl að sýslumörkum Árnassýslu, austan Leirvogsvatns.
- A 22 **Kjalarnesvegur innri:** Af Vesturlandsvegi skammt vestan við Varmadal um Skeggjastaði á Þingvallabraut hjá Seljabrekku.
- A 23 **Eyrarfjallsvegur:** Af Vesturlandsvegi hjá Kiðafelli, sunnan Eyrarfjalls á Vesturlandsveg hjá Blönduholti.
- A 24 **Kjósarskarðsvegur:** Af Vesturlandsvegi hjá Skorá um Möðruvelli og Fremri-Háls, að sýslumörkum í Kjósarskarði.
- A 25 **Reynivallavegur:** Af Vesturlandsvegi norðan Laxárbrúar um Reynivelli að vegamótum Kjósarskarðsvegar hjá Möðruvöllum.

b. Hliðarvegir vegna undanþáguákvæða 12. gr. um kirkjustaði, félagsheimili, opinbera skóla eða heilsuhæli og fullgerð raforkuver.

- | Nr. | Vegur að: |
|--------|---------------------------------------|
| B 1—1 | Lágafellskirkju. |
| B 1—2 | Brúarlandsskóla. |
| B 1—3 | Varmárskóla. |
| B 1—4 | Félagsheimilinu Hlégarði. |
| B 1—5 | Klébergsskóla. |
| B 1—6 | Brautarholtskirkju og Arnarholtshæli. |
| B 1—7 | Saurbæjarkirkju. |
| B 1—8 | Félagsheimilinu Félagsgarði. |
| A 4—1 | Kálfatjarnarkirkju. |
| A 4—2 | Barnaskóla Brunnastaðahverfis. |
| A 2—1 | Hvalsneskirkju. |
| G 3—1 | Mosfellskirkju. |
| A 7—1 | Kirkjuvogskirkju. |
| A 7—2 | Skóla í Höfnum. |
| A 9—1 | Útskálakirkju. |
| A 12—1 | Skóla á Bjarnastöðum. |
| A 13—1 | Garðakirkju. |
| A 13—2 | Samkomuhúsi við Garða. |
| A 14—1 | Skóla við Vífilsstaðaveg. |
| A 20—1 | Úlfarsárhæli. |
| A 25—1 | Skóla við Reynivallaveg. |
| A 25—2 | Reynivallakirkju. |

B. Vesturlandskjördæmi.

a. Almennir þjóðvegir.

- B 1 **Vesturlandsvegur:** Frá sýslumörkum í Hvalfjarðarbotni, út fyrir Hafnarfjall, um brú á Hvítá hjá Hvítárvöllum, á vegamót Borgarnesbrautar norðan Eskiholts, um Norðurárdal, Bjarnadal, Miðdali, Búðardal, Svinadal og Saurbæ að sýslumörkum í Gilsfjarðarbotni.
- B 2 **Dragavegur:** Af Vesturlandsvegi hjá Ferstiklu á Hvalfjarðarströnd, um Ferstikluháls, Svinadal, Geldingadraga, neðan Skorradalsvatns um Hestháls að Lundarreykjadalssvegi á Götúási.
- B 3 **Svinadalsvegur:** Af Vesturlandsvegi hjá Miðfelli, norður yfir Laxá hjá Hóli, um Eyri, að Dragavegi gegnt Geitabergi.
- B 4 **Akranesvegur:** Af Vesturlandsvegi hjá Lambhaga að Akranesi.

- B 5 **Akrafjallsvegur:** Af Akranesvegi hjá Litlu-Fellsöxl, fyrir Akrafjall hjá Klafastöðum, um Innra-Hólm á Akranesveg fyrir ofan kaupstaðinn.
- B 6 **Leirársveitarvegur:** Af Vesturlandsvegi hjá Leirárbrú um Leirá að Svínaldalsvegi vestan við Hól.
- B 7 **Melasveitarvegur:** Af Vesturlandsvegi hjá Skorholti, um Melasveit að Vesturlandsvegi sunnan við Höfn.
- B 8 **Mófellsstaðavegur:** Af Vesturlandsvegi sunnan við Andakílsá um Hreppa og Mófellsstaði að Dragavegi sunnan Skorradalsvatns.
- B 9 **Skorradalsvegur:** Af Vesturlandsvegi norðan brúar á Andakílsá, um Fossabæi, norðan Skorradalsvatns, um Sarp, inn undir Eiríkselfell og yfir háls hjá Gilstreymi, um brú á Tunguá og á Uxahryggjaveg gegnt Þverfelli, með álmu yfir Fitjaárbrú og sunnan vatns að Dragavegi hjá Stóru-Drageyri.
- B 10 **Vatnshamravegur:** Af Skorradalsvegi hjá Vatnshömrum, um Kvígsstaði og Heggstaði að Borgarfjarðarbraut.
- B 11 **Borgarfjarðarbraut:** Af Vesturlandsvegi hjá Hvítárvöllum um Andakíl, Bæjarsveit, Reykhótsdal, yfir brú á Reykjadalssá hjá Kleppjárnareykjum, yfir brú á Hvítá hjá Kljáfossi um Stafholtstungur yfir brú á Norðurá að Vesturlandsvegi hjá Haugum.
- B 12 **Lundarreykjadalssvegur:** Af Borgarfjarðarbraut neðan við Götuás, inn Lundarreykjadal, sunnan ár yfir brú á Grimsá hjá Brautartungu út Lundarreykjadal norðan ár að Borgarfjarðarbraut hjá Fossatúni.
- G 4 **Uxahryggjavegur:** Af Lundarreykjadalssvegi hjá Brautartungu inn Lundarreykjadal um Uxahryggi að sýslumörkum hjá Sæluhúsahæðum.
- B 13 **Bæjarsveitarvegur:** Af Borgarfjarðarbraut vestan við Varmalæk, um Hvítárbakka að Þingnesi, með álmu að Laugarholti.
- B 14 **Flókadalsvegur:** Af Borgarfjarðarbraut innan við Varmalæk, hjá Múlástöðum, um brú á Flókadalsá fyrir innan Brúsholt, inn hjá Skógum, um brú á Geirsá, hjá Brennistöðum, að Borgarfjarðarbraut hjá Litla-Kroppi.
- B 15 **Stóra-Kroppssvegur:** Af Borgarfjarðarbraut um flugvöll á Kálfanesmelum, um Stóra-Kropp að Borgarfjarðarbraut á Hamramelum.
- B 16 **Reykdalevegur:** Af Borgarfjarðarbraut hjá Kleppjárnareykjum yfir brú á Reykjadalssá hjá Steindórsstöðum að Borgarfjarðarbraut hjá Gróf með álmu sunnan ár frá Steindórsstöðum um Rauðsgil að Auðsstöðum, og álmu norðan ár frá brú hjá Steindórsstöðum fram hjá Giljum á Hálsasveitarveg nálægt Stóraási.
- B 17 **Hálsasveitarvegur:** Af Reykdælavegi hjá Úlfsstöðum, yfir Úlfsstaðaháls um Hálsasveit að Hvítársíðuvegi við Hvítárbrú hjá Kalmanstungu.
- B 18 **Hvítársíðuvegur:** Af Borgarfjarðarbraut norðan við Kljáfoss um Hvítársíðu yfir Skeljaháls um Kalmanstungu að Hálsasveitarvegi við Hvítárbrú, með álmu yfir Hvítá hjá Bjarnastöðum.
- B 19 **Þverárhlíðarvegur:** Af Hvítársíðuvegi norðan Kljáfoss, um Norðtungu, Arnbjargarlæk og Hjarðarholt að Borgarfjarðarbraut vestan Þverár.
- B 20 **Grjóthálsvegur:** Af Þverárhlíðarvegi hjá Högnastöðum um Hermundarstaði, um Grjótháls að Norðurárdalsvegi hjá Króki.
- B 21 **Stafholtsvegur:** Af Borgarfjarðarbraut austan Arnarholts um Stafholt að Flóðatanga.
- B 22 **Norðurárdalsvegur:** Af Borgarfjarðarbraut austan Arnarholts um Einifell, Glitstaði og Háreksstaði, að Norðurlandsvegi um brú á Norðurá hjá Króki, með álmu að Vesturlandsvegi yfir brýr á Norðurá hjá Glitstöðum.
- B 23 **Ferjubakkavegur:** Af Vesturlandsvegi vestan Ferjukotssíkis um Ferjubakka að Borgarnesbraut hjá Brennistöðum.
- B 24 **Borgarnesbraut:** Af Vesturlandsvegi neðan Eskiholts að Borgarnesi.
- B 25 **Valbjarnarvallavegur:** Af Vesturlandsvegi ofan Galtarholts að Valbjarnarvöllum.

- E 1 **Norðurlandsvegur:** Af Vesturlandsvegi hjá Dalsmynni um Norðurárdal að sýslumörkum á Holtavörðuheidi.
- B 26 **Stykkishólmsvegur:** Af Borgarnesbraut fyrir ofan Borgarnes, um Mýrar, Kerlingarskarð og Helgafellssveit til Stykkishólms.
- B 27 **Pursstaðavegur:** Af Stykkishólmsvegi vestan Borgar að Pursstöðum.
- B 28 **Álftaneshreppsvegur:** Af Stykkishólmsvegi vestan Langár, suður fyrir Hólsvatn um Krossnes og Þverholt á Stykkishólmsveg hjá Arnarstapa, með álmu frá Kolviðarholti að Álftanesi og frá Krossnesi að Álftárósi.
- G 88 **Holtshverfi á Síðu:** Af Suðurlandsvegi austan við Eldhraun um Skaftárbrú hjá Heiði að Holti.

- G 89 **Kirkjubæjarklaustursvegur:** Af Suðurlandsvegi austan við Skaftárbrú að Kirkjubæjarklaustri.
- G 90 **Prestsbakkavegur:** Af Suðurlandsvegi í Prestsbakkavelli um Prestsbakka að Mörtungu.
- G 91 **Stórhöfðavegur í Vestmannaeyjum:** Frá vegamótum ofan við kirkjuna um Ofanleitishverfi suður að vita á Stórhöfða.

b. Hliðarvegir vegna undanþáguákvæða 12. gr. um kirkjustaði, félagsheimili, opinbera skóla eða heilsuhæli og fullgerð raforkuver.

- | Nr. | Vegur að: |
|---------|--|
| G 1— 1 | Kotstrandarkirkju og skóla. |
| G 1— 2 | Kapellu að Laugardælum. |
| G 1— 3 | Þingborg í Flóa. |
| G 1— 4 | Kálfholtskirkju. |
| G 1— 5 | Skóla á Hellu. |
| G 1— 6 | Strandarskóla. |
| G 1— 7 | Hvoli, félagsheimili. |
| G 1— 8 | Hemluskóla. |
| G 1— 9 | Stóradalskirkju. |
| G 1—10 | Seljalandsskóla. |
| G 1—11 | Kapellu á Ytri-Sólheimum. |
| G 1—12 | Skeiðflatarkirkju. |
| G 1—13 | Skóla að Ketilsstöðum. |
| G 1—14 | Skóla að Hemru. |
| G 1—15 | Múlakotsskóla. |
| G 1—16 | Kálfafellskirkju. |
| G 3— 2 | Kirkju á Þingvöllum. |
| G 3— 3 | Steingrímsstöð. |
| G 3— 4 | Skóla á Ljósafossi. |
| G 5— 1 | Strandarkirkju í Selvogi. |
| G 6— 1 | Hjallakirkju í Ölfusi. |
| G 11— 1 | Kirkju að Stóru-Borg í Grímsnesi. |
| G 11— 2 | Félagsheimili að Stóru-Borg. |
| G 11— 3 | Mosfellskirkju. |
| G 11— 4 | Torfastaðakirkju. |
| G 11— 5 | Félagsheimili og skóla í Aratungu. |
| G 12— 1 | Kirkju á Úlfjótsvatni. |
| G 13— 1 | Búrfellskirkju. |
| G 14— 1 | Skólum á Laugarvatni. |
| G 14— 2 | Kirkju í Miðdal. |
| G 14— 3 | Úthlíð í Biskupstungum. |
| G 20— 1 | Haukadalskirkju. |
| G 22— 1 | Hraungerðiskirkju. |
| G 24— 1 | Bræðratungukirkju. |
| G 25— 1 | Félagsheimili og skóla í Brautarholti. |
| G 25— 2 | Skálholtskirkju. |
| G 26— 1 | Ólafsvallakirkju. |
| G 28— 1 | Hrepphólakirkju. |
| G 30— 1 | Flúðaskóla. |
| G 31— 1 | Hrunakirkju. |
| G 32— 1 | Tungufellskirkju. |
| G 33— 1 | Stóranúpskirkju. |
| G 33— 2 | Ásaskóla. |

- Nr. Vegur að:
- G 41— 1 Kirkju í Gaulverjabæ.
 - G 41— 2 Skóla í Gaulverjabæ.
 - G 45— 1 Kirkju í Villingaholti.
 - G 45— 2 Skóla í Villingaholti.
 - G 49— 1 Skóla í Þykkvabæ.
 - G 49— 2 Háþéjarkirkju.
 - G 51— 1 Laugalandsskóla.
 - G 51— 2 Kirkju í Marteinstungu.
 - G 51— 3 Kirkju á Skarði.
 - G 52— 1 Hagakirkju.
 - G 54— 1 Árbæjarkirkju.
 - G 55— 1 Kirkju að Keldum.
 - G 58— 1 Oddakirkju.
 - G 60— 1 Kirkju og skóla að Stórólshvoli.
 - G 60— 2 Breiðabólstaðarkirkju.
 - G 60— 3 Barnaskóla í Fljótshlíð.
 - G 60— 4 Hlíðarendakirkju.
 - G 62— 1 Akureyjarkirkju.
 - G 62— 2 Njálshúsið, félagsheimili.
 - G 65— 1 Gunnarshólma, félagsheimili.
 - G 65— 2 Kirkju að Krossi.
 - G 65— 3 Kapellu að Vomúlastöðum.
 - G 71— 1 Ásólfsskálakirkju.
 - G 75— 1 Eyvindarhólakirkju.
 - G 76— 1 Barnaskóla að Skógum.
 - G 79— 1 Reyniskirkju í Mýrdal.
 - G 79— 2 Eyrarlandi, félagsheimili.
 - G 83— 1 Skóla að Herjólfstöðum.
 - G 83— 2 Þykkvabæjarklausturskirkju.
 - G 85— 1 Grafarkirkju í Skaftártungu.
 - G 86— 1 Skóla hjá Efri-Ey.
 - G 86— 2 Langholtskirkju.
 - G 86— 3 Skóla í Þykkvabæ.
 - G 89— 1 Félagsheimili á Kirkjubæjarklaustri.
 - G 90— 1 Prestsbakkakirkju.

2. Flokkun þjóðvega, samkv. IV. 1, í undirflokkum.

1. Hraðbrautir A og B:

- A 1 Hafnarfjarðarvegur. — Reykjavík—Hafnarfjörður.
- A 2 Reykjanesbraut. — Reykjavík—Keflavík.
- B 1 Vesturlandsvegur. — Reykjavík—vegamót Þingvallavegar.
- E 1 Norðurlandsvegur. — Akureyri—vegamót Ólafsfjarðarvegur.
- G 1 Suðurlandsvegur. — Reykjavík—Þrengslavegamót.
- G 2 Þrengslavegur. — Að Selfossi.

2. Þjóðbrautir:

- B 1 Vesturlandsvegur. — Vegamót Þingvallavegar—vegamót Vestfjarðav.
- A 2 Reykjanesbraut. — Annað en hraðbraut.
- A 8 Miðnesheiðarvegur.
- G 3 Þingvallabraut.
- B 4 Akranesvegur.

- B 24 Borgarnesbraut.
- B 26 Stykkishólmsvegur.
- B 37 Ólafsvíkurvegur.
- B 42 Grundarfjarðarvegur.
- C 1 Vestfjarðavegur.
- C 10 Barðastrandarvegur.
- C 37 Strandavegur. — Vegamót Norðurlandsvegur—Hólmavík.
- E 1 Norðurlandsvegur. — Annað en hraðbraut.
- D 28 Sauðárkróksbraut.
- D 38 Út-Blönduhlíðarvegur.
- D 39 Siglufjarðarvegur.
- E 2 Ólafsfjarðarvegur.
- E 20 Kinnarvegur.
- E 25 Þingeyjarsýslubraut.
- F 1 Austurlandsvegur. — Vegamót Norðurlandsv.—vegamót Hafnarv.
- F 2 Stranda- og Jökulsárhlíðarvegur.
- F 31 Norðfjarðarvegur.
- F 39 Suðurfjarðavegur.
- F 50 Hafnarvegur.
- G 1 Suðurlandsvegur. — Þrengslavegamót—Selfoss—Vík.
- G 11 Biskupstungnabraut. — Vegamót Suðurlandsv.—vegamót Skeiðav.
- G 25 Skeiðavegur.
- G 38 Eyrarbakkavegur.
- G 7 Hafnarskeiðsvegur.

3. Aðrir þjóðvegir eru landsbrautir.

3. Aðalfjallvegir.

1. Kaldadalsvegur:

Af Uxahryggjavegi (G 4) í Brunnum um Kaldadal á Hvitársíðuveg (B 18) hjá Húsafelli.

2. Kjalvegur:

Af Geysisvegi (G 20) hjá Gullfossi um Hvítanes, Hveravelli á Kjalveg (D 20) hjá Eiðsstöðum í Blöndudal.

3. Fjallabaksvegur nyrðri:

Af Landvegi (G 51) hjá Galtalæk um Rangárbotna, Dómadalsháls, Jökulgilskvísl hjá Landmannalaugum, Eldgjá og Skaftártungu á Búlandsveg (G 84) hjá Búlandi.

4. Sprengisandsleið:

Af Fjallabaksvegi nyrðri í Rangárbotnum um Tungnaá hjá Haldi, Búðaháls, Þveröldu, Tómasarhaga, hjá Fjórðungsvatni um Hólafjall á Sölvadalssveg (E 15) hjá Þormóðsstöðum í Eyjafirði. Enn fremur með álmu norðan Fjórðungsvatns um Kiðagilsdrög á Bárðardalsveg vestri (E 23) hjá Mýri í Bárðardal og með álmu norðan Vatnajökuls að Brú á Jökuldal.

Samgöngumálaráðuneytið, 20. maí 1965.

Ingólfur Jónsson.

Brynjólfur Ingólfsson.

L Ö G**um greiðslu uppbótar á styrktarfé og eftirlaun.****FORSETI ÍSLANDS**

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallizt á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Á styrktarfé, eftirlaun og önnur laun, sem veitt eru á 18. gr. I og II a og b fjárlaga 1965, svo og fjórðung sömu framlaga á 18. gr. I og II a og b fjárlaga 1964, skal greiða 6.6% uppbót.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört í Reykjavík, 14. maí 1965.

Ásgeir Ásgeirsson.

(L. S.)

Magnús Jónsson.

21. maí 1965.

Nr. 70.

L Ö G**um breyting á lögum nr. 55 17. júlí 1964, um tekjuskatt og eignarskatt.****FORSETI ÍSLANDS**

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallizt á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Í stað orðanna „13000 kr.“ í 3. og 4. málslíð 1. mgr. 4. gr. komi: 16000 kr.

2. gr.

Í stað orðanna „26000 kr.“ í A-lið 13. gr. komi: 32000 kr.

Í stað orðanna „10000 kr.“ í 2. málslíð, 1. mgr., D-liðar 13. gr. komi: 15000 kr.

Í stað orðanna „4000 kr.“ í 1. málslíð, 5. mgr., D-liðar 13. gr. komi: 6000 kr.

Í stað orðanna „6000 kr.“ í 2. málslíð, 5. mgr., D-liðar 13. gr. komi: 9000 kr.

Aftan við 13. gr. laganna bætist nýr liður, sem verður F-liður: Slysadagpeninga skv. 35. gr. og sjúkradagpeninga skv. 50. gr. laga nr. 40/1963, um almannatryggingar, svo og greiðslur svipaðs eðlis vegna veikinda eða slysa úr sjúkrasjóðum stéttarféлага.

3. gr.

16. gr. orðist svo:

Frá hreinum tekjum heimilisfastra manna hér í landi, eins og þær eru ákveðnar skv. lögum þessum, skal draga sem hér segir:

A. Fyrir einstaklinga 80000 kr.

- B. Fyrir hjón 112000 kr., telji þau fram sitt í hvoru lagi 56000 kr. hjá hvoru.
 C. Fyrir hvert barn, sem er á framfæri skattþegns og ekki fullra 16 ára í byrjun þess almanaksárs, þegar skattur er lagður á, 16000 kr. Hér með teljast stjúpbörn, kjörbörn og fósturbörn, sem meðlag er ekki greitt með.

Ef foreldrar búa saman ógift, skal frádráttur vegna barna skiptast til helminga milli þeirra. Búi foreldrar ekki saman og annað þeirra hefur barn hjá sér, en hitt greiðir meðlag, skal frádráttur einnig skiptast til helminga milli þeirra. Meðlagsgreiðsla skal ekki talin til tekna hjá því foreldri, sem við henni tekur, og ekki til frádráttar hjá því foreldri, sem innir hana af hendi.

Ef einstætt foreldri (stjúeforeldri, kjöforeldri, fósturforeldri) heldur heimili og framfærir þar börn sín, má það draga frá skattskyldum tekjum auk frádráttar skv. 1. mgr. upphæð, er nemur 16000 kr., að viðbættum 3200 kr. fyrir hvert barn.

Frá tekjum þeirra, sem eru á framfæri í foreldrahúsum eða við nám, skal draga það, sem útheimtist þeim til framfæris eða menningar, eftir nánari ákvörðun skatt-yfirvalda.

Um heimild skattstjóra til að veita aukinn frádrátt og lækka tekjuskatt fer eftir því, sem segir í 52. gr.

4. gr.

L-liður 25. gr. orðist svo:

Tekjuskattur þeirra, sem um ræðir í 1. gr. og 2. gr., sbr. 3. gr., 4. gr. og 6. gr. 3. málsg., reiknast þannig:

Af fyrstu 37000 kr. skattgjaldstekna greiðist 9%
 Af 37000—62000 kr. greiðist 3330 kr. af 37000 kr. og 18% af afgangi.
 Af 62000 kr. og yfir greiðist 7830 kr. af 62000 kr. og 27% af afgangi.

5. gr.

Upphaf 1. mgr. 36. gr. orðist svo:

Allir framtalsskyldir aðilar, embættismenn og aðrir ...

Við 2. mgr. 36. gr. bætist nýr málslíður, svo hljóðandi:

Fjármálaráðherra er heimilt að ákveða, að hver móttakandi starfslauna og annarra greiðslna, sem fyrirmæli þessarar málsg. taka til, skuli sýna greiðanda eða milligöngumanni nafnskírteini sitt, svo og að upplýsingar greiðanda til skatt-yfirvalda um nafn, fæðingardag og nafnnúmer hlutaðeiganda skuli vera í samræmi við það, sem stendur á nafnskírteini þeirra.

4. mgr. 36. gr. laganna orðist svo:

Vegna rannsókna samkvæmt lögum þessum hefur ríkisskattstjóri, skattrannsóknarstjóri og þeir menn, sem þeir fela rannsóknarstörf, aðgang að bóku og bókhaldsgögnum, þar með talin verzlunarbréf og samningar, framtalsskyldra aðila, svo og allra stofnana, félaga og annarra aðila, sem ekki eru framtalsskyldir, þar með taldir bankar, sparisjóðir og aðrar peningastofnanir. Enn fremur aðgang að starfsstöðvum og birgðageymslum þessara aðila og svo heimild til að taka skýrslur af hverjum þeim, sem ætla má geta gefið upplýsingar, er máli skipta.

6. gr.

3. mgr. 42. gr. laganna orðist svo:

Við embætti ríkisskattstjóra skal starfa rannsóknardeild, er hafi með höndum rannsóknir samkvæmt lögum þessum, sbr. 4. mgr. 36. gr. og 2. mgr. þessarar greinar. Forstöðumaður deildarinnar, skattrannsóknarstjóri, stýrir rannsóknarstarfi hennar í samráði við ríkisskattstjóra.

Á eftir orðunum „... um skattákvörðun, ...“ í fyrri málslíð 4. mgr. 42. gr. komi orðin: .. skv. lögum þessum eða öðrum lögum um skatta og gjöld, sem álögd eru af skattstjórum, ...

7. gr.

48. gr. laganna orðist svo:

Nú skýrir skattþegn af ásetningi eða stórkostlegu hirðuleysi rangt frá einhverju því, er máli skiptir um tekjuskatt hans eða eignarskatt, og skal hann þá sekur um allt að tífaldri skattupphæð þeirri, sem undan var dregin. Einnig er heimilt að sekta skattþegn, sem ekki hefur talið fram til skatts, um allt að tífaldri skattupphæð þeirri, sem áætlun var of lág, ef skattur er reiknaður að nýju samkvæmt 2. mgr. 38. gr. Eigi má þó reikna skattsekt samkvæmt þessari mgr. lengra aftur í tímann en 6 ár, sbr. 38. gr. Heimilt er að fella niður skattsektir skv. þessari málsgrein, hafi skattþegn fyrir 1. marz 1966 af sjálfsdáðum gefið réttar skýrslur um þau atriði, er máli skipta um tekjuskatt hans og eignarskatt, eða talið fram til skatts.

Nú verður slíkt uppvíst við meðferð dánarbús, og skal þá greiða úr búinu tvöfalda þá upphæð, er á vantar.

Hver sá, sem af ásetningi eða stórkostlegu hirðuleysi gefur skattyfirvöldum rangar eða villandi upplýsingar um atriði, sem varða skattframtöl annarra aðila, eða gegnir ekki skyldu sinni samkvæmt 36. gr., skal sekur um allt að helmingi þeirrar fjárhæðar, sem undan skyldi draga með hinum röngu eða villandi upplýsingum eða fellt var undan að gefa upplýsingar um.

Hver sá, sem í atvinnuskyni aðstoðar við ranga eða villandi skýrslugjöf til skattfyrivalda, skal sekur um allt að helmingi þeirrar fjárhæðar, sem undan skyldi draga með hinni röngu eða villandi skýrslugjöf.

Fyrir endurtekin og stórfelld brot samkvæmt 1., 3. og 4. mgr. þessarar greinar má dæma menn í allt að 2 ára varðhaldsvist, enda liggja ekki þyngri refsing við brotum samkvæmt hinum almennu hegningarlögum.

Nefnd, er í eiga sæti ríkisskattstjóri, skattrannsóknarstjóri og lögfræðingur, er fullnægir embættisskilyrðum héraðsdómara og ráðherra skipar, ákveður sektir samkvæmt 1., 3. og 4. mgr., nema ríkisskattstjóri eða sökunautur óski, að málinu sé vísað til dómstóla. Ríkisskattstjóri skal vera formaður nefndarinnar. Nefnd þessi ákveður og sektir samkvæmt 25. gr. laga nr. 10/1960, um söluskatt, nema fjármálaráðherra eða sökunautur óski, að máli sé vísað til dómstóla. Heimilt er að heita ákvæðum síðasta málsliðar 1. mgr. þessarar greinar um þessar sektir, eftir því sem við á, til 1. júlí 1965.

8. gr.

Við 50. gr. laganna bætist ný málsgrein, sem verður 3. mgr., svo hljóðandi:

Nú er svo ástatt sem í 1. mgr. segir, og dagsektir teljast eigi einhlítar til að knýja fram skýrslur eða önnur gögn, er þar greinir, og getur ríkisskattstjóri eða skattrannsóknarstjóri þá vísað sökinni til dómara (sakadómara) til meðferðar. Dómari skal taka slíkt mál án tafar til rannsóknar að hætti opinberra mála, og er ríkisskattstjóra eða skattrannsóknarstjóra rétt að vera staddir við þá rannsókn eða láta fulltrúa sína vera það. Að rannsókn lokinni sendir dómari rannsóknargerðir sínar til ríkisskattstjóra, er hlutast til um frekari meðferð máls að lögum.

9. gr.

Við 1. mgr. 51. gr. laganna bætist:

Um sektir þær, sem ákveðnar verða skv. 48. gr., gilda þó sömu reglur að því er innheimtu varðar og um tekjuskatt, eftir því sem við á, þar á meðal um lög-taksrétt.

10. gr.

Á eftir 52. gr. laganna komi ný gr., er verði 53. gr., svo hljóðandi:

Skylt er, frá og með gjaldárinu 1966, að hækka eða lækka þær fjárhæðir, sem um ræðir í 1. gr., 1. mgr. 2. gr. og 3. gr., svo og þrepin í skattstiga þeim, sem um

ræðir í 4. gr., í samræmi við skattvísitölu, sem ákveðin skal af fjármálaráðherra, í fyrsta sinn árið 1966, að fengnum tillögum kauplagsnefndar, hagstofustjóra og ríkisskattstjóra.

11. gr.

Við 54. gr. laganna bætist ný málsgrein, sem verður 2. mgr., svo hljóðandi:

Ráðherra getur í reglugerð kveðið á um sérstakt bókhald, þar á meðal birgða-bókhald, skattskyldra aðila, og svo um löggildingu þess, færslu og geymslu.

12. gr.

Lög þessi öðlast gildi þegar í stað og skulu koma til framkvæmda við álagningu tekjuskatts og eignarskatts fyrir skattárið 1964.

13. gr.

Þegar lög þessi hafa öðlast gildi, skal fella ákvæði þeirra inn í meginmál laga nr. 55 17. júlí 1964 og gefa lögin um tekjuskatt og eignarskatt út svo breytt.

Gjört að Bessastöðum, 21. maí 1965.

Ásgeir Ásgeirsson.

(L. S.)

Magnús Jónsson.

L Ö G

um breyting á lögum nr. 58 frá 28. júní 1960, um bann við okri, dráttarvexti o. fl.

FORSETI ÍSI ANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallið á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

5. gr. laga nr. 58 frá 28. júní 1960, um bann við okri, dráttarvexti o. fl., orðist svo: Þegar skuldari greiðir eigi skuld sína á réttum tíma, er hann skyldur til frá eindaga skuldarinnar, unz hann greiðir hana, að greiða skuldareiganda þá dráttarvexti af henni, sem Seðlabanki Íslands ákveður samkvæmt 13. gr. laga nr. 10 frá 29. marz 1961, um Seðlabanka Íslands, og skulu það jafnframt vera hæstu leyfilegir dráttarvextir.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi. Önnur lagaákvæði um dráttarvexti skulu halda gildi sínu.

Gjört í Reykjavík, 22. maí 1965.

Ásgeir Ásgeirsson.

(L. S.)

Gylfi Þ. Gíslason.

L Ö G

um breyting á lögum nr. 4 1964, um þingfararkaup alþingismanna.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallizt á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Fyrir orðin „5 manna nefnd, þingfararkaupsnefnd“ komi: 7 manna nefnd, þingfararkaupsnefnd.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört í Reykjavík, 3. maí 1965.

Ásgeir Ásgeirsson.

(L. S.)

Bjarni Benediktsson.

L Ö G

um heimild fyrir veðdeild Landsbanka Íslands til að gefa út nýja flokka bankavaxtabréfa.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallizt á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Veðdeild Landsbankans skal vera heimilt að gefa út bankavaxtabréf, allt að 100 milljónum króna. Vaxtabréfunum má skipta í flokka, og nefnist sá þeirra, er fyrst kemur til framkvæmda, 19. flokkur veðdeildarinnar og hinir í áframhaldandi tölu-röð þar á eftir.

Ráðherra ákveður, að höfðu samráði við Seðlabanka Íslands, hvenær hverjum flokki skuli lokið. Heimilt er með samþykki ráðherra að hafa fleiri en einn flokk með mismunandi vöxtum starfandi í senn.

2. gr.

Veðdeildin gefur út skuldabréf, er hljóða á handhafa (bankavaxtabréf), en nafnskrá má þau í bókum bankans. Stjórn Landsbankans kveður á um lögun, útlit og fjárhæð bankavaxtabréfanna. Ráðherra og bankastjórar Landsbankans undirskrifa bankavaxtabréfin. — Aldrei má gefa meira út af bankavaxtabréfum en nemur fjárhæð þeirri, er veðdeildin á í veðskuldabréfum.

3. gr.

Auk veðskuldabréfa þeirra, sem veðdeildin fær frá lántakendum, skal trygging fyrir vaxtabréfum þessara flokka vera: 1. Varasjóður hvers flokks. — 2. Sameigin-

leg ábyrgð lántakenda, er nemi allt að 10%, sbr. 8. gr. — 3. Einföld ábyrgð rikissjóðs. — Ef taka þarf til trygginganna 1—3, skal gera það í þeirri röð, sem að ofan er greint.

4. gr.

Í reglugerð fyrir hvern flokk, er bankastjórnin semur og ráðherra staðfestir, skal ákveðið, hversu háum vöxtum skuli svarað af bankavaxtabréfunum og hvar þeir skuli greiddast, svo og hvernig haga skuli auglýsingum um greiðslu þeirra, enda séu vextirnir ekki hærri en Seðlabankinn ákveður vexti hæsta af sambærilegum skuldum.

5. gr.

Veðdeildin er undanþegin öllum tekjuskatti, útsvari, stimpilgjaldi og öðrum sköttum.

6. gr.

Fé veðdeildarflokkanna má lána gegn veði í jarðeignum, erfðafestulöndum, húseignum eða einstökum íbúðum með lóð, eftir því sem nánar verður ákveðið í reglugerð, enda sé veðið váttryggt í váttryggingarstofnun, er bankastjórnin telur góða og gilda. — Lánsupphæðin má ekki fara fram úr $\frac{3}{4}$ af virðingarverði fasteignarinnar.

7. gr.

Eignir þær, sem veðdeildarflokkarnir taka að veði, skal á kostnað lánþega virða á þann hátt, er nánar verður tiltekið í reglugerð fyrir flokkana. Í reglugerðinni má meðal annars ákveða, að stjórn Landsbankans megi nefna til þá menn, er virða skuli veðin, og að hreppsnefnd eða bæjarstjórn, sú er í hlut á, samþykki virðinguna. Svo skal lántakandi, að minnsta kosti á hverjum 5 ára fresti, meðan lánið stendur, sýna skirteini, sem bankastjórnin tekur gild fyrir því, að veðið hafi eigi rýrnað í verði, svo að veðdeildarflokknum geti verið nein hætta búin. Láti lántakandi farast fyrir að senda bankastjórn Landsbankans þetta skirteini, má stjórn bankans láta skoðunargerð af innanhéraðsmönnum fara fram á kostnað lántakanda.

8. gr.

Lántakendur veðdeildarflokkanna skulu, auk þess að bera ábyrgð á sínum eigin skuldum, ábyrgjast sameiginlega (in solidum) skuldbindingar hvers flokks, þó eigi meira en 10% af því, sem lán þeirra námu á síðasta gjaldþaga, áður en taka þurfti til ábyrgðarinnar. Skal í reglugerð deildarinnar ákveða, hvenær grípa skuli til þessarar sameiginlegu ábyrgðar og hvernig henni að öðru leyti skuli vera fyrirkomid.

9. gr.

Eigi má lána nema gegn 1. veðrétti. Minnsta lán skal vera kr. 10 000.00 og skulu lán jafnan standa á hálfum eða heilum tug þúsunda króna. Lánstíminn má vera allt að 40 árum, sé veðið jarðeign eða vandað steinsteypuhús eða steinhús, og allt að 30 árum, sé veðið vandað timburhús.

10. gr.

Lán þau, sem veðdeildin veitir, má hún greiða í bankavaxtabréfum sínum eftir nafnverði þeirra. Semja má um sölu bankavaxtabréfa þessara flokka fyrir fram í einu eða fleiru lagi, enda samþykki ráðherra söluverðið.

11. gr.

Hver lántakandi skal greiða 1% af lánsupphæðinni í varasjóð flokksins, um leið og hann tekur lánið. — Verði eigendaskipti að fasteign, sem veðsett er veðdeildinni, skal kaupandi, þegar um leið og kaupin gerast, tilkynna veðdeildinni eigendaskiptin og skal hann sanna eignarrétt sinn með veðbókavottorði eða þinglýstu afsali. Slík lánsyfirtaka er ekki stimpilskyld.

12. gr.

Lánum þeim, sem veðdeildin veitir, má hún ekki segja upp, meðan lánþegi gegnir að öllu leyti skyldum þeim, sem hann hefur undirgengizt. En ef ákvæðisgjöld hans verða eigi greidd á réttum gjalddaga, eða veðið gengur svo úr sér, að það er eigi lengur svo tryggjandi sem vera skal, eða haldi skuldunautur ekki vátryggðum húseignum, er að veði eru og talin eru með í matinu, eða falli á veðið eftirstöðvar af sköttum eða afgangi, er ganga fyrir kröfu veðdeildarinnar, eða nýr kaupandi vanrækir að taka lán að sér, er bankastjórninni heimilt að telja eftirstöðvar lánsins komnar í gjalddaga undireins án uppsagnar.

13. gr.

Skuldunautar veðdeildarinnar skulu greiða vexti, afborganir og tillög til rekstrar- kostnaðar við flokka þessa og til varasjóðs í einu lagi með föstu árgjaldi. Árlegt tillag til að greiða rekstrarkostnað við flokkana og til varasjóðs er $\frac{1}{2}\%$ á ári af eftirstöðvum lánsins, eins og þær voru fyrir hvern gjalddaga. — Lántakendur mega á gjalddaga lánanna, án undangenginnar uppsagnar, greiða aukaafborganir af lán- um sínum, þó svo, að ávallt standi á 100 krónum, eða endurgreiða lánin að fullu. Endurgreiðslur þessar mega þeir greiða með bankavaxtabréfum hlutaðeigandi flokks með nafnverði þeirra. Á öðrum tíma árs má greiða lán að fullu, ef banka- stjórnin samþykkir, þó því aðeins, að það sé veðdeildarflokknum að skaðlausu.

14. gr.

Heimilt er í reglugerð að ákveða dráttarvexti af afborgunum og vöxtum, sem ekki greiðast á gjalddaga, þó ekki hærri en Seðlabankinn ákveður þá hæsta fyrir sambærilegar skuldir.

15. gr.

Afborgunum þeim og endurborgunum, er greiddar eru í peningum á hverjum gjalddaga, skal varið til að innleysa bankavaxtabréf þau, er hlutaðeigandi veðdeild- arflokkur hefur gefið út, eftir hlutkesti, sem notarius publicus hefur umsjón með og fram fer í viðurvist tveggja manna; annan kveður ráðherra til þess, hinn banka- stjórnin. Þá er hlutkesti hefur fram farið, skal auglýsa með 9 mánaða fyrirvara tölurnar á bankavaxtabréfum þeim, er upp hafa komið til innlausnar, og á hverjum gjalddaga þau verði útborguð. Nánari ákvæði um auglýsingar þessar skal setja í reglugerð veðdeildarflokkanna. Bankinn má og á þann hátt og með þeim fyrirvara, er áður segir, innleysa bankavaxtabréf í stærri stíl.

16. gr.

Eigendur bankavaxtabréfa þeirra, er innleysa skal, geta gegn því að afhenda þau með vaxtamiðum, er þeim fylgja, fengið greiddan höfuðstól þeirra á ákveðnum gjalddaga, og er eigi skylt að greiða vexti af höfuðstólum upp frá því. Sama rétt hafa handhafar bréfanna, þótt eigi séu eigendur.

17. gr.

Höfuðstóll og vaxtafé, sem komið er í gjalddaga til útborgunar, rennur í vara- sjóð hlutaðeigandi veðdeildarflokks, sé þess eigi vitjað innan 20 ára frá gjalddaga.

18. gr.

Nú glatast bankavaxtabréf, sem nafnskráð er í bókum veðdeildarinnar, og getur þá bankastjórnin innkallað handhafa bréfsins með 12 mánaða fyrirvara, með aug- lýsingu, er birt sé þrisvar sinnum samfleytt í blaði því á Íslandi, er flytur opin- berar auglýsingar. Ef enginn gefur sig fram með bréfið í tæka tíð, getur banka- stjórnin útgefið handa hinum skráða eiganda þess nýtt bankavaxtabréf með sömu

fjárhæð og það, sem glataðist, án þess að nokkur annar, er bankavaxtabréfið kann að hafa verið afsalað, geti þar fyrir búíð kröfu á hendur veðdeildinni. Um ógildinguna annarra bankavaxtabréfa fer eftir almennum lögum.

19. gr.

Bankavaxtabréf þau, er innleyst hafa verið samkvæmt útdrætti eða sem aukaafborganir af lánum, skal jafnóðum ógilda ásamt vaxtamiðum þeirra og stofnum og leggja þau til geymslu í fjárhirzlu veðdeildarinnar og skal síðan við lok næsta reikningsárs eyðileggja þau í viðurvist endurskoðenda bankans, ásamt vaxtamiðum þeim, er innleystir hafa verið á árinu.

20. gr.

Vaxtamiðar og bankavaxtabréf, sem gjaldfallin eru, greiðast í skrifstofu veðdeildarinnar í Reykjavík.

21. gr.

Þegar lán er komið í gjalddaga (sbr. 12. gr.), hefur veðdeildin heimild til að láta selja veðið við opinbert uppboð, án undanfarandi dóms, sáttar eða fjárnáms, samkvæmt ákvæðum 39. gr. laga nr. 95 frá 1947, um lögræði, og lögum um nauðungaruppboð, nr. 57 frá 1949, eða láta leggja það veðdeildinni út til eignar, ef þörf er á. Veðdeildin hefur ábyrgð á því, að skuldin sé rétt og komin í gjalddaga, og skuldunaut er frjálst að höfða mál til endurgjalds á öllu því, er hann hefur skaðazt á uppboðinu, og öllum málskostnaði að skaðlausu. Veðdeildin getur löglega samið svo um við skuldunauta sína, að uppboð á veðsettum fasteignum megi fram fara í skrifstofu uppboðshaldara.

22. gr.

Fé ómyndugra manna og opinberra stofnana og sjóða má verja til kaupa á bankavaxtabréfum þessara veðdeildarflokka, en þó eigi á hærra verði en skráðu gangverði þeirra hjá Landsbanka Íslands.

23. gr.

Þá er lokið er skuldbindingum hvers þeirra veðdeildarflokka, er stofnaðir verða samkvæmt lögum þessum, rennur varasjóður hans til næsta flokks, og svo áfram. Þegar lokið er skuldbindingum síðasta flokksins, rennur varasjóðurinn til þess eða þeirra veðdeildarflokka eða veðlánastofnana, sem stofnsettar verða til að halda áfram veðlánastarfseminni, eftir að lokið er síðasta flokki samkvæmt þessum lögum. Verði slíkum nýjum flokkum eða veðlánastofnunum fengin aðgreind starfssvið, skiptist varasjóðurinn milli þeirra, svo að hvert starfssvið njóti réttar ítölu þeirrar, er varasjóðnum hefur þaðan aflazt.

24. gr.

Veðdeildinni skal stjórnað af stjórn Landsbankans og reikningar hennar endurskoðaðir af endurskoðendum bankans.

25. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört í Reykjavík, 22. maí 1965.

Ásgeir Ásgeirsson.

(L. S.)

Gylfi P. Gíslason.

L Ö G

um breyting á lögum nr. 34 18. febr. 1953, um verðjöfnun á olíu og benzíni.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallizt á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

3. gr. laganna orðist svo:

Verðjöfnunargjald samkvæmt 2. gr. skal leggjast í verðjöfnunarsjóð. Úr verðjöfnunarsjóði skal greiða flutningskostnað á olíu og benzíni frá innflutningsstöðum til annarra útsölastaða. Ráðherra er heimilt að ákveða tímabundna greiðslu úr verðjöfnunarsjóði til reksturs innflutningsstöðva, sem reistar kunna að verða utan Faxaflóa, ef ætla má, að flutningur olíu og benzíns á viðkomandi svæði verði ódýrari með því. Greiðsla þessi, að viðbættum flutningskostnaði til annarra útsölastaða, má þó ekki fara fram úr kostnaði þeim, sem mundi verða greiddur vegna flutnings frá innflutningsstöðum við Faxaflóa.

Viðskiptamálaráðuneytið annast greiðslur úr sjóðnum eftir reglum, er það setur með reglugerð.

Fé það, sem á hverjum tíma er í verðjöfnunarsjóði, skal ávaxtað í banka á sérstökum reikningi.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört í Reykjavík, 22. maí 1965.

Ásgeir Ásgeirsson.

(L. S.)

Gylfi Þ. Gíslason.

L Ö G

um breyting á ljósmæðralögum, nr. 17 19. júní 1933.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallizt á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

4. gr. laganna orðist svo:

Laun skipaðra ljósmæðra í kaupstöðum skulu greidd mánaðarlega úr bæjar-sjóði og fer um upphæð þeirra eftir því, sem bæjarstjórn ákveður í samræmi við launakjör annarra starfsmanna kaupstaðarins.

Laun skipaðra ljósmæðra í umdæmum utan kaupstaða skal greiða að einum þriðja hluta úr sýslusjóði og að tveimur þriðju hlutum úr ríkissjóði.

Launin greiða sýslumenn ársfjórðungslega fyrirfram og miðast upphæð þeirra við íbúatölu umdæmisins 1. desember næsta ár á undan þannig:

1. Í þeim umdæmum, þar sem fólkstala er 300 eða minna, skulu árslaunin vera kr. 10 500.00.
2. Í umdæmum, sem hafa fleiri en 300 manns, skulu árslaunin vera kr. 10 500.00 að viðbættum kr. 336.00 fyrir hverja fulla fimm tugi manna, sem fram yfir eru 300.
3. Í umdæmum, þar sem eru tvær eða fleiri skipaðar ljósmæður, skal deila íbúatölu jafnt á milli þeirra og því næst reikna þeim laun á sama hátt og öðrum skipuðum ljósmæðrum, þó aldrei yfir kr. 24 000.00 í byrjunarlaun.

Launin skulu hækka eftir 3 ár um kr. 1 780.00 og eftir önnur 3 ár um kr. 1 780.00.

Ef tveimur eða fleiri ljósmóðurumdæmum er steypt saman í eitt umdæmi fyrir það, að sýnt þykir, að umdæmin fást ekki skipuð hvort í sínu lagi, er ráðherra heimilt að ákveða ljósmóður hins nýja umdæmis laun, er mega nema allt að samanlögðum launum hinna fyrri umdæma.

Þegar almennar breytingar verða á launum starfsmanna ríkisins, skal breyta launum ljósmæðra að sama skapi.

Skipaðri ljósmóður, sem falið er um stundarsakir að gegna nágrannaumdæmi, ber að greiða fyrir það byrjunarlaun þess umdæmis.

Ríkissjóður leggur til áhöld í ljósmæðraumdæmin, og ákveður landlæknir í samráði við skólastjóra og aðalkennara Ljósmæðraskóla Íslands, hver þau skuli vera.

2. gr.

Með lögum þessum er felld úr gildi 1. gr. laga nr. 23 28. marz 1947, um breyting á ljósmæðralögum, nr. 17 19. júní 1933, lög nr. 23 22. marz 1948 og lög nr. 114 29. desember 1951, bæði um breyting á lögum nr. 23 28. marz 1947, um breyting á ljósmæðralögum, nr. 17 19. júní 1933.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi og skulu laun ljósmæðra greiðast samkvæmt þeim fyrir allt árið 1965.

Gjört að Bessastöðum, 25. maí 1965.

Ásgeir Ásgeirsson.

(L. S.)

Jóhann Hafstein.

28. maí 1965.

191

Nr. 76.

BRÁÐABIRGÐALÖG

um bygging skólamannvirkja.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Menntamálaráðherra hefur tjáð mér, að brýna nauðsyn beri til að setja bráðabirgðalög um bygging skólamannvirkja, þar sem samin hefur verið framkvæmdaáætlun um skólabyggingar í því skyni, að þær byggingar verði látnar sitja fyrir, sem þörf er mest á, og til þess að byggingartími styttest frá því, sem verið hefur. Til þess að hægt sé að nota geymdar fjárveitingar til ákveðinna skólamannvirkja til framkvæmda við önnur skólamannvirki er óhjákvæmilegt að fá sérstaka lagaheimild til þess að fresta greiðslu fjárveitinga til þeirra bygginga, sem fyrirsjáanlegt er, að hvorki er hægt að ljúka að fullu með þeim né að nothæfum áfanga og jafnframt að lána slíkt fé til þess að hraða byggingu annarra skólamannvirkja.

Fyrir því eru hér með sett bráðabirgðalög samkvæmt 28. gr. stjórnarskrárinnar á þessa leið:

1. gr.

Ríkisstjórninni er heimilt að fresta greiðslu fjárveitinga að einhverju eða öllu leyti til bygginga þeirra skólamannvirkja, sem fyrirsjáanlegt er, að hvorki er hægt að ljúka að fullu né að nothæfum áfanga með fjárveitingum Alþingis, sem fyrir hendi eru, og framlögum sveitarfélaga. Skulu þá slíkar fjárveitingar geymdar í ríkissjóði, en jafnframt heimilt að veita lán af þeim til þess að hraða byggingu þeirra skólamannvirkja, sem unnið er að til þess að ljúka þeim sem fyrst.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört í Reykjavík, 28. maí 1965.

Ásgeir Ásgeirsson.

(L. S.)

Gylfi Þ. Gíslason.

BRÁÐABIRGÐALÖG

um verðjöfnunar- og flutningasjóð síldveiða árið 1965.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Sjávarútvegsmálaráðherra hefur tjáð mér, að verðþróun á síld til söltunar og bræðslu, hafi orðið sú undanfarið að hætt sé við, að örðugt reynist að fá síld til söltunar á komandi sumri að óbreyttum aðstæðum. Geti þetta ástand dregið verulega úr síldarsöltun og þannig haft alvarleg áhrif á aðstöðu Íslands á erlendum mörkuðum fyrir saltsíld og stórspillt afkomumöguleikum þeirra, sem atvinnu hafa af síldarsöltun. Því beri brýna nauðsyn til að komið verði á verðjöfnun milli síldar í bræðslu og síldar í salt.

Þá sé enn fremur nauðsynlegt að draga úr bið fiskiskipa í Austfjarða- höfnum og greiða jafnframt fyrir siglingum síldveiðiskipa með eigin afla til hafna norðanlands.

Loks hafi atvinnurekstur á undanfórnum árum átt örðugt uppdráttar í ýmsum kaupstöðum og kauptúnum norðanlands, vegna aflaleysis og af öðrum ástæðum. Til að bæta úr þessu ástandi sé ráðgert að hefja sérstakar aðgerðir, sem hafi í för með sér nokkurn kostnað.

Fyrir því eru hér með sett bráðabirgðalög samkvæmt 28. gr. stjórnarskrárinnar á þessa leið:

1. gr.

Ríkisstjórninni er heimilt að ákveða að af allri bræðslusíld, sem veiðist frá og með 15. júní til 31. desember 1965 á svæðinu frá Rit norður og austur að Stokksnesi við Hornafjörð, greiðist sérstakt gjald, kr. 15.00 á hvert landað mál bræðslusíldar, hvar sem henni er landað. Af hausum og slógi frá síldarsöltunarstöðvum greiðist hálf gjald. Síldarverksmiðjur þær, sem veita síldinni móttöku, inna gjaldið af hendi til sjóðsstjórnar samkvæmt 3. gr.

2. gr.

Fé því, sem innheimtist samkvæmt 1. gr. er heimilt að verja sem hér segir:

- a) Til að hækka fersksíldarverð til söltunar greiðist uppbót, er nemi allt að kr. 30.00 á hverja uppsaltaða síldartunnu samkvæmt ákvörðun sjóðsstjórnar sbr. 3. gr.
- b) Til að greiða síldveiðiskipum, sem sigla með eigin afla frá veiðisvæðum sunnan Bakkaflóadýpis til hafna vestan Tjörness, 15.00 kr. flutningastyrk á hvert mál bræðslusíldar. Þessi styrkur skal því aðeins greiddur, að þrær síldarverksmiðja á Austfjörðum séu fullar eða að fyllast og löndunartöf á Raufarhöfn. Styrkurinn er þar að auki bundinn því skilyrði, að sú verksmiðja, sem síldinni veitir móttöku, greiði kr. 10.00 fyrir hvert mál umfram hið al-

menna bræðslusíldarverð til hlutaðeigandi fiskiskips, þannig að heildarflutningsgjald til síldveiðiskipanna nemi kr. 25.00 á mál.

c) Heimilt skal að verja allt að 4 millj. króna:

- 1) Til að standa straum af útgerð sérstaks flutningaskips, er flytji kælda síld til söltunar eða frystingar til Norðurlandshafna vestan Tjörness og til hafna við Steingrímsfjörð.
- 2) Til að veita sérstakan stuðning þeim síldveiðiskipum, sem skila eigin afla, veiddum sunnan Bakkaflóadýpis, af söltunar- og frystingarhæfri síld, til hafna á því svæði sem að framan greinir.

Styrkur sá, sem um ræðir í þessum lið, má nema allt að kr. 50.00 á hverja uppsaltaða tunnu eða kr. 34.00 á hverja uppmælda tunnu til frystingar. Styrkurinn skal aðeins greiddur síldveiðiskipum samkvæmt fyrirfram gerðu samkomulagi við sérstaka nefnd, sem skipuð verður til að framkvæma ráðstafanir þær er um getur í c-lið þessarar greinar.

3. gr.

Ríkisstjórnin skipar 7 manna sjóðsstjórn. Einn stjórnarmanna skal tilnefndur af Landssambandi íslenzkra útvegsmanna, einn samkvæmt tilnefningu Sjómanna-sambands Íslands, einn samkvæmt tilnefningu Alþýðusambands Íslands, einn samkvæmt tilnefningu Síldarverksmiðja ríkisins, einn samkvæmt tilnefningu Sambands síldarverksmiðja á Norður- og Austurlandi, einn samkvæmt tilnefningu Félags síldarsaltenda á Norður- og Austurlandi og einn skipaður án tilnefningar af ríkisstjórninni. Nefndin kys sér formann.

Verkefni sjóðsstjórnarinnar er að sjá um innheimtu gjalds samkvæmt 1. gr. þessara laga, ráðstöfun þess samkvæmt 2. gr., a. og b., þar á meðal hvenær flutningastyrkur á bræðslusíld skuli greiddur samkvæmt b. lið 2. gr.

Verði mismunur á milli tekna og gjalda sjóðsins færist hann til næsta árs.

4. gr.

Ríkisstjórnin getur sett nánari reglur um framkvæmd laga þessara að fengnum tillögum sjóðsstjórnarinnar.

5. gr.

Kostnaður við störf sjóðsins, þar á meðal laun nefndarmanna, skulu greiddast af fé hans.

6. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört að Bessastöðum, 24. júní 1965.

Ásgeir Ásgeirsson.

(L. S.)

Emil Jónsson.

STJÓRNARTÍÐINDI A 7 — 1965

8. júlí 1965.

194

Nr. 78

BRÁÐABIRGÐALÖG

um heimild fyrir ríkisstjórnina til lántöku vegna vega- og flugvallargerða.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Fjármálaráðherra hefur tjáð mér, að lán hafi fengizt hjá Viðreisnarsjóði Evrópuráðsins til samgöngubóta á Vestfjörðum, en lántökuheimild skorti fyrir þann hluta fjárins, sem verja eigi til flugvallargerða og vegagerða.

Enn fremur sé nauðsynlegt að fá breytt í fast lán bráðabirgðalánnum, sem tekin hafa verið vegna Reykjanesbrautar.

Með því, að ég fellst á, að brýna nauðsyn beri til að gefa út bráðabirgðalög um heimild til framangreindrar lántöku, eru hér með sett bráðabirgðalög, samkvæmt 28. gr. stjórnarskrárinnar, á þessa leið:

1. gr.

Ríkisstjórninni heimilast að taka lán, allt að 60 millj. kr. vegna flugvalla- og vegagerða á Vestfjörðum og vegna lagningar Reykjanesbrautar.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört að Bessastöðum, 8. júlí 1965.

Ásgeir Ásgeirsson.

(L. S.)

Magnús Jónsson.

TILSKIPUN

um reglur til að koma í veg fyrir árekstra á sjó.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Samkvæmt lögum nr. 56 23. júní 1932, um ráðstafanir til öryggis við siglingar, eru hér með settar eftirfarandi reglur:

Kafli A. — Inngangur og orðaskýringar.

1. gr.

- a) Eftir þessum reglum skulu fara öll skip og sjóflugvélar á hafi úti og á öllum leiðum, sem tengdar eru því og færar eru hafskipum, með þeim undantekningum, sem getið er í 30. gr. Ef sjóflugvélar eru þannig gerðar, að þær geta ekki í öllu hlýtt fyrirmælum reglnanna um fyrirkomulag ljósa og bendingamynda, skal þeim fylgt eins nákvæmlega og unnt er.
- b) Reglunum um siglingaljós skal fylgja frá sólarlagi til sólaruppkomu, hvernig sem viðrar, og má á þessum tíma engin önnur ljós hafa, sem hægt sé að blanda saman við hin lögboðnu siglingaljós eða gera erfiðara að greina þau eða torvelda glögga útsýn frá skipinu. Ljós þau, sem fyrirskipuð eru í þessum reglum, má einnig hafa uppi frá sólaruppkomu til sólarlags í slæmu skyggni og ávallt, þegar það er álitid nauðsynlegt.
- c) Þar sem ekki er öðruvísi ákveðið í eftirfarandi reglum, á það við, sem hér segir:
 1. Orðið „skip“ merkir sérhvert fljótandi far, annað en sjóflugvélar á floti, sem notað er eða nota má til flutninga á sjó og vötnum.
 2. Orðið „sjóflugvél“ merkir flugbát eða hvert það loftfar, sem hægt er að stjórna á sjó.
 3. Orðið „vélskip“ merkir sérhvert skip, sem knúid er áfram með vélarafli.
 4. Sérhvert vélskip, sem notar eingöngu segl til gangs, en ekki vélarafli, skal talið seglskip, og sérhvert skip, sem notar vél til gangs, skal talið vélskip, hvort sem það notar jafnframt segl eða eigi.
 5. Skip eða sjóflugvél á floti eru talin vera „laus“ (under way), þegar þau hvorki liggja við akkeri né landfestar eða standa á grunn.
 6. Með orðunum „hæð upp frá bol skipsins“ er átt við hæð upp frá efsta þilfari, sem nær stafna á milli.
 7. Með lengd og breidd skips er átt við mestu lengd þess og mestu breidd.
 8. Lengd sjóflugvélar skal talin mesta lengd hennar, og vænghaf hennar það, sem lofthæfnisskírteini hennar sýnir, eða samkvæmt mælingu, sé slíkt skírteini ekki fyrir hendi.
 9. Skip eru því aðeins talin „sýnileg“ hvort öðru, að þau séu sjáanleg með berum augum hvort frá öðru.
 10. Þegar talað er um, að ljós „sjáist“, er átt við, að það sjáist um dimma nótt í hreinviðri.

11. „Stutt hljóð“ merkir hljóð, sem stendur í h. u. b. eina sekúndu.
12. „Langt hljóð“ merkir hljóð, sem stendur í 4—6 sekúndur.
13. Orðið „eimpípa“ merkir hvert það áhald, sem framleitt getur áðurnefnd stutt og löng hljóð.
14. Orðalagið „að fiskveiðum“ þýðir veiðar með netum, lóðum eða botnvörpu, en ekki veiðar með toglinum.

Kafla B. — Ljós og bendingamyndir.

2. gr.

Ljósendingar á vélskipum og sjóflugvélum.

- a) Á vélskipi, sem er laust, skal vera:
 1. Hvítt ljós á framsiglu, fyrir framan hana eða framan til á skipinu, ef engin framsigla er á því. Ljós þetta skal þannig lagað, að það varpi samfelldri birtu á boga af sjóndeildarhringnum, er nemi 225° (20 kompásstrikum) og þá þannig fyrir komið, að það lýsi yfir $112\frac{1}{2}^\circ$ (10 strík) hvorum megin skipsins, það er beint fram undan og $112\frac{1}{2}^\circ$ (10 strík) á hvort borð, $22\frac{1}{2}^\circ$ (2 strík) aftur fyrir þverskipsstefnu, og enn fremur þannig háttáð, að það sjáist 5 sjómílar á lengdar að minnsta kosti.
 2. Annað hvort fyrir framan eða aftan hvíta ljósið, sem getur í 1. lið, skal vera annað hvítt ljós, að öllu leyti eins og fyrrnefnda ljósið. Skip styttri en 45.75 m (150 fet) eru ekki skyld að hafa þetta ljós, en mega það.
 3. Báðum þessum hvítu ljósum skal komið fyrir í lóðréttum langskurðarfleti gegnum kjöl skipsins, þannig að annað ljósið sé að minnsta kosti 4.57 m (15 fetum) ofar en hitt og að neðra ljósið sjáist ætíð frammar en efra ljósið. Hin lárétta fjarlægð milli þessara tveggja hvítu ljósa skal vera að minnsta kosti þrisvar sinnum meiri en lóðréttu fjarlægðin milli þeirra. Lægra ljósinu, eða ef aðeins eitt er notað, þá því ljósi, skal komið fyrir að minnsta kosti 6.10 m (20 fet) upp frá bol skipsins. Sé skipið meira en 6.10 m (20 fet) á á breidd, skal ljósið vera að minnsta kosti svo marga metra upp frá bolnum sem breidd skipsins nemur, en þó þarf það aldrei eða vera meira en 12.20 m (40 fet) upp frá bolnum, og alltaf skal ljósinu eða ljósunum, eftir því sem við á, komið þannig fyrir, að það eða þau verði laus við og fyrir ofan önnur ljós og skipshluta, sem skyggt gætu á þau.
 4. Grænt ljós á stjórnborða, þannig lagað, að það varpi samfelldri birtu á boga af sjóndeildarhringnum, er nemi $112\frac{1}{2}^\circ$ (10 kompásstrikum) og sé þannig fyrir komið, að það lýsi beint fram og til hliðar $22\frac{1}{2}^\circ$ (2 strík) aftur fyrir þverskipsstefnu á stjórnborða. Skal því enn fremur þannig háttáð, að það sjáist 2 sjómílar á lengdar að minnsta kosti.
 5. Rautt ljós á bakborða, þannig lagað, að það varpi samfelldri birtu á boga af sjóndeildarhringnum, er nemi $112\frac{1}{2}^\circ$ (10 kompásstrikum) og sé þannig fyrir komið, að það lýsi beint fram og til hliðar $22\frac{1}{2}^\circ$ (2 strík) aftur fyrir þverskipsstefnu á bakborða. Skal því enn fremur þannig háttáð, að það sjáist 2 sjómílar á lengdar að minnsta kosti.
 6. Við áður nefnd grænu og rauðu hliðarljósin skal setja hlíf þeim megin, er að skipinu veit, og skal hún ná að minnsta kosti 0.91 m (3 fet) fram fyrir ljósið til að varna því, að þessi ljós sjáist yfir kinnung skipsins hinum megin.
- b) Á sjóflugvél, sem er laus á floti skal vera:
 1. Hvítt ljós framan til á miðri flugvélinni þar sem það sést hezt, þannig lagað, að það varpi samfelldri birtu á boga af sjóndeildarhringnum, er nemi 220°

og þannig sett, að það lýsi yfir 110° hvorum megin flugvélarinnar, það er beint framundan og 20° aftur fyrir þvert á hvort borð. Skal því enn fremur þannig háttað, að það sjáist 3 sjómilur á lengdar að minnsta kosti.

2. Grænt ljós á hægra eða stjórnborðs vængbroddi, þannig lagað, að það varpi samfelldri birtu á boga af sjóndeildarhringnum, er nemi 110° . Skal því þannig fyrir komið, að það lýsi beint fram og til hliðar 20° aftur fyrir þvert á stjórnborða, og enn fremur þannig háttað, að það sjáist 2 sjómilur á lengdar að minnsta kosti.
3. Rautt ljós á vinstra eða bakborðs vængbroddi, þannig lagað, að það varpi samfelldri birtu á boga af sjóndeildarhringnum, er nemi 110° . Skal því þannig fyrir komið, að það lýsi beint fram og til hliðar 20° aftur fyrir þvert á bakborða, og enn fremur þannig háttað, að það sjáist 2 sjómilur á lengdar að minnsta kosti.

3. gr.

Ljósendingar á vélskipum og sjóflugvélum, sem draga önnur skip og sjóflugvélar.

- a) Á vélskipi, sem dregur annað skip eða sjóflugvél eða ýtir þeim, skulu auk hliðarljósanna vera 2 hvít ljós, og séu þau lóðrétt hvort upp af öðru og 1.83 m (6 fet) á milli þeirra að minnsta kosti. Ef lengd skipalestarinnar, talin frá afturstafni dráttarskipsins til afturstafns aftasta skipsins í lestinni, er yfir 183 m (600 fet), skal það hafa þrjú hvít ljós lóðrétt hvort upp af öðru, þannig að efsta og neðsta ljósið séu jafnlangt og ekki minna en 1.83 m (6 fet) fyrir ofan eða neðan miðljósið. Öll þessi ljós skulu vera eins löguð og öllum eins háttað og hvíta ljósinu, sem um ræðir í 2. staflið a) 1., og skal einu þeirra komið fyrir á sama stað og því ljósi. Ekkert þessara ljósa má vera neðar en 4.27 m (14 fet) upp frá bolnum. Hafi skipið aðeins eina siglu, má hafa ljósin á þeirri siglu.
- b) Dráttarskipið skal enn fremur hafa annað hvort skutljós, eins og um getur í 10. gr., eða í stað þess lítið, hvítt ljós fyrir aftan reykháfinn eða aftursiglu fyrir dregnu skipin að stýra eftir. Það ljós má þó ekki sjást fyrir framan þverskipsstefnu.
- c) Milli sólaruppkomu og sólarlags skal vélskip, sem dregur annað skip eða sjóflugvél, og lengd lestarinnar er yfir 183 m (600 fet), hafa uppi svarta tigullaga bendingsmynd minnst 0.61 m (2 fet) í þvermál, þar sem hún verður bezt séð.
- d) Þegar sjóflugvél á floti dregur eina eða fleiri sjóflugvélar eða skip, skal hún hafa sömu ljós og fyrirskipuð eru í 2. gr. staflið b) 1., 2. og 3. Auk þess skal hún hafa annað hvítt ljós, eins lagað og eins háttað og hvíta ljósinu, sem greint er í 2. gr. staflið b) 1., og að minnsta kosti 1.83 m (6 fetum) lóðrétt fyrir ofan eða neðan það ljós.

4. gr.

Bendingar á skipum og sjóflugvélum, sem eru ekki undir stjórn.

- a) Á skipi, sem er ekki undir stjórn, skulu vera 2 rauð ljós með 1.83 m (6 feta) millibili að minnsta kosti. Ljós þessi skulu vera þar sem hægst er að sjá þau, og sé annað ljósið lóðrétt upp af hinu. Þau skulu sjást að minnsta kosti 2 sjómilur á lengdar, hvaðan sem lítið er. Ef um vélskip er að ræða, skulu þessi ljós koma í stað þeirra ljósa, er um getur í 2. grein, staflið a) 1. og 2.
Á daginn skulu á slíku skipi vera 2 svartar kúlur eða bendingamyndir með ekki minna en 1.83 m (6 feta) millibili, þar sem hægst er að sjá þær, hvor þeirra skal vera 0.61 m (2 fet) að þvermáli og hvor þráðbeint upp af annarri.
- b) Sjóflugvél á floti, sem er ekki undir stjórn, má í staðinn fyrir ljós það, sem fyrirskipað er í 2. gr. staflið b) 1., hafa 2 rauð ljós þar sem hægst er að sjá þau,

hvort þráðbeint upp af öðru með minnst 0.91 m (3 feta) millibili og þannig háttað, að þau sjáist 2 sjómílur á lengdar að minnsta kosti, hvaðan sem litið er.

Á daginn má hún hafa upp 2 svartar kúlur eða bendingamyndir, 0.61 m (2 fet) að þvermáli, hvora þráðbeint upp af annarri með 0.91 m (3 feta) millibili að minnsta kosti og komið fyrir þar sem þær sjást best.

- c) Skip, sem er að leggja eða taka upp neðansjávarstreng eða siglingamerki, skip, sem starfar að sjómælingum eða neðansjávarvinnu, eða skip, sem er að að birgja sig upp á sjó eða senda frá sér eða taka á móti flugvélum, og þegar starfi þess er þannig háttað, að það geti ekki vikið fyrir skipum, sem nálgast, skal það í staðinn fyrir ljós, þau, sem fyrirskipuð eru í 2. gr. staflið a) 1. og 2. eða 7. gr. staflið a) 1, hafa 3 ljós hvert þráðbeint upp af öðru, þannig að efsta og neðsta ljósið skal vera jafnlangt frá miðljósinu og ekki minna en 1.83 m (6 fet) fyrir ofan eða neðan það. Efsta og neðsta ljósið skulu vera rauð og miðljósið hvítt, og öll skulu þau vera þannig gerð, að þau sjáist, hvaðan sem litið er, 2 sjómílur á lengdar að minnsta kosti.

Á daginn skal skipið hafa 3 bendingamyndir á þeim stað, sem hægast er að sjá þær; hver þeirra skal vera 0.61 m (2 fet) að þvermáli og hver þeirra þráðbeint upp af annarri með 1.83 m (6 feta) millibili að minnsta kosti. Efsta og neðsta myndin skulu vera hnöttóttar og rauðar að lit, en miðmyndin hvít og tígullöguð.

- d) 1. Skip, sem starfar við að slæða tundurdufl, skal hafa grænt ljós á húni fram-siglu, og á enda eða endum fram-rár á hlið þeirri eða hliðum, sem að hættu snúa, annað eða önnur slík ljós. Þessi ljós skulu höfð auk ljóss þess, sem fyrirskipað er í 2. gr. staflið a) 1. eða 7. gr. stafliðar a) 1., eftir því sem við á, og skal þeim þannig háttað, að þau sjáist, hvaðan sem litið er, 2 sjómílur að minnsta kosti. Að degi til skal skipið hafa svartar kúlur 0.61 m (2 fet) að þvermáli að minnsta kosti og á sömu stöðum og grænu ljósin.
2. Þessi ljós eða kúlur gefa til kynna, að hættulegt sé öðrum skipum að fara nær afturstefni tundurduflasæðarans en $\frac{1}{2}$ sjómílu og $\frac{1}{4}$ sjómílu frá hlið hans eða hliðum, sem að hættunni snúa.
- e) Skip þau og sjóflugvélar, sem um getur í grein þessari, skulu hvorki sýna lituðu hliðarljósin né skutljósið, þegar þau eru ekki á siglingu, en á siglingu skulu þau hafa þau.
- f) Önnur skip og sjóflugvélar skulu skoða ljós þau og bendingamyndir, sem boðið er að hafa samkvæmt þessari grein, sem merki þess, að skip þau og flugvélar, sem hafa þau uppi, séu ekki undir stjórn og geti því ekki vikið úr leið.
- g) Bendingar þessar sýna ekki, að skip séu í nauðum stödd og æski hjálpar. Þeirra bendinga er getið í 31. gr.

5. gr.

Ljósendingar á seglskipum, dregnum skipum og sjóflugvélum.

- a) Á seglskipi, sem er laust, og á öllum skipum og sjóflugvélum, sem dregin eru, skulu vera sömu ljós og fyrirskipuð eru í 2. gr. á vélskipum eða sjóflugvélum, sem laus eru, nema hvítu ljósin, er þar um ræðir, mega þau aldrei hafa.
- Einnig skulu þau hafa skutljós eins og greint er í 10. gr., þó þannig, að dregin skip, önnur en aftasta skipið í lestinni, mega í stað skutljóssins, hafa lítið, hvítt ljós, eins og um getur í 3. gr. staflið b).
- b) Auk ljósanna, sem fyrirskipuð eru í staflið a), má seglskip hafa á toppi fram-siglu, tvö ljós þráðbeint hvort upp af öðru með nægilegu millibili, til þess að þau verði vel greind hvort frá öðru. Skal efra ljósið vera rautt og neðra ljósið grænt. Bæði ljósin skulu vera eins löguð og komið fyrir á sama hátt og fyrir-

skipað er í 2. gr. staflíð a) 1. Enn fremur skulu þau sjást 2 sjómíllur að minnsta kosti.

- c) Á skipi, sem verið er að ýta áfram, skal á framenda vera grænt ljós stjórnborðsmegin og rautt ljós bakborðsmegin. Skulu ljósin vera að öllu leyti eins og ljósin, sem lýst er í 2. gr. staflíð a) 4. og 5., og búin hlífum eins og segir í 2. gr. staflíð a) 6., þó þannig, að hversu mörg sem skipin eru, sem ýtt er áfram fleirum saman, þá skal ljósabúnaður þeirra vera eins og aðeins væri um eitt skip að ræða.
- d) Skip, sem dregið er, skal frá sólaruppkomu til sólarlags hafa uppi svarta tígulaga bendingamynd, ef lengd skipalestarinnar er yfir 183 m (600 fet). Hún skal vera að minnsta kosti 0.61 m (2 fet) að þvermáli og á þeim stað, þar sem hún verður bezt séð.

6. gr.

Ljósendingar á skipum í illviðri.

- a) Þegar grænu og rauðu hliðarljósin verða ekki höfð á sínum stað vegna illviðris eða af öðrum gildum ástæðum, skulu þau þó höfð tendruð og tiltæk þegar í stað, ef á þarf að halda. Ef skipið nálgast annað skip eða annað skip nálgast það, skal sýna ljósin hvort sínum megin svo snemma, að komizt verði hjá árekstri. Þetta skal gert á þann hátt, að ljósin sjáist sem bezt, og græna ljósið sjáist ekki bakborðsmegin né rauða ljósið stjórnborðsmegin, né heldur aftur en $22\frac{1}{2}^\circ$ (2 strik) aftur fyrir þverskipstefnu hvort sínum megin, ef unnt er.
- b) Til þess að öruggara og auðveldara verði að nota þessi færiljós, skulu ljóskerin hvort um sig vera máluð utan með sama lit og ljósin hafa, sem í þeim eru, og búin hæfilegum hlífum.

7. gr.

Ljósendingar á smáskipum í venjulegu veðri.

Vélskip styttri en 19.80 m (65 fet), segl- og róðrarskip styttri en 12.19 m (40 fet) og árabátar, skulu, þegar þau eru laus, ekki skyld að hafa ljós þau, sem greind eru í 2., 3. og 5. gr., en hafi þau ekki þessi ljós, skulu á þeim vera ljós þau, er hér segir:

- a) Á vélskipum styttri en 19.80 m (65 fet) öðrum en þeim, sem greind eru í staflíð b) og c) skal vera:
1. Hvítt ljós framan til á skipinu, þar sem það sést bezt; skal það vera að minnsta kosti 2.75 m (9 fetum) fyrir ofan borðstokkinn, eins lagað og fyrir komið og fyrirskipað er í 2. gr. staflíð a) 1. og þannig háttað, að það sjáist 3 sjómíllur á lengdar að minnsta kosti.
 2. Græn og rauð hliðarljós, eins löguð og eins fyrir komið og fyrirskipað er í 2. gr. staflíð a) 4. og 5., og þannig háttað, að þau sjáist 1 sjómílu á lengdar að minnsta kosti, eða samsett ljósker með grænu ljósi öðrum megin og rauðu ljósi hinu megin, er lýsi beint fram og sitt til hvorrar hliðar $22\frac{1}{2}^\circ$ (2 strik) aftur fyrir þverskipstefnu. Ljósker þetta skal vera að minnsta kosti 0.91 m (3 fetum) fyrir neðan hvíta ljósið.
- b) Þegar vélskip styttri en 19.80 m (65 fet) draga annað skip eða ýta því, skulu þau hafa:
1. Auk hliðarljósa eða samsetta ljósakersins, sem er fyrirskipað í staflíð a) 2., tvö hvít ljós hvort þráðbeint upp af öðru með 1.22 m (4 feta) millibili að minnsta kosti. Bæði ljósin skulu vera eins löguð og þeim eins háttað og hvíta ljósinu, sem fyrirskipað er í staflíð a) 1., og skal annað þeirra haft á sama stað og það ljós. Á skipi með einni siglu má hafa ljósin á henni.

2. Annað hvort skutljós eins og fyrirskipað er í 10. gr. eða í stað þess lítið hvítt ljós fyrir aftan reyk háf eða aftursiglu fyrir dregnu skipin að stýra eftir. Það ljós má þó ekki sjást fyrir framan þverskipstefnu.
- c) Vélskip, styttri en 12.19 m (40 fet), mega hafa hvíta ljósið neðar en 2.75 m (9 fet) fyrir ofan borðstokkinn, en hafa skal það að minnsta kosti 0.91 m (3 fetum) ofar en hliðarljósin eða samsetta ljóskerið, sem fyrirskipað er í staflið a) 2.
- d) Skip undir árum eða seglum, styttri en 12.19 m (40 fet) önnur en þau, sem greind eru í staflið f), skulu, ef þau hafa ekki hliðarljósin, hafa ljósker, þar sem það sést best, er sýni grænt ljós öðrum megin og rautt ljós hinum megin, 1 sjómílu á lengdar að minnsta kosti. Sé því þannig fyrir komið, að græna ljósið sjáist ekki bakborðsmegin og rauða ljósið ekki stjórnborðsmegin. Þar, sem ekki er unnt að hafa þetta ljósker fast, skal það vera tendrað og tiltækt og sýnt svo snemma, að komizt verði hjá árekstri. Græna ljósið má ekki sjást bakborðsmegin og rauða ljósið ekki stjórnborðsmegin.
- e) Þegar skip þau, sem um er rætt í þessari grein, eru dregin, skulu þau hafa uppi hliðarljósin eða samsetta ljóskerið, sem um getur í stafliðunum a) eða d) í þessari grein, eftir því sem við á. Einnig skulu þau hafa skutljós samkvæmt 10. gr., eða í stað þess lítið hvítt ljós, eins og um getur í staflið b) 2., að aftasta skipinu undanskildu, sem skal hafa skutljósið. Sé þeim ýtt áfram, skulu þau hafa á framenda hliðarljósin eða samsetta ljóskerið, sem fyrirskipað er í staflið a) eða d) í þessari grein, eftir því sem við á; þó skulu slík skip, þegar þeim er ýtt fleirum saman, aðeins hafa ljós eins og um eitt skip væri að ræða samkvæmt þessari grein, nema lengd skipalestarinnar sé meiri en 19.80 m (65 fet), en þá skal farið eftir ákvæðum 5. gr. staflið c).
- f) Litlir árabátar, hvort sem þeim er siglt eða róið, skulu aðeins skyldir að hafa til taks rafmagnslampa eða ljósker tendrað hvítu ljósi, er sýnt skal í tæka tíð til að afstýra árekstri.
- g) Skip þau og bátar, sem um er rætt í þessari grein, skulu ekki skyld að hafa ljós þau og bendingamyndir, sem fyrirskipað er í 4. gr. staflið a) og 11. gr. staflið e), og bendingamyndir þeirra mega vera minni en fyrirskipað er í 4. gr. staflið c) og 11. gr. staflið c).

8. gr.

Ljósendingar á hafnsöguskipum.

- a) Vélknúið hafnsöguskip í hafnsöguerindum og laust skal:
1. Hafa hvítt ljós á siglutoppi í 6.10 m (20 feta) hæð frá bolnum að minnsta kosti og skal það sjást á alla vegu minnst 3 sjómílu á lengdar, og 2.40 m (8 fetum) neðar rautt ljós eins lagað og eins háttað. Ef slíkt skip er styttra en 19.80 m (65 fet), má hafa hvíta ljósið minnst 2.75 m (9 fet) fyrir ofan borðstokk og rauða ljósið 1.22 m (4 fetum) neðar en hvíta ljósið.
 2. Hafa hliðarljósin eða ljóskerin, sem fyrirskipuð eru í 2. gr. staflið a) 4. og 5. eða í 7. gr. staflið a) 2. eða staflið d) eftir því sem við á og skutljósið, sem fyrirskipað er í 10. gr.
 3. Sýna einn eða fleiri ljósblossa með millibili, sem má ekki vera lengra en 10 mínútur. Hvítt leifturljós, sýnilegt á alla vegu má nota í stað ljósblossa.
- b) Segl-hafnsöguskip í hafnsöguerindum og laust skal:
1. Hafa hvítt ljós á siglutoppi, skal það sjást, hvaðan sem lítið er, 3 sjómílu á lengdar að minnsta kosti.
 2. Hafa hliðarljósin eða ljóskerin, sem fyrirskipuð eru í 5. gr. staflið a) eða 7. gr. staflið d), eftir því sem við á, og nálgist það önnur skip eða önnur skip nálgist það, skal það hafa þessi ljós tendruð og tiltæk og sýna þau með stuðu millibili til þess að gefa til kynna hvert það stefnir, en græna ljósið

má ekki sjást bakborðsmegin og rauða ljósið ekki stjórnborðsmegin. Enn fremur skal það hafa skutljósið, sem fyrirskipað er í 10. gr.

3. Sýna einn eða fleiri ljósblossa með millibili, sem ekki má vera lengra en 10 mínútur.
- c) Hafnsöguskip í hafnsöguerindum, en ekki laust skal sýna ljós þau og ljósblossa, sem fyrirskipað eru í stafliðum a) 1. og 3. eða b) 1. og 3., eftir því sem við á, og liggi það við akkeri, skal það einnig hafa akkerisljósin sem fyrirskipað eru í 11. gr.
- d) Hafnsöguskip, sem ekki eru í hafnsöguerindum, skulu hafa sömu ljós eða bendingamyndir og önnur skip jafnlöng.

9. gr.

Ljós og dagbendingar á fiskiskipum.

- a) Fiskiskip, sem ekki eru að veiðum, skulu hafa sömu ljós eða bendingamyndir og önnur skip jafnlöng.
- b) Skip að fiskveiðum skulu, þegar þau eru laus eða liggja fyrir akkeri, aðeins hafa þau ljós og bendingamyndir, sem fyrirskipað er í þessari grein, og skulu þau sjást 2 sjómílar álangdar að minnsta kosti.
- c) 1. Skip að togveiðum, það eru skip, sem draga hvers konar veiðarfæri gegnum sjóinn, skulu hafa 2 ljós hvort þráðbeint upp af öðru með ekki minna en 1.22 m (4 feta) og ekki meira en 3.65 m (12 feta) millibili. Efra ljósið skal vera grænt og neðra ljósið hvítt og skulu þau sjást, hvaðan sem litið er. Neðra ljósið skal vera það miklu ofar en hliðarljósin sem nemur tvöföldu millibili lóðréttu ljósanna.
2. Skip þessi mega að auki hafa hvítt ljós af svipaðri gerð og hvíta ljósið, sem fyrirskipað er í 2. gr., staflið a) 1., en þetta ljós skal vera neðar og aftar en grænu og hvítu hringljósin.
- d) Skip að fiskveiðum, önnur en skip að togveiðum, skulu hafa ljósin, sem fyrirskipað eru í staflið c) 1., þá skal efra ljósið vera rautt. Séu slík skip styttri en 12.19 m (40 fet), mega þau hafa rauða ljósið 2.75 m (9 fet) fyrir ofan borðstokk, en ekki neðar, og hvíta ljósið minnst 0.91 m (3 fetum) neðar en rauða ljósið.
- e) Þegar skip þau, sem um getur í stafliðum c) og d) eru á ferð, skulu þau hafa hliðarljósin eða ljóskerin, sem fyrirskipað eru í 2. gr. staflið a) 4. og 5. eða í 7. gr. staflið a) 2. eða staflið d), eftir því sem við á, og skutljósið sem fyrirskipað er í 10 gr. Þegar þau eru ekki á ferð, skulu þau hvorki sýna hliðarljósin né skutljósið.
- f) Þegar veiðarfæri skipa þeirra, sem um getur í staflið d), ná lengra en 153 m (500 fet) út frá þeim í lárétta stefnu, skulu þau hafa að auki hvítt hringljós minnst 1.83 m (6 fet) og mest 6.10 m (20 fet) lárétt út frá lóðréttu ljósunum, í þá átt, sem veiðarfærið er. Þetta hvíta ljós má ekki vera hærra en hvíta ljósið, sem fyrirskipað er í staflið c) 1. og ekki lægra en hliðarljósin.
- g) Auk ljósa þeirra, sem skip að fiskveiðum eru skyld að hafa samkvæmt þessari grein, mega þau, til að vekja athygli skips, sem nálgast, sýna ljósblossa eða beina ljóskastara sínum í þá átt, sem hætta er á ferðum fyrir skipið, þó þannig að það verði ekki öðrum skipum til óþæginda. Enn fremur mega þau nota vinnuljós, en fiskimenn skulu hafa hugfast, að sérstaklega skær vinnuljós eða illa búin hlífum geta dregið úr sjónarlengd og glöggum einkennum ljósa þeirra, sem fyrirskipað er í þessari grein.
- d) Á daginn skulu skip að fiskveiðum gefa starf sitt til kynna með því að sýna, þar sem bezt verður séð, svarta bendingamynd gerða úr tveim keilum hvorri

upp af annarri og þannig að oddarnir snúi saman, og séu þær hvor um sig 0.61 m (2 fet) að þvermáli að minnsta kosti. Séu skipin styttri en 19.80 m (65 fet), mega þau hafa körfu í stað þessarar bendingamyndar. Ef veiðarfæri skipa að fiskveiðum ná lengra en 153 m (500 fet) út frá þeim í lárétta stefnu, skulu þau hafa að auki svarta keilu með mjóa endann upp í þá átt, sem veiðarfærið er.

Ath.: Skip sem veiða með toglinum eru ekki talin vera „að fiskveiðum“, eins og skilgreint er í 1. gr. staflíð c) 14.

10. gr.

Skutljós á skipum og sjóflugvélum.

- a) Sé ekki annað tekið fram í þessum reglum, skal á skipi, sem er laust, hafa á afturstefnu hvítt ljós, þannig lagað og svo fyrir komið, að það beri samfellda birtu yfir 135° (12 strika) boga af sjóndeildarhringnum, þ. e. beint aftur undan skipinu og $67\frac{1}{2}^\circ$ (6 strik) á hvort borð, og enn fremur þannig háttáð að það sjáist 2 sjómíllur á lengdar að minnsta kosti.
- b) Ef skipið er litið og ekki er unnt að festa þetta ljós vegna illviðris eða af öðrum gildum ástæðum, þá skal hafa raflampa eða ljóssker tendrað hvítu ljósi til taks og sýna svo snemma, að komizt verði hjá árekstri, þegar annað skip dregur skipið uppi.
- c) Sjóflugvél, sem er laus á floti, skal hafa á afturenda hvítt ljós, þannig lagað, að það varpi samfelldri birtu yfir boga af sjóndeildarhringnum, er nema 140° , þannig fyrir komið, að það lýsi beint aftur og 70° á hvort borð flugvélarinnar, og enn fremur þannig háttáð, að það sjáist 2 sjómíllur á lengdar að minnsta kosti.

11. gr.

Ljósendingar á skipum og sjóflugvélum, sem liggja við akkeri eða standa á grunnni.

- a) Þegar skip, sem er styttra en 45.75 m (150 fet), liggur við akkeri, skal það hafa framan til á skipinu, þar sem það sést best, hvítt ljós sjáanlegt, hvaðan sem litið er 2 sjómíllur á lengdar að minnsta kosti. Einnig má slíkt skip hafa annað hvítt ljós á sama stað og fyrirskipað er í staflíð b) í þessari grein, en er ekki skylt að hafa það. Hafi skipið þetta síðar nefnda ljós, skal það sjást að minnsta kost 2 sjómíllur á lengdar og komið þannig fyrir, að það sjáist því næst sem verða má, hvaðan sem litið er.
- b) Þegar skip, sem er 45.75 m (150 fet) á lengd eða meira, liggur við akkeri, skal það hafa við framstefnið og ekki neðar en 6.10 m (20 fet) upp frá holnum, hvítt ljós, og á eða nálægt afturstefninu annað sams konar ljós, að minnsta kosti 4.57 m (15 fetum) neðar en fremra ljósið.
Bæði þessi ljós skulu sjást 3 sjómíllur á lengdar að minnsta kosti og komið þannig fyrir, að þau sjáist því næst sem verða má, hvaðan sem litið er.
- c) Frá sólarupprás til sólarlags skulu öll skip, er liggja við akkeri, hafa uppi svarta kúlu, ekki minni en 0.61 m (2 fet) að þvermáli, og skal hún höfð framan til á skipinu, þar sem hún sést best.
- d) Skip, sem er að leggja eða taka upp sæsíma eða siglingamerki, starfar að sjómælingum eða neðansjávarvinnu, skal, þegar það liggur við akkeri, hafa uppi þau ljós eða merki, sem fyrirskipað eru í 4. gr. staflíð c), auk ljósa og merkja samkvæmt því, sem fyrirskipað er hér að framan í þessari grein.
- e) Skip, sem stendur á grunnni, skal hafa uppi það eða þau ljós, sem fyrirskipað eru í staflíð a) eða b), og auk þess 2 rauð ljós eins og fyrirskipað er í 4. gr. staflíð a).

Á daginn skulu þau hafa 3 svartar kúlur á þeim stað, sem hægst er að sjá þær, hver þeirra skal vera 0.61 m (2 fet) að þvermáli að minnsta kosti og hver þráðbeint upp af annarri með 1.83 m (6 feta) millibili að minnsta kosti.

- f) Þegar sjóflugvél, sem ekki nær 45.75 m (150 fetum) að lengd, liggur á floti við akkeri, skal hún hafa hvítt ljós, þar sem það sést bezt. Skal það sjást á alla vegu, 2 sjómílar á lengdar að minnsta kosti.
- g) Þegar sjóflugvél, sem er 45.75 m (150 fet) á lengd eða meira, liggur á floti við akkeri, skal hún hafa, þar sem bezt sést, hvítt ljós að framan og annað hvítt ljós að aftan, er bæði sjáist á alla vegu, 3 sjómílar á lengdar að minnsta kosti; sé vænghaf hennar meira en 45.75 m (150 fet), skal hún auk þess hafa hvítt ljós á hvorum vængbroddi, er sjáist á alla vegu, eftir því sem unnt er, 1 sjómílu á lengdar að minnsta kosti.
- h) Sjóflugvél, sem stendur á grunnni, skal hafa uppi akkerisljós, eins og fyrirskipað er í stafliðum f) og g), eftir því sem við á. Auk þess má hún hafa 2 rauð ljós, er sjáist á alla vegu og séu hvort þráðbeint upp af öðru með 1.83 m (6 feta) millibili að minnsta kosti.

12. gr.

Blossa- eða hvellbendingar á skipi eða sjóflugvél, sem vill vekja athygli á sér.

Auk ljósa þeirra, sem fyrirskipað er að hafa samkvæmt reglum þessum, er öllum skipum og sjóflugvélum heimilt, ef þau þurfa að vekja á sér athygli, að sýna blysa eða ljósblossa eða viðhafa hverja þá hvell- eða hljóðbendingu, sem ekki verður blandað saman við neitt af þeim merkjum, sem reglur þessar fyrirskipa.

13. gr.

Sérstakar bendingar á herskipum o. fl.

- a) Eigi skal neitt í reglum þessum vera því til fyrirstöðu, að fylgt verði hvers konar sérstökum fyrirmælum, er stjórn einhverrar þjóðar setur um frekari notkun stöðvaljósa og merkjaljósa á herskipum, skipum í herskipafylgd, fiskiskipum að veiðum í flota eða sjóflugvélum á floti.
- b) Þegar hlutaðeigandi stjórn hefur ákveðið, að herskip eða annað skip í herflota hennar eða sjóflugvél, af sérstakri gerð eða sem ætlað er sérstakt hlutverk, geti ekki að öllu leyti farið eftir ákvæðum reglna þessara um fjölda, staðsetningu, lögum eða sjónarlengd ljósa eða bendingamynda, nema það trufli hernaðarstörf skipsins eða sjóflugvélarinnar, þá skal skip þetta eða sjóflugvél fara eftir ákvæðum annarra slíkra reglna um fjölda, staðsetningu, lögum eða sjónarlengd ljósa eða bendingamynda, sem stjórnin ákveður, að nálgist sem framast er unnt fyrirmáli í reglum þessum um þetta skip eða sjóflugvél.

14. gr.

Dagbending á vélskipi sem fer undir seglum.

Skip, sem gengur fyrir seglum og er jafnframt knúíð áfram af einhvers konar vélarafli, skal á daginn hafa uppi svarta keilu með mjóa endann niður; grunnflötur keilunnar skal vera að minnsta kosti 0.61 m (2 fet) að þvermáli, og skal henni komið fyrir framan til á skipinu, þar sem hún sést bezt.

Kafli C. — Hljóðbendingar og sigling í slæmu skyggni.

Inngangur.

1. *Upplýsingar fengnar með radar leysa ekkert skip frá þeirri skyldu að fylgja í einu og öllu ákvæðum siglingareglanna, sérstaklega fyrirskipunum í 15. og 16. grein.*
2. *Viðaukinn við siglingareglurnar hefur inni að halda tilmæli, sem ætluð eru til leiðbeiningar við að nota radar sem hjálpartæki til að koma í veg fyrir árekstur í slæmu skyggni.*

15. gr.

Hljóðbendingar í þoku o. s frv.

- a) Á hverju vélskipi 12.19 m (40 feta) löngu eða meira skal vera hljómsterk eim-pípa, sem gefur frá sér hljóð með gufuafli eða einhverju, sem kemur í þess stað. Skal henni þannig fyrir komið, að hljóðið stöðvist ekki af neinni hindrun á skipinu. Enn fremur skal á hverju vélskipi vera hljómsterkt þokuhorn, sem kveður við, þegar í það er blásið með þar til gerðu tæki, og einnig hljómmikil klukka.

Á seglskipum 12.19 m (40 feta) löngum eða meira skulu vera sams konar þokuhorn og klukkur.

- b) Allar bendingar, sem fyrirskipaðar eru í þessari grein, skulu gerðar á skipum, sem laus eru:
1. á vélskipum með eimpípunni;
 2. á seglskipum með þokuhorninu;
 3. á dregnum skipum með eimpípunni eða þokuhorninu.
- c) Í þoku, dímiviðri, snjókomu, steypiskúrum eða í slæmu skyggni annarra hluta vegna skal, hvort sem er á nóttu eða degi, beita bendingum þeim, sem fyrirskipaðar eru í þessari grein, svo sem hér segir:
1. Vélskip, sem er á siglingu, skal með 2 mínútna millibili í mesta lagi láta kveða við langt hljóð.
 2. Vélskip, sem er laust, en hefur stöðvazt og er ferðlaust, skal með 2 mínútna millibili í mesta lagi láta kveða við 2 löng hljóð með hér um bil 1 sekúndu þögn á milli þeirra.
 3. Seglskip, sem er laust, skal með 1 mínútu millibili í mesta lagi gefa bendingar sem hér segir:
 - Þegar það hefur vindinn á stjórnborða, þvert eða frammar, 1 hljóð.
 - Þegar það hefur vindinn á bakborða, þvert eða frammar, 2 hljóð hvort á eftir öðru.
 - Þegar það hefur vindinn aftar en þvert, 3 hljóð hvert á eftir öðru.
 4. Þegar skip liggur við akkeri, skal með 1 mínútu millibili í mesta lagi hringja klukkunni ótt og titt í hér um bil 5 sekúndur.

Á skipum, sem eru lengri en 106.75 metrar (350 fet), skal hringja klukkunni frammi á skipinu. Auk þess skal aftur á skipinu, í mesta lagi á mínútu fresti, berja málmbumbu eða annað slíkt áhald í hér um bil 5 sekúndur, og skal hljóðið úr því vera þannig, að það verði ekki tekið fyrir klukkuhringingu.

Öll skip, sem liggja við akkeri, mega auk þess samkvæmt því, er segir í 12. gr., gefa frá sér 3 hljóð hvert á eftir öðru, þ. e. a. s. eitt stutt, eitt langt og eitt stutt hljóð, til að láta skip, sem nálgast, vita af sér og að hætta geti verið á árekstri.

5. Skip, sem dregur annað skip, sem er að leggja eða taka upp sæsima eða siglingamerki, og skip, sem er laust, en getur ekki vikið úr leið fyrir öðru skipi, sem nálgast, af því að það er ekki undir stjórn eða lætur ekki að stjórn á þann hátt, sem krafizt er í þessum reglum, skal í stað bendinga þeirra, sem fyrirskipaðar eru í 1., 2. og 3. lið, láta með 1 mínútu millibili í mesta lagi kveða við 3 hljóð hvert á eftir öðru, sem sé 1 langt hljóð og á eftir því 2 stutt.
6. Skip, sem dregið er, eða ef fleiri en eitt skip eru í eftirdragi, þá skal síðasta skipið í lestinni, ef það er mannað, láta með 1 mínútu millibili í mesta lagi kveða við 4 hljóð, sem sé 1 langt hljóð og á eftir því 3 stutt. Þegar því verður við komið, skal gefa þessa bendingu strax á eftir bendingu dráttarskipsins.
7. Á skipi, sem stendur á grunni, skal hringja klukkunni, og ef krafizt er, berja málbumbuna eins og fyrirskipað er í tölulið 4. Auk þess skal slá 3 sérstök greinileg högg í klukkuna, strax á undan og eftir hverri hringingu.
8. Skip að fiskveiðum, hvort heldur laust eða við akkeri, skal með einnar mínútu millibili í mesta lagi gefa hljóðbendingu þá, sem fyrirskipuð er í tölulið 5. Skip, að veiðum með toglinum og laust, skal gefa hljóðbendingar þær, sem fyrirskipaðar eru í töluliðum 1., 2. eða 3. eftir því sem við á.
9. Skip, styttra en 12.19 m (40 fet), róðrabátur eða sjóflugvél á floti skulu eigi skyld að gefa ofangreindar bendingar, en gefi þau þær ekki, skulu þau gefa einhverjar aðrar greinilegar hljóðbendingar með ekki meira en 1 mínútu millibili.
10. Vélknúið hafnsöguskip í hafnsöguerindum má auk þeirra hljóðbendinga, sem fyrirskipaðar eru í töluliðum 1., 2. og 4., gefa frá sér 4 stutt hljóð til auðkenningar.

16. gr.

Í þoku o. s. frv. skal dregið úr ferð.

- a) Öll skip og allar sjóflugvélar, sem eru á ferð á sjó eða vatni, skulu í þoku, dimmviðri, snjókomu, steypiskúrum eða í slæmu skyggni annarra hluta vegna minnka ferð og taka nákvæmt tillit til kringumstæðna allra og ástands.
- b) Ef vélskip heyrir þokubendingu frá skipi, sem virðist vera fyrir framan þverskipsstefnu, en getur þó ekki með vissu ákveðið stað þess, þá skal það stöðva vél sína, að svo miklu leyti sem kringumstæðurnar leyfa, og sigla síðan með varkárni, þar til hættu á árekstri er liðin hjá.
- c) Vélknúið skip, sem vart verður við nærveru annars skips, framan við þvert, áður en það heyrir þokubendingar þess eða sér það með berum augum, má grípa til skjótra og róttækra aðgerða til þess að komast hjá að nálgast hitt skipið um of, en sé ekki hægt að forðast þetta, skal það, ef kringumstæður leyfa, stöðva vélarnar í tæka tíð til að forða árekstri og sigla síðan með varkárni, þar til hættu á árekstri er liðin hjá.

Kafli D. — Reglur um stjórn og siglingu.

1. Þegar fara skal eftir þessum reglum og túlka þær, ber að framkvæma allar athafnir hiklaust og í tæka tíða og taka um leið fullt tillit til þess, sem góð sjómennska krefst.
2. Þegar kringumstæður leyfa, má komast að raun um, hvort hætt sé við árekstri með því að miða með nákvæmni á kompásinn skip það, sem nálgast. Ef mið-unin breytist ekki að mun, ber að álíta, að hætt sé við, að skipin rekist á.

3. *Sjómenn ættu jafnan að hafa það hugfast, þegar sjóflugvélar eru að lenda eða hefja sig til flugs eða athafna sig við óhagstæð veðurskilyrði, að þeim getur reynt ókleift að breyta fyrirhuguðum gerðum á síðustu stundu.*
4. *Ákvæði 17. til 24. greina eiga aðeins við skip, sem eru sýnileg hvort öðru.*

17. gr.

Þegar tvö seglskip nálgast hvort annað.

- a) Þegar tvö seglskip nálgast hvort annað, þannig að hættu er á árekstri, skulu þau víkja hvort fyrir öðru eftir þeim reglum, sem nú skal greina:
 1. Þegar þau hafa vindinn á gagnstæð borð, skal það skipið, sem hefur vindinn á bakborða, víkja fyrir hinu.
 2. Þegar bæði hafa vindinn á sama borð, skal það skipið, sem áveðurs siglir víkja fyrir hinu, sem í hlé siglir.
- b) Með orðunum áveðurs í þessari grein er átt við það borðið, sem er gagnstætt því borði, sem stórseglið er haft í, eða sé um rásigt skip að ræða gagnstætt því borði, sem stærsta stageglið eða gaffalseglið er haft í.

18. gr.

Þegar tvö vélskip stefna hvort á annað.

- a) Þegar tvö vélskip stefna beint eða því nær beint hvort á annað, svo að hætt er við, að þau rekist á, skulu bæði víkja til stjórnborða, svo að þau komist hvort fram hjá öðru á bakborða.

Grein þessi á aðeins við, þegar skipin koma beint eða því nær beint hvort á móti öðru. Á daginn þegar siglutrú beggja skipanna eru í beinni eða því nær beinni línu hvort fram af öðru. Á nóttu þegar skipin eru í þeirri afstöðu, að frá hvoru þeirra um sig sjáist bæði hliðarljós hins skipsins. Hún á ekki við tvö skip, sem hljóta að komast hvort fram hjá öðru, ef bæði halda óbreyttri stefnu. Hún á ekki við: Á daginn þegar skip sér annað skip fyrir stafni og leiðir þeirra liggja á mis. Á nóttu þegar rauða ljósið á öðru skipinu blasir við rauða ljósinu á hinu, græna ljósið á öðru skipinu blasir við græna ljósinu á hinu, rautt ljós en ekki samsvarandi grænt ljós sést fram undan, grænt ljós en ekki samsvarandi rautt ljós sést fram undan eða þegar bæði sést grænt og rautt ljós í einhverri annarri átt en beint fram undan.

- b) Það, sem sagt er um skip í þessari grein og í 19. til 29. gr. að báðum meðtöldum, á einnig við um sjóflugvélar á floti, að undanteknu því, er segir í staflið c) í 20. gr. og 28. gr., og því skal orðið „vélskip“ einnig taka yfir sjóflugvélar.

19. gr.

Þegar leiðir tveggja vélskipa skerast.

Þegar tvö vélskip stefna þannig að leiðir þeirra liggja á mis og hætt er við árekstri, skal það skipið víkja, sem hefur hitt á stjórnborða.

20. gr.

Þegar vélskip og seglskip nálgast hvort annað.

- a) Þegar vélskip og seglskip stefna þannig, að hætt er við árekstri undir öðrum kringumstæðum en segir í 24. og 26. gr., þá skal vélskipið víkja fyrir seglskipinu.
- b) Þessi grein veitir engu seglskipi rétt til að hindra örugga siglingu vélskips um mjótt sund, sem það verður að fara eftir til að komast leiðar sinnar.

- c) Sjóflugvél á floti á að jafnaði að halda sig í fjarlægð frá öllum skipum og forðast að hindra siglingu þeirra. Verði samt sem áður hætt við árekstri, skal hún hlíta fyrirmælum þessara reglna.

21. gr.

Skipið, sem á að halda stefnu sinni, skal einnig halda ferð sinni.

Þegar annað skipið á að víkja samkvæmt þessum reglum, skal hitt halda stefnu sinni og ferð óbreyttri. Þegar síðarnefnda skipið af einhverjum ástæðum er komið svo nærri, að árekstri verður ekki forðað með því einu, er skipið sem víkja á gerir til þess, þá skal hitt einnig grípa til hverra þeirra úrræða, sem bezt geta forðað árekstri (sjá 27. og 29. gr.).

22. gr.

Skip, sem vikur, skal forðast að fara fyrir framan hitt.

Sérhvert skip, sem samkvæmt reglum þessum á að víkja fyrir öðru skipi, skal, að svo miklu leyti sem hægt er, gera skjótar og jákvæðar ráðstafanir til að gegna þeirri skyldu. Ef kringumstæður leyfa, skal það forðast að fara fyrir framan hitt skipið.

23. gr.

Vélskip, sem vikur, skal draga úr ferð o. s. frv.

Sérhvert vélskip, sem samkvæmt reglum þessum á að víkja fyrir öðru skipi, skal, þegar það nálgast það, draga úr ferðinni, nema staðar eða fara aftur á bak, ef nauðsyn krefur.

24. gr.

Skip, sem siglir annað skip uppi, skal víkja.

- a) Án tillits til þess, sem stendur í þessum reglum, skal sérhvert skip, er siglir uppi annað skip, víkja fyrir því.
- b) Skip telst sigla uppi annað skip, ef það nálgast það úr einhverri átt, sem er meira en $22\frac{1}{2}^\circ$ (2 strík) fyrir aftan þverskipsstefnu þess; það er mundi að nóttu til hvorugt hliðarljós þess geta séð. Ekki skal nein breyting, er síðar verður á innbyrðis afstöðu þessara tveggja skipa, verða til þess, að þau falli undir ákvæðin í reglum þessum um skip, þegar leiðir þeirra liggja á mis. Skip, sem siglir annað uppi, getur því ekki losnað undan þeirri skyldu að forðast skipið, unz það er komið fram hjá.
- c) Ef skip, sem siglir annað skip uppi, veit ekki með vissu, hvort það er fyrir framan eða aftan ofangreinda stefnu frá hinu skipinu, þá skal það líta svo á, að það sé að sigla skipið uppi, og víkja því úr leið.

25. gr.

Þegar vélskip siglir um mjótt sund.

- a) Þegar vélskip siglir um mjótt sund, skal það halda sig þeim megin í álnum eða miðsundinu, er að stjórnborða veit, sé það hættulaust og framkvæmanlegt.
- b) Þegar vélskip siglir um mjótt sund og nálgast bugðu, þar sem svo hagar til að ekki sést til annars skips, er nálgast bugðuna úr hinni áttinni, þá skal vélskipið gefa langt hljóð með eimpípunni, þegar það á eftir hálfu sjómílu að bugðunni. Vélskip, er kann að vera hinum megin við bugðuna og heyrir þessa hljóðbendingu, skal svara henni með sams konar hljóðbendingu. Hvort sem heyrir til annars skips hinum megin við bugðuna eða ekki, skal farið fyrir slíka bugðu með varúð og árvekni.

- c) Vélskip styttra en 19.80 m (65 fet) má ekki hindra örugga siglingu skips um mjótt sund, sem það verður að fara eftir til að komast leiðar sinnar.

26. gr.

Skip, sem ekki eru að veiðum, skulu víkja fyrir skipum, sem er að veiðum.

Öll skip, sem ekki eru að veiðum, önnur en þau, sem ákvæði 4. gr. eiga við, skulu, þegar þau eru laus, víkja fyrir skipum, sem eru að veiðum. Þó skal þessi grein ekki veita neinu fiskiskip rétt til að hindra skipaferðir á leiðum, sem önnur skip en fiskiskip nota.

27. gr.

Afbrigði, þegar hætta er á ferðum.

Þegar fara skal eftir þessum reglum og túlka þær, ber að taka fullt tillit til hvers konar hættu, sem siglingum og árekstri skipa er samfara, svo og til allra sérstakra kringumstæðna. Getur svo farið vegna takmarkana hlutaðeigandi farartækis, að ekki verði komizt hjá að víkja frá ofanskráðum reglum til að forðast bráða hættu.

Kafli E. — Hljóðbendingar skipa, er sjá hvert annað.

28. gr.

- a) Þegar skip sjá hvert annað, þá skal vélskip, sem er laust og gerir eitthvað, sem reglur þessar heimila eða fyrirskipa, tilkynna það með eimpípunni.

Gefin hljóðmerki tákna sem sér segir:

1 stutt hljóð: Ég sný til stjórnborða.

2 stutt hljóð: Ég sný til bakborða.

3 stutt hljóð: Vél mín knýr aftur á bak.

- b) Þegar vélskip á samkvæmt þessum reglum að halda stefnu sinni og ferð óbreyttri, en sér annað skip og efast um, að það skip geri fullnægjandi ráðstafanir til að forða árekstri, þá getur það látið slíka efasemd í ljós með því að blása hratt að minnsta kosti 5 stutt hljóð með eimpípunni. Slík hljóðbending losar þó ekki skip við þá skyldu, sem á því hvílir samkvæmt 27. og 29. gr. eða samkvæmt öðrum ákvæðum þessara reglna, né heldur við þá skyldu að tilkynna sérhverja hreyfingu, er það gerir samkvæmt þessum reglum, með hinum sérstöku hljóðmerkjum, sem fyrirskipuð eru í þessari grein.

- c) Sérhverju hljóðmerki, sem gefið er samkvæmt þessari grein, má láta fylgja hvítt ljósmerki sýnilegt á alla vegu, 5 sjómilur á lengdar að minnsta kosti, og þannig gert, að það tendrist samtímis og í sambandi við hljóðgjafann og sjáist meðan hljóðmerkið heyrir.

- d) Eigi skal neitt í reglum þessum vera því til fyrirstöðu, að fylgt verði hvers konar sérstöku fyrirmælum, er stjórn einhverrar þjóðar setur um frekari notkun hljóðbendinga milli herskipa eða skipa, sem sigla í herskipafylgd.

Kafli F. — Ýmis ákvæði.

29. gr.

Ekkert skip má, hvernig sem á stendur, vanrækja að viðhafa tilhlýðilegar varúðarreglur.

Ekkert í þessum reglum skal leysa neitt skip, eigendur þess, skipstjóra eða skipshöfn undan ábyrgð á afleiðingum, ef vanrækt hefur verið að hafa ljós, gefa bendingar eða halda dyggilega vörð, eða ef vanrækt hefur verið að gæta þeirrar varúðar, sem almenn sjómennska krefst og sérstök atvik kunna að útheimta.

30. gr.*Fyrirvari um siglingar á höfnum og vatnaleiðum.*

Eigi skal neitt í reglum þessum vera því til fyrirstöðu, að fylgt verði sérstökum reglum, er valdsmenn á hverjum stað setja um siglingar á höfnum inni, ám, stöðuvötnum eða öðrum vatnaleiðum, eða á afmörkuðum svæðum fyrir sjóflugvélar.

31. gr.**Neyðarbendingar.**

Þegar skip eða sjóflugvélar á floti eru í háska stödd og æskja hjálpar frá öðrum skipum eða úr landi, skulu þau viðhafa eða sýna eftirfarandi bendingar, annað hvort saman eða hverja fyrir sig:

1. Byssuskot eða annað hvellmerki með hér um bil einnar mínútu millibili.
2. Notkun hvers konar þokubendingatækis í sífellu.
3. Flugeldar eða sprengjur, sem varpa frá sér rauðum stjörnuljósum, og er þeim skotið einni í einu með stuttu millibili.
4. Merkið . . . — — — . . . eftir Morse-kerfi, sent með loftskeytatækjum eða öðrum merkjataækjum.
5. Orðið „Mayday“ sent með talstöð.
6. Alþjóða neyðarmerki sent með merkjaflöggunum N. C.
7. Neyðarbending, sem er ferhyrndur fáni og kúla eða eitthvað, sem líkist kúlu fyrir ofan eða neðan fánann.
8. Bál á skipinu (svo sem frá logandi tjörutunnu eða olíutunnu o. s. frv.).
9. Fallhlífarflugeldar eða handblys, er sýna rautt ljós.
10. Reykmerki, sem gefur frá sér rauðgulan reyk.
11. Hægar og endurteknar hreyfingar upp og niður með útréttum handleggjum.

Athugasemd. — Skip, stödd í háska, mega nota vekjaramerki fyrir loftskeyti eða talstöðvar til að tryggja að neyðarkalli eða neyðarskeyti verði veitt athygli. Loftskeyta-vekjaramerkið, sem er ætlað að ræsa sjálfvirkt vekjaraþæki um borð í skipum, sem það hafa, er tólf strík send út hvert á eftir öðru í eina mínútu, þannig að hvert strík varir í 4 sekúndur og bilið milli hverra tveggja strika er 1 sekúnda. Talstöðvar-vekjaramerkið eru 2 tónar sendir út á vixl í 30 sekúndur til 1 mínútu í einu.

b) Bannað er að nota nokkurt áðurgreindra merkja, nema til að tilkynna að skip eða sjóflugvél sé í háska statt, og enn fremur er bannað að viðhafa nokkrar bendingar, sem hægt er að taka fyrir nokkurt af áðurgreindum merkjum.

Viðauki við siglingareglurnar.*Leiðbeiningar um notkun radars sem hjálpartækis til að koma í veg fyrir árekstra á sjó.*

1. Ályktanir dregnar af ónógum upplýsingum geta verið hættulegar og ætti að forðast þær.
2. Skip, sem siglir með radar í gangi í takmörkuðu skyggni, skal samkvæmt 16. gr. staflið a) sigla með minnkaðri ferð. Upplýsingar fengnar með radar, eru eitt af þeim atriðum, sem taka verður tillit til, þegar ákveða á, hvað sé minnkuð ferð. Nauðsynlegt er að gera sér ljóst, að lítil skip, litlir ísjakar og svipaðir hlutir á floti sjást, ef til vill ekki á radarskifunni. Radarmynd af einu eða fleiri skipum í nánd getur þýtt, að „minnkuð ferð“ ætti að vera minni en skipstjórnarmaður, sem hefur ekki radar, kynni að ætla við sömu aðstæður.

3. Þegar siglt er í takmörkuðu skyggni, fæst ekki næg víska, sbr. 16. gr. staflíð b), um stað hins skipsins með radar-fjarlægð og radarmiðun einum saman til þess að leysa skip undan skyldunni að stöðva vél sína og sigla síðan með varkárni, þegar þokumerki heyrst fyrir framan þvert.
4. Þegar ráðstafanir þær, sem um getur í 16. gr. staflíð c), hafa verið gerðar til að forða því að skipin nálgist hvort annað um of, er nauðsynlegt að fullvíska sig um, að slíkar ráðstafanir beri tilætlaðan árangur. Breyting á stefnu eða ferð eða hvorutveggja eru atriði, sem skipstjórnarmaður verður að meta með til-
liti til aðstæðna hverju sinni.
5. Breyting á stefnu eingöngu getur verið árangursríkasta ráðstöfun til að forða því, að skipin nálgist hvort annað um of, svo fremi að:
 - a) nægilegt svigrúm sé fyrir hendi,
 - b) stefnu sé breytt í tæka tíð,
 - c) breytt sé um stefnu svo um muni. Forðast skal margar smáar stefnubreytingar,
 - d) stefnubreytingin hafi ekki í för með sér, að skipið nálgist önnur skip um of.
6. Skipstjórnarmaður verður að meta hverju sinni eftir aðstæðum til hvorrar handar hann eigi að breyta stefnu. Stefnubreyting til sjórnborða er þó venju-
lega æskilegri en breyting til bakborða, sérstaklega þegar skip nálgast hvort annað á gagnstæðum stefnum eða því sem næst.
7. Breyting á hraða eingöngu eða samfara stefnubreytingu á að vera það mikil að um muni. Forðast skal tíðar og litlar breytingar á hraða.
8. Ef útlit er fyrir að skipin nálgist hvort annað um of, getur verið skynsamleg-
ast að taka alla ferð af skipinu.

32. gr.

Hegningarákvæði.

Brot gegn framangreindum reglum varða sektum allt að 1000 krónum, ef ekki liggur þyngrri refsing við. Mál út af brotum skal fara með að hætti opinberra mála.

33. gr.

Hvenær tilskipun þessi öðlast gildi og eldri ákvæði falla burt.

Tilskipun þessi öðlast gildi 1. september 1965 og fellur þá jafnframt úr gildi tilskipun nr. 47 7. júlí 1953, um sama efni.

Gjört í Reykjavík, 10. ágúst 1965.

Ásgeir Ásgeirsson.

(L. S.)

Emil Jónsson.

AUGLÝSING

um staðfestingu forseta Íslands á breytingu á reglugerð nr. 76/1958
fyrir Háskóla Íslands.

Forseti Íslands féllst hinn 2. þ. m. á tillögu menntamálaráðherra um eftirfarandi breytingu á reglugerð fyrir Háskóla Íslands, nr. 76 frá 17. júní 1958:

1. gr.

52. gr. 2. málsg. hljóði svo:

Prófið er aðeins skriflegt. Enginn stenztr prófið, ef hann hlýtur lægri einkunn en 7. Kennarinn dæmir einn um úrlausnina.

2. gr.

Munnlegt próf samkvæmt 52. gr. 2. málsg. háskólareglugerðar skal haldið í síðasta skipti í lok vormisseris 1965, og tekur reglugerð þessi gildi samkvæmt því.

Í menntamálaráðuneytinu, 4. júní 1965.

Gylfi Þ. Gíslason.

Knútur Hallsson.

AUGLÝSING

um staðfestingu handhafa valds forseta Íslands á breytingu á reglugerð nr. 76/1958 fyrir Háskóla Íslands.

Handhafar valds forseta Íslands féllust hinn 31. ágúst s. l. á tillögu menntamálaráðherra um eftirfarandi breytingu á reglugerð fyrir Háskóla Íslands nr. 76 frá 17. júní 1958 og síðari breytingum á henni:

1. gr.

D.-liður V. kafla orðist svo:

D. Heimspekideild.

51. gr.

Kennsla í heimspekideild.

Í heimspekideild skal kennt:

1. Heimspekileg forspjallsvísindi. Í forspjallsvísindum skal kenna almenna sálarfræði, rökfræði og annaðhvort undirstöðuatriði siðfræði eða valda kafla úr heimspekisögu.
2. Almenn málvísindi og hljóðfræði til forprófs.
3. Latína til forprófs.
4. Íslenzka, danska, norska, sænska, finnska, enska, þýzka, franska, spænska, latína, gríska, sagnfræði, landafræði, almenn bókmenntasaga, almenn málvísindi, heimspeki, bókasafnsfræði. Kennslan skal einkum stefna að því að undirbúa nemendur undir próf samkv. 53. og 54. gr. Kennslu til B.A.-prófs skal hagað þannig, að farið sé yfir námsefni hvers stigs á tveimur kennslumisserum.
Nú er ekki kostur hæfra kennara í grein, að mati deildarinnar, og er þá heimilt að fella niður kennslu og próf í greininni. Heimilt er og að fella niður kennslu í grein, sem ekki er fastráðinn kennari í við deildina, ef þátttaka stúdenta fer niður fyrir visst lágmark, er háskólinn og ráðuneytið ákveða. Þó skal af þessari ástæðu ekki fella niður kennslu á 2. og 3. stigi í grein, sem kennd hefur verið á 1. stigi, fyrr en stúdentum, er lokið hafa 1. stigs prófi, hefur gefizt kostur á að ljúka, innan hæfilegra tímamarka, þremur prófstigum í greininni. Kveða má nánara á um þessi efni með samþykkt, er háskólaráð gerir, að fenginni tillögu deildarinnar, og ráðuneytið staðfestir.
5. Miðaldalatína til cand. mag.- og mag. art.-prófa, samkv. reglum, er deildin setur.
6. Uppeldis- og kennslufræði. Kennslan miðar að prófi samkv. 55. gr. a, og skal henni hagað þannig, að farið sé yfir námsefni á tveimur kennslumisserum.

52. gr.

Forpróf.

I. *Próf í heimspekilegum forspjallsvísindum.* Stúdentum er heimilt að ganga undir próf þetta eftir tveggja missera nám við háskólann, en skylt að hafa lokið því að minnsta kosti tveimur misserum áður en þeir ganga undir fullnaðarpróf. Undanþegnir eru þó prófi þessu stúdentar í verkfræði.

Prófið er aðeins skriflegt, og dæmir kennarinn einn um úrlausnina. Endurtaka má prófið á misseris fresti. Háskólinn lætur endurgjaldslaust af hendi prófvottorð, undirritað af prófessornum í forspjallsvisindum.

II. *Próf í almennum málvisindum og hljóðfræði.* Skyldir að taka próf þetta eru allir þeir stúdentar í heimspekideild, er undir próf ganga í tungumálum, einu eða fleirum. Stúdent er skylt að hafa lokið prófinu, áður en hann lýkur 1. stigs prófi í tungumáli, samkv. 53. gr. I.

Prófið, sem er aðeins skriflegt, fer fram í lok marzmánaðar ár hvert. Nú hefur stúdent sagt sig til prófs, en stentz ekki prófið eða kemur ekki til prófs og hefur lögmæt forföll, og er þá skylt að halda endurpróf í lok vormisseris.

III. *Próf í latínu.* Skyldir að taka próf þetta eru allir þeir stúdentar í heimspékideild, er ekki hafa stúdentspróf úr máladeild menntaskólanna eða hliðstætt próf í latínu. Stúdent er skylt að hafa lokið þessu prófi, áður en hann lýkur 2. stigs prófi í grein, samkv. 53. gr. I. Prófið er aðeins skriflegt.

Erlendir stúdentar, er ganga undir próf *baccalaureorum philologiae Islandicae*, eru undanþegnir öllum forprófum.

Ákvæði 61. gr. 1. mgr. um takmörkun á heimild til að endurtaka próf gilda ekki um þessi forpróf.

53. gr.

I. B.A.-próf.

Prófgreinir eru námsgreinir þær, sem taldar eru upp í 51. gr. 4. lið. Stúdent hlýtur B.A.-próf fyrir 6 prófstig, annaðhvort í tveimur prófgreinum (3 + 3 stig) eða þremur (3 + 2 + 1 stig). Hvert stig er miðað við ákveðnar þekkingarkröfur: 1. stig táknar minnstar kröfur, 2. stig meiri kröfur, 3. stig mestar kröfur.

Heimspékideild setur reglur um námsefni, að fengnum tillögum kennara í hverri grein. Námsefni skal miða við, að hvert prófstig krefjist eins misseris náms (þ. e. að unnt sé að ljúka prófstigi í tveimur greinum á einu ári, sbr. 51. gr. 4. lið). Heimilt er að áskilja nokkra þekkingu í nauðsynlegum hjálpargreinum. Heimilt er og að áskilja, að hluti námsefnis skuli vera samning heimaritgerðar á 3. stigi. Heimaritgerðum skal skila eigi síðar en hálfum mánuði áður en skrifleg próf í háskólanum hefjast.

Stúdent, sem velur þrjár greinir til prófs, er heimilt að hafa eitt eða tvö stig í raungrein.

Prófin eru bæði skrifleg og munnleg, en þó getur deildin ákveðið, að aðeins skuli prófa munnlega í grein eða einungis skriflega. Einkunnir eru samtals 6, ein einkunn á hverju stigi.

Eigi má líða lengri tími en 9 kennslumisseri frá skrásetningu í heimspékideild, þar til stúdent hefur lokið 6 prófstigum. Ef út af bregður, skal má nafn hans af stúdentatali. Nú endurinnritast hann, og er gildi fyrri prófa þá úti. Forpróf halda þó gildi sínu enn í 4 misseri. Heimspékideild getur með fundarsamþykkt veitt undanþágu frá ákvæðum þessarar málsgreinar um tímatakörk.

II. Próf í íslenzku fyrir erlenda stúdenta.

Baccalaureatus philologiae Islandicae (bacc. phil. Isl.).

Prófgreinir eru fjórar:

1. Málfræði.
2. Þýðingar.
3. Bókmenntasaga.
4. Textaskýringar.

Prófin skulu vera sex, þrjú skrifleg og þrjú munnleg.

Skrifleg próf: 1. málfræði, 2. þýðing úr íslenzku á móðurmál stúdents eða eitthvert heimsmál og úr því á íslenzku, 3. bókmenntasaga.

Munnleg próf: 1. málfræði, 2. bókmenntasaga, 3. textaskýringar.

Fyrir hvert próf skal gefin sérstök einkunn. Til þess að standast prófið þarf stúdent að hafa hlotið, auk tilskilinnar meðaltalseinkunnar (sbr. 68. gr.), hið lægsta einkunnina 5 í þýðingum.

54. gr.

I. Kandidatspróf.

Að loknu B.A.-prófi í tveimur greinum, þremur stigum í hvorri, er stúdent heimilt að ganga undir kandidatspróf (cand. mag.-próf). Kandidatinn skal eigi síðar en þremur misserum áður en hann gengur undir prófið hafa valið sér, í samráði við kennara, hæfilega afmarkað svið í aðalgrein, kjörsvið, sem hann kynnir sér rækilega. Prófið hefst á ritgerð úr kjörsviði kandidatsins. Eigi má líða meira en ár, frá því að kjörsviðsritgerð er skilað, þar til hinn hluti prófsins hefst.

Kandidatspróf eru þessi:

A. Kandidatspróf í íslenzku.

Sá, er leyst hefur af hendi B.A.-próf í íslenzku og annarri grein, getur lesið til cand. mag.-prófs í íslenzku. Kandidatinn velur sér aðalgrein, málfræði og sögu íslenzkrar tungu eða íslenzkar bókmenntir, skýring þeirra og sögu, og kjörsvið innan hennar. Hin greinin er hliðargrein.

Heimilt er að áskilja nokkra þekkingu í öðrum norrænum málum og/eða bókmenntum, svo og í öðrum germönskum málum.

B. Kandidatspróf í sagnfræði.

Sá, er leyst hefur af hendi B.A.-próf í sagnfræði og annarri grein, getur lesið til cand. mag.-prófs í sagnfræði. Kandidatinn velur sér aðalgrein, sögu og menningarsögu Íslendinga eða almenna sögu, og kjörsvið innan hennar. Hin greinin er hliðargrein.

Nám í hliðargrein er fólgið í viðbótarnámi í þætti greinarinnar eða tímabili, er kandidat velur sér, samkv. reglum, er deildin setur.

Í aðalgrein er prófið bæði munnlegt og skriflegt, en í hliðargrein aðeins munnlegt. Einkunnir eru 5 alls: Meðaleinkunn úr B.A.-prófi, einkunn fyrir heimaritgerð og þrjár einkunnir fyrir prófúrlausnir, tvær í aðalgrein (fyrir skriflega og munnlega úrlausn) og ein í hliðargrein.

C. Kandidatspróf í íslenzkum fræðum.

Sá, er leyst hefur af hendi B.A.-próf í íslenzku og sagnfræði, getur lesið til cand. mag.-prófs í íslenzkum fræðum. Prófgreinir eru þrjár: málfræði og saga íslenzkrar tungu, íslenzkar bókmenntir, skýring þeirra og saga, og saga og menningarsaga Íslendinga. Kandidatinn velur sér kjörsvið í einni þessara greina.

Prófið er bæði munnlegt og skriflegt í hverri grein. Einkunnir eru 5 alls: Meðaleinkunn úr B.A.-prófi, einkunn fyrir heimaritgerð og ein einkunn fyrir prófúrlausnir (munnlega og skriflega sameiginlega) í hverri prófgrein.

D. Heimilt er að stofna til cand. mag.-prófa í öðrum greinum, eftir að prófessor hefur verið skipaður í greininni.

II. Meistarapróf.

Að loknu B.A.-prófi er stúdent heimilt að ganga undir meistarapróf (mag. art.-próf). Hann velur sér að meginviðfangsefni eina prófgrein, en innan þeirrar

prófgreinar nánar afmarkað svið, kjörsvið, er hann skal rannsaka vísindalega. Hann skal semja ritgerð um efni úr kjörsviði. Skal kjörsviðsverkefni innt af hendi á undan öðrum hlutum prófsins. Auk þess flytur stúdentinn fyrirlestur í heyranda hljóði og fær 8 daga til að semja hann.

Meistarapróf er tvenns konar:

A. Meistarapróf í íslenskum fræðum.

Sá, er leyst hefur af hendi B.A.-próf í íslenzku og sagnfræði, þrjú stig í hvorri grein, getur lesið til meistaraprófs í íslenskum fræðum. Prófgreindir eru þrjár: málfræði og saga íslenzkrar tungu, íslenzkar bókmenntir, skýring þeirra og saga, og saga og menningarsaga Íslendinga.

B. Meistarapróf í norrænum málum.

Sá, er leyst hefur af hendi B.A.-próf í norrænum málum, þar af þrjú stig í íslenzku, getur lesið til meistaraprófs í norrænum málum. Prófgreindir eru tvær: málfræði og saga norrænna mála og norrænar bókmenntir, skýring og saga.

Prófin eru bæði skrifleg og munnleg. Einkunnir eru tvær: ágætlega hæfur (admissus cum egregia laude) og hæfur með lofi (admissus cum laude). Stúdent stentz ekki prófið, nema aðalritgerð sé metin til 1. einkunnar og einnig aðrir hlutar prófsins samanlagðir. Próffessorar dæma einir um meistarapróf.

Nánari reglur um námsefni til cand. mag.- og mag. art.-prófa setja próffessorarnir í hlutaðeigandi greinum.

55. gr. a.

Próf í uppeldis- og kennslufræðum.

Prófgreindir eru þessar:

1. Sálfræði barna og unglunga og uppeldisleg sálfræði.
2. Almenn uppeldisfræði.
3. Hagnýt kennslufræði.
4. Kennsla.

Próf í tveimur fyrst töldu greinum er bæði skriflegt og munnlegt, próf í hagnýtri kennslufræði munnlegt, en í kennslu verklegt. Einkunnir skulu vera 4 alls, ein fyrir hverja prófgrein.

Prófið er í tveimur hlutum: fyrri hluta (1. og 2. prófgrein) og síðara hluta (3. og 4. prófgrein).

Kennsluprófið er í tveimur greinum, aðalgrein og aukagrein, og reiknast próf aðalgreinar $\frac{2}{3}$, en aukagreinar $\frac{1}{3}$ einkunnar. Stúdent er ekki heimilt að taka þátt í kennsluæfingum né ljúka kennsluprófi, fyrr en hann hefur lokið einu prófstigi í kennslugreininni. Stúdent stentz ekki prófið, nema hann hafi hlotið hið minnsta einkunnina 7 fyrir kennslu, auk tilskilinna meðaltalseinkunna, sbr. 68. gr.

Háskólinn lætur af hendi prófvottorð undirritað af próffessornum í uppeldisfræðum.

55. gr. b.

Til þess að öðlast kennsluréttindi að lögum skal B.A.-prófsmaður í heimspæki-deild (sjá 53. gr. I) ljúka til viðbótar prófi í uppeldis- og kennslufræðum samkv. 55. gr. a. Auk þess skal hann ljúka 3 stigum í einhverri þessara greina: Íslenzku, dönsku, ensku, þýzku, sagnfræði, landafræði. Aðra námsgrein velji hann úr kennslugreinum gagnfræða- eða menntaskóla, þeim sem kenndar eru til B.A.-prófs, minnst 2 stig. Ef hann velur 3 greinir, er val þriðju námsgreinar frjálst samkv. 51. gr. 4. lið (eitt stig). Á sama hátt þurfa kandídatar og meistarar samkv. 54. gr. að ljúka þessu prófi til að öðlast kennsluréttindi að lögum.

55. gr. c.

Stúdentum, er voru skrásettir samkv. nógildandi reglugerð, skal heimilt að halda námi áfram samkv. þeirri reglugerð (sbr. þó 55. gr. d). Þeim er og heimilt að halda námi áfram samkv. ákvæðum 51.—55. gr. b með eftirfarandi skilyrðum:

1. Próf samkv. nógildandi reglugerð verða hluti af B.A.-prófi með eftirfarandi undantekningum:
 - a) 1. stigs próf í grein verður það því aðeins, að stúdent ljúki a. m. k. einu prófstigi til viðbótar í greininni. Ella verður að endurtaka prófið.
 - b) Próf í mannkynssögu verða ekki hluti af B.A.-prófi, nema stúdentinn taki aukapróf í Íslandssögu samkv. nánari reglum, sem deildin setur. Heimaritgerð á 3. stigi skal gilda sem heimaritgerð á 3. stigi í sagnfræði.
 - c) Fyrri hluti prófs í íslenskum fræðum verður ekki hluti af B.A.-prófi. Þó skal heimaritgerð (í málfræði eða bókmenntum) gilda sem heimaritgerð á 3. stigi í íslenzku, svo og skal próf í hljóðfræði halda gildi sínu í B.A.-prófi. Heimaritgerð í Íslandssögu skal gilda sem heimaritgerð á 3. stigi í sagnfræði.
2. Stúdent ljúki sex prófstigum í stað fimm.
3. Ef því er að skipta (sbr. 52. gr. II), ljúki stúdent forprófi í almennum málvísindum og hljóðfræði, áður en hann gengur í fyrsta sinn undir próf samkv. 53. gr. I. Þó getur deildin heimilað stúdent að ganga undir próf í lok fyrsta misseris frá gildistöku þessara ákvæða, án þess að hann hafi þá lokið þessu prófi.

Ef því er að skipta (sbr. 52. gr. III), ljúki stúdent forprófi í latínu á 2. ári frá gildistöku þessara ákvæða. Þó getur deildin veitt undanþágu frá þessum tímamörkum.

4. Fyrir hvert prófstig, er stúdent hefur lokið samkv. nógildandi reglugerð og verður hluti af B.A.-prófi (sbr. 1. tölulið), skal draga eitt misseri frá þeim hámarkstíma (9 misserum), er líða má samkv. 53. gr. I, 5. mgr., þar til hann hefur lokið 6 prófstigum.

55. gr. d.

Ákvæði 51.—55. gr. c taka gildi frá þeim tíma, er heimspekideild ákveður með fundarsamþykkt, er birta skal stúdentum með tryggilegum hætti, og falla ákvæði 51.—55. gr. nógildandi reglugerðar úr gildi frá sama tíma. Í framangreindri samþykkt skal kveðið á um, hvenær einstök próf eftir nógildandi reglugerð verði haldin í síðasta lagi.

2. gr.

57. gr. í E.-lið V. kafla nógildandi reglugerðar verði 57. gr. a, en á eftir henni komi ný grein svohljóðandi:

57. gr. b.

Kennslu- og prófgreinir til B.A.-prófa á vegum verkfræðideildar.

1. Inntökuskilyrði til B.A.-náms í raungreinum.

Inntökuskilyrði til B.A.-náms í raungreinum er stúdentspróf frá almennum menntaskóla eða hliðstætt próf frá öðrum skóla.

Stúdentspróf úr stærðfræðideild veitir rétt til náms í öllum raungreinum, en stúdentspróf úr máladeild í öðrum greinum en stærðfræði, eðlisfræði og efnafræði, og setja má frekari skilyrði til náms í einstökum greinum, ef þurfa þykir.

Stefnt skal að því, að þeim stúdentum, sem með stúdentsprófi sínu hafa ekki rétt til náms í raungreinum, sé gefinn kostur á að sækja námskeið og ljúka forprófi, er veiti þeim þann rétt.

2. Kennslu- og prófgreinir og samval greina.

Kennslu- og prófgreinir eru þessar:

Stærðfræði, eðlisfræði, líffræði (grasa-, dýra- og heilsufræði), landa- og jarðfræði og efnafræði. Eitt, tvö eða þrjú stig má taka í stærðfræði, eðlisfræði og líffræði, eitt eða tvö stig í landa- og jarðfræði og eitt stig í efnafræði. Verkfræðideild getur með samþykkt ákveðið, að unnt sé að taka þrjú stig í landa- og jarðfræði, svo og að heimilt sé að taka þrjú stig í grasafræði og þrjú stig í dýrafræði og tvö stig í efnafræði. Heimilt er að velja sem aukagrein til eins eða tveggja prófstiga einhverja af þeim huggreinum, sem kenndar eru við gagnfræðaskóla. Setja má nánara ákvæði um samval greina.

Nú er ekki kostur hæfra kennara eða fullnægjandi kennsluaðstöðu í grein, að mati deildarinnar, og er þá heimilt að fella niður kennslu og próf í greininni. Heimilt er og að fella niður kennslu í grein, ef þátttaka stúdenta fer niður fyrir vissar lágmark, er háskólinn og menntamálaráðuneytið ákveða. Kveðið skal nánar á um þessi efni með samþykkt, er háskólaráð gerir, að fenginni tillögu deildarinnar, og ráðuneytið staðfestir.

Námsskrá til B.A.-prófs skal miða við, að hvert prófstig svari að jafnaði til 6—8 kennslustunda vikulega eitt háskólaár og að náminu sé að fullu lokið á þremur árum, þar með talið uppeldis- og kennslufræði og kennsluæfingar. Verkfræðideild setur reglur um námsefni, að fengnum tillögum kennara í hverri grein. Heimilt er að áskilja nokkra þekkingu í nauðsynlegum hjálpargreinum, og kveða skal á í námsskrá um þátttöku í verklegum æfingum. Heimilt er og að áskilja, að hluti námsefnis skuli vera samning heimaritgerðar á 3. stigi.

3. Prófstig og prófhættir.

B.A.-próf í raungreinum er fólgið í sex prófstigum í þremur greinum, aðalgrein og tveimur aukagreinum, auk prófs í uppeldis- og kennslufræðum ásamt kennsluæfingum, sbr. 55. gr. a. Í aðalgrein skulu tekin 3 prófstig, 2 stig í annarri aukagreinanna og 1 stig í hinni. Að þessu prófi loknu öðlast kandídat titillinn B.A. og kennsluréttindi við gagnfræðaskóla og sérskóla, sbr. 55. gr. b.

Próf eru skrifleg og munnleg í hverri grein, en þó getur verkfræðideild ákveðið, að aðeins skuli prófa munnlega í grein eða einungis skriflega. Einkunnir eru samtals 6, ein einkunn á hverju stigi.

4. Tímamörk í námi.

Eigi má líða lengri tími en 9 kennslumisseri frá skrásetningu stúdents í verkfræðideild, þar til hann hefur lokið B.A.-prófi. Ef út af bregður, skal má nafn hans af stúdentatali. Nú endurinnritast hann, og er gildi fyrra prófsins þá úti. Forpróf halda þó gildi sínu enn í 4 misseri. Verkfræðideild getur með fundarsamþykkt veitt undanþágu frá ákvæðum þessarar málsgreinar um tímamörk.

3. gr.

Reglugerðarbreyting þessi tekur þegar gildi, að svo miklu leyti sem ákvæði hennar kveða ekki öðruvísi á um.

Þetta birtist hér með þeim, sem hlut eiga að máli.

Í menntamálaráðuneytinu, 2. september 1965.

Gylfi Þ. Gíslason.

Knútur Hallsson.

AUGLÝSING

um gildistöku þeirra ákvæða laga nr. 45 12. maí 1965, um eftirlit með útlendingum, er varða samvinnu milli Íslands, Danmerkur, Finnlands, Noregs og Svíþjóðar um útlendingaeftirlit.

Ákveðið hefur verið samkvæmt heimild í 2. málsg. 22. gr. laga nr. 45 12. maí 1965, um eftirlit með útlendingum, að ákvæðin í 2. og 3. málsg. 5. gr., 1. málsg. 10. gr., 1. og 2. málsg. 12. gr. og 4. og 5. tölul. 2. málsg. 17. gr. laganna skuli öðlast gildi gagnvart Danmörku, Finnlandi, Noregi og Svíþjóð hinn 1. október 1965.

Í dóms- og kirkjumálaráðuneytinu, 3. september 1965.

Jóhann Hafstein.

Baldur Möller.

Nr. 83.

21. ágúst 1965.

AUGLÝSING

um meðferð forsetavalds í fjarveru forseta Íslands.

Forseti Íslands, herra Ásgeir Ásgeirsson, fór í dag í einkaerindum til útlanda. Í fjarveru hans fara forsætisráðherra, forseti sameinaðs Alþingis og forseti Hæstaréttar með vald forseta Íslands, samkvæmt 8. gr. stjórnarskrárinnar.

Í forsætisráðuneytinu, 21. ágúst 1965.

Bjarni Benediktsson.

Birgir Thorlacius.

Nr. 84.

8. maí 1965.

AUGLÝSING

um breytingu á forsetaúrskurði nr. 64/1959, um skipun og skipting starfa ráðherra o.fl.

Eftir tillögu forsætisráðherra hefur forseti Íslands í dag gert þá breytingu á forsetaúrskurði nr. 64 frá 20. nóvember 1959, um skipun og skipting starfa ráðherra o. fl., að ráðherra Magnúsi Jónssyni eru falin ráðherrastörf þau, sem Gunnari Thoroddsen voru falin í nefudum úrskurði.

Þetta birtist hér með þeim, sem hlut eiga að máli.

Í forsætisráðuneytinu, 8. maí 1965.

Bjarni Benediktsson.

Birgir Thorlacius.

STJÓRNARTÍÐINDI A 10 — 1965

Nr. 85.

219

11. september 1965.

BRÁÐABIRGÐALÖG

um verðlagningu landbúnaðarvara á verðlagsárinu 1965—66.

HANDHAFAR VALDS FORSETA ÍSLANDS

samkvæmt 8. gr. stjórnarskrárinnar,

forsætisráðherra, forseti sameinaðs Alþingis og forseti Hæstaréttar,

gjöra kunnugt: Landbúnaðarráðherra hefur tjáð oss, að miðstjórn Alþýðusambands Íslands hafi, með ákvörðun sinni um að hætta aðild að störfum Sexmannanefndar, komið í veg fyrir verðlagningu landbúnaðarvara á þessu hausti í samræmi við ákvæði II. kafla framleiðsluráðslaga, nr. 59/1960, og að því sé nauðsynlegt að gefa út bráðabirgðalög um aðra skipun þessara mála, er gildi á verðlagsárinu 1965—1966.

Fyrir því eru hér með sett bráðabirgðalög, samkvæmt 28. gr. stjórnarskrárinnar, á þessa leið:

1. gr.

Afurðaverð til framleiðenda landbúnaðarvara á verðlagsárinu 1965—1966 skal byggt á verðlagsgrundvelli, er Hagstofa Íslands reiknar eftir verðlagsgrundvelli haustsins 1964, sem hér segir: Við laun bónda og sjúkrasjóðsgjald bætist geymd hækkun samkvæmt bókun í fundargerðabók Sexmannanefndar 24. febrúar 1965, og við það hvort tveggja leggst viðbót, sem er að hundraðshluta jöfn þeirri hækkun, er verður á bótaupphæðum almannatrygginga á síðari hluta árs 1965, vegna ákvæða 3. gr. laga nr. 20/1965, um breyting á lögum nr. 40/1963, um almannatryggingar. Við aðkeypta vinnu bætist viðbót, sem er hlutfallslega hin sama og nefnd hækkun á bótaupphæðum almannatrygginga. Við fjárhæðir vinnuliða, þannig reiknaðar, bætist verðlagsuppbót, sbr. ákvæði 4. gr. laga nr. 63/1964, um verðtryggingu launa. — Aðrir útgjaldaliðir verðlagsgrundvallar 1964 skulu færðir fram til verðlags á hausti 1965 og eftir þeim reglum, sem gilda, þegar grundvelli hefur ekki verið sagt upp. Sama gildir um tekjuhlíð verðlagsgrundvallar. Verð á ull og gærum í verðlagsgrundvelli 1965—1966 skal vera meðalútflutningsverð þessara afurða 1964—1965 og fráðregnum áföllnum kostnaði, er útflutningur á sér stað, samkvæmt mati Hagstofunnar.

Þá er Hagstofan hefur reiknað verðlagsgrundvöll landbúnaðarvara samkvæmt 1. málsg. þessarar greinar, afhendir hún hann nefnd þeirri, er um ræðir í 2. gr. til frekari meðferðar.

Verðlagsgrundvöllur landbúnaðarvara 1965—1966 samkvæmt útreikningi Hagstofunnar skal gilda á allan hátt eins og hann hefði verið ákveðinn samkvæmt fyrir-mælum II. kafla framleiðsluráðslaga, nr. 59/1960.

A 29

2. gr.

Á verðlagsárinu 1965—1966 skal nefnd þriggja manna fara með þau verkefni, sem samkvæmt II. kafla framleiðsluráðslaga, nr. 59/1960, eru í höndum Sexmannanefndar og yfirnefndar hennar. Þetta tekur þó ekki til ákvörðunar á verðlagsgrundvelli, sem Hagstofan reiknar, sbr. 1. gr. þessara laga.

Í nefnd þessari skulu eftirtaldir menn eiga sæti: Ráðuneytisstjóri landbúnaðar-ráðuneytisins, forstjóri Efnahagsstofnunar og framkvæmdastjóri Framleiðsluráðs landbúnaðarins. Hver nefndarmaður tilnefnir varamann, og starfar hann í nefndinni á eigin ábyrgð í forföllum aðal manns.

Afl atkvæða ræður úrslitum í nefnd þessari. Þó getur hver hinna þriggja nefndarmanna krafizt þess, að ákvæði fyrri málsliðs 4. gr. laga nr. 63/1964, um verðtryggingu launa, séu látin koma til framkvæmda hverju sinni, sem breyting verður á kaupgreiðsluvisitölu á verðlagsárinu 1965—1966. Sömuleiðis getur hver nefndarmaður krafizt þess, að ákvæði 1. og 2. málsg. 9. gr. framleiðsluráðslaga, nr. 59/1960, um breytt afurðaverð til framleiðenda, séu látin koma til framkvæmda, þegar breyting hefur orðið á kaupum í almennri verkamannavinnu í Reykjavík.

Nefndinni er heimilt að framkvæma verðtilfærslur milli einstakra afurðaliða í tekjuhlið verðlagsgrundvallar, enda haldist niðurstöðufjárhæð grundvallarins óbreytt.

Framleiðsluráð landbúnaðarins skal starfa með nefndinni að verðlagningu landbúnaðarvara 1965—1966 á sama hátt og það starfar með Sexmannanefnd samkvæmt fyrirætlum í II. kafla framleiðsluráðslaga, nr. 59/1960.

Kostnaður við störf nefndarinnar greiðist úr ríkissjóði. Þó skal Framleiðsluráð landbúnaðarins standa straum af kostnaði við öflun og úrvinnslu gagna, sem það leggur fyrir nefndina.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört á Akureyri og í Reykjavík, 11. september 1965.

Bjarni Benediktsson. Birgir Finnsson. Þórður Eyjólfsson.

Ingólfur Jónsson.

31. ágúst 1965.

221

Nr. 86.

TILSKIPUN

um setningu nýrrar lyfjaskrár.

HANDHAFAR VALDS FORSETA ÍSLANDS

samkvæmt 8. gr. stjórnarskrárinnar,

forsætisráðherra, forseti sameinaðs Alþingis og forseti hæstaréttar,

gjöra kunnugt: Að þeir skipa svo fyrir sem hér segir:

1. gr.

Frá og með 1. apríl 1966 skal hin danska útgáfa norrænu lyfjaskrárinnar 1963 ásamt breytingum, Pharmacopoea Nordica 1963, Editio Danica, Volumen I—IV og Addendum, vera gildandi lyfjaskrá á Íslandi.

2. gr.

Ráðherra er heimilt að setja, að fengnum tillögum landlæknis, frekari reglur um notkun lyfjaskrárinnar og jafnframt að veita undanþágu frá reglum lyfjaskrárinnar um nokkur áhöld til rannsókna og lyfjatilbúnings, eftir því sem ástæður þykja til.

3. gr.

Allar lyfjabúðir eru skyldar að hafa frá 1. apríl 1966 birgðir af öllum þeim læknislyfjum, sem greind eru í téðri lyfjaskrá.

4. gr.

Tilskipun þessi, sem er sett samkvæmt 2. gr. lyfsölulaga nr. 30 29. apríl 1963, gengur í gildi 1. apríl 1966, og frá sama tíma fellur úr gildi auglýsing um löggilding nýrrar lyfjaskrár, nr. 72 14. júlí 1950.

Gjört í Reykjavík, 31. ágúst 1965.

Bjarni Benediktsson.

Birgir Finnsson.

Pórður Eyjólfsson.

Jóhann Hafstein.

31. ágúst 1965.

Nr. 87.

AUGLÝSING

um breyting á forsetaúrskurði nr. 64 frá 20. nóvember 1959, um skipun og skipting starfa ráðherra o. fl.

Eftir tillögu forsætisráðherra hafa handhafar valds forseta Íslands í dag gert þá breytingu á forsetaúrskurði nr. 64 frá 20. nóvember 1959, um skipun og skipting starfa ráðherra o. fl., að Emil Jónssyni eru falin þau ráðherrastörf, sem Guðmundi

Í Guðmundssyni voru falin í nefndum úrskurði, og að Eggert Þorsteinssyni eru falin þau ráðherrastörf, sem Emil Jónssyni voru falin í nefndum úrskurði.

Þetta birtist hér með þeim, sem hlut eiga að máli.

Í forsætisráðuneytinu, 31. ágúst 1965.

Bjarni Benediktsson.

Guðmundur Benediktsson.

Nr. 88.

10. september 1965.

B R É F

handhafa valds forseta Íslands um að reglulegt Alþingi 1965 skuli koma saman til fundar föstudaginn 8. október 1965.

HANDHAFAR VALDS FORSETA ÍSLANDS

samkvæmt 8. gr. stjórnarskrárinnar,

forsætisráðherra, forseti sameinaðs Alþingis og forseti hæstaréttar,
gjöra kunnugt:

Vér höfum ákveðið, samkvæmt tillögu forsætisráðherra, að reglulegt Alþingi 1965 skuli koma saman til fundar föstudaginn 8. október 1965.

Um leið og vér birtum þetta, er öllum, sem setu eiga á Alþingi, boðið að koma nefndan dag til Reykjavíkur og verður þá Alþingi sett að lokinni guðspjónustu í dómkirkjunni, er hefist kl. 13.30.

Gjört í Reykjavík, 10. september 1965.

Bjarni Benediktsson.

Birgir Finnsson.

Þórður Eyjólfsson.

Bjarni Benediktsson.

Nr. 89.

21. september 1965.

AUGLÝSING

um frestun gildistöku auglýsingar nr. 82 frá 3. september 1965 varðandi samvinnu milli Norðurlandanna um útlendingaeftirlit.

Gildistöku þeirra ákvæða laga nr. 45 12. maí 1965, um eftirlit með útlendingum, er ákveðið var með ofangreindri auglýsingu að kæmu til framkvæmdar gagnvart hinum Norðurlöndunum 1. október 1965, er hér með frestað til 1. janúar 1966.

Í dóms- og kirkjumálaráðuneytinu, 21. september 1965.

F. h. r.

Baldur Möller.

Eliás I. Eliasson.

STJÓRNARTÍÐINDI A 12 — 1965

7. október 1965.

223

Nr. 90.

L Ö G

um tekjuskatt og eignarskatt.

HANDHAFAR VALDS FORSETA ÍSLANDS

samkvæmt 8. gr. stjórnarskrárinnar,

forsætisráðherra, forseti sameinaðs Alþingis og forseti hæstaréttar,

gjöra kunnugt: Að vér samkvæmt 13. gr. laga nr. 70 21. maí 1965 um breyting á lögum nr. 55 17. júlí 1964, um tekjuskatt og eignarskatt, höfum látið fella meginmál hinna fyrrnefndu laga nr. 70/1965 inn í lög nr. 55 17. júlí 1964 og gefum þau út svo breytt:

I. KAFLI

Um skattskyldu.

1. gr.

Hver maður heimilisfastur hér á landi er skyldur til, með þeim takmörkunum, sem settar eru í lögum þessum, að greiða skatt í rikissjóð af tekjum sínum og eignum.

Nú dvelst maður erlendis um stundarsakir, en bregður eigi heimilisfangi sínu hér á landi, og skal hann þá gjalda skatt eins og hann dveldist að staðaldri í landinu.

2. gr.

Nú er maður eigi heimilisfastur hér á landi, en á hér fasteignir og hefur tekjur af þeim eða af atvinnu eða af sýslan, sem hér eða héðan er rekin, svo sem sjómenn á íslenskum skipum, sem eigi greiða skatt í öðru ríki, og skal hann þá gjalda skatt af tekjum þessum og tilnefna fyrir hlutaðeigandi skattheimtumanni, hver greiði skattgjald hans, enda sé sá maður búsettur á skattsvæði skattheimtumanns.

Sömuleiðis skal sá, er eigi hefur aðsetur hér á landi, en hefur laun, biðlaun eða styrk úr rikissjóði, eða arð af hlutafé í innlendu hlutafélagi eða innborguðu stofnfé í öðrum atvinnufélögum eða fyrirtækjum, eða tekjur frá öðrum innlendum aðilum, gjalda skatt af þessum tekjum, og skal tekjuskattinum haldið eftir við greiðslu fjárins.

Menn, sem eigi eru heimilisfastir hér á landi, og útlend félög greiða eignarskatt af þeim eignum sínum hér á landi, sem gefa af sér tekjur þær, er um ræðir í þessari grein. Reiknast skattur einstaklinga samkvæmt reglunum í 26. gr. I. Eignarskattur útlendra félaga reiknast samkv. 26. gr. II.

Ríkisstjórninni er heimilt að gera samninga við stjórnir annarra ríkja um gagnkvæmar ívilnanir á tekju- og eignarskatti þeirra erlendra og íslenskra skatt- aðilja, sem eftir gildandi skattalöggjöf ríkjanna eiga að greiða skatt af sömu tekjum eða eignum bæði á Íslandi og í einhverju öðru ríki.

3. gr.

Tekjur hjóna, sem samvistum eru, skulu saman taldar til skattgjalds, enda þótt séreign sé eða sératvinna. Ábyrgjast þau bæði skattgreiðslu og undirrita skattframtalið. Rétt er því hjóna, er skattgreiðslu annast, eða erfingjum þess að krefjast endurgjalds af hinu eða erfingjum þess á þeim hluta skattsins, er að réttum tölum kemur á séreign eða sératvinnu þess hjóna, er eigi innti af hendi skattgreiðslu.

Nú vinnur gift kona, sem er samvistum við mann sinn, fyrir skattskyldum tekjum, og eiga þá hjónin rétt á því, að dregin séu 50% frá þeim tekjum hennar, áður en skattgjald er lagt á tekjur hjónanna, enda sé teknanna ekki aflað hjá fyrirtæki, sem hjónin annaðhvort eða bæði eða ófjarráða börn þeirra eiga eða reka að verulegu leyti. Nú telja hjónin sér hagfelldara, að tekjur konunnar séu sérstaklega skattlagðar, og geta þau þá krafizt þess, að skattgjald sé sett á þau sitt í hvoru lagi samkv. 25. gr. Ómagafrádráttur allur skiptist þá til helminga milli hjónanna. Annar frádráttur en persónuleg gjöld konunnar telst við útreikninginn hjá eiginmanninum.

Þegar gift kona gengur til verka að atvinnurekstri með manni sínum og atvinnureksturinn er að verulegu leyti eign þeirra, annars hvors eða beggja, eða ófjarráða barna þeirra, eiga þau rétt á því, að metinn sé hlutur konunnar af sameiginlegum hreinum tekjum hjónanna, miðað við beint vinnuframlag hennar við öflun teknanna, og dregin 50% frá hlut hennar, áður en skattgjald er lagt á hinar sameiginlegu tekjur hjónanna. Aldrei kemur þó hærri upphæð til frádráttar en 15000 kr.

Eignir hjóna, sem samvistum eru, skulu lagðar saman til eignarskatts, enda ábyrgjast bæði greiðslu.

4. gr.

Börn innan 16 ára aldurs, sem eru á framfæri foreldra sinna (stjúpfóreltra, kjörforeldra, fósturforeldra) eru ekki sjálfstæðir skattþegnar. Teljast tekjur þeirra með tekjum foreldra, að undanskildum vöxtum af eignarskattfrjálsum innstæðum, sbr. 2. mgr. 21. gr. Ef hreinar tekjur barns nema meira en 16000 kr., er þó skattstjóra heimilt að ákveða því skatt sem sjálfstæðum skattþegni, enda komi fram tilmæli um það frá foreldrum. Hjá foreldrum skal þó alltaf telja til tekna 16000 kr. af tekjum barnsins, en hjá barninu það, sem umfram er.

Með tekjum barna, sem eru í foreldrahúsum og eru sjálf skattgreiðendur, telst eigi það framfæri, sem þau fá að nokkru eða öllu leyti hjá heimilisföður, nema það sé endurgjald fyrir vinnu við atvinnurekstur hans.

Eignir barna innan 16 ára aldurs teljast með eignum foreldra (stjúpfóreltra, kjörforeldra, fósturforeldra) að undanskildum eignarskattfrjálsum innstæðum, sbr. 1. mgr. 21. gr. Heimilt er þó skattstjóra að ákveða börnum sérstaklega eignarskatt, ef tilmæli koma fram um það frá foreldrum.

5. gr.

Tekjuskatt og eignarskatt greiða þessi félög og stofnanir:

- A. Hlutafélög, samlagshlutafélög og önnur félög með takmarkaðri ábyrgð, nema tekjuafgangi sé einungis varið til almennra þarfa.
- B. Gagnkvæm ábyrgðarfélög, kaupfélög og önnur samvinnufélög.
- C. Sameignarfélög með ótakmarkaðri ábyrgð félagsmanna.

Sameignarfélög, þar með talin samlög, sem hafa það að meginmarkmiði að annast vinnslu eða sölu á framleiðsluvörum félagsmanna, greiða ekki skatt af þeim tekjum, sem skipt er milli sameigenda í samræmi við hlutdeild þeirra í afurðasölu eða afurðavinnslu félagsins og skattlagðar eru hjá þeim.

Nú eru ekki fleiri en þrjár félagar í sameignarfélagi með persónulegri ábyrgð, og er þá skattur ekki lagður á félagið sjálft, heldur á hvern einstakan félags-

mann, nema tilmæli komi fram um það frá félaginu einu ári áður en tekjur eru taldar fram. Að því er varðar skattákvæðanir á árinu 1962 er þó nægilegt, að slík tilmæli komi fram fyrir 1. maí það ár.

D. Sjóðir og stofnanir, sem ekki eru sérstaklega undanþeginn skattgjaldi, sbr. 6. gr., svo og dánarbú og þrotabú.

Félög og stofnanir, sem um ræðir í grein þessari, þar með talin sameignarfélög þau, er um ræðir í C-lið, og ekki eiga heimili hér á landi, en hafa hér tekjur af eignum eða atvinnu sams konar og um ræðir í 2. gr., skulu greiða skatt í ríkissjóð af tekjum þessum sem önnur félög.

Fjármálaráðherra setur nánari ákvæði um skattskyldu þeirra, sem erlendis eru búsettir.

6. gr.

Þessir aðilar eru undanþegnir tekjuskatti og eignarskatti: Forseti Íslands, ríkisfyrirtæki og ríkisstofnanir og aðrir þeir sjóðir, er standa undir umsjón ríkisstjórnarinnar, sýslufélög, sveitarfélög og fyrirtæki, er þau reka og sjóðir þeirra, íslenzkir kirkjusjóðir, sparisjóðir, sem engan arð greiða stofnendum sínum eða ábyrgðarmönnum, og enn fremur sjóðir, félög og stofnanir, er ekki reka atvinnu eða veitt er skattfrelsi með sérstökum lögum.

Þeir menn, er starfa erlendis í þjónustu hins íslenska ríkis, skulu undanþegnir tekjuskatti af þeim launum, er þeir fá fyrir slík störf.

Erlendir þjóðhöfðingjar, sendiherrar, sendiræðismenn og erlendir starfsmenn sendisveita annarra ríkja eru undanþegnir tekjuskatti, nema að því leyti sem þeir njóta tekna frá innlendum aðilum, eiga hér fasteignir eða hafa tekjur af þeim, reka atvinnu eða eiga hlut í atvinnufyrirtæki hérlendis. Aðilar þeir, er greinir í þessari málsgrein, eru einnig undanþegnir eignarskatti í samræmi við reglur þær, sem settar eru í málsgreininni.

II. KAFLI

Um skattskyldar tekjur.

7. gr.

Skattskyldar tekjur teljast með þeim undantekningum og takmörkunum, er síðar greinir, alls konar arður, laun og gróði, er gjaldanda hlotnast af eign eða atvinnu eða einstökum verknaði eða atvikum, ef þetta verður metið til peningaverðs, svo sem:

A. Tekjur af landbúnaði, sjávarútvegi, siglingum, verzlun, verksmiðjuíðnaði, handiðn, námurekstri og sérhverjum öðrum atvinnurekstri, enn fremur allar tekjur, sem telja má endurgjald fyrir starfsemi í þágu vísinda, lista og bókmennta eða fyrir hvers konar vinnu, greiða eða aðstoð. Til slíkra tekna telst fæði, húsnæði og önnur hlunnindi, sem látin eru í té í kaupgjaldsskyni.

B. Tekjur af embættum eða sýslunum, svo sem: Föst laun, aukatekjur, embættisbústaður og önnur hlunnindi, landauragjald, jarðarafnot, endurgjald fyrir skrifstofukostnað (sbr. 11. gr. C). Enn fremur eftirlaun, biðlaun, lífeyrir, gjafir og styrktarfé. Til skattskyldra gjafa telst meðal annars: Gjafir eða hlunnindi, sem sýnilega eru gefin sem kaupauki, beinar gjafir í peningum eða öðrum skattskyldum verðmætum, sem nokkru nemur, þar með talin afhending slíkra eigna í hendur nákominna ættingja, nema um fyrirframgreiðslu upp í arf sé að ræða, sbr. 10. gr. B. Komi endurgjald fyrir þessar eignir að einhverju leyti, skal meta til tekna mismuninn á því endurgjaldi og áætluðu matsverði hinnar gefnu eignar. Undanskildar skulu þó tækifærisgjafir, nema arðberandi eignir séu gefnar.

- C. Landskuld af leigujörðum og arður af alls konar ítökum og hlunnindum, leiga eftir hús, lóðir og skip svo og áætlað afgjald af fasteignum og skipum, er eigendur nota sjálfir eða láta öðrum í té til afnota án endurgjalds, enn fremur leiga af innstæðukúgildum á jörðum, sem eru í leiguábúð, og arður af byggingarpeningi og öðru lausafé, sem á leigu er selt.
- D. Vextir eða arður af skuldabréfum, hlutabréfum og öðrum innlendum eða útlendum verðbréfum svo og vextir af útistandandi skuldum og öðrum fjárkröfum, af sparisjóðsinnlögum og sérhverri annarri arðberandi innstæðu, þó ekki vextir af skattfrjálsri innstæðu, sbr. 21. gr.

Til arðs af hlutabréfum telst auk venjulegrar arðsútborgunar sérhver afhending verðmæta til hluthafa, er telja verður sem tekjur af hlutaeign þeirra í félaginu. Ekki telst þó til arðs úthlutun jöfnunarhlutabréfa, sem ekki hefur í för með sér breytta eignarhlutdeild hluthafa í hlutafélagi og telst því ekki til skattskyldra tekna hluthafans, enda sé útgáfa bréfanna byggð á raunverulegum verðmætum í sjóðum, öðrum en skattfrjálsum varasjóði, eða öðrum eignum félagsins, er verið hafa í eigu þess minnst þrjú ár og sé samanlagt nafnverð jöfnunarhlutabréfanna, miðað við hlutafé félagsins, ekki hærra en svarar til almennrar verðhækkunar frá stofnun félags eða frá innborgun hlutafjár. Fjármálaráðherra ákveður, hvornig reikna skal hina almennu verðhækkun. Til arðs telst úthlutun við félagsslit umfram hlutafé félagsins, þ. e. nafnverð bréfanna, og skiptir því ekki máli í því sambandi, fyrir hvaða verð þau hafa verið seld og keypt. Arður af eigin hlutabréfum félags telst hvorki til tekna né gjalda hjá því.

Til arðs af verðbréfum (t. d. skuldabréfum og vixlum) teljast afföll af slíkum bréfum, og skulu afföllin talin til tekna með hlutfallslegri fjárhæð ár hvert eftir árafjölda afborgunartímans, ef afborgunartíminn er skemmri en fimm ár, en ef afborgunartíminn er fimm ár eða lengri, skulu afföllin talin til tekna með jöfnum fjárhæðum í fimm ár.

- E. Ágóði af sölu á fasteign eða lausafé, enda þótt salan falli ekki undir atvinnurekstur skattgreiðanda, ef ætla má, að hann hafi keypt eignina eða öðlzt hana á annan hátt í því skyni að selja hana aftur með ágóða, eða hún hefur verið í eign hans skemur en fimm ár, ef um fasteign er að ræða, annars skemur en þrjú ár. Þó má draga frá þessum ágóða skaða, sem kynni að hafa orðið á sams konar sölu á árinu. Ákvæði þessi taka ekki til þess, er skattþegn hefur eignast hið selda við arftöku, nema um fyrirframgreiðslu upp í arf sé að ræða, en þá telst söluhagnaður, miðað við upphaflegt kostnaðarverð, til skattskyldra tekna, ef hið selda hefur verið í eign arfleifanda og erfingja skemur en fimm ár samantlagt, ef um fasteign er að ræða, en ella skemur en þrjú ár.

Nú selur skattþegn fasteign, sem verið hefur í eigu hans skemur en fimm ár, en kaupir aðra innan árs eða byggir hús, áður en þrjú ár eru liðin frá sölu-degi, og skal sölugróði þá ekki skattskyldur, ef hin keypta fasteign eða hið nýreista hús er að fasteignamati jafnhátt eða hærra hinu selda. En ef það er lægra að mati, skal sölugróði skattskyldur hlutfallslega. Undanþága þessi nær þó ekki til neinnar sölu, þar sem telja má, að um atvinnurekstur sé að ræða eða að eignarinnar hafi verið aflað til að selja hana aftur með hagnaði. Ákvæði þessi raska ekki fyrir mælum laganna um skattgreiðslu, þegar eigin vinna, sem ekki hefur verið skattlögð, fæst greidd í söluverði íbúða.

- F. Vinningur í veðmáli, happdrætti eða því um líku, nema skattfrjálst sé samkv. sérstökum lögum. Fjármálaráðherra er þó heimilt að ákveða, fyrir eitt ár í senn, að vinningar í tilteknum happdrættum teljist ekki til skattskyldra tekna, enda sé öllum ágóðanum af happdrættunum varið til menningarmála, mannúðarmála eða kirkjulegrar starfsemi.

Tekjur þær, sem koma til greina við ákvörðun skattsins, eru skattskyldar án tillits til þess, hvornig þeim er varið, hvort heldur gjaldandi hefur þær sér og skylduliði sínu til framfæris, nytsemdar eða munaðar, til hjúahalds, nema til atvinnurekstrar sé, til þess að færa út bú sitt eða atvinnuveg, til umbóta á eignum sínum eða til að afla sér fjár, til gjafa eða hvers annars sem er.

8. gr.

Til skattskyldra tekna félaga og stofnana, sem um ræðir í 5. gr., teljast eigi aðeins þær tekjur, sem varið er til eignaaukningar, yfirtæslu til næsta árs, óvenjulegra fyrninga og safnað er í tryggingasjóði, aðra en varasjóð, heldur og þær tekjur, sem varið er til þess að greiða hluthöfum og félagsmönnum arð eða vexti af innborguðu fé og til myndunar eða aukningar varasjóðs, þó með þeim takmörkunum, er síðar segir.

Skattskyldar tekjur váttryggingarféлага, sem starfa hér á landi, telst sá hluti heildarágóðans, sem svarar til hlutfallsins milli iðgjaldatekna félagsins hér á landi og iðgjaldateknanna af allri starfsemi þess.

9. gr.

Ef félag, sem hefur varasjóð, myndaðan af skattfrjálsum framlögum, ráðstafar honum til annars en þess að mæta rekstrarhalla fyrirtækisins, skal telja þá fjárhæð að viðbættum tuttugu af hundraði (20%) til skattskyldra tekna á því ári. Það telst ráðstöfun á fé varasjóðs samkvæmt framansögðu, ef félag ver einhverju af eignum sínum með eftirgjöldum hætti:

- A. Veitir hluthöfum, stjórnendum félags eða öðrum lán í peningum eða öðrum verðmætum, sem ekki eru viðkomandi rekstri félagsins.
- B. Veitir hluthöfum, stjórnendum félags eða öðrum nokkur fríðindi beint eða óbeint umfram arðsúthlutun og venjulegar eða eðlilegar launagreiðslur.
- C. Kaupir eign óeðlilega háu verði að dómi skattayfirvalds. Skal þá meta, hvert verð geti talizt hæfilegt. Mismun hins raunverulega kaupverðs og matsverðs telst ráðstafað úr varasjóði og úthlutun arðs úr félaginu, ef keypt hefur verið af hluthafa. Undanskilin eru þó opinber verðbréf ríkis, sveitar- og sýslufélaga, þar með talin skuldabréf með ríkisábyrgð.

Nú hefur félag, sem myndað hefur varasjóð samkv. 2. málsg. 17. gr., ráðstafað fé á einhvern þann hátt, sem greinir í A—C-liðum, og fellur það þá til skattgreiðslu samkv. ákvæðum fyrstu málsgreinar þessarar greinar, þó eigi hærri fjárhæð en nemur varasjóði í lok skattársins.

Nú hrökkva hreinar árstekjur félags að viðbætti þeirri hreinni eign, sem félagið á umfram varasjóð og hlutafé, eigi fyrir skatt- og útsvarsgreiðslum og því varasjóðs-tillagi, sem undanþegið er skattgreiðslu samkv. lögum þessum, og er þá heimilt að taka þá fjárhæð, sem á vantar, úr varasjóði.

Arðjöfnunarsjóði, eftirlaunasjóði og aðra sjóði, sem ekki eru stofnaðir með skattfrjálsum framlögum, má ekki telja sem varasjóð.

10. gr.

Til tekna telst ekki:

- A. Sá eignarauki, sem stafar af því, að fjármunir skattgreiðanda hækka í verði. Hins vegar kemur ekki heldur til frádráttar tekjum, þótt fjármunir lækki í verði, ekki heldur tekjur, sem stafa af sölu á eignum skattgreiðanda, að meðtöldum verðbréfum, nema slík sala falli undir atvinnurekstur hlutaðeigandi skattgreiðanda, t. d. fasteignaverzlun, eða að hún falli undir ákvæði í 7. gr. E. Þegar svo stendur á, telst verzlunarhagnaðurinn af sölunni til tekna, en draga má frá honum þann skaða, sem kynni að hafa orðið af sams konar sölu á árinu.

- B. Eignarauki, sem stafar af arftöku, fyrirframgreiðslu upp í arf, fallinn eða ófallinn, enda hafi erfðafjárskattur verið greiddur, af stofnun hjúskapar, útborgun lífs-ábyrgðar, brunabóta, örorkubóta eða þess háttar.
- C. Lántaka, eyðsla höfuðstóls eða eftirgjöf skulda, sem sannazt hefur um við gjaldþrot, nauðasamninga eða á annan fullnægjandi hátt, að eignir voru ekki til fyrir. Eftirgjöf skulda telst þó til tekna, ef uppgjöfin kemur fram sem kaup-auki, gjöf eða úthlutun arðs úr hlutafélagi.
- D. Endurgreiðsla, er skattgreiðandi fær, ef hann verður að vera um stundarsakir fjarverandi frá heimili sínu vegna starfa í almenningsþarfir.
- E. Eignaauki, sem stafar af aukavinnu, sem einstaklingar leggja fram utan reglu-legs vinnutíma við byggingu íbúða til eigin afnota. Þessi ívilnun fellur þó burt að því leyti sem vinnan kann að fást endurgreidd með söluhagnaði af íbúðinni samkv. E-lið 7. gr. Fjármálaráðherra setur um þetta nánari reglur.
- F. Jarðræktarframlag ríkisins samkv. 2. kafla jarðræktarlaganna, nr. 45 17. maí 1950, sbr. lög nr. 29/1955.
- G. Fæði sjómanns, er hann fær hjá atvinnurekanda.
- H. Beinlar launagreiðslur erlendis frá fyrir störf í þágu þeirra alþjóðastofnana eða ríkjasamtaka, sem íslenska ríkið er aðili að, enda njóti starfsmenn hlutaðeigandi stofnana skattfrelsis af launum fyrir hliðstæð störf. Starfræki slíkir aðilar stofnanir hérlendis, ákveður ráðherra um skattaðstöðu þeirra.

11. gr.

Frá tekjum skal draga, áður en skattur er á þær lagður:

- A. Rekstrarkostnað, það er þau gjöld, sem eiga á árinu að ganga til að afla tekna, tryggja þær og halda þeim við, þar á meðal vexti af skuldum, er beinlínis stafa af atvinnu eða öflun tekna, svo og fyrningu, sbr. 15. gr., aðstöðugjald, landsútsvör og það, sem varið er til tryggingar og nauðsynlegs viðhalds á arðberandi eignum gjaldanda. Til rekstrarkostnaðar telst enn fremur launauppbót greidd starfsmönnum og verkamönnum, hvort sem hún er goldin í reiðufé eða hlutabréfum. Með rekstrarkostnaði telst ekki það, sem gjaldandi hefur varið sér og skylduliði sínu til framfæris og notkunar, eigi heldur kaup handa honum sjálfum né neinum af skylduliði hans, nema sá telji tekjur sínar fram sér í lagi. Eigi má gjaldandi heldur telja til rekstrarkostnaðar vexti af fé, sem hann hefur sjálfur lagt í atvinnurekstur sinn, né félag eða stofnun vexti af hlutafé, stofnfé eða tryggingafé, og ekki má færa til gjalda greiðslu fyrir einkaleyfi eða verzlunarleyfi.
- B. Tap á útistandandi skuldum, enda stafi skuldin beinlínis af atvinnurekstri aðila og vitanlegt, að hún sé töpuð. Það árið kemur töpuð skuld til frádráttar, er vitanlegt þykir, að hún sé töpuð. Nú greiðist skuld, er áður var talin töpuð, að einhverju eða öllu leyti, og skal hið greidda þá talið til tekna það ár, sem greiðsla átti sér stað.
Tap, sem verður á atvinnurekstri félaga eða einstaklinga, má flytja milli ára um fimm áramót og draga frá skattskyldum tekjum, þar til það er að fullu greitt, enda hafi verið gerð fullnægjandi grein fyrir tapinu á framtali til tekju- og eignarskatts fyrir það ár, þegar tapið varð. Milli ára er þó ekki leyfilegt að færa tap, ef það eða skuldir þær, sem mynduðust þess vegna, hefur verið eftirgefið fyrir ráðstafanir hins opinbera.
- C. Frá embættistekjum skal draga þann kostnað, sem embættisreksturinn hefur í för með sér, svo sem skrifstofukostnað og lögmahtar kvaðir, er á embættinu hvíla.

12. gr.

Frá tekjum skal og draga, áður en skattur er á þær lagður:

- A. Vexti af skuldum gjaldanda öðrum en þeim, er um ræðir í A-lið 11. gr. Afföll af seldum verðbréfum skal færa til gjalda samkv. reglunum í síðustu málsg. D-liðar 7. gr.
- B. Eignarskatt og eignauðsvör, sem greidd hafa verið á árinu.
- C. Ferðakostnað þeirra skattgreiðenda, er fara langferðir vegna atvinnu sinnar, eftir mati skattayfirvalda. Nánari ákvæði skulu sett í reglugerð.
- D. Einstakar gjafir til menningarmála, vísindalegra rannsóknarstofnana, viðurkenndrar líknarstarfsemi og kirkjufélaga, þó ekki yfir 10% af skattskyldum tekjum gefanda, enda sé hver gjöf ekki undir 300 kr. Fjármálaráðherra ákveður í reglugerð, hvaða málaflokkar og stofnanir komi til greina samkvæmt þessum staflið.
- E. Kostnað við öflun bóka, tímarita og áhalda til vísindalegra og sérfræðilegra starfa, enda sé þessi kostnaðarliður studdur fullnægjandi gögnum.
- F. Þegar skattur er lagður á tekjur, sem renna til einstaklinga, félaga eða stofnana, sem ekki eiga heimili hér á landi, má draga frá tekjunum þau útgjöld, sem beinlínis koma við þessum tekjum.

13. gr.

Frá tekjum skal enn draga, áður en skattur er á þær lagður:

- A. Kostnað við stofnun heimilis. Skal hann dreginn frá tekjum hjóna á því ári, sem þau ganga í hjúskap, og skal sá frádráttur nema 32000 kr. Telji hjónin fram til skatts sitt í hvoru lagi, skiptist frádrátturinn jafnt milli þeirra.
- B. Helming af björgunarlaunum, er áhafnir skipa hljóta. Þetta gildir þó ekki um áhafnir þeirra skipa, sem eingöngu eru björgunarskip.
- C. Iðgjöld launþega til stéttarféлага, sjúkrasjóða og styrktarsjóða, þó ekki umfram 5% — fimm af hundraði — af launatekjum. Iðgjöld atvinnurekenda til sjúkrasjóða, styrktarsjóða og atvinnuleysistryggingasjóða. Enn fremur félagsgjöld til atvinnurekendafélaga, þó ekki umfram 5% — fimm af þúsundi — af veltu fyrirtækjanna.
- D. Iðgjöld af lífeyri, sem skattgreiðandi er skyldur lögum samkvæmt að tryggja sér eða maka sínum og börnum eftir sinn dag, svo og iðgjöld af hverri annarri lögboðinni persónutryggingu. Enn fremur skal draga frá tekjum þeirra skattgreiðenda, sem eigi eru að lögum skyldir að tryggja sér eða maka sínum og börnum lífeyri, iðgjöld af slíkum lífeyri, sem sannanlega hafa verið greidd á árinu, allt að 10% af launum eða nettótekjum skattgreiðandans, þó ekki hærri upphæð en 15000 kr. á ári. Heimilt er þó fjármálaráðherra að leyfa hærri iðgjaldagreiðslu til frádráttar tekjum, ef sérstakar ástæður mæla með því. Greiði vinnuveitandi hluta af frádráttarhæfu iðgjaldi eða það allt, dregst það frá tekjum hans sem rekstrargjöld, en telst ekki til tekna hjá launþega, og minnkar þá réttur hans til frádráttar á iðgjaldi, sem því nemur, og hverfur að fullu, ef vinnuveitandi greiðir allt iðgjaldið.

Ákvæði þessi gilda, þó að lífeyristrygging sé ekki bundin við lífstíð manns, heldur ákveðið árábil, enda sé það ekki skemmra en 10 ár (annuitetstrygging).

Heimilt er ráðherra að leyfa frádrátt á iðgjöldum, er atvinnufyrirtæki greiða sem stofnframlag til kaupa á lífeyristryggingum handa starfsmönnum sínum vegna liðins starfstíma, ef um er að ræða hliðstæðar reglur þeim, er gilda um tryggingar annarra aðila, enda sé iðgjaldaupphæðinni skipt með jöfnum greiðslum á það mörg ár, að frádráttarbærar iðgjaldagreiðslur verði ekki hærri en hjá öðrum hliðstæðum aðilum samkv. lögum þessum.

Skilyrði fyrir því, að iðgjöld fyrir ólögboðna lífeyristryggingu dragist frá tekjum samkv. framansögðu, er, að tryggingin sé keypt hjá lífeyrissjóði, vátryggingarfélagi eða stofnun, sem starfar eftir reglum, sem fjármálaráðuneytið samþykkir, og séu þar meðal annars fyrir mæli um vörzlu og ávöxtun tryggingarfjárins og eftirlit með starfsemi.

Þá skal og draga frá tekjum iðgjald af lífsábyrgð, er skattgreiðandi hefur keypt sér, þó ekki hærra iðgjald en 6000 kr. Fyrir þá, sem eru ekki aðilar að lífeyrissjóðum, má þó frádráttur nema allt að 9000 kr.

- E. Námskostnað, sem stofnað er til eftir tuttugu ára aldur, má, eftir því sem nánar verður ákveðið í reglugerð, draga frá tekjum næstu 5 ár, eftir að námi er lokið, enda sé gerð fullnægjandi grein fyrir kostnaðinum.
- F. Slysadagpeninga skv. 35. gr. og sjúkradagpeninga skv. 50. gr. laga nr. 40/1963, um almannatryggingar, svo og greiðslur svipaðs eðlis vegna veikinda eða slysa úr sjúkrasjóðum stéttarfélaga.

14. gr.

Frá tekjum sjómanna á íslenskum fiskiskipum, þar með töldum sel- og hvalveiðiskipum, skal draga 500 kr. á mánuði vegna hlífðarfatakostnaðar, og miðast frádrátturinn við þann vikufjölda, er þeir eru háðir greiðslu slysatryggingariðgjalda sem fiskimenn.

Ef sjómenn á íslenskum fiskiskipum þurfa sjálfir að sjá sér fyrir fæði, skal draga þann fæðiskostnað frá tekjum þeirra. Við ákvörðun þess kostnaðar skal farið eftir mati skattayfirvalda.

Sömu aðilum skal veittur sérstakur frádráttur, 3000 kr. fyrir hvern mánuð, reiknað á sama hátt, enda hafi þeir verið skipverjar á nefndum skipum ekki skemur en sex mánuði af skattárinu. Hlutaráðnir menn skulu og njóta frádráttar samkv. 1. málsgr. og þessari málsgrein, þótt þeir séu ekki lögskráðir, enda geri útgerðarmaður fullnægjandi grein fyrir, hvernig hlutaskiptum er farið og yfir hvaða tíma bil launþegi hefur tekið kaup eftir hlutaskiptum.

15. gr.

Um fyrningu, sbr. A-lið 11. gr., fer sem hér segir:

- A. Sömu reglum um fyrningu skal fylgja frá ári til árs. Nánari ákvæði um, hvernig reikna skuli fyrningu eða viðhald, skulu sett í reglugerð, sem fjármálaráðherra setur, og er þar heimilt að ákveða til frádráttar vegna fyrningar og viðhalds fasteigna vissa hundraðstölu af fasteigna- eða brunabótaverði þeirra. Alla fastafjármuni skal fyrna miðað við áætlaðan endingartíma þeirra. Reikna skal fyrningu sem fastan hundraðshluta af kostnaðarverði eigna, sem keyptar eru 1962 eða síðar. Fyrningu eldri eigna skal reikna með ákveðnum hundraðshluta af matsverði skv. 22. gr. miðað við þann árafjölda, sem eftir er af áætlunum endingartíma.
- B. Eftirtaldar eignir má í stað venjulegra fyrningarafskrifta afskrifa um 20% á ári í 3 ár, frá því er þær eru teknar í notkun: Fiskiskip og önnur veiðiskip, flutningaskip, flugvélar til farþega- og vöruflutninga, sildarverksmiðjur, dráttarbrautir og vinnslustöðvar fyrir sjávarafurðir og landbúnaðarafurðir. Þó skulu þau fyrirtæki, er njóta styrks úr ríkissjóði, ekki njóta þessara sérstöku afskrifta, svo fremi að styrkurinn sé jafnhár eða hærri en afskriftum þessum nemur. Sé styrkurinn hins vegar lægri, má afskrifa eignir þessar þannig, að styrkur að viðbættum afskriftum nemi 20% á ári í 3 ár.

Skattayfirvöld skulu ákveða heildar-afskriftarupphæð hvernar eignar. Nú gengur slík eign kaupum og sölum, og skal þá síðari eigandi aldrei njóta hærri afskrifta en hinn fyrsti hefði notið.

Tap, sem orsakast kann af afskriftunum, má flytja milli ára og draga frá skattskyldum tekjum, unz það er að fullu greitt. Ákveða skal með reglugerð, hver skuli vera fyrningarhundraðshluti þeirra eigna, sem afskrifaðar eru samkvæmt 1. málsg. B-lið, eftir að þeim afskriftum hefur verið lokið.

16. gr.

Frá hreinum tekjum heimilisfastra manna hér í landi, eins og þær eru ákveðnar skv. lögum þessum, skal draga sem hér segir:

A. Fyrir einstaklinga 80000 kr.

B. Fyrir hjón 112000 kr., telji þau fram sitt í hvoru lagi 56000 kr. hjá hvoru.

C. Fyrir hvert barn, sem er á framfæri skattþegns og ekki fullra 16 ára í byrjun þess almanaksárs, þegar skattur er lagður á, 16000 kr. Hér með teljast stjúpbörn, kjörbörn og fósturbörn, sem meðlag er ekki greitt með.

Ef foreldrar búa saman ógift, skal frádráttur vegna barna skiptast til helminga milli þeirra. Búi foreldrar ekki saman og annað þeirra hefur barn hjá sér, en hitt greiðir meðlag, skal frádráttur einnig skiptast til helminga milli þeirra. Meðlagsgreiðsla skal ekki talin til tekna hjá því foreldri, sem við henni tekur, og ekki til frádráttar hjá því foreldri, sem innir hana af hendi.

Ef einstætt foreldri (stjúpforeldri, kjörforeldri, fósturforeldri) heldur heimili og framfærir þar börn sín, má það draga frá skattskyldum tekjum auk frádráttar skv. 1. mgr. upphæð, er nemur 16000 kr., að viðbættum 3200 kr. fyrir hvert barn.

Frá tekjum þeirra, sem eru á framfæri í foreldrahúsum eða við nám, skal draga það, sem útheimtisist þeim til framfæris eða menningar, eftir nánari ákvörðun skattfyrivalda.

Um heimild skattstjóra til að veita aukinn frádrátt og lækka tekjuskatt fer eftir því, sem segir í 52. gr.

17. gr.

Félög þau, sem um ræðir í 5. gr. A, mega draga frá tekjum sínum útborgaðan arð allt að 10% af hlutafé eða stofnfé.

Ef nokkuð af ársarði félaga skv. 5. gr. A—D er lagt í varasjóð, er sú upphæð undanþegin tekjuskatti og skal koma til frádráttar við ákvörðun skattskyldra tekna, þó eigi hærri fjárhæð en nemur $\frac{1}{4}$ af hreinum tekjum félags, áður en tekjuskattur og útsvar, sem greitt hefur verið á árinu, er dregið frá tekjunum.

Kaupfélög, pöntunarfélög og önnur samvinnufélög mega draga frá tekjum sínum það, sem þau greiða félagsmönnum í árslok eða færa þeim til séreignar í stofnsjóði, samkv. lögum nr. 46 13. júní 1937, í hlutfalli við vörukaup þeirra á árinu, og enn fremur vexti af stofnsjóði, og telst það eigi til skattskyldra tekna hjá félaginu.

Á sama hátt mega félög, sem aðeins vinna úr eða selja afurðir félagsmanna, draga frá það, sem þau úthluta félagsmönnum sínum í hlutfalli við framlög þeirra af afurðum. Upphæðir þær, sem þannig er úthlutað, teljast fram til skatts sem tekjur hinna einstöku félagsmanna.

Ef kaupfélag selur einnig öðrum vörur en félagsmönnum sínum, er allur arðurinn af slíkri sölu skattskyldur hjá félaginu. Geti félagið ekki gert grein fyrir viðskiptum við utanfélagsmenn, má telja allan hagnaðinn af starfsemi félagsins skattskyldar tekjur.

Fjármálaráðherra getur sett fyrirmæli um heimild innlendra váttryggingarféлага til þess að draga frá tekjum sínum það, er þau leggja til hliðar til þess að inna af hendi skyldu sína gagnvart váttrygðum.

18. gr.

Tekjuskatt skal miða við tekjur næsta almanaksár á undan skattákvörðun, nema annað sé venjulegt rekstrarár í atvinnugrein aðila eða hann sýnir, þegar

hann telur fram, að hann hafi annað reikningsár, enda getur skattstjóri þá veitt honum heimild til að hafa það reikningsár í stað almanaksársins.

Tekjur skal að jafnaði telja til tekna á því ári, sem þær verða til, þ. e. þegar vegna þeirra hefur myndazt krafa á hendur einhverjum, nema um óvissar tekjur sé að ræða.

Að loknum frádrætti samkvæmt ákvæðum þessa kafla skal sleppa því, sem afgangsverður, þegar tekjuhæðinni er deilt með 100. Af þeirri tekjuhæð, sem þá er eftir, reiknast skattgjaldið samkv. 25. gr.

III. KAFLI

Um skattskyldar eignir.

19. gr.

Skattskyldar eignir teljast með þeim undantekningum og takmörkunum, sem gerðar eru í 2. gr. 3. málsg. og 20. og 21. gr., fasteignir og lausafé skattgreiðanda, að frádregnum skuldum, svo sem jarðir, húseignir, skip, skepnur, verkfæri, vélar, vörubirgðir, peningar, verðbréf, útistandandi skuldir, aðrar fjárkröfur og verðmæt eignarréttindi. Þegar skattur greiðist samkvæmt 2. gr. 3. málsg., má þó aðeins draga frá þær skuldir, sem hvíla á þeim eignum, sem skattur er greiddur af. Eignirnar eru jafnt skattskyldar, hvort sem þær gefa af sér nokkrar tekjur eða engar.

20. gr.

Með skattskyldum eignum er eigi talið:

- A. Skilyrðisbundin fjárréttindi, svo sem réttur til lífsárbyrgðarfjár, sem ekki er fallið til útborgunar.
- B. Réttur til eftirlauna, lífeyris eða annarrar áframhaldandi greiðslu, sem bundin er við einstaka menn.
- C. Réttur til leigulauss bústaðar eða önnur afnotaréttindi.
- D. Bækur og fatnaður til einkaafnota, húsgögn, aðrir húsmunir og munir, sem hafa sérstætt persónulegt gildi.

21. gr.

Undanþegnar framtalsskyldu og eignarskatti eru innstæður í bönkum, spari-sjóðum og löglegum innlánsdeildum félaga, svo sem hér segir:

- A. Innstæður skattgreiðanda, sem ekkert skuldar.
- B. Innstæður skattgreiðanda, er ekki skuldar meira en 200 þús. kr. samtals, enda séu þær skuldir fasteignaveðlán, tekin til 10 ára eða lengri tíma og sannanlega notuð til þess að afla fasteignanna eða endurbæta þær. Ákvæði þetta um frávik vegna fasteignaveðskulda nær ekki til félaga, sjóða eða stofnana.
- C. Sá hluti innstæðu hjá öllum skattgreiðendum, sem er umfram skuldir. Innborgað hlutafé og stofnfé telst til skulda félaga í þessu sambandi.

Undanþegnir framtalsskyldu og tekjuskatti eru allir vextir af eignarskattfrjálsum innstæðum.

Þeir, sem bókhaldsskyldir eru, en njóta undanþágunnar, skulu með venju- legum hætti færa allar innstæður sínar og vexti af þeim í bækur sínar og árs- reikninga.

Komi í ljós í framtölum gjaldenda ósamræmi milli ára, sem stafað getur af því að innstæða hefur ekki verið fram talin vegna framangreindrar undanþágu, ber gjaldendum að leggja fyrir skattayfirvöld, þegar þess er krafizt, yfirlit frá innlánsstofnunum um allar innstæður sínar á tímabili því, sem um er að ræða, og einnig geta skattayfirvöld krafizt hjá innlánsstofnunum allra þeirra upplýsinga, sem þau telja þörf fyrir í þessu sambandi.

22. gr.

Við mat á eignum til eignarskatts skal farið eftir þessum reglum:

- A. Virðing á fasteign skal fara eftir gildandi fasteignamati, eða áætluðu matsverði, ef fasteignamat er ekki fyrir hendi.
- B. Búpening skal telja svo sem hann væri framgenginn í fardögum næst á eftir og með verðlagi, er ríkisskattanevnd ákveður til 1 árs í senn, í fyrsta sinn með hliðsjón af matsverði til skatts síðastliðið ár.
- C. Verðlag á skipum og öðru lausafé skal miðað við kostnaðarverð eða endurkaupsverð, sbr. H-lið, að frádregnum fyrningum, sbr. 15. gr.
- D. Verzlunarvörur skal meta eftir því, hvað þær kosta komnar í hús eða á sölu stað í árslok, enda séu hæfileg afföll leyfð á gölluðum eða úreltum vörum.
- E. Hlutabréf skulu talin með nafnverði, ef hlutaféð er óskert, en annars með hlutfallslegri upphæð, miðað við upphaflegt hlutafé.

Skuldabréf og önnur slík verðbréf skal meta eftir nafnverði, nema sérstakar ástæður þyki til, að þau þyki ótrygg. Þó skulu veðdeildarbréf og skuldabréf hins opinbera metin eftir venjulegu söluverði slíkra bréfa í árslok, ef það er vitað.

- F. Útstandandi skuldir skulu taldar með nafnverði, hvort sem vextir eiga að greiðast af þeim eða ekki, nema vitanlegt sé, að þær séu minna virði eða tapaðar með öllu.
- G. Réttindi til stöðugra tekna skulu metin eftir því endurgjaldi, sem hæfilegt væri fyrir þau, þegar skatturinn er lagður á. Nánari reglur um virðingu getur fjármálaráðherra sett.
- H. Heimilt er atvinnufyrirtækjum á árunum 1962—63 að láta meta áætlað endurkaupsverð fastafjármuna sinna og breyta bókfærðu verði á eignum samkvæmt því, enda telst verðhækkunin ekki til skattskyldra tekna. Eignirnar skulu metnar til endurkaupsverðs að frádregnum þeim eignarhluta á nýja matsverðinu, er svarar til þess árafjöldna, sem liðinn er af áætluðum endingartíma, sbr. 15. gr. Fjármálaráðherra setur reglur um framkvæmd matsins.

23. gr.

Innlend hlutafélög og önnur félög hafa leyfi til að draga hlutafé sitt eða stofnfé frá eignaupphæðinni, áður en eignarskattur er á lagður.

24. gr.

Eignarskattur skal að jafnaði ákveðinn eftir eign gjaldanda í lok almanaksársins. Þó mega þeir, sem nota annað reikningsár en almanaksárið, telja fram eignir sínar í lok þess reikningsárs, sem er næst á undan skattálagningunni.

Krónutala sú, sem skattur er talinn af, skal ávallt deilanleg með 1000. Því, sem fram yfir er, skal sleppt.

IV. KAFLI

Skattstigar.

A. Tekjuskattur.

25. gr.

- I. Tekjuskattur þeirra, sem um ræðir í 1. gr. og 2. gr., sbr. 3. gr., 4. gr. og 6. gr. 3. málsgr., reiknast þannig:

Af fyrstu 37000 kr. skattgjaldstekna greiðist 9%

Af 37000—62000 kr. greiðist 3330 kr. af 37000 kr. og 18% af afgangi.

Af 62000 kr. og yfir greiðist 7830 kr. af 62000 kr. og 27% af afgangi.

- II. Skattgjald þeirra félaga og stofnana, er um ræðir í A-, B-, C- og D-liðum 5. gr., skal vera 20% af skattskyldum tekjum.
- III. Tekjuskatt, sem nær ekki 100 kr., skal fella niður við álagningu.

B. Eignarskattur.

26. gr.

- I. Skattur af eignum þeirra, sem um ræðir í 1. gr. og 2. gr., sbr. 3., 4. og 6. gr. 3. málsgr., annarra en útlendra félaga, sbr. 2. gr. 3. málsgr., reiknast þannig:
 Af fyrstu 100 þús. kr. skattgjaldseign greiðist enginn skattur. Af því, sem þar er umfram, greiðist:
 Af fyrstu 500 000 kr. skattgjaldseign greiðist 5%.
 Af 500 000—1.000 000 kr. skattgjaldseign greiðist 2500 kr. af 500 000 og 9% af afgangi.
 Af 1 000 000 kr. skattgjaldseign og þar yfir greiðist 7000 kr. af 1 000 000 kr. og 12% af afgangi.
- II. Skattur af eignum þeirra innlendu og erlendu félaga og annarra skattskyldra aðila, sem um ræðir í 5. gr., sbr. 2. gr. 3. mgr., reiknast 7% — sjö af þúsundi.
- III. Eignarskatt, sem nær ekki 100 kr., skal fella niður við álagningu.

V. KAFLI

Um skattumdæmi, skattstjóra, ríkisskattanefnd o. fl.

27. gr.

Tekju- og eignarskattur samkvæmt lögum þessum skal ákveðinn af skattstjór- um, en þeir eru einn í hverju skattumdæmi, sbr. 28. gr.

28. gr.

Á landinu skulu vera þessi skattumdæmi:

1. Reykjavík.
2. Vesturlandsumdæmi, sem nær yfir Akraneskaupstað, Mýra- og Borgarfjarðar- sýslu, Snæfellsnes- og Hnappadalssýslu og Dalasýslu.
3. Vestfjarðaumdæmi, sem nær yfir Barðastrandarsýslur, Ísafjarðarsýslur og Ísa- fjarðarkaupstað svo og Strandasýslu.
4. Norðurlandsumdæmi vestra, sem nær yfir Húnavatnssýslur, Skagafjarðarsýslu, Sauðárkrókskaupstað og Siglufjarðarkaupstað.
5. Norðurlandsumdæmi eystra, sem nær yfir Eyjafjarðarsýslu, Akureyrarkaupstað, Ólafsfjarðarkaupstað, Þingeyjarsýslur og Húsavíkurkaupstað.
6. Austurlandsumdæmi, sem nær yfir Múlasýslur, Seyðisfjarðarkaupstað, Neskaup- stað og Austur-Skaftafellssýslu.
7. Suðurlandsumdæmi, sem nær yfir Vestur-Skaftafellssýslu, Rangárvallasýslu og Árnessýslu.
8. Vestmannaeyjakaupstaður.
9. Reykjanesumdæmi, sem nær yfir Gullbringu- og Kjósarsýslu, Kópavogskaup- stað, Hafnarfjarðarkaupstað, Keflavíkurkaupstað og Keflavíkurflugvöll.

Fjármálaráðherra ákveður aðsetur skattstjóra í hverju umdæmi. Þá getur og fjármálaráðherra, ef sérstaklega stendur á, ákveðið önnur mörk milli einstakra skattumdæma en í 1. málsgr. segir.

29. gr.

Fjármálaráðherra skipar skattstjóra í hverju skattumdæmi.
 Engan má skipa skattstjóra, nema hann:

1. hafi óflekkað mannorð eða hafi ekki hlotið dóm fyrir refsiverðan verknað, slíkan sem um ræðir í 1. málsg. 68. gr. almennra hegningarlaga,
2. sé lögráða og hafi forræði fjár síns,
3. sé íslenzkur ríkisborgari,
4. hafi lokið prófi í lögfræði, hagfræði eða viðskiptafræði, sé löggiltur endurskoðandi eða hafi aflað sér sérmenntunar á skattalöggjöf og framkvæmd hennar.

Vikja má þó frá þessu, ef maður hefur áður gegnt skattstjórastarfi.

Skattstjóri hefur umboðsmann í sveitarfélögum í skattumdæmi sínu, sem eru utan aðseturs hans.

30. gr.

Í hreppum eru hreppstjórar umboðsmenn skattstjóra, en í bæjarfélögum skipar fjármálaráðherra umboðsmanninn til 6 ára í senn. Nú forfallast hreppstjóri eða skorast undan þessum starfa, og skipar þá fjármálaráðherra annan umboðsmann.

Umboðsmenn veita viðtöku framtalsskýrslum, aðstoða við framtöl, ef þess er óskað, afla þeirra upplýsinga, sem skattstjóri telur sér nauðsynlegar við skattálagninguna, og láta fylgja til skattstjóra athugasemdir sínar um framtölin.

31. gr.

Fjármálaráðherra skipar ríkisskattstjóra, er hefur aðsetur í Reykjavík.

Engan má skipa í það embætti, nema hann fullnægi þeim skilyrðum, sem sett eru í 29. gr. um embættisgengi skattstjóra.

Þá skipar fjármálaráðherra vararíkisskattstjóra. Fullnægja skal hann hinum sömu skilyrðum um embættisgengi og ríkisskattstjóri.

32. gr.

Fjármálaráðherra skipar 2 menn í ríkisskattanevnd og jafnmarga varamenn til 6 ára í senn. Ríkisskattstjóri á einnig sæti í nefndinni, og er hann formaður hennar. Vararíkisskattstjóri tekur sæti í nefndinni í forföllum ríkisskattstjóra eða þegar hann getur ekki tekið þátt í úrlausn máls samkv. 33. gr.

33. gr.

Enginn má taka þátt í meðferð máls, hvorki skattákvörðun né kæru, ef það mál varðar hann sjálfan, konu hans, niðja, foreldra, kjörforeldra eða fósturforeldra, kjörbörn eða fósturbörn, systkini, kjörsystkini, fóstursystkini eða mægðamenn að feðgatali eða ef aðrar ástæður eru til að óttast, að hann geti eigi litið hlutdrægnislaust á málavöxtu. Tekur varamaður sæti í ríkisskattanevnd samkvæmt kvaðningu formanns, ef aðalmanns missir við.

VI. KAFLI

Um framtöl, fresti, úrskurði, innheimtu o. fl.

34. gr.

Gjaldendur skulu skattlagðir þar, sem þeir eiga lögheimili samkvæmt þjóðskrá hinn 1. desember á viðkomandi skattári. Hlutafélög og önnur atvinnufélög innlend skulu skattlögð þar, sem þau eiga heimili, en erlend þar, sem aðalumboðsmenn þeirra hér á landi eru búsettir, enda bera téðir umboðsmenn ábyrgð á greiðslu skattsins.

Aðrir gjaldendur, sem ekki eru búsettir hér á landi, greiða skatt á þeim stöðum, þar sem þeir hafa tekjur sínar eða eignir.

Ríkisskattstjóri sker úr, ef vafi leikur á, hvar gjaldandi skuli skattlagður.

35. gr.

Allir þeir, sem hafa tekjur samkv. II. kafla eða eignir samkv. III. kafla laga þessara, skulu afhenda skattstjóra eða umboðsmanni hans skriflega skýrslu, að viðlögðum drengskap, um tekjur sínar síðastliðið ár og eignir í árslok. Sama skylda hvílir og á hverjum þeim, sem veitir forstöðu verzlun, verksmiðju eða öðru atvinnufyrirtæki, ef eigandinn er eigi búsettur innanlands, svo og á stjórn félags eða stofnunar og þeim, er hefur á hendi fjárhald fyrir þann, sem ekki er fjárráða, og einnig á skiptaráðendum dánar- og þrotabúa, skiptaforstjórum dánarbúa, erfingjum, er skipta einkaskiptum, og maka, er situr í óskiptu húi. Skýrslur þessar skulu komnar til skattstjóra eða umboðsmanns hans fyrir lok janúarmánaðar. Þeir, sem hafa atvinnurekstur með höndum, þurfa þó eigi að hafa skilað framtalsskýrslu fyrr en fyrir lok febrúarmánaðar. Ef sérstaklega stendur á, getur skattstjóri eða umboðsmaður hans veitt frest til framtals til 28. febrúar. Þeim, sem stunda atvinnurekstur, má þó veita frest til 31. marz. Vátryggingarfélög þurfa eigi að skila framtali fyrr en 31. maí.

Nú er framteljandi sjálfur ófær að rita framtalsskýrslu, og er þá skattstjóri eða umboðsmaður hans skyldur að veita honum aðstoð til þess, en skylt er framteljanda að láta í té allar upplýsingar og gögn, til þess að framtalið verði rétt.

36. gr.

Allir framtalsskyldir aðilar, embættismenn og aðrir, er einhver störf hafa á hendi í almenningsþarfir, stjórnendur banka og sparisjóða, hlutafélaga og annarra félaga og stofnana, eru skyldir að láta skattyfirvöldum í té ókeypis og í því formi, sem óskað er, allar nauðsynlegar upplýsingar og skýrslur, er þau beiðast og unnt er að láta þeim í té, svo sem skýrslur um starfslaun, skuldabréf, vaxtabréf, hlutabréf og arð, um vaxtabréf í hönkum, sparisjóðum og annað því um líkt.

Þeir, sem hafa menn í þjónustu sinni, er taka kaup fyrir starf sitt, eru og skyldir að skýra frá því, ókeypis og í umbeðnu formi, hvert kaup þeir greiða hverjum manni, þar með talin stjórnarlausn, ágóðabókun, gjafir o. þ. h. Nú eru laun greidd fyrir milligöngu annars manns og vinnuveitandi því eigi fær um að láta framangreindar upplýsingar í té, og hvílir þá skyldan á milligöngumanni. Fjármálaráðherra er heimilt að ákveða, að hver móttakandi starfslauna og annarra greiðslna, sem fyrirmæli þessarar málsg. taka til, skuli sýna greiðanda eða milligöngumanni nafnskirteini sitt, svo og að upplýsingar greiðanda til skattyfirvalda um nafn, fæðingardag og nafnnúmer hlutaðeiganda skuli vera í samræmi við það, sem stendur á nafnskirteini þeirra.

Hvenær sem skattstjóri telur þess þörf, getur hann krafizt þess, að framteljendur leggi fram bókhaldsgögn sín, þar með talin verzlunarbréf og samningar, til athugunar, er framtal er sannreynt eða endurskoðað.

Vegna rannsókna samkvæmt lögum þessum hefur rikisskattstjóri, skattrannsóknarstjóri og þeir menn, sem þeir fela rannsóknaorstörf, aðgang að bókum og bókhaldsgögnum, þar með talin verzlunarbréf og samningar, framtalsskyldra aðila, svo og allra stofnana, félaga og annarra aðila, sem ekki eru framtalsskyldir, þar með taldir bandar, sparisjóðir og aðrar peningastofnanir. Enn fremur aðgang að starfsstöðvum og birgðageymslum þessara aðila og svo heimild til að taka skýrslur af hverjum þeim, sem ætla má geta gefið upplýsingar, er máli skipta.

37. gr.

Þegar framtalsfrestur er liðinn, skal skattstjóri leggja tekjuskatt og/eða eignarskatt á gjaldanda samkvæmt framtali hans. Þó skal skattstjóri leiðrétta augljósar reikningsskekkjur í framtali svo og einstaka liði, ef þeir eru í ósamræmi við gildandi lög og fyrirmæli. Enn fremur er skattstjóra heimilt að leiðrétta einstaka liði,

ef telja má, að óyggjandi upplýsingar séu fyrir hendi, en gera skal skattþegni strax viðvart um slíkar breytingar. Nú er framtalsskýrsla eða einstakir liðir hennar ófullnægjandi, óglögg eða tortryggileg eða skattstjóri telur þurfa nánari skýringar á einhverju atriði, og skal hann þá skora á framteljanda að láta í té skýringar eða gögn, er á skortir, innan ákveðins tíma, og er framteljanda skylt að verða við áskorun skattstjóra. Ef skattstjóri fær fullnægjandi svar, leggur hann skatt á samkvæmt framtali og framkomnum skýringum, sbr. þó 47. gr. Fáið eigi fullnægjandi svar, skal skattstjóri áætla tekjur og eign skattþegns eftir beztu vitund og ákveða skatta hans í samræmi við þá áætlun, sbr. þó einnig 47. gr. Niðurstöðu skal jafnan tilkynna skattþegni skriflega. Ef eigi er kunnugt um dvalarstað framteljanda eða umboðsmanns hans, má skattstjóri, ef svo er ástatt sem í 3. málsl. þessarar mgr. segir, áætla tekjur hans og eign án þess að gera honum viðvart.

Telji skattþegn eigi fram innan tilskilins framtalsfrests, sbr. 1. mgr. 35. gr., skal skattstjóri áætla tekjur hans og eign svo ríflega, að ekki sé hætt við, að upphæðin sé sett lægri en hún á að vera í raun rétt, sbr. þó 47. gr.

Hafi skattstjóri grun um, að veruleg skattsvik hafi verið framin, skal hann senda ríkisskattstjóra skýrslu um málið. Þegar ríkisskattstjóra hefur borizt slík skýrsla, skal hann, ef hann telur ástæðu til, hefja rannsókn í málinu sjálfur eða fela hana skattstjóra.

38. gr.

Hver sá, sem skýrt hefur frá tekjum sínum eða eignum lægri en vera ber og því greitt minni skatt en honum ber skylda til, skal greiða eftir á skattupphæð þá, sem undan var dregin. Þó skal eigi reikna skatt gjaldanda að nýju lengra aftur í tímann en 6 ár.

Nú hefur skattþegn eigi talið fram til skatts og skattar því áætlaðir, en síðar kemur í ljós, að áætlun hefur verið of lág, svo og ef skattþegni hefur ekki verið gert að greiða skatt af öllum tekjum sínum og eignum, og skal þá reikna skatt gjaldanda að nýju, þó ekki lengra aftur í tímann en 6 ár. Sama gildir, ef skattþegn vantar á skrá.

Þegar skattur er reiknaður að nýju skv. þessari gr., skal gæta ákvæða 37. gr., eftir því sem við á, og veita skattþegni færi á að kæra skattálagninguna, sbr. 40. og 41. gr. Beita má viðurlögum skv. 47. gr. svo og sektum skv. 1. mgr. 48. gr.

39. gr.

Fyrir lok maímánaðar skulu skattstjórar hafa lokið ákvörðun tekna og eigna og samið skattskrá fyrir hvert sveitarfélag í umdæminu, en í henni skal tilgreina tekjuskatt og eignarskatt hvers gjaldanda. Skattskrá skal lögð fram eigi síðar en 1. júní. Skal hún liggja til sýnis 2 vikur á hentugum stað í hverju sveitarfélagi. Skattstjóri eða umboðsmaður hans auglýsir í tæka tíð, hvar skattskrá liggur frammi.

40. gr.

Nú telur einhver skatt sinn eigi rétt ákveðinn, og getur hann þá sent skriflega kæru sína yfir því til skattstjóra eða umboðsmanns skattstjóra innan 14 daga frá því er skattskrá er lögð fram. Innan mánaðar frá lokum kærufrests skal skattstjóri hafa úrskurðað kærur og leiðrétt skattskrá samkvæmt úrskurðum þeim, er hann hefur fellt, og tilkynnt kærendum úrslitin. Að því búnu sendir hann skrána til ríkisskattstjóra. Skattstjóri skal enn fremur, er hann hefur úrskurðað kærur, senda hlutaðeigandi innheimtumanni ríkissjóðs skrá um þá, er gjalda eiga tekju- og eignarskatt í því lögsagnarumdæmi.

41. gr.

Úrskurði skattstjóra má skjóta til ríkisskattanefndar. Kærufrestur til ríkisskattanefndar skal vera 21 dagur frá dagsetningu úrskurðar skattstjóra.

Fjármálaráðherra hefur heimild til að skjóta úrskurðum skattstjóra til ríkisskattanefndar án tillits til kærufrests.

Kærur skulu vera bréflugar og studdar nauðsynlegum gögnum.

Skattþegni eða umboðsmanni hans er heimilt að flytja mál sitt fyrir ríkisskattanefnd á þeim tíma, er nefndin tekur til, áður en úrskurður gengur um kærutriði. Heimilt er ríkisskattanefnd að leyfa, að málflutningur skuli vera munnlegur.

Úrskurðir ríkisskattanefndar skulu vera rökstuddir. Nefndin skal leggja úrskurð á kærur fyrir októberlok og tilkynna innheimtumanni skattsins og aðilum úrslit tafarlaust.

Úrskurður ríkisskattanefndar er fullnaðarúrskurður. Ágreining um skattskyldu má bera undir dómstóla.

Ríkisskattanefnd skal úrskurða kærur yfir úrskurðum á útsvörum samkvæmt fyrirmælum laga um útsvör.

42. gr.

Ríkisskattstjóri skal hafa eftirlit með störfum skattstjóra og sjá um, að sem bezt samræmi sé í skattákvörðunum hvarvetna á landinu. Hann skal leiðbeina skattstjórum um allt, er að skattákvörðun og skattaframtali lýtur, m. a. með því að senda þeim jafnharðan eftirrit af þeim úrskurðum ríkisskattanefndar, sem almennt gildi hafa.

Ríkisskattstjóri getur af sjálfsdáðum rannsakað hvert það atriði, er varðar framkvæmd laga þessara svo og annarra laga um skatta og gjöld, sem álögð eru af skattstjórum. Getur hann í því skyni krafizt allra upplýsinga hjá skattstjórum, umboðsmönnum þeirra, lánsstofnunum og öðrum þeim, er í 36. gr. greinir.

Við embætti ríkisskattstjóra skal starfa rannsóknardeild, er hafi með höndum rannsóknir samkvæmt lögum þessum, sbr. 4. mgr. 36. gr. og 2. mgr. þessarar greinar. Forstöðumaður deildarinnar, skattrannsóknarstjóri, stýrir rannsóknarstarfi hennar í samráði við ríkisskattstjóra.

Nú telur ríkisskattstjóri ástæðu til að breyta ályktun skattstjóra um skattákvörðun skv. lögum þessum eða öðrum lögum um skatta og gjöld, sem álögð eru af skattstjórum, og getur hann þá, þótt eigi hafi verið kært, lagt málið fyrir ríkisskattanefnd, sem breyta má ákvörðun skattstjóra og gera gjaldþegni skatt að nýju. Ætíð skal nefndin gera gjaldþegni viðvart, áður en hún breytir skattgjaldi hans, án þess að yfir hafi verið kært.

43. gr.

Áfrýjun skattákvörðunar eða deila um skattskyldu frestar ekki eindaga tekju- eða eignarskatts né leysir undan neinum þeim viðurlögum, sem lögð eru við vangreiðslu hans. En ef skattur er lækkaður eftir úrskurði eða dómi eða niður felldur, skal endurgreiðsla þegar fara fram. Víkja má frá ákvæði 1. málslíðs, ef sérstaklega stendur á, samkvæmt ákvörðun ríkisskattstjóra.

44. gr.

Skattstjórar og ríkisskattanefnd skulu halda gerðabækur í því formi, er fjármálaráðherra fyrirskipar. Þá skulu og skattstjórar gefa Hagstofu Íslands skýrslu í því formi, sem hún ákveður, um framtaldar eignir og tekjur, álagða skatta og önnur atriði, sem tilgreind eru í framtölum.

45. gr.

Fjármálaráðuneytið hefur eftirlit með því, að skattstjórar og ríkisskattanefnd ræki skyldur sínar og fylgi réttum reglum í starfi sínu. Hefur það rétt til að fá sendar framtalsskýrslur og leita umsagnar og skýringa ríkisskattanefndar og skattstjóra á öllu því er framkvæmd þessara laga varðar.

46. gr.

Lögreglustjórar — í Reykjavík tollstjóri — innheimta tekju- og eignarskatt á manntalsþingum ár hvert. Sé skatturinn eigi greiddur innan mánaðar frá gjalddaga, skal greiða dráttarvexti, $\frac{1}{2}\%$ fyrir hvern mánuð eða brot úr mánuði, sem greiðsla dregst. Nú er skattur eigi greiddur fyrir næstu áramót, eftir að hann var á lagður, og skal þá greiða 1% dráttarvexti fyrir hvern mánuð eða brot úr mánuði, sem greiðsla dregst frá þeim áramótum. Fjármálaráðherra getur með reglugerð sett fyllri ákvæði um innheimtuna, svo sem að gjalddagar skuli vera fleiri en einn á ári, þar sem það þykir henta, um tilbúning og sölu skattmerkja og þess háttar. Einnig getur fjármálaráðherra með reglugerð skyldað kaupgreiðendur til að gefa skýrslur um mannahald og halda eftir og skila til innheimtumanns upp í þinggjöld manna hluta af kaupi þeirra til lúknings gjöldunum, og má í reglugerðinni setja ýtarlegri ákvæði um allt, er að þessu lýtur. Kaupgreiðandi ábyrgist þá fé það, er hann hefur haldið eftir sem geymslufé. Fé þetta og gjöld, er ekki hefur verið haldið eftir vegna vanrækslu kaupgreiðanda, má taka lögtaki hjá honum sem eigin skattar væru. Nú vanrækir kaupgreiðandi að halda fé eftir upp í gjöldin, skila innheimtufé eða umkröfðum skýrslum, og má þá einnig beita sektum, ef eigi er úr bætt innan hæfilegs frests, er innheimtumaður ákveður.

Þeir, sem hafa á hendi fjárforræði ólögráða manna, bera ábyrgð á skattgreiðslu þeirra. Um ábyrgð atvinnuveitanda á skattgreiðslu útlendinga, sem þeir hafa í þjónustu sinni, fer svo sem segir í 5. gr. laga nr. 22/1956.

Fjármálaráðherra getur með reglugerð ákveðið, að innheimta skuli fyrir fram upp í væntanlega skatta yfirstandandi árs hjá hverjum gjaldanda fjárhæð, er nemi allt að helmingi þeirra þinggjalda, sem honum bar að greiða næstliðið ár.

Nú breytir rikisskattanevnd skatti svo seint, að tilkynning um það hefur eigi náð innheimtumanni fyrir gjalddaga skattsins, og skal hann þá innheimta eða endurgreiða þann skatt síðar.

Óheimilt er að slíta félagi og úthluta eignum þess, fyrr en opinberir skattar af tekjum þess og eignum hafa að fullu verið greiddir fyrir allan starfstíma félagsins.

VII. KAFLI

Refsiákvæði.

47. gr.

Nú bætir skattþegn úr göllum á framtali sínu, sbr. 5. másl. 1. mgr. 37. gr., og er þá skattstjóra heimilt, þrátt fyrir það, að bæta allt að 15% við þær tekjur og/eða eign, sem skattþegn kann að hafa undanfellt í framtali sínu.

Bæti skattþegn eigi úr göllum á framtali sínu, sbr. 6. másl. 1. mgr. 37. gr., skal skattstjóri bæta 25% við þær tekjur og/eða eign, sem hann áætla, að skattþegn hafi undanfellt í framtali sínu.

Telji skattþegn eigi fram innan tilskilins framtalsfrests, sbr. 1. mgr. 35. gr., en framtalsskýrsla hans barst áður en skattskrá er lögð fram, skal skattstjóri bæta 25% við þær tekjur og/eða eign, sem hann áætla skattþegni, sbr. 2. mgr. 37. gr.

Nú telur skattþegn eigi fram áður en skattskrá er lögð fram, og skal þá skattstjóri bæta 25% við þær tekjur og/eða eign, sem hann áætla skattþegni, sbr. 2. mgr. 37. gr.

Nú kærir skattþegn ákvörðun skattstjóra, skv. 6. másl. 1. mgr. 37. gr., sbr. 2. mgr. þessarar gr., til skattstjóra innan tilskilins kærufrests, og bætir þar úr göllum á framtali sínu, og skal þá miða skattmat við það, sem rétt virðist skv. þá framkomnum gögnum og rökum, að viðbættum 20% viðurlögum við þær tekjur

og/eða eign, sem ákvarðað er að hafi verið undanfældar á framtali. Nú er eigi bætt úr göllum á framtali fyrr en við kæru til ríkisskattaneftndar, og skal þá miða skattmat við það, sem rétt virðist skv. þá framkomnum gögnum og rökum, að viðbættum 25% viðurlögum við þær tekjur og/eða eign, sem ákvarðað er að hafi verið undanfældar á framtali.

Framtal skattþegns, sem berst eftir lok framtalsfrests, en áður en skattskrá er lögð fram, skal tekið sem kæra til skattstjóra, hvort sem skattþegn kærir álagningu eða ekki, og skal þá miða skattmat við þær tekjur og/eða eign, sem réttar virðast skv. þá framkomnum gögnum og rökum. Má þá lækka viðurlög þau, sem um ræðir í 3. mgr. þessarar gr., í 15% af þannig ákvörðuðum tekjum og/eða eign.

Nú sendir skattþegn framtal með kæru til skattstjóra, og skal þá miða skattmat við þær tekjur og/eða eign, sem réttar virðast skv. framkomnum gögnum og rökum, að viðbættum 20% viðurlögum af þannig ákvörðuðum tekjum og/eða eign. Nú sendir skattþegn framtal með kæru til ríkisskattaneftndar, og skal þá miða skattmat við þær tekjur og/eða eign, sem réttar virðast skv. framkomnum gögnum og rökum, að viðbættum 25% viðurlögum af þannig ákvörðuðum tekjum og/eða eign.

Fella má niður viðurlög skv. þessari grein, ef skattþegn færir rök að því, að honum verði eigi kennt um galla á framtali, að óviðráðanleg atvik hafi hamlað því, að hann bætti eigi úr göllum á framtali, gerði framtalsskýrslu, eða hún kæmi til skila á réttum tíma.

48. gr.

Nú skýrir skattþegn af ásetningi eða stórkostlegu hirðuleysi rangt frá einhverju því, er máli skiptir um tekjuskatt hans eða eignarskatt, og skal hann þá sekur um allt að tífaldri skattupphæð þeirri, sem undan var dregin. Einnig er heimilt að sekta skattþegn, sem ekki hefur talið fram til skatts, um allt að tífaldri skattupphæð þeirri, sem áætlun var of lág, ef skattur er reiknaður að nýju samkvæmt 2. mgr. 38. gr. Eigi má þó reikna skattsekt samkvæmt þessari mgr. lengra aftur í tímann en 6 ár, sbr. 38. gr. Heimilt er að fella niður skattsektir skv. þessari málsgrein, hafi skattþegn fyrir 1. marz 1966 af sjálfsdáðum gefið réttar skýrslur um þau atriði, er máli skipta um tekjuskatt hans og eignarskatt, eða talið fram til skatts.

Nú verður slíkt uppvíst við meðferð dánarbús, og skal þá greiða úr búinu tvöfalda þá upphæð, er á vantar.

Hver sá, sem af ásetningi eða stórkostlegu hirðuleysi gefur skattyfirvöldum rangar eða villandi upplýsingar um atriði, sem varða skattframtöl annarra aðila, eða gegnir ekki skyldu sinni samkvæmt 36. gr., skal sekur um allt að helmingi þeirrar fjárhæðar, sem undan skyldi draga með hinum röngu eða villandi upplýsingum eða fellt var undan að gefa upplýsingar um.

Hver sá, sem í atvinnuskyni aðstoðar við ranga eða villandi skýrslugjöf til skattyfirvalda, skal sekur um allt að helmingi þeirrar fjárhæðar, sem undan skyldi draga með hinni röngu eða villandi skýrslugjöf.

Fyrir endurtekin og stórfelld brot samkvæmt 1., 3. og 4. mgr. þessarar greinar má dæma menn í allt að 2 ára varðhaldsvist, enda liggja ekki þyngri refsing við brotum samkvæmt hinum almennu hegningarlögum.

Nefnd, er í eiga sæti ríkisskattstjóri, skattrannsóknarstjóri og lögfræðingur, er fullnægir embættisskilyrðum héraðsdómara og ráðherra skipar, ákveður sektir samkvæmt 1., 3. og 4. mgr., nema ríkisskattstjóri eða sökunautur óski, að málinu sé vísað til dómstóla. Ríkisskattstjóri skal vera formaður nefndarinnar. Nefnd þessi ákveður og sektir samkvæmt 25. gr. laga nr. 10/1960, um söluskatt, nema fjármálaráðherra eða sökunautur óski, að máli sé vísað til dómstóla. Heimilt er að beita ákvæðum síðasta málslíðar 1. mgr. þessarar greinar um þessar sektir, eftir því sem við á, til 1. júlí 1965.

49. gr.

Skattstjórum, ríkisskattanevnd og umboðsmönnum skattstjóra er bannað, að viðlagðri ábyrgð eftir ákvæðum almennra hegningarlaga um brot í opinberu starfi, að skýra óviðkomandi mönnum frá því, er þeir komast að í sýslan sinni um tekjur og efnahag gjaldþegna.

Hið sama er um þá, er veita skattstjórum og ríkisskattanevnd aðstoð við starf þeirra eða á annan hátt fjalla um framtalsskýrslur manna.

50. gr.

Nú gegnir einhver ekki skyldu sinni skv. 36. gr. eða skorast undan að láta þar nefndar upplýsingar, skýrslur og gögn af hendi, og skal þá ríkisskattstjóri skera úr um skilaskylduna og getur, ef þörf krefur, lagt við dagsektir, unz skyldunni er fullnægt.

Skiptaráðendur og skiptaforstjórar skulu, að viðlögðum dagsektum samkvæmt úrskurði ríkisskattstjóra, gefa skattstjóra skýrslu um fjármuni látinna manna, ef fjármunirnir nema meira en 10000 kr.

Nú er svo ástatt sem 1. mgr. segir, og dagsektir teljast eigi einhlítar til að knýja fram skýrslur eða önnur gögn, er þar greinir, og getur ríkisskattstjóri eða skatt-rannsóknarstjóri þá vísað sökinni til dómara (sakadómara) til meðferðar. Dómari skal taka slíkt mál án tafar til rannsóknar að hætti opinberra mála, og er ríkisskattstjóra eða skatt-rannsóknarstjóra rétt að vera staddir við þá rannsókn eða láta fulltrúa sína vera það. Að rannsókn lokinni sendir dómari rannsóknargerðir sínar til ríkisskattstjóra, er hlutast til um frekari meðferð máls að lögum.

51. gr.

Sektir samkvæmt lögum þessum renna í ríkissjóð, og má innheimta þær með aðför. Um sektir þær, sem ákveðnar verða skv. 48. gr., gilda þó sömu reglur að því er innheimtu varðar og um tekjuskatt, eftir því sem við á, þar á meðal um lögtaksrétt.

Með mál út af brotum á lögum þessum fer að hætti opinberra mála.

VIII. KAFLI

Ýmis ákvæði.

52. gr.

Heimilt er skattstjóra að taka til greina umsókn skattþegns um lækkun tekju-skatts, þegar svo stendur á sem hér segir:

1. Ef veikindi, slys, mannslát eða skuldatöp hafa skert gjaldþol skattþegns verulega.
2. Ef skattþegn hefur veruleg útgjöld haft vegna menntunar barna sinna, eldri en 16 ára.
3. Ef á framfæri skattþegns eru börn, sem haldin eru langvinnnum sjúkdómum eða eru fötluð eða vangefin og valda framfærendum útgjöldum umfram venju-legan framfærslukostnað. Nú fellst skattstjóri á umsókn framfæranda, og skal hann þá eiga rétt á tvöföldum barnafrádrætti vegna barna þessara, sbr. 16. gr.
4. Ef skattþegn hefur foreldra eða aðra vandamenn sannanlega á framfæri sínu, má veita sama frádrátt og fyrir börn.

Nánari ákvæði um skilyrði fyrir framangreindum ívilnunum skulu sett í reglu-gerð. Skattstjóri getur af eigin hvötum veitt lækkun samkvæmt þessari grein. Ríkisskattstjóri skal fylgjast sérstaklega með lækkurum samkvæmt þessari grein og sjá til þess, að samræmis sé gætt.

53. gr.

Skylt er, frá og með gjaldárinu 1966, að hækka eða lækka þær fjárhæðir, sem um ræðir í 1. gr., 1. mgr. 2. gr. og 3. gr., svo og þrepin í skattstiga þeim, sem um ræðir í 4. gr., í samræmi við skattvísitölu, sem ákveðin skal af fjármálaráðherra, í fyrsta sinn árið 1966, að fengnum tillögum kauplagsnefndar, hagstofustjóra og ríkisskattstjóra

54. gr.

Heimilt er fjármálaráðherra að breyta tímaákvörðunum og frestum þeim, sem um ræðir í VI. kafla, eftir því sem þörf krefur.

55. gr.

Fjármálaráðherra setur með reglugerð nánari ákvæði um framkvæmd þessara laga, nánari ákvörðun skattskyldra tekna og eigna og störf skattstjóra og ríkisskattnefndar.

Ráðherra getur í reglugerð kveðið á um sérstakt bókhald, þar á meðal birgða-bókhald, skattskyldra aðila, og svo um löggildingu þess, færslu og geymslu.

56. gr.

Nú hafa undirskattnefndum eða yfirskattnefndum verið falin sérstök störf samkvæmt lögum eða reglugerðum, og skulu þá skattstjórar þeir, sem skipaðir verða eftir lögum þessum, leysa þau störf af hendi, unz öðruvísi verður ákveðið.

57. gr.

Lög þessi öðlast gildi þegar í stað og skulu koma til framkvæmda við álagningu tekjuskatts og eignarskatts fyrir skattárið 1964.

Ákvæði til bráðabirgða.

Þeir skattgreiðendur, sem hafa orðið fyrir tapi vegna atvinnurekstrar síns síðastliðin fimm ár fyrir gildistöku laga þessara (lög nr. 70/1962) og hafa ekki unnið upp tapið, skulu njóta frádráttar skv. 2. málsgrein B-liðar 11. gr. laganna, eins og ákvæðið hefði verið í gildi, þegar tapið varð.

Gjört í Reykjavík, 7. október 1965.

Bjarni Benediktsson.

Birgir Finnsson.

Þórður Eyjólfsson.

Magnús Jónsson.

12. nóvember 1965.

243

Nr. 91.

TILSKIPUN

um reglur um sérstök ljósmerki fyrir fiskiskip að veiðum með herpinót og kraftblökk.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Samkvæmt 13. gr. tilskipunar um reglur til að koma í veg fyrir árekstra á sjó, nr. 79 frá 10. ágúst 1965, eru hér með settar eftirfarandi reglur:

1. gr.

Vélknúið skip að fiskveiðum með herpinót og kraftblökk má hafa tvö rafgul ljós hvort þráðbeint upp af öðru á þaki stýrishússins. Neðra ljósið á að vera minnst 5 fetum og efra ljósið minnst 8 fetum ofar en hliðarljósin, enn fremur skulu þau sjást, hvaðan sem litið er 2 sjómílar á lengdar að minnsta kosti. Ljós þessi skulu þannig gerð, að þau tendrist og slökkni á vixl með um það bil einnar sekúndu millibili, þannig að efra ljósið tendrist, þegar slökknar á því neðra og öfugt.

Þessi ljós má aðeins sýna meðan veiðarfærið er í sjó og eiga þau að vara önnur skip við að fara of nærri.

2. gr.

Tilskipun þessi, sem sett er samkvæmt heimild í 13. gr. tilskipunar um reglur til að koma í veg fyrir árekstra á sjó, nr. 79 frá 10. ágúst 1965, öðlast þegar gildi.

Gjört að Bessastöðum, 12. nóvember 1965.

Ásgeir Ásgeirsson.

(L. S.)

Eggert G. Þorsteinsson.

STJÓRNARTÍÐINDI A 14 — 1965

Nr. 92.

244

22. desember 1965.

L Ö G

um breyting á lögum um skipan innflutnings- og gjaldeyrismála o. fl.,
nr. 30 25. maí 1960.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallið á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

10. gr. laga nr. 30 1960, um skipan innflutnings- og gjaldeyrismála, hljóði svo: Innheimta má af gjaldeyris- og/eða innflutningsleyfum allt að 0.5% leyfisgjald af leyfisfjárhæðinni. Enn fremur má innheimta allt að 0.5% gjald af allri gjald-eyrissölu bankanna. Tekjum af gjöldum þessum skal varið til greiðslu á kostnaði við úthlutun leyfa og til greiðslu á kostnaði við verðlagseftirlitið, eftir nánari ákvörðun viðskiptamálaráðherra. Að öðru leyti renna tekjur þessar í rikissjóð.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört að Bessastöðum, 22. desember 1965.

Ásgeir Ásgeirsson.

(L. S.)

Gylfi P. Gíslason.

Nr. 93.

17. desember 1965.

L Ö G

um breyting á lögum nr. 50 24. apríl 1954, um brunatryggingar
utan Reykjavíkur.

FORSETI ÍSLANDS

Gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallið á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Á eftir 3. gr. laganna komi ný grein, svo hljóðandi, og breytist greinatalan samkvæmt því:

Nú verður brunatjón meira en helmingur brunabótamatsverðs og sveitarstjórn telur nauðsynlegt vegna eldhættu eða af skipulagsástæðum, að hlutaðeigandi hús

verði fjarlæggt, og er henni þá heimilt að leysa húsið til sín, greiðir hún þá mismun þann, sem er á brunabótum og heildarmatsverði hússins. Ef sveitarstjórn eða eigandi telja brunabótamatsverð ekki rétt, getur hvor um sig krafizt endurmats, og skal þá miða greiðslu við endurmatsverðið. Yfirmatsmennirnir skulu vera þrír og dómkvaddir af viðkomandi dómara. Kostnað við yfirmatsgjörð greiða aðilar eftir reglum í 4. mgr. 6. gr. laga nr. 61/1917.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört að Bessastöðum, 17. desember 1965.

Ásgeir Ásgeirsson.

(L. S.)

Eggert G. Þorsteinsson.

L Ö G

um heimild fyrir ríkisstjórnina til þess að leyfa h/f Hval innflutning á hvalveiðiskipi.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallizt á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Ráðherra skal heimilt að leyfa h/f Hval innflutning á einu hvalveiðiskipi, þótt eldra sé en 12 ára, sbr. 35. gr. laga nr. 50/1959.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört í Reykjavík, 19. nóvember 1965.

Ásgeir Ásgeirsson.

(L. S.)

Eggert G. Þorsteinsson.

L Ö G**um samkomudag reglulegs Alþingis 1966.****FORSETI ÍSLANDS**

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallizt á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Reglulegt Alþingi 1966 skal koma saman mánudaginn 10. október 1966, hafi forseti Íslands eigi tiltekið annan samkomudag fyrr á árinu.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört að Bessastöðum, 22. desember 1965.

Ásgeir Ásgeirsson.

(L. S.)

Bjarni Benediktsson.

L Ö G**um ráðstafanir til að bæta fjárhag rafmagnsveitna ríkisins.****FORSETI ÍSLANDS**

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallizt á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Ríkisstjórninni er heimilt að veita rafmagnsveitum ríkisins eftirgjöf á greiðslu höfuðstóls og áfallinna vaxta af lánum, sem þeim hafa verið veitt úr ríkissjóði samkvæmt heimildum í 22. gr. fjárlaga ársins 1965 og undanfarinna ára.

2. gr.

Ríkisstjórninni er heimilt að breyta lánum Raforkusjóðs til rafmagnsveitna ríkisins, sem veitt hafa verið af eigin fé sjóðsins, í vaxta- og afborganalaus lán fyrst um sinn. Ríkisstjórninni er heimilt að ákveða síðar, að lánin skuli endurgreiðast með þeim kjörum, sem hún telur rafmagnsveitum ríkisins fært að standa undir.

3. gr.

Ríkisstjórninni er heimilt að veita rafmagnsveitum ríkisins eftirgjöf á greiðslu höfuðstóls og áfallinna vaxta af skuld þeirra við Ríkisábyrgðasjóð eins og hún er við lok árs 1965.

4. gr.

Þeir aðilar, sem selja raforku í heildsölu til dreifiveitu eða selja raforku beint til notenda frá aðalorkuveitu, skulu greiða verðjöfnunargjald til rafmagnsveitna ríkisins.

Dreifiveita, sem vinnur raforku sína að einhverju eða öllu leyti í eigin orkuveri, skal greiða verðjöfnunargjald á sama hátt.

Verðjöfnunargjald samkvæmt 1. mgr. þessarar greinar miðast við það magn afls og orku, sem hlutaðeigandi aðili hefur til sölumeðferðar.

Verðjöfnunargjald samkvæmt þessari grein miðast við mesta afhent afl hvers almanaksárs, mælt sem mesta meðal afl á 30 mínútum, og afhenta orku, hvort tveggja eins og það mælist við afhendingu til kaupanda samkvæmt 1. mgr. eða úr orkuveri samkvæmt 2. mgr. þessarar greinar.

Fái dreifiveita raforku bæði frá eigin orkuveri og keypta frá öðrum aðilum, miðast gjaldskylda við mesta álag veitunnar að frádregnu aðkeyptu afli.

5. gr.

Verðjöfnunargjald samkvæmt 4. gr. skal vera, sbr. þó 2. mgr. þessarar greinar: Aflgjald: 200.00 kr. fyrir hvert kW.

Orkugjald: 2 aurar fyrir hverja kWst.

Fyrir fyrsta dag septembermánaðar ár hvert lætur ráðherra áætla tekjur af verðjöfnunargjaldi næsta almanaksár. Skal verðjöfnunargjald endurskoðað til lækkunar í samræmi við þessa áætlun og við það miðað, að heildarfjárhæð gjaldsins verði 35 millj. króna.

Við lækkun verðjöfnunargjalds, samkvæmt 2. mgr. þessarar greinar, ákveður ráðherra, hvernig sú lækkun deilist milli aflgjalds og orkugjalds.

6. gr.

Raforkusala til Áburðarverksmiðjunnar h/f skal ekki vera gjaldstofn til greiðslu verðjöfnunargjalds samkvæmt lögum þessum.

Aflgjald vegna sérstaks umframálags að nóttu til vegna hitunar, á orkuveituvæði Laxárvirkjunar, skal vera 50 krónur á kW á ári.

7. gr.

Heimilt er seljendum raforku að hækka söluverð raforku í heildsölu og til notenda sem gjaldinu nemur.

8. gr.

Verðjöfnunargjald greiðist mánaðarlega eftir á með gjalddaga 15. hvers mánaðar.

Orkugjaldið miðast við mælaálestur seljanda og útreikning, sem sendur skal Rafmagnsveitum ríkisins strax að álestri loknum.

Aflgjald miðast við áætlun um gjaldskýlt afl, sem seljandi eða Rafmagnsveitur ríkisins áætla eigi sjaldnar en hálfárslega fyrirfram. Mismunur á áætluðu og afhentu afli hvers almanaksárs gerist upp eigi síðar en 1. febrúar næsta árs, með gjalddaga 15. sama mánaðar.

Gjaldendum verðjöfnunargjalds er skylt að hafa fullnægjandi mælitæki til að mæla afl og orku til ákvörðunar á gjaldskyldu. Þeim er einnig skylt að veita Rafmagnsveitum ríkisins allar upplýsingar og aðgang að mælitækjum og skjölum, sem rafmagnsveiturnar telja sig þurfa til þess að ákveða verðjöfnunargjald.

9. gr.

Verði greiðsludráttur á verðjöfnunargjaldi samkvæmt lögum þessum, falla dráttarvextir á skuldina, 1% fyrir hvern mánuð eða brot úr mánuði, sem greiðsla dregst fram yfir gjalddaga.

10. gr.

Rísi ágreiningur um mælingu eða útreikning gjaldstofns samkvæmt lögum þessum, skal þeim ágreiningi skotið til gerðardóms, þar sem hvor aðili tilnefnir einn gerðardómsmann.

Komist dómurinn þannig skipaður að sameiginlegri niðurstöðu um málalok, skal sú niðurstaða gilda og hvor aðili hera sinn helming kostnaðar við dóminn.

Komi gerðardómsmenn aðila sér ekki saman um niðurstöðu eða annar hvor aðila tilnefnir ekki gerðardómsmann, skal yfirborgardómarinn í Reykjavík tilnefna einn mann í dóminn, og ræður atkvæði hans úrslitum, ef atkvæði eru jöfn, en ella meiri hluti.

Gerðardómurinn skal starfa í því lögsagnarumdæmi, þar sem mæling sú, sem ágreiningur rís um, fer fram, og setur sér sjálfur starfsreglur.

Niðurstaða gerðardómsins þannig skipaðs skal vera endanleg fyrir báða aðila. Í niðurstöðum skal kveðið á um greiðslu kostnaðar við gerðardóminn eftir málsatvikum.

11. gr.

Ráðherra er heimilt að setja í reglugerð nánari ákvæði um verðjöfnunargjald samkvæmt lögum þessum, að fengnum tillögum Sambands íslenskra rafveitna.

12. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1966.

Gjört að Bessastöðum, 22. desember 1965.

Ásgeir Ásgeirsson.

(L. S.)

Ingólfur Jónsson.

L Ö G

um breyting á lögum nr. 19 10. maí 1965, um Húsnæðismálastofnun ríkisins.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallizt á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Í stað orðanna „skipulagsnefnd ríkisins“ í 2. mgr. 3. gr. komi: skipulagsstjórn ríkisins.

Á eftir 2. mgr. 3. gr. komi ný mgr., svo hljóðandi:

Ríkisstjórnin getur látið byggja hagkvæmar, ódýrar íbúðir í fjölbýlishúsum í samvinnu við hlutaðeigandi sveitarfélög. Íbúðir þessar skulu vera vandaðar, hagkvæmar og staðlaðar, en án óþarfa íburðar. Ráðherra setur með reglugerð nánari ákvæði um íbúðabyggingar þessar, svo og um sölu á þeim o. fl.

2. gr.

Í stað orðsins „þrefaldað“ í 2. másl. b-liðs 4. gr. komi orðið: sexfaldað.

3. gr.

7. gr. B. hljóði svo:

Lánsfjárhæðin má nema allt að kr. 280 000.00 á hverja íbúð, þó ekki meira en $\frac{3}{4}$ hlutum verðmætis íbúðar samkvæmt mati trúnaðarmanna Veðdeildar Landsbanka Íslands. Lánsfjárhæðin, kr. 280 000.00, er miðuð við vísitölu byggingarkostnaðar 1. júlí 1964, en skal framvegis hækka eða lækka samkvæmt þeirri vísitölu. Heimilt er þó að veita herra lán til efnalítilla meðlima verkalýðsfélaga, og skal í þessu skyni verja 15—20 millj. kr. árlega af tekjum byggingarsjóðs ríkisins. Húsnaðismálastjórn ákveður lán þessi að fengnum tillögum stjórnar viðkomandi verkalýðsfélags. Um viðbótarlán þessi skal í samráði við miðstjórn Alþýðusambands Íslands setja nánari ákvæði með reglugerð.

Láglaunafólk í verkalýðsfélögum skal hafa forkaupsrétt að íbúðum þeim, sem byggðar eru skv. 3. mgr. 3. gr. laga þessara, og er heimilt að veita meðlimum verkalýðsfélaga lán til kaupa á íbúðunum, sem nemur $\frac{4}{5}$ hlutum af verðmæti íbúða, og skal þá telja gatnagerðargjald með verðmæti íbúðanna.

Ef fleiri en ein íbúð eru í sama húsi, má lána út á hverja íbúð fyrir sig, þó skal engum einstaklingi veitt lán nema út á eina íbúð.

4. gr.

Á eftir C-lið 7. gr. komi ný mgr., svo hljóðandi:

Lán, sem veitt verða meðlimum verkalýðsfélaga, samkvæmt 2. mgr. B-liðar þessarar greinar, skulu vera til 33 ára, afborganalaus fyrstu þrjú árin, en endurgreiðast síðan á 30 árum. Að öðru leyti eru lánakjör þessi hin sömu og lánakjör samkvæmt B-lið þessarar greinar. Lán samkvæmt þessari mgr. verða því aðeins veitt, að kaupandi íbúðar hafi greitt 5% af verðmæti íbúðarinnar einu ári áður en honum verður afhent fullgerð íbúð og setji þá tryggingu, sem Veðdeild Landsbanka Íslands tekur gilda fyrir skilvísri greiðslu þeirra 15%, sem honum ber að greiða með jöfnum greiðslum árlega næstu þrjú árin.

5. gr.

Í stað orðanna „undirskattanefndum“ og „undirskattanefndar“ í 2. mgr. 11. gr. komi: skattstjórum og skattstjóra.

6. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi. Jafnframt eru úr gildi fallin lög nr. 30 4. febr. 1952.

Ákvæði til bráðabirgða.

1. Næstu fimm árin skal hækkun lánsfjárhæðar, samkvæmt 7. gr. B, kr. 280 000.00, hækka um eigi lægri fjárhæð á ári hverju en kr. 15 000.00, þó að vísitala byggingarkostnaðar valdi ekki svo mikilli hækkun lánsfjárhæðarinnar.

2. Þeir, sem hófu byggingarframkvæmdir á tímabilinu 1. apríl til 31. desember 1964, skulu eiga kost á viðbótarláni hjá Húsnaðismálastofnun ríkisins, sem nemur kr. 50 000.00.

Gjört að Bessastöðum, 22. desember 1965.

Ásgeir Ásgeirsson.

(L. S.)

Eggert G. Þorsteinsson.

L Ö G

um breyting á lögum nr. 40 30. apríl 1963, um almannatryggingar.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallizt á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Á eftir a-lið 45. gr. komi nýr stafliður, svo hljóðandi, en aðrir stafliðir breytast eftir því:

- b. Að endurgreiða sjúkrasamlögum $\frac{3}{4}$ hluta kostnaðar, samkvæmt h-lið og i-lið 49. gr. Nú hrekkur framlag lífeyrisdeildar, samkvæmt 78. gr. d-lið, ekki til greiðslu þessa kostnaðar, og skal þá jafna hallann af framlagi ríkissjóðs til sjúkrasamlaganna og skipta honum á samlögin í réttu hlutfalli við fjölda samlagsmanna.

2. gr.

Á eftir g-lið 49. gr. komi tveir stafliðir, svo hljóðandi:

- b. Óhjákvæmilegan ferðakostnað samlagslæknis til þeirra samlagssjúklinga, sem ekki eru ferðafærir sökum sjúkdóms síns, ef um lengri vegalengd en 10 km er að ræða á landi, eða nota verður skip eða flugvélar við flutninga. Ferðakostnað þenna skal greiða að hálfu, ef læknir notar eigið faratæki, ella að $\frac{3}{4}$ hlutum.
- i. Óhjákvæmilegan flutningskostnað sjúks samlagsmanns í sjúkrahús innanlands að $\frac{3}{4}$ hlutum, enda sé flutningsþörf svo bráð og heilsu hins sjúka svo varið, að hann verði ekki fluttur eftir venjulegum farþegaflutningaleiðum að dómi samlagslæknis og sjúkrasamlagsstjórnar.

3. gr.

d-liður 78. gr. orðist svo:

Framlög til héraðssamlaga, sbr. 45. gr. b, og til sjúkrasamlaga í kaupstöðum, samkvæmt fjárhagsáætlun lífeyrisdeildar. Enn fremur allt að tvöföldu framlagi ríkissjóðs til ferðastyrks sjúklinga, sem leita þurfa læknishjálpar erlendis. Tryggingaráð setur reglur um úthlutun fjár samkvæmt þessum staflið.

Á eftir d-lið komi nýr stafliður, svo hljóðandi:

- e. Styrk til örkuðla manna eða fatlaðra, sem þarfnast gervilima, umbúða eða annarra þess háttar tækja, svo og til lamaðra, sem þarfnast æfingarmeðferðar með viðeigandi nudd- og rafmagnsaðgerðum utan sjúkrahúsa. Reglur um greiðslu styrkjanna setur tryggingaráð.

4. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. jan. 1966. Jafnframt eru úr gildi fallin lög nr. 59 4. júlí 1942, um læknisvitjanasjóði. Læknisvitjanasjóðir þeir, sem nú eru, skulu renna til hlutaðeigandi héraðssamlaga eða sjúkrasamlaga.

Gjört að Bessastöðum, 22. desember 1965.

Ásgeir Ásgeirsson.

(L. S.)

Eggert G. Þorsteinsson.

L Ö G

um breyting á lögum nr. 78 7. maí 1936, um ríkisframbærslu
sjúkra manna og örkuþla.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallizt á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

3. tl. 1. gr. falli niður.

2. gr.

2. gr. orðist svo:

Samkvæmt lögum þessum verður styrkur ekki veittur til greiðslu kostnaðar, sem hlutaðeigandi á rétt á að fá greiddan samkvæmt lögum um almannatryggingar.

3. gr.

3. gr. orðist svo:

Félagsmálaráðuneytið veitir styrk samkvæmt lögum þessum, að fengnum til-
lögum landlæknis. Ráðuneytið lætur gera í samráði við landlækni eyðublöð fyrir
læknisvottorð, sem veita fullnægjandi upplýsingar um sjúklinginn.

Setja má með reglugerð nánari ákvæði um framkvæmd þessa ákvæðis.

4. gr.

Niður falli orðin: „— nudd- og rafmagnsaðgerðir mænuóttarsjúklinga —“
í 6. gr. 2. tl. Enn fremur falli niður 4. tl. og síðasta málsgrein greinarinnar.

5. gr.

Orðin „— eða 4. —“ í 7. gr. falli niður.

6. gr.

8. gr. orðist svo:

Sjúkrahús eða hæli eða skóli eða annar viðtakandi styrks þess, sem veittur er
samkvæmt lögum þessum, á rétt á, að frambærslusveit styrkþegans greiði það, sem
á vantar fulla greiðslu kostnaðarins eins og hann er talinn og úrskurðaður sam-
kvæmt 4., 5. og 6. gr., er ríkissjóðsstyrkurinn hefur verið greiddur. Þessi greiðsla
frambærslusveitar telst ekki veittur sveitarstyrkur.

7. gr.

9. gr. falli niður.

8. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1966.

Gjört að Bessastöðum, 22. desember 1965.

Ásgeir Ásgeirsson.

(L. S.)

Eggert G. Þorsteinsson.

L Ö G

um innheimtu ýmissa gjalda með viðauka.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallizt á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Ríkisstjórninni er heimilt að innheimta á árinu 1966 með viðauka eftirtalin gjöld til ríkissjóðs:

- a. Með 140% viðauka stimpilgjald og leyfisbréfastgjöld önnur en þau, er um ræðir í aukatekjulögum nr. 40/1954.
- b. Með 560% álagi gjald af innlendum tollvörutegundum samkvæmt lögum nr. 60/1939, nema af gosdrykkjum samkv. 1. tölulið 4. kafla 2. gr. með 680% álagi, öli samkv. 3. tölulið sama kafla með 740% álagi og kaffibæti samkv. 1. lið 3. kafla með 50% álagi.

2. gr.

Álagið skal reikna þannig, að hver gjaldeining hækki um þann hundraðshluta, sem um ræðir í 1. gr., en broti úr eyri, sem myndast við viðbót þessa, skal sleppt.

Gjört að Bessastöðum, 22. desember 1965.

Ásgeir Ásgeirsson.

(L. S.)

Magnús Jónsson.

L Ö G

um breyting á vegalögum, nr. 71 30. des. 1963.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallizt á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

85 gr. laganna orðist svo:

Greiða skal sérstakt innflutningsgjald af benzini, og skal gjaldið nema kr. 3.67 af hverjum lítra. Gjald þetta tekur einnig til benzinbirgða, sem til eru í landinu, þá er lög þessi ganga í gildi, sbr. þó 92. gr.

2. gr.

b-liður 87. gr. laganna orðist svo:

Af bifreiðum, sem nota annað eldsneyti en benzín:

Dungi bifreiðar, kg	Dungaskattur, kr.
0—2000	11 050
2000—2200	11 290
2200—2400	11 530
2400—2600	11 770
2600—2800	12 010
2800—3000	12 260
3000—3200	12 500
3200—3400	12 750
3400—3600	13 000
3600—3800	13 250
3800—4000	13 500
4000—4100	13 635
4100—4200	13 770
4200—4300	13 905
4300—4400	14 040
4400—4500	14 175
4500—4600	14 310
4600—4700	14 445
4700—4800	14 580
4800—4900	14 715
4900—5000	14 850
5000—5100	14 985
5100—5200	15 120
5200—5300	15 255
5300—5400	15 390
5400—5500	15 525
5500—5600	15 660
5600—5700	15 795
5700—5800	15 930
5800—5900	16 065
5900—6000	16 200

Fyrir hver 100 kg yfir 6000 kg greiðast kr. 270.00.

3. gr.

Lög þessi öðlast gildi hinn 1. janúar 1966.

Gjört að Bessastöðum, 22. desember 1965.

Ásgeir Ásgeirsson.

(L. S.)

Ingólfur Jónsson.

L Ö G

um breyting á lögum nr. 7 29. apríl 1963, um tollskrá o. fl.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallizt á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Á tollskrárlögunum í 3. gr. þeirra er gerð þessi breyting:

Aftan við 41. lið 3. gr., eins og sá liður er samkvæmt 2. gr. laga nr. 11 24. apríl 1965, komi nýr liður, svo hljóðandi:

42. Að fella niður með reglugerð aðflutningsgjöld af varningi, allt að ákveðnu hámarki hverju sinni, sem farmenn og ferðamenn hafa meðferðis frá útlöndum, umfram þá muni, sem greinir í 4. og 5. tölulið 2. gr., enda sé ekki um verzlunarvöru eða annan innflutning í atvinnuskyni að ræða. Undanþágu samkvæmt næstu málsgrein hér á undan má binda skilyrðum varðandi tollmeðferð varningsins, enn fremur um, að hún nái ekki til ákveðinna vöru-flokka eða sé takmörkuð við sérstakt hámark vissra vörutegunda. Að öðru leyti gilda ekki innflutningshömlur um slíkan varning aðrar en þær, sem settar eru vegna sóttvarna eða annarra öryggisráðstafana.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört að Bessastöðum, 22. desember 1965.

Ásgeir Ásgeirsson.

(L. S.)

Magnús Jónsson.

Nr. 103.

29. október 1965.

AUGLÝSING

um að forseti Íslands sé kominn heim og tekinn við stjórnarstörfum.

Forseti Íslands, herra Ásgeir Ásgeirsson, kom í nótt úr för sinni til útlanda og hefur á ný tekið við stjórnarstörfum.

Í forsætisráðuneytinu, 29. október 1965.

Jóhann Hafstein.

Birgir Thorlacius.

L Ö G

um aukatekjur ríkissjóðs.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallizt á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

I. KAFLI

Dómsmálagjöld í einkamálum.

1. gr.

Dómsmálagjöld skal greiða sem hér segir:

A. fyrir héraðsdómi:

1. Stefna (áritun eða útgáfa)	kr. 30.00
2. Fyrirtekt máls (þingfesting, frestir og dómtaka)	— 250.00
3. Úrskurður undir rekstri máls	— 75.00
4. Vitni leitt	— 45.00
5. Vitni gagnspurt	— 45.00
6. Dómkvaðning (fyrir hvern mann)	— 75.00
7. Staðfesting dómsgerða	— 60.00
8. Kærugjald (kæra til Hæstaréttar)	— 300.00
9. Sjóferðapróf	— 600.00

B. Fyrir Hæstarétti:

1. Stefna	kr. 40.00
2. Fyrirtekt máls	— 400.00
3. Úrskurður	— 100.00
4. Vitni leitt	— 60.00
5. Vitni gagnspurt	— 60.00
6. Dómkvaðning (fyrir hvern mann)	— 100.00
7. Staðfesting dómsgerða	— 80.00
8. Útivistargjald	— 400.00

2. gr.

Í gagnsökum, framhaldssökum, meðalgöngumálum og sakaukamálum skal greiða gjald samkvæmt 1. gr.

Í barnsfaðernismálum, málum um innheimtu vinnulauna og í málum þeim, sem um ræðir í 24. gr. laga nr. 52 14. ágúst 1959, um kosningar til Alþingis, skal engin réttargjöld greiða. Í gjafsóknarmálum skal gjafsóknarhafi engin réttargjöld greiða.

Í málum, þar sem fjárhæð nemur ekki 1000 kr., greiðist hálf réttargjöld.

II. KAFLI

Gjöld fyrir fógetagerðir.

3. gr.

Fyrir fjárnáms-, lögtaks-, löggeymslu og kyrrsetningargerð, svo og lögbann, sem fram fer á fjármunum — en til fjármuna telst eigi aðeins lausafé og fasteignir, heldur og skuldakröfur á hendur öðrum mönnum og önnur þau fjárréttindi, sem greinir í 3. kafla laga 4. nív. 1887, um aðför — skal greiða:

Þegar fjárhæðin er 1000.00 kr. eða minni 120.00 kr. og síðan 10.00 kr. í viðbót fyrir hvert heilt þúsund eða brot úr þúsundi af þeirri fjárhæð, sem fram yfir er.

4. gr.

Gjald fyrir aðrar fógetagerðir skal greiða sem hér segir:

- | | |
|------------------------------|------------|
| 1. Kyrrsetning á manni | kr. 300.00 |
|------------------------------|------------|

Séu fjármunir jafnframt kyrrsettir, skal gjalda fyrir það eftir

3. gr.

- | | |
|--|----------|
| 2. Útburður manns af jörð eða húsi | — 300.00 |
| 3. Innsetning á jörð eða í hús til umráða | — 300.00 |
| 4. Aðrar fógetagerðir, er fara fram á það, er eigi verður metið til peningaverðs | — 300.00 |

5. gr.

Fyrir lausnargerð skal gjalda eftir 3. gr., þegar féð er með henni laust látið, en eftir 4. gr., sé kyrrsetning manns með henni niður felld.

6. gr.

Nú er aðfarar beiðzt hjá einum og sama manni eftir fleiri dómum en einum, sáttum eða þinglýstum veðbréfum, og skal þá gjaldið greitt fyrir hverja þeirra um sig.

Þegar fjárnáms er beiðzt eftir sama dómi, sátt eða veðbréfi hjá fleirum en einum, skal gerð fara fram hjá hverjum þeirra og greiða gjald fyrir hverja gerð. Þetta gildir þó eigi, ef hlutaðeigendur eiga muni í sameiningu, er fjárnám er gert í. Eigi skal heimta herra gjald, þótt munir þeir, sem fjárnámi eru teknir, séu eigi allir á sama stað né í sama lögsagnarumdæmi.

7. gr.

Ef hægt er að ákveða gjaldið fyrir fram, skal greiða fógeta það áður en hann byrjar gerðina, þá er hann krefst þess, og er gjaldið eigi afturkræft, þótt gerðarbeiðnin sé kölluð aftur eða fógeti synji um framgang gerðarinnar, nema svo sé, að herra gjald hafi greitt verið fyrir fram fyrir gerðina en greiða hefði átt, er hún var leidd til lykta.

8. gr.

Í gjafsóknarmálum og fyrirskipuðum málum, svo og þegar sá beiðist fjárnáms, er dæmdar hafa verið bætur í opinberu máli, og þegar tekinn er fjárnámi eða lögtaki framfærslueyrir, er manni ber að greiða með barni sínu skilgetnu eða óskilgetnu, með stjúp barni, foreldri sínu eða konu, er hann hefur slitið samvistum við eða skilið að borði og sæng eða að fullu og öllu, skal því aðeins greiða réttargjald, að það náist hjá heim, er fyrir fjárnámi eða lögtaki verður, enda sé kröfu gerðarbeiðanda áður fullnægt.

Fyrir að fullnægja dómum í sakamálum, eftir ráðstöfun hins opinbera, skal engin gjöld greiða.

III. KAFLI

Skiptagjöld.

9. gr.

Í öllum þeim búum, sem skiptaráðandi eða skiptaforstjóri án dómsvalds fer með, skal greiða í skiptagjald 3% af öllum eignum búans, — þar með talin búshelft maka —, án tillits til skulda, er á því hvíla.

Ekkert gjald skal þó greiða í þeim búum, þar sem eigurnar nema minna en 1000 kr., að frádregnum útfararkostnaði í dánarbúum.

10. gr.

Nú tekur skiptaráðandi bú til skiptameðferðar, en framselur það á fyrsta skipta-fundi erfingjum eða öðrum, er hlut eiga að máli, og skal þá greiða helming gjalds þess, er um ræðir í 9. gr.

11. gr.

Þá er skiptaráðendur eða skiptaforstjórar lúka skiptum í búum, kemur gjaldið í gjalddaga við skiptalok, og bera þeir, hver um sig, ábyrgð á greiðslu gjaldsins og á því, að það sé rétt talið.

Þegar bú er framselt til erfingjaskipta, skal gjaldið greitt um leið og búið er afhent erfingjum.

12. gr.

Fyrir að gefa út innköllun til skuldheimtumanna skal greiða 100.00 kr.

IV. KAFLI

Gjöld fyrir uppboðsgerðir.

13. gr.

Þegar seld eru við opinbert uppboð fasteignir, skip og flugvélar, svo og önnur fasteignaréttindi, samkvæmt II. kafla laga um nauðungaruppboð, nr. 57 25. maí 1949, skal greiða uppboðslaun sem hér segir:

Af fyrstu 100 000.00 kr.	3 %
— fjárhæð yfir 100 000.00 kr. allt að 500 000.00 kr.	2 %
— fjárhæð, sem er hærri en 500 000.00 kr.	1 %

14. gr.

Þegar seld eru við opinbert uppboð önnur verðmæti en þau, er í II. kafla uppboðslaganna greinir, skal greiða 6%.

15. gr.

Fyrir að semja og gefa út auglýsingu um uppboð skal gjalda 100.00 kr.

16. gr.

Þegar uppboð er haldið á fasteign eða öðru því, er um getur í 13. gr., en sala fer eigi fram við uppboðið, svo og þegar hamarshögg er veitt upp á væntanlegt samþykki, en það bregzt, skal gjalda 300.00 kr. fyrir árangurslaust uppboð.

17. gr.

Nú hefur uppboðs verið beiðzt hjá uppboðshaldara og séð hefur verið um birtingu á því, en beiðnin er svo kölluð aftur, og skal þá aðeins greiða gjald fyrir birtingu samkvæmt 15. gr. En sé beiðnin eigi kölluð aftur fyrr en búið er að setja uppboðsþingið, skal gjalda 300.00 kr. eins og fyrir árangurslaust uppboð.

18. gr.

Fyrir að gefa út afsalsbréf fyrir fasteign, er seld hefur verið á uppboði, skal gjalda 200.00 kr.

19. gr.

Fyrir undirboðsþing skal greiða 200.00 kr.

20. gr.

Fyrir uppboð á eftirlátnum munum þurfamanna og óskilafénaði í réttum skal ekkert gjald greiða.

V. KAFLI

Gjöld fyrir notarialgerðir.

21. gr.

Fyrir víxilafsögn, sem notarius framkvæmir, skal greiða:

Þegar fjárhæðin er 1000.00 kr. eða minni, 60.00 kr., og síðan 5.00 kr. hærra fyrir hvert þúsund, eða brot úr þúsundi, upp í 15 000.00 kr., og er þá gjaldið 130.00 kr., enda hækkar ekki úr því.

22. gr.

Fyrir aðrar notarialgerðir skal greiða sem hér segir:

1. Afsagnargerðir, aðrar en víxilafsagnir, stefnubirtingar, er notarius framkvæmir, svo og aðrar slíkar gerðir	kr. 100.00
2. Notarialvottorð á arfleiðsluskrár	— 150.00
3. Notarialvottorð á samninga, umboðsskjöl eða aðra slíka gerninga	— 100.00
4. Dráttur í happdrætti	— 400.00
5. Útdráttur skuldabréfa	— 200.00
6. Staðfesting endurrita 10.00 kr. fyrir hverja síðu, þó eigi minna gjald en	— 30.00

VI. KAFLI

Gjöld fyrir þinglýsingar o. fl.

23. gr.

Fyrir að þinglýsa skjölum, sem eru eignarheimild fyrir eða leggja haft á fasteignir eða lausafé, skal gjalda í hlutfalli við fjárhæð þá, er skjalið hljóðar um, eins og hér segir:

Þegar fjárhæðin er 5000.00 kr. eða minni, 100.00 kr., og síðan 5.00 kr. fyrir hvert þúsund eða brot úr þúsundi, sem fram yfir er. Fyrir þinglýsingu skjala með veði í framleiðsluvörum sjávarútvegs, landbúnaðar eða iðnaðar skal þó eigi greiða nema kr. 2.40 fyrir hvert þúsund umfram fyrstu 5 þúsundin.

Þegar fjárhæð sú er óákveðin, sem skjalið greinir um, og eigi er hægt að ákveða verðmætið, skal gjalda 200.00 kr. Þegar veð er sett fyrir skuldum, er síðar verða stofnaðar, skal ákveða gjaldið eftir hæstu fjárhæðinni, sem veðið á að gilda fyrir, og skal taka hana fram í skjalinu.

Nú er fjárhæðin ákveðin í öðru en peningum, og skal þá meta verðmætið til peningaverðs.

